**ANNA GUNNDÍS GUÐMUNDSDÓTTIR**

*Keypti þrettán kjóla á einu bretti á eBay*

• tíska

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




**ÚLPUR OG YFIRHAFNIR**

*Leður, loðfeldir og mjúkar línur*

Sérblað um úlpur og yfirhafnir

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG.**










# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

1. október 2009 — 232. tölublað — 9. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 512 5000


## FIMMTUDAGUR



**Býður Obama í borgara**

Friðrik Weisshappel býður Bandaríkjaforseta í mat með auglýsingu í Politiken.

**FÓLK 58**

**Þröng staða – þrjár leiðir**

Íslendingar eiga nú um þrjár leiðir að velja út úr þeirri þröngu stöðu, sem gömlu bankarnir komu landinu í“, skrifar Þorvaldur Gylfason.

**Í DAG 28**

**Lið ársins valið**



Fréttablaðið hefur valið lið ársins í Pepsi-deild karla.

**ÍÞRÓTTIR 66**

**Hátíð græðara fer fram í fyrsta sinn**

Sérblað um græðara.

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**




## VEÐRIÐ Í DAG




**ÉLJAGANGUR** Í dag verða norðan 5-10 m/s austast, annars austlægari 3-8. Stöku él norðaustan og austan til og hætt við snjó- eða slydduéljum suðvestan til fyrir hádegi. Rigning eða slydda þar í kvöld. Frostlaust með ströndum.

**VEÐUR 4**



**SUNDUR OG SAMAN** Steingrímur J. Sigfússon missti náinn samherja sinn til langs tíma úr ríkisstjórn í gær, þegar Ögmundur Jónasson taldi sér ekki lengur vært þar innanborðs. „Ég get þó fullvissað alla um að engan skugga mun bera á vináttu okkar Ögmundar Jónassonar; hún er hafin yfir svona hluti,“ segir Steingrímur. Þeir félagar sjást hér yfirgefa þingflokksfund í gær hvor í sínu lagi.

FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN

# Ríkisstjórn í ólgusjó

**Ögmundur Jónasson segir af sér ráðherraembætti. Icesave-málið er enn óleyst. Hallinn á fjárlögum verður rúmlega 80 milljarðar. 100 milljarðar fara í vexti.**

**STJÓRNMÁL** Eindregin krafa oddvita ríkisstjórnarflokkanna um að væntanleg lausn á Icesave-málinu verði gerð í nafni allrar ríkisstjórnarinnar varð til þess að Ögmundur Jónasson sagði af sér embætti heilbrigðisráðherra í gær.

Ötullega hefur verið unnið að lausn Icesave-málsins síðan formleg viðbrögð Breta og Hollendinga við lögum Alþingis bárust um miðjan september.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins stendur tvennt í þeim. Annars vegar að ríkisábyrgð á lánveitingum nái aðeins til ársins 2024, óháð því hvort lánin hafi þá verið uppgreidd eða ekki.

Hins vegar að í lögunum sé tekið fram að Ísland viðurkenni ekki skyldur sínar til greiðslu og hafi ekki fallið frá rétti sínum til að fá úr því álitamáli skorið.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra bera þá von í brjósti að úr leysist á allra næstu dögum. Þingflokkur Samfylkingarinnar lýsti í gær yfir stuðningi við Jóhönnu í málinu en þingflokksfundur Vinstri grænna hófst seint í gærkvöldi og stóð enn þegar blaðið fór í prentun.

„Nú tek ég það fram að ég hef ekki gefið mér neitt um hver mín afstaða verður í þessu Icesave-máli. Ég vil að það fái þinglega meðferð og þingið komi óbundið að því. Í mínum huga er þetta ekkert smámál; þetta er grundvallaratriði í þessu stóra máli, sem er miklu stærra en ríkisstjórnin og nokkur stjórnmálaflokkur innan veggja þingsins,“ segir Ögmundur Jónasson í viðtali við Fréttablaðið í dag.

Viðmælendur Fréttablaðsins eru almennt sammála um að ríkisstjórnin standi veikari eftir gærdaginn. Engu að síður eru þingmenn beggja stjórnarflokka einhuga um að halda stjórnarsamstarfinu áfram.

Þing verður sett í dag og fjárlagafrumvarpið kynnt. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er reiknað með rúmlega áttatíu milljarða króna gati á fjárlögum næsta árs. Ríkið þarf að greiða um eitt hundrað milljarða króna í vaxtagjöld á næsta ári.

**- bþs, kóp /** **sjá síður 6, 8 og 10**

Átak Krabbameinsfélagsins:

## Safnað með bleikri slaufu

**SÖFNUN** Bleika slaufan, árvisst söfnunarátak Krabbameinsfélags Íslands vegna brjóstakrabbameins, hófst í gær. Tólfta hver kona greinist með brjóstakrabbamein á Íslandi en um 88 prósent þeirra sem greinast með brjóstakrabbamein eru á lífi fimm árum síðar. „Það er einn besti árangur í baráttunni gegn brjóstakrabbameini sem um getur“ segir í fréttatilkynningu.

Slaufan í ár er hönnuð af Sif Jakobs skartgripahönnuði og verður hún til sölu til 15. október í ýmsum verslunum. **- sbt**

Ný hugmynd frá Framsókn:

## Segja norskt risalán í boði

**STJÓRNMÁL Norski miðflokkurinn, sem á sæti í ríkisstjórn landsins, er opinn fyrir því að Norðmenn veiti Íslendingum lán sem nemur um 2.000 milljörðum íslenskra króna. Þetta fullyrða forvígismenn Framsóknarflokksins, sem kynntu leiðtogum ríkisstjórnarinnar þessa hugmynd í gær.**

**Höskuldur Þórhallsson, þingmaður Framsóknarflokksins, hefur átt viðræður um málið í Noregi síðustu daga.**

**Ögmundur Jónasson sagði að honum litist vel á hugmyndina í viðtali í Kastljósi í gærkvöldi. - sh**

Gróði í gömlu bönkunum:

## Vilja ekki Landsbanka

**VIÐSKIPTI** Líflegur markaður hefur verið með skuldabréf Glitnis og gamla Kaupþings á erlendum mörkuðum.

Enginn sýnir áhuga á bréfum gamla Landsbankans. Verri tryggingar voru á bak við lán Landsbankans en hinna bankanna og því þykja þau áhættusamari fjárfesting. **- jab /** **sjá síðu 24**








Stjörnutorgi Kringlunni og Suðurlandsbr. 46 • www.sbarro.is • sími: 517 7750



## SPURNING DAGSINS



*Helgi, heldurðu að útrásarvíkingar eigi ekki fyrir bíómiða?*

„Kannski eru þeir búnir að eyða öllu sínu. Það verða frátekin sæti fyrir þá og vatn og brauð í boði hússins.“

Helgi Felixson leikstjóri sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að hann hefði boðið útrásarvíkingum, ríkisstjórn og alþingismönnum á frumsýningu myndarinnar Guð blessi Ísland.

Vegagerðin boðar fækkun ferða Breiðafjarðarferju og minni snjómokstur:

# Nær öllum sagt upp á Baldri

**SAMGÖNGUR** Tólf af sextán starfsmönnum Sæferða var í gær sagt upp með þriggja mánaða fyrirvara.

„Okkur hefur verið sagt að ferðum verði fækkað um áramótin. Þótt við vitum reyndar ekki enn hversu mikið þá getum við ekki haldið óbreyttum starfsmannafjölda. Það ræðst af því hversu mikið af ferðunum verður skorið niður hversu margir verða endurráðnir,“ segir Pétur Ágústsson, framkvæmdastjóri Sæferða, sem gera út Breiðafjarðarferjuna Baldur.

Pétur segir að samkvæmt fjögurra ára samningi sem renni út um næstu áramót hafi Sæferðir fengið tæplega 100 milljónir króna frá ríkinu til að halda uppi vetraráætlun Baldurs milli Stykkishólms og Brjánslæks. Fram til þessa hafi verið farin ein ferð á dag yfir vetrartímann. Því sé ljóst að verði ferðum fækkað þá falli einhverjir dagar út. Þjónustan muni þannig stórskerðast.

„Menn eru mjög slegnir yfir því að þetta skuli vera að gerast því á sama tíma er verið að draga úr bæði snjómokstri og hálkuvörnum á veginum um Barðaströnd. Þetta er gríðarlegt atriði fyrir atvinnulífið því á veturna erum við að flytja um 90 prósent af öllum þungaflutningum á Suðurfirðina,“ segir Pétur Ágústsson. - gar



**PÉTUR ÁGÚSTSSON** Framkvæmdastjóri Baldurs segir menn slegna yfir tíðindum um versnandi samgöngur um Breiðafjörð og Barðaströnd.

Danir í fótspor Svía:

## Stútar þurfa að opna áfengislás

**DANMÖRK Þeir Danir sem hafa verið dæmdir fyrir ölvunarakstur skulu sæta því að ölvunarlás verði settur í bíl þeirra. Lásinn metur hvort vínandi sé í blóði bílstjórans, áður en hann hleypir bílnum í gang.**

**Brian Mikkelsen, dómsmálaráðherra Danmerkur, hefur nú lagt fram frumvarp þessa efnis. Þetta úrræði hefur verið reynt í Svíþjóð við misjafnar undirtektir. Dæmdir ölvunarakstursmenn hafa jafnvel afþakkað að fá bílprófið aftur, því áfengislásinn kostar sitt: um 55.000 krónur sænskar. Það er tæp milljón íslenskra króna.** - kóþ

Viðræður hefjast í Íran:

## Refsiaðgerðir undirbúnar

**ÍRAN, AP** Fulltrúar Bandaríkjanna og fleiri Vesturlanda halda til Írans í dag að ræða ágreining við stjórnvöld þar um kjarnorku. Ekki er búist við miklum árangri af viðræðunum, enda eru þessi sömu ríki í óða önn að undirbúa frekari refsiaðgerðir á hendur Írönum.



**ALI AKBAR SALEHI** Yfirmaður kjarnorkustofnunar Írans.

Í yfirlýsingu frá utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna segir þó að vonir séu bundnar við að viðræðurnar opni möguleika á frekari viðræðum.

Vestrænir ráðamenn hafa margir hverjir áhyggjur af kjarnorkuáformum Írana. - gb

Játaði að hafa banað manni:

## Verður áfram í gæsluvarðhaldi

**DÓMSMÁL Gæsluvarðhald var fyrr í vikunni framlengt yfir karlmanni um þrítugt sem játað hefur að hafa orðið manni að bana í Dalshrauni í Hafnarfirði um miðjan ágúst. Lögregla hefur lokið rannsókn málsins og hefur það verið sent til ákæruvaldsins.**

**Maðurinn sem lést reyndist vera með mikla áverka á höfði þegar lögreglu bar að. Þeir eru taldir hafa dregið hann til dauða.**

**Maðurinn sem er í haldi hefur áður komið við sögu hjá lögreglu, meðal annars vegna ofbeldis- og fíkniefnabrota.** - jss

# Sérstakir dómstólar fjalli um hrunmálin

**Héraðsdómur vísaði í gær frá kröfu 25 erlendra banka vegna yfirtöku FME á SPRON. Rýrir trú erlendra aðila á íslensku dómskerfi segir lögmaður stefnenda. Dómari taldi stefnendur ekki hafa afmarkað tjón og átaldi málaskjöl á ensku.**

**DÓMSMÁL** Lögmaður á þriðja tug erlendra banka sem stefndu ríkinu vegna yfirtöku á SPRON gagnrýnir íslenska dómstóla harðlega fyrir frávísun málsins. Hann segir þörf á sérstökum dómstólum til að fjalla um flókin mál sem tengjast hruninu.

Héraðsdómur Reykjavíkur vísaði í gær frá kröfu 25 erlendra banka á hendur Seðlabankanum, Fjármálaeftirlitinu (FME), fjármálaráðuneytinu og SPRON vegna yfirtöku FME á SPRON hinn 21. mars síðastliðinn.

Stefnendur, sem eru flestir þýskir bankar, kröfðust þess að dómstólar viðurkenndu skaðabótaskyldu ríkisins vegna yfirtökunnar á SPRON, sem þeir sögðu hafa verið óþarfa og skaðlega.

Baldvin Björn Haraldsson, lögmaður stefnenda, segir úrskurð héraðsdóms sýna svart á hvítu að íslenskir dómstólar séu ekki tilbúnir til að fást við flókin álitaefni sem upp hafi komið í kjölfar hrunsins, og hafi ekki þekkingu til að taka á alþjóðlegum lánasamningum. Hér sé máli vísað frá á forsendum um að Hæstiréttur hafi margoft staðfest að geti ekki verið grundvöllur frávísunar.

„Þessi niðurstaða kemur til með að hafa áhrif langt út fyrir þetta mál,“ segir Baldvin. Hún verði fráleitt til þess að efla trú erlendra aðila á því að íslenskir dómstólar geti fjallað af fagmennsku um mál tengd hruninu.

„Þetta staðfestir þá skoðun mína að það þurfi að setja upp sérstaka dómstóla til að fjalla um bankahrunið og afleiðingar þess.

Það þarf dómara með mikla sérþekkingu til að taka á þessum málum,“ segir Baldvin.

Hann segir stefnendur nú þurfa að ákveða næstu skref í málinu. Meta þurfi hvort það skili einhverju að kæra frávísunina til Hæstaréttar, enda myndi dómurinn væntanlega senda málið aftur til héraðsdóms, og þá til sama dómara. Eins geti komið til greina að kæra að nýju vegna málsins. Þá þurfi að skoða möguleika á málshöfðun annars staðar en á Íslandi.

Í úrskurði héraðsdóms kemur fram að dómari hafi talið kröfur stefnenda vanreifaðar. Ekki var að mati dómsins afmarkað hvernig tjón vegna yfirtöku ríkisins á sparisjóðnum eigi að hafa orðið, né hafi verið sýnt fram á kröfur þeirra í þrotabú SPRON í gegnum lánasamninga. Þá átaldi dómari stefnendur fyrir að leggja fram mikinn fjölda skjala á ensku, sem bryti gegn ákvæðum laga um að skjöl skuli lögð fram á íslensku.

Héraðsdómur úrskurðaði að stefnendum bæri að greiða stefndu alls tvær milljónir króna í málskostnað. brjann@frettabladid.is





**ÁTÖK** Fjölmargir kröfuhafar voru ósáttir við þá ákvörðun stjórnar Fjármálaeftirlitsins frá 21. mars síðastliðnum að víkja stjórn SPRON frá og skipa skilanefnd yfir bankann. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**ARMANDO SPATARO** Ítalski saksóknarinn ætlar ekkert að gefa eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mannrán á vegum CIA:

## Of alvarlegt til að þegja um

**ÍTALÍA, AP** Armando Spataro, saksóknari á Ítalíu, segir mannrán sem bandarískir leyniþjónustumenn frömdu í Mílanó árið 2003, sé of alvarlegur glæpur til þess að þegja um, jafnvel þótt ríkisleyndarmál séu í húfi.

Sjö ítalskir sakborningar, sem tóku þátt í mannráninu, neita að svara sumum spurningum saksóknarans á þeim forsendum að um ríkisleyndarmál sé að ræða.

Ítalirnir sjö tóku þátt í því, með 26 bandarískum leyniþjónustumönnum, að ræna egypska klerkinum Osama Moustafa Hassan Nasar, sem grunaður var um aðild að hryðjuverkastarfsemi. - gb

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Leitað í sex húsum

Lögreglan á Suðurnesjum hefur leitað í sex húsum og rætt við fjölda vitna vegna þriggja innbrota sem eru til rannsóknar í Garði. Brotist var inn í Gerðaskóla og tvisvar í Flösina við Garðskagavita. Málin eru óupplýst.

### Bjargað úr brennandi húsi

Karli á sextugsaldri var bjargað úr brennandi einbýlishúsi í Glerárhverfi í gærkvöld. Maðurinn var einn í húsinu þegar eldurinn kom upp. Hann var fluttur á sjúkrahús til aðhlynningar. Slökkvistarf stóð yfir þegar blaðið fór í prentun.


Saknarðu sígarettunnar?

Nicorette innsogslyf dregur úr nikótínþörf, fráhvarfseinkennum og heldur fingrunum uppteknum





Nicorette er stuðningsaðili Krafts

Nicorette® nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð til að draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr þeim. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagskammtur innsogslyfs eru 12 nikótíntappar. Til að ná sem bestum árangri skal fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette. Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.


Um tíu prósent af eignum lífeyrissjóðanna eru í fasteignalánum:

# Tekjur lífeyrissjóða lækka

**EFNAHAGSMÁL** Augljóst er að ráðstöfunartekjur lífeyrissjóðanna koma til með að lækka vegna fyrirhugaðra breytinga félagsmálaráðherra á lögum um greiðslujöfnun.

Svo segir Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða. Annað mál sé með afskriftir að lánstíma loknum, hvort þær lendi á sjóðunum.

Lífeyrissjóðslán til fasteignakaupa eru um tíu prósent af heildareignum sjóðanna, um 170 milljarðar króna.

„Það er mjög erfitt að segja til um hvaða áhrif þetta hefur á fjárhag lífeyrissjóðanna. Hvort þetta hafi í för með sér afskriftir eða hvort lántakendur greiða þennan hala í lok lánstímans,“ segir Hrafn.

Allt velti þetta á því hversu lengi kreppan vari. „Jafnskjótt og atvinnuleysi minnkar og kaupmáttur eykst fara menn eiginlega að greiða meira en í núverandi ástandi,“ segir hann.

Miðað við spár geti fólk þó gert ráð fyrir 25 prósenta lægri afborgunum innan sex mánaða, en ella hefði orðið. Í maí 2008 er greiðslujöfnunarvísitala tuttugu prósentum undir vísitölu neysluverðs og spár herma að hún lækki enn í vetur.

Nýju lögin ná til allra í stað núverandi laga þar sem fólk þarf að sækja um greiðslujöfnun. - kóþ



**HRAFN MAGNÚSSON** Framkvæmdastjóri Landssambands lífeyrissjóða segir að svo geti farið að fólk borgi fjórðungi minna í vetur en ella hefði orðið. Ráðstöfunartekjur lífeyrissjóðanna lækka því einnig. FRÉTTABLAÐIÐ/PÖK

# TAX FREE!

## TÖKUM BÍLSKÚRINN Í GEGN



**ÚTIHURÐIR - BORÐPLÖTUR - OFNAR - VERKFÆRATÖSKUR OG SKÁPAR**
**VÖRUTRILLUR - BÍLSKÚRSHURÐAROPNARAR - SLÖNGUHJÓL**
**GLUGGAR - STÁL- OG PLASTVASKAR - FLÚRLJÓS OG MARGT FLEIRA**

**UPPISTÖÐUR**
**HILLUEFNI**
**RÖRABERAR**




**GÚMMÍMOTTUR**
**OG DREGLAR**




**HÁÞRÝSTI-**
**DÆLUR**




**GIPSPLÖTUR**
**ÞÉTTULL**
**ÞAKULL**




**VERKFÆRAUPPHENGJUR**
ÝMSAR GERÐIR



**FROSTÞOLNAR FLÍSAR**
8,6 mm




**PLASTKASSAR**
ÝMSAR GERÐIR




**GÓLF- OG VEGGMÁLNING**




**HILLUREKKAR**
**VINNUBORÐ**




**Gildir 1. - 12. október**

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl og eru háðar lagerstöðu.

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

## GENGIÐ 30.09.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 123,58 | 124,16 |
| Sterlingspund | 199,03 | 199,99 |
| Evra | 181,1 | 182,12 |
| Dönsk króna | 24,325 | 24,467 |
| Norsk króna | 21,373 | 21,499 |
| Sænsk króna | 17,713 | 17,817 |
| Japanskt jen | 1,3792 | 1,3872 |
| SDR | 195,63 | 196,79 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
221,1467
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Þingmenn funduðu um úrskurð umhverfisráðherra og áhrifin á álver í Helguvík:

# Samræmt mat tefur um tvö ár

**ORKUMÁL** „Vissulega veldur þetta óvissu en við verðum að vinna úr þessari stöðu,“ segir Björgvin G. Sigurðsson, fyrsti þingmaður Suðurkjördæmis, um þá ákvörðun Svandísar Svavarsdóttur umhverfisráðherra að ógilda fyrri ákvörðun Skipulagsstofnunar um línulagnir vegna álversins í Helguvík og orkuframkvæmda á Suðurnesjum. „Frekari töf er óásættanleg. Það þarf að koma í veg fyrir að hún verði,“ sagði Björgvin, sem boðaði þingmenn kjördæmisins til fundar í gær með embættismönnum frá Skipulagsstofnun. Umhverfisráðuneytinu var boðið að senda fulltrúa á þann fund, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins, en þáði ekki boðið.


BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON

Úrskurður Svandísar þýðir að Skipulagsstofnun þarf á ný að fjalla um málið og ákveða hvort krafist verður sameiginlegs mats á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðra línulagna og virkjanaframkvæmda á Reykjanesi.

Björgvin segir að þetta þurfi ekki að tefja málið um meira en tvo mánuði; Skipulagsstofnun hefur einn mánuð til þess að skila af sér nýju áliti og að því loknu þarf ráðherra að skila niðurstöðu innan mánaðar. Ákveði Skipulagsstofnun eða ráðherra hins vegar að sameiginlegt umhverfismat eigi að fara fram getur það tafið málið um 2-3 ár, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins, en Björgvin segir ljóst að samræmt umhverfismat gæti tafið framkvæmdir „um einhver misseri“.

„Það væri þungbært og ekki í anda stöðugleikasáttmálans ef svo yrði,“ sagði Björgvin. „Ég er sannfærður um að ekki kemur til þess.“

- pg / sjá síðu 22

Nýr duftgarður vígður:

# 140 ker bíða jarðsetningar

**SKIPULAGSMÁL Nýr duftgarður verður vígður í Öskjuhlíð á morgun. Alls bíða duftker um 140 manna þess að vera grafin í garðinum sem ber nafnið Sólland. Þar er um að ræða fólk sem aðstandendur vilja fremur greftra í Fossvogi en öðrum duftgörðum.**

**„Garðurinn mun taka um 35 þúsund ker og duga út þessa öld og vel inn í þá næstu,“ segir Þórsteinn Ragnarsson, forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkur. Sá fyrsti sem greftraður verður í Sóllandi og verður þar með vökumaður garðsins er Ásbjörn Björnsson, fyrrverandi forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkur.** - gar

Sóttvarnalæknir:

# Uppruna e.coli-sýkingar leitað

**HEILBRIGÐISMÁL** Uppruna e.coli-bakteríunnar sem fimm manns sýktust af nýverið er nú leitað, að sögn Haraldar Briem sóttvarnalæknis. Grunur lék á að sjötti maðurinn hefði sýkst en niðurstaða rannsókna í gær sýndi að svo væri ekki.


HARALDUR BRIEM

„Við höfum sent þá stofna sem upp komu hér til útlanda til að bera saman við stofna þar, en höfum ekkert svar fengið enn,“ segir Haraldur. „Þá er verið að leita eftir samnefnara, sem þeir sem veiktust kunna að hafa, en það er tímafrekt.“

Hann segir greinilegt að sýkingin hafi komið upp hér á landi. - jss

## ATHUGASEMD

Vegna viðtals við Björgvin Tómasson í helgarútgáfu Fréttablaðsins vilja Björn Steinar Sólbergsson og Hörður Áskelsson, sem sitja í orgelnefnd þjóðkirkjunnar, koma eftirfarandi á framfæri: 1. Aðdróttun um að þeir hafi þegið umboðslaun frá erlendum orgelframleiðendum er hrein fásinna, enda þekki þeir engin dæmi um slíkt. 2. Orgelnefnd þjóðkirkjunnar er skipuð af kirkjuráði, þrír sitja í orgelnefndinni, ekki tveir eins og fram kom í viðtalinu. Þeir tveir sátu þó einir í nefndinni um skamma hríð. 3. Orgelnefndin er ráðgefandi um orgelkaup safnaða, sóknarnefndum er frjálst að leita faglegrar ráðgjafar hjá nefndinni, en endanleg ákvörðun liggur hjá sóknarnefndum. 4. Á þeim 20 árum sem Björgvin Tómasson hefur smíðað orgel, hafa um 50 ný orgel verið vígð í kirkjum landsins. Þar af hefur Björgvin smíðað 30 orgel. Markaðshlutdeild hans er því um 60 prósent. Af því megi sjá hve vel hann geti unað sínum hlut.

### DÆMI UM ÍBÚÐALÁN

HEIMILD: FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

10 milljónir króna, tekið 1. júlí 2007

| | | Gengistryggð lán | |
|---|---|---|---|
| | Verðtryggt lán 4,15% | Gengiskarfa | Yen + SFR* |
| | 40 ár | 30 ár | 30 ár |
| Upphafleg afborgun | kr. 42.700 | kr. 53.700 | kr. 45.400 |
| Afborgun 1. október 2009 | kr. 54.800 | kr. 76.900 | kr. 99.800 |
| Afborgun eftir greiðslujöfnun | kr. 45.600 | kr. 67.200 | kr. 70.400 |

### DÆMI UM BÍLALÁN

HEIMILD: FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

2 milljónir króna, tekið 1. júlí 2007

| | Gengistryggð lán | |
|---|---|---|
| | Gengiskarfa | Yen + SFR* |
| | 7 ár | 7 ár |
| Upphafleg afborgun | kr. 43.800 | kr. 32.100 |
| Afborgun 1. október 2009 | kr. 59.110 | kr. 75.000 |
| Afborgun eftir greiðslujöfnun | kr. 45.340 | kr. 49.700 |

*svissneskur franki

# Lán lengjast mest um þrjú ár

**Greiðslubyrði af verðtryggðum lánum færist aftur til 1. janúar 2008 og til 1. maí 2008 af gengistryggðum lánum. Lánstíminn verður lengdur um þrjú ár og eftirstöðvar síðan afskrifaðar á kostnað lánastofnana.**

**EFNAHAGSMÁL** Greiðslubyrði af öllum íbúða- og bílalánum mun léttast um næstu mánaðamót. Aðgerðir í þá veru voru kynntar í félagsmálaráðuneytinu í gær.

Greiðslubyrðin verður færð aftur til þess sem hún var á tilteknum dagsetningum á síðasta ári. Verðtryggð lán munu miðast við 1. janúar 2008 og gengistryggð lán við 1. maí 2008. Það sem út af stendur af afborgununum bætist við höfuðstólinn og þar með lengist lánstíminn.

Þak verður hins vegar sett á lánstímann, þannig að hann lengist ekki meira en um þrjú ár. Til stendur að afskrifa afganginn og að lánastofnanirnar beri þann kostnað.

Greiðslubyrðin mun síðan þyngjast á ný í samræmi við launavísitölu og aukið atvinnustig.

Þessi úrræði verða valkvæm, sem þýðir að þeir sem treysta sér til að greiða af láninu eins og upphaflega var gert ráð fyrir, og vilja ekki lengja lánstímann, geta gert það áfram. Ekki liggur enn fyrir hvort fólk mun sérstaklega þurfa að bera sig eftir úrræðinu, eða hvort það mun þurfa að segja sig frá því.


**REYKJAVÍK** Úrræðin ná bæði til húsnæðis- og bílalána og stefnt er að því að þau taki gildi 1. nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þá verður einnig boðið upp á sértæk úrræði fyrir fólk í verulegum greiðsluvanda. Annars vegar er þar um að ræða úrræði sem kallað er greiðslujöfnun plús, og kemur til viðbótar hinni hefðbundnu greiðslujöfnun sem lögfest var fyrir tæpu ári. Þar verður tekið mið af stöðu hvers og eins og greiðslubyrðin sniðin að hans þörfum.

Hins vegar munu lánastofnanir bjóða upp á sértæka skuldaaðlögun, sem byggist á mati á greiðslugetu til lengri tíma og er ætluð fólki sem ekki dugir almenn leiðrétting.

Þar að auki verður opinber greiðsluaðlögun endurbætt með nýju lagafrumvarpi og vankantar sniðnir af frumvarpinu.

Árni Páll sagði einnig á blaðamannafundinum í gær að til stæði að breyta lögum um Íbúðalánasjóð, meðal annars til að forðast fasteignabólur.

Ráðherranefnd félagsmála-, dómsmála- og viðskiptaráðherra ræddi í þaula þá hugmynd að færa öll íbúðalán til Íbúðalánasjóðs til að auðvelda það að bjóða upp á samræmd úrræði. Af því varð hins vegar ekki.

Spurður hvað olli því sagði Árni Páll að lendingin hefði einfaldlega orðið sú að fara aðra leið í bili. „Bankarnir vildu vinna þetta með þessum hætti,“ sagði Árni. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur sú leið þó ekki enn verið slegin alfarið út af borðinu.

stigur@frettabladid.is




## VEÐURSPÁ


**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**KULDALEGT**
Þau eru heldur kuldaleg kortin næstu daga enda víðast næturfrost og hiti ekki fjarri frostmarki að deginum. Í dag verða stöku él við norðaustur- og austurströndina og núna með morgninum er hætt við snjómuggu eða slyddu sunnan og suðvestan til. Í kvöld kemur öllu meiri úrkoma upp að suðvestanverðu landinu, rigning eða slydda.



**Á MORGUN**
5-13 m/s en hvassara allra syðst.

**LAUGARDAGUR**
Norðan 3-10 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 25° |
| Amsterdam | 15° |
| Berlín | 14° |
| Billund | 12° |
| Brussel | 16° |
| Eindhoven | 16° |
| Frankfurt | 18° |
| Friedrichshafen | 18° |
| Gautaborg | 10° |
| Kaupmannahöfn | 13° |
| Las Palmas | 27° |
| London | 18° |
| New York | 18° |
| Orlando | 30° |
| Osló | 9° |
| París | 20° |
| Róm | 26° |
| Stokkhólmur | 10° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.




## SNYRTI- OG TÍSKUDAGAR Í SMÁRALIND

**1.–5. október**

Skelltu þér í haustlitaferð í Smáralind 1.-5. október og njóttu hausttískulita ársins. Frábær tilboð á tískufatnaði, snyrtivörum og fylgihlutum. Kynningar og uppákomur alla helgina. **Sjáumst í Smáralind!**

**Debenhams**
**25%** afsláttur af öllum snyrti- og spavörum.
Kynning og gjöf frá Clarins.

**Lyfja**
SOTHYS **20%** afsláttur
Sally Hansen **20%** afsláttur
GOSH **20%** afsláttur
Levante **20%** afsláttur
GO BLOND (John Frida) **20%** afsláttur

**Make Up Store**
Nýjustu vetrarlitirnir, ráðgjöf og litgreining.
Taska fylgir að gjöf ef þú verslar þrjár vörur í nýju línunni.

**Hygea**
Glæsilegir kaupaukar frá þekktustu snyrtivöru-fyrirtækjum heims, t.d. Helena Rubenstein, Dior og Lancome. Frábært verð á glænýjum töskum, úrum og skarti.

**Opið til kl. 21 í dag**

**SMÁRALIND – BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA**
**Verslanir opnar:** mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19
lau 11-18 og sun 13-18 / www.smaralind.is / 528 8000

Smáralind

KJÖRKASSINN



*Hefur þú áhyggjur af þyngd þinni?*

| | |
|---|---|
| Já | 52% |
| Nei | 48% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Sérðu eftir Ögmundi Jónassyni úr stól heilbrigðisráðherra?*

Segðu skoðun þína á visir.is. VÍSIR

## HRIKTIR Í STJÓRNARSAMSTARFINU

Óánægðir láta til sín taka:

### Mótmælt við þingsetningu

Viðbúið er að nokkur fjöldi fólks verði við þingsetninguna á Austurvelli í dag og láti í ljós óánægju með ástandið í stjórnmálunum.

Á netinu hafa síðustu daga gengið áskoranir og hvatningar um að fólk mæti á Austurvöll vopnað skiltum, búsáhöldum og jafnvel skyri.



**GENGIÐ TIL ÞINGSETNINGAR** Þing kom saman 15. maí eftir kosningarnar í aprillok. Ríkisstjórnin var þá full orku og sjálfstrausts. Annað er uppi á teningunum nú; stjórnin kemur löskuð til þings. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Þingsetning í skugga pólitísks glundroða

**Ríkisstjórnin gengur löskuð til þingsetningar í dag. Lyktir Icesave-málsins eru enn óljósar. Togstreita er milli stjórnarflokkanna vegna ákvarðana í ríkisstjórn.**

Staða ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur er afar veik eftir atburði síðustu daga og óvíst hvort hún hefur pólitískt þrek til að starfa mikið lengur.

Afsögn Ögmundar Jónassonar og óljós staða Icesave-málsins ráða mestu en fleira kemur til. Togstreitu gætir í röðum Samfylkingarinnar í garð samstarfsflokksins. Til að mynda eru Samfylkingarþingmenn óánægðir með ákvörðun Svandísar Svavarsdóttur umhverfisráðherra um að una ekki úrskurði Skipulagsstofnunar um ónauðsyn sameiginlegs mats á umhverfisáhrifum Helguvíkurálvers. Jafnframt telja þeir Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, ganga fullhart fram í andstöðu sinni við ESB-aðild. Enda þótt hann sé frjáls að skoðunum sínum hafi ríkisstjórn og Alþingi ákveðið að ganga til aðildarviðræðna við sambandið.

Hvað sem þessari óánægju líður telja þeir þingmenn Samfylkingarinnar sem Fréttablaðið ræddi við annað ríkisstjórnarsamstarf ófært.

Hinir sömu sögðu algjöra einurð ríkja í þingflokki sínum um að halda áfram samstarfinu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og semja þannig um Icesave að Bretar og Hollendingar geti við unað. Að öðrum kosti sé endurreisn efnahagslífsins ómöguleg. Jóhanna Sigurðardóttir hefur því stuðning alls síns liðs.

Staðan innan VG er flóknari. Efasemda gagnvart Icesave gætir víðar en hjá Ögmundi Jónassyni. Guðfríði Lilju Grétarsdóttur, Lilju Mósesdóttur og Ásmundi Einari Daðasyni er í nöp við málið en heldur er talið að Guðfríður Lilja og Ásmundur greiði götu þess þegar ríkisstjórninni, undir forystu Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra, hefur auðnast að ná samkomulagi við viðsemjendurna. Með öllu er óvíst um afstöðu Lilju Mósesdóttur.

Innan þingflokks VG er, líkt og hjá Samfylkingunni, full samstaða um að halda beri stjórnarsamstarfinu áfram.

Þingsetningarathöfnin hefst á guðsþjónustu í Dómkirkjunni klukkan hálf tvö í dag. Að henni lokinni verður eiginleg þingsetning í Alþingishúsinu með ávarpi forseta.

Fjárlagafrumvarpinu verður útbýtt klukkan fjögur.

Stefnuræða forsætisráðherra er áformuð á mánudag.

bjorn@frettabladid.is

## Mynda þarf starfhæfa stjórn

„Ég er orðinn áhyggjufullur yfir þessari stöðu sem blasir við okkur,“ segir Birkir Jón Jónsson, varaformaður Framsóknarflokksins. „Ríkisstjórnin virðist vægast sagt ekki standa traustum fótum, og hefur nú ekki gert það lengi að mati okkar margra.“ Trúlega hafi aldrei verið eins mikilvægt að búa við trausta ríkisstjórn og því þurfi stjórnarflokkarnir að fara að ræða almennilega saman og leysa sín vandamál.



**BIRKIR JÓN JÓNSSON**

Hann segir hugsanlegt að annað stjórnarmynstur sé heppilegra við þessar aðstæður. „Menn úr öllum flokkum verða að fara að setjast niður og ræða það hvernig koma má á starfhæfri ríkisstjórn.“

## Þykir afstaða Ögmundar virðingarverð

Ögmundur er fulltrúi lýðræðisins í þessu,“ segir Þór Saari. „Hann talar eins og sannur lýðræðissinni.“



**ÞÓR SAARI**

Þór segir að ef ríkisstjórnin kjósi að hún falli með ákveðnu máli eins og Icesave þá sé það val Jóhönnu Sigurðardóttur. Þótt það sé nýtt í íslenskum stjórnmálum að menn taki afstöðu með þeim hætti sem Ögmundur gerði í gær sé þetta „virðingarverð afstaða sem hefði átt að vera komin fram fyrir löngu“.

## Stjórnin getur ekki setið

„Jóhanna er búin að missa fyrir borð eina ráðherrann sem er í tengslum við þjóðina í Icesave-málinu,“ segir Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sem er áhyggjufullur yfir stöðunni. Það sé fleira en bara Icesave-málið sem veldur ríkisstjórninni vandræðum – hún standi til dæmis í vegi fyrir atvinnuuppbyggingu.



**BJARNI BENEDIKTSSON**

Það hafi verið alvarlegt þegar skrifað var undir samning við Breta og Hollendinga sem hún hafði ekki meirihluta fyrir á þingi, en nú sé verið að ræða fyrir opnum tjöldum að ganga gegn ákvörðun þingsins í málinu. „Ríkisstjórn sem fer ítrekað gegn þingviljanum í svona stóru máli getur auðvitað ekki setið,“ segir hann.





Viltu stofna fyrirtæki?



Hnitmiðað námskeið um félagaform, skattlagningu fyrirtækja, frádráttarbæran rekstrarkostnað, ábyrgð stjórnenda, reikninga o.fl.

Námskeiðið skiptist í þrjá hluta og verður kennt 7., 9. og 12. október kl. 16-19. Kennslustaður er Holtasmári 1, 8. hæð, Kópavogur. Verð 30.000 kr.

Leiðbeinandi er Anna Linda Bjarnadóttir, héraðsdómslögmaður, LL.M

VR og fleiri félög styrkja félagsmenn sína til þátttöku á námskeiðinu. Sjá námskeiðslýsingu á www.lexista.is
Nánari upplýsingar og skráning í síma 894 6090 eða á alb@lexista.is



# Nýtt

## Even Better Makeup SPF 15

Farði sem vinnur á yfirborði húðarinnar, litabreytingum og acne örum.
Deyfir og jafnar út litabletti og misfellur, sjáanlegur munur á 4-6 vikum.




# Gjöfin þín er í Hagkaup!

Ef keyptar eru vörur frá Clinique fyrir 4.900 eða meira í Hagkaup dagana 1.-7. október, þá er þetta gjöfin til þín.*

**Gjöfin þín að verðmæti 14.000 kr. inniheldur:**

- Take the day off augnfarðahreinsir 50 ml
- Youth Surge SPF 15 Age Decelerating Moisturizer 15 ml
- Blushwear Cream Stick kinnalitur
- High Impact maskari
- Full Potential Lips Plum and Shine
- Deep Comfort Body Butter 75 ml
- Taska



CLINIQUE
GÓÐ GJÖF

*Meðan birgðir endast.

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

## HRIKTIR Í STJÓRNARSAMSTARFINU

### NÍU HAFA SAGT AF SÉR ÚT AF PÓLITÍK



**2009 Ögmundur Jónasson heilbrigðisráðherra** Sagði af sér vegna kröfu oddvita ríkisstjórnarinnar um að hann styðji breytingar á Icesave-málinu.



**2009 Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra** Sagði af sér rúmum 100 dögum eftir hrun íslenska fjármálakerfisins.



**2006 Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra** Sagði af sér í kjölfar hruns á fylgi Framsóknarflokksins í sveitarstjórnarkosningum.



**1994 Guðmundur Árni Stefánsson félagsmálaráðherra** Sagði af sér eftir gagnrýni Ríkisendurskoðunar á embættisveitingar.



**1994 Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra** Sagði af sér eftir langvarandi átök við Jón Baldvin Hannibalsson, formann Alþýðuflokksins. Sagði sig jafnframt úr flokknum.



**1987 Albert Guðmundsson fjármálaráðherra** Sagði af sér eftir að í ljós kom að fyrirtæki hans hafði vantalið tekjur til skatts.

**1943 Jóhann Sæmundsson félagsmálaráðherra** Sat í utanþingsstjórn og sagði af sér í mótmælaskyni eftir að Alþingi gerði viðamiklar breytingar á frumvarpi hans.

**1932 Magnús Guðmundsson dómsmálaráðherra** Sagði af sér eftir að hafa hlotið dóm í máli sem tengdist gjaldþrotaskiptum heildsala, en tók við embættinu aftur eftir að hafa verið sýknaður í Hæstarétti.



**1923 Magnús Jónsson fjármálaráðherra** Sagði af sér eftir ásakanir Alþingis um spillingu í tengslum við leigu á herbergi á Hótel Borg.

Að auki hefur fjöldi ráðherra sagt af sér embætti í gegnum árin og tekið við öðrum embættum, störfum eða verkefnum. Má þar nefna Davíð Oddsson, Björn Bjarnason, Tómas Inga Olrich, Finn Ingólfsson, Eið Guðnason og Jón Sigurðsson.

# Óvænt afsögn en áfram skal haldið

**Leiðtogar stjórnarflokkanna segja afsögn Ögmundar Jónassonar hafa komið sér á óvart. Bæði sjá eftir góðum félaga en fjöldi verka bíði og því verði að halda vinnunni áfram. Segja fulla samstöðu um að halda stjórninni áfram.**



**BJARSTÝN Á SAMSTARF** Jóhanna og Steingrímur voru bæði bjartsýn á að samstarf flokkanna héldi þrátt fyrir ágjöf vegna brotthvarfs Ögmundar. Reyna á að leiða Icesave til lykta í dag, en óvíst er hvort það náist. Þingflokksfundur Vinstri grænna stóð fram á nótt í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Ég harma það mjög að Ögmundur hafi ákveðið að segja sig úr ríkisstjórninni. Ögmundur hefur verið mjög góður liðsmaður, en ég fagna því náttúrulega um leið að Ögmundur lýsti því yfir að hann yrði áfram einlægur stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar,“ sagði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra um brotthvarf Ögmundar.

Hún sagði Ögmund góðan liðsmann og hún hefði viljað halda í hann, en ríkisstjórnin yrði að halda áfram. Verkin biðu. „Ríkisstjórnin hefur meirihluta enn og verk að vinna þannig að við förum bara yfir stöðuna eins og hún lítur út.“ Jóhanna sagði afsögn Ögmundar hafa komið á óvart. Hann hefði hringt í hana rétt fyrir fundinn og tilkynnt henni ákvörðun sína.

Jóhanna sagði gríðarlega mikilvægt að ljúka Icesave-málinu. Hún vildi ekki segja hvort hún legði til að tekið yrði tillit til athugasemda Breta og Hollendinga. Tíminn væri stuttur og það yrði að klára málið.

Um mánaðamótin verður gefið út nýtt lánshæfismat fyrir Ísland. Jóhanna sagði niðurstöðu í Icesave munu geta haft áhrif á það. Hún sagði óvíst hvort frekari uppstokkun yrði á ráðherraliði í kjölfar afsagnar Ögmundar.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir tíðindin af brotthvarfi Ögmundar hafa verið óvænt og erfið. Hann segir menn verða að virða ákvörðun Ögmundar. „Hann hefur komið með skýringar á sínu brotthvarfi og við verðum að virða þær við hann. Það þýðir ekki að ég sé sammála þeim. Ég get þó fullvissað alla um að engan skugga mun bera á vináttu okkar Ögmundar Jónassonar; hún er hafin yfir svona hluti.“

Steingrímur segir óljóst hvort náist að ljúka Icesave-málinu. „Það er mikill stuðningur við að halda málinu áfram í framhaldi af viðbrögðum Breta og Hollendinga. Þetta er erfitt, það vita allir, og sér ekki fyrir endann á því. Við sjáum ekki lendingarstaðinn ennþá en það er auðvitað gríðarlega mikilvægt að það fari að finnast viðunandi lausn á málinu.“

Ríkisstjórnin fundaði í gærkvöldi og að þeim fundi loknum sögðu Steingrímur og Jóhanna fulla samstöðu um að halda ríkisstjórnarsamstarfinu áfram. Þingflokksfundur Vinstri grænna hófst í gær klukkan 22.30. Þar átti að taka afstöðu til þess hvert yrði framhald málsins. Leggist þingflokkurinn gegn því er útséð með áframhaldandi stjórnarsamstarf.

kolbeinn@frettabladid.is

### MIKILL MISSIR



**GUÐFRÍÐUR LILJA GRÉTARSDÓTTIR**

„Brotthvarf Ögmundar er mikill missir fyrir ríkisstjórnina og samfélagið allt. Fáir ef nokkrir hafa verið jafn ötulir baráttumenn fyrir bættara samfélagi,“ segir Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, þingflokksformaður Vinstri grænna. Hún segir að sér mislíki hvernig fólki hefur verið stillt upp; sé ekki ein skoðun við borðið sé sjálfhætt.

Guðfríður vildi ekkert segja um hver yrði niðurstaða þingflokksfundarins sem hófst í gærkvöldi. Hún vonaðist til að þingið talaði sig saman að bestu niðurstöðunni í málinu.

Nafn Guðfríðar Lilju hefur verið nefnt sem ráðherra. Hún segist ekki vilja tjá sig um það, ýmislegt hafi verið rætt um málið. - kóp

Gleðilegt að ráðherra segi af sér vegna skoðana:

## Prinsippafsagnir mættu vera tíðari



**GUNNAR HELGI KRISTINSSON**

„Það er að mjög óvenjulegt á Íslandi, og kannski allt of óvenjulegt, að ráðherra segi af sér vegna skoðanaágreinings við ríkisstjórnina,“ segir stjórnmálafræðingurinn Gunnar Helgi Kristinsson um afsögn Ögmundar Jónassonar úr ríkisstjórninni. Fá dæmi um slíkt séu frá lýðveldisstofnun.

„Það hefur hingað til verið eitt af sérkennum íslenskra stjórnvalda hvað svona prinsippafsagnir hafa verið sjaldgæfar. Það er kannski bara gleðiefni að við fáum að sjá eitthvað af því taginu,“ segir hann.

Gunnar Helgi segir Ögmund hins vegar hafa einkennilega afstöðu til þingræðisins. „Það eru tveir stjórnarflokkar í þessum meirihluta en ekki þrír. Það er svona eins og Ögmundur haldi að þeir geti bæði verið tveir og þrír án þess að þriðji flokkurinn hafi nokkurn tímann komið að gerð stjórnarsáttmála eða sé almennt viðurkenndur sem sérstakur flokkur.

Ég held að það sé alveg klárt í öllu þingræðisfyrirkomulagi að svoleiðis ganga hlutirnir ekki fyrir sig, heldur þannig að það eru tilteknir flokkar sem semja um tiltekna stjórn og þeir skuldbinda sig og alla sína flokksmenn til að styðja stefnu stjórnarinnar. Og þá er ekki hægt að hafa það þannig að það sé síðan bara valkvætt fyrir einhvern hluta flokksins hvort hann vill vera með eða ekki þegar eitthvert leiðindamál kemur upp.“

Þetta sé gert til að ríkið á hverjum tíma búi við sæmilega styrka stjórn. „Mér finnst vera einhver hola í þessum málflutningi hjá Ögmundi,“ segir Gunnar. - sh


HVATNINGARRÁÐSTEFNA STJÓRNVÍSI

STJÓRNVÍSI Félag um framsækna stjórnun

Stjórnun í gjörbreyttu efnahagsumhverfi

Ókeypis aðgangur.

Stjórnendur og aðrir áhugasamir um stjórnun og rekstur fyrirtækja velkomnir.



Ráðstefnustjóri: **Þóra Arnórsdóttir** fréttamaður

Skráning: www.stjornvisi.is

Hvatningarráðstefna STJÓRNVÍSI 2009 verður haldin á Grand hóteli þann 2. október, kl. 8.30 – 11.30.

Markmið ráðstefnunnar er að hvetja stjórnendur til djörfungar og bjartsýni.

Mikið hefur mætt á stjórnendum fyrirtækja allt sl. ár og á ráðstefnunni munu nokkrir þeirra stíga á stokk og segja frá reynslu sinni úr gjörbreyttu efnahagsumhverfi og því hvernig þeir horfa til framtíðar.

**Dagskrá:**

Áskoranir Promens
**Ragnhildur Geirsdóttir forstjóri Promens**

N1 aðferðin
**Hermann Guðmundsson forstjóri N1**

Græn framtíð
**Jón Þórir Frantzson forstjóri Íslenska gámafélagsins**

**Hlé**

Hlutverk endurskoðandans
**Margrét G. Flóvenz endurskoðandi og eigandi KPMG**

Hver stjórnar í fyrirtækjum í kreppu?
**Jón G. Hauksson ritstjóri Frjálsrar verslunar**

Nova stærsti skemmtistaður í heimi – erfiðleikar og tækifæri í breyttu umhverfi
**Liv Bergþórsdóttir framkvæmdastjóri Nova**

**Þóra Arnórsdóttir** spjallar við framsögumenn og fylgir eftir spurningum úr sal.


RAGNHILDUR


HERMANN


JÓN ÞÓRIR


MARGRÉT


JÓN G.


LIV

SVÞ SAMTÖK ATVINNULÍFSINS SI Grand HÓTEL REYKJAVÍK FÍS



SJÓFLUTNINGAR
FYRIR ÍSLENDINGA
Í 95 ÁR
| EIMSKIP | Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | Fax 525 7009 | www.eimskip.is |
EIMSKIP
Yfir hafið og heim

HRIKTIR Í STJÓRNARSAMSTARFINU

# Verð ekki viðskila við mína samvisku

**Ögmundur Jónasson segir ríkisstjórnina hafa stillt sér upp við vegg varðandi Icesave. Hann segir brotthvarf sitt bjarga ríkisstjórninni fremur en hitt og hann stígi sorgmæddur til hliðar. Skortur á lýðræðislegum vinnubrögðum hafi einkennt Icesave og það sé grundvallarmál. Hann vildi nýja samninganefnd um Icesave.**



**SAGÐI AF SÉR RÁÐHERRADÓMI** Ögmundur Jónasson styður ríkisstjórnina þótt hann sitji ekki í henni lengur. Hann segist ósáttur við skort á lýðræðislegum vinnubrögðum og gagnsæi í Icesave-málinu, sem beri að taka alvarlega. Hrunið eigi að hafa kennt okkur að hafa allt uppi á borðinu. Hann vonar þó að stjórnin sitji áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Af hverju sagðirðu af þér?**
„Ég hef alltaf sagt að Icesave sé eitt og framtíð ríkisstjórnarinnar, og þau verkefni sem hún hefur sett á oddinn um verndun velferðarkerfisins, sé annað. Sá skilningur hefur hins vegar ekki átt upp á pallborðið í stjórnarráðinu; þar vilja menn læsa þetta tvennt saman og gera óaðskiljanlegt. Þegar það fékkst síðan staðfest á útsíðum Fréttablaðsins í dag [gær] að líf ríkisstjórnarinnar væri undir því komið að við sem sætum í ríkisstjórn töluðum einni röddu í Icesave-málinu, ákvað ég að víkja fremur en tefla þessu lífi stjórnarinnar í tvísýnu.

Þar kom staðfesting á því sem áður hafði fengist staðfest innan veggja stjórnarráðsins. Á ríkisstjórnarfundi var það gert alveg ljóst að þetta tvennt væri tvinnað saman og áhersla lögð á að ef fram kæmi stjórnarfrumvarp um Icesave væru allir ráðherrar sammála því.

*Að ef þú styddir ekki það frumvarp væri ríkisstjórnin sprungin?*
„Já. Forsætisráðherra gaf þau skilaboð að þá yrði tekið til skoðunar hver framtíð stjórnarinnar yrði og farið með inn í þingflokka.“

**Ekki ákveðinn**
„Nú tek ég það fram að ég hef ekki gefið mér neitt um hver mín afstaða verður í þessu Icesave-máli. Ég vil að það fái þinglega meðferð og þingið komi óbundið að því. Í mínum huga er þetta ekkert smámál; þetta er grundvallaratriði í þessu stóra máli, sem er miklu stærra en ríkisstjórnin og nokkur stjórnmálaflokkur innan veggja þingsins.

Þingið verður að eiga aðkomu að málinu, hver svo sem endanleg niðurstaða verður við atkvæðagreiðslu.“

*Styður þú Icesave?*
„Ég er opinn fyrir því að gera það besta í málinu sem völ er á. En ég tel að stjórnarandstaðan og allt Alþingi eigi að eiga aðkomu að málinu með óbundnar hendur. Það gildir líka um stjórnarliðið. Þetta er grundvallarprinsipp í mínum huga.

**Bjargar stjórninni**
*En óttastu ekki að stjórnin geti sprungið við brotthvarf þitt?*
„Af hverju ætti hún að gera það? Er þetta ekki fremur til að bjarga henni? Ef hún telur sig vera komna fram á eitthvert hengiflug vegna svona vinnubragða og ef henni er forðað af hengifluginu af þeim sem er meintur leiðsögumaður í þá átt, þá hlýtur að það vera til þess að bjarga stjórninni fremur en hitt.

Ég tel mjög mikilvægt að stjórnin sitji áfram og rísi undir því ætlunarverki sínu sem birtist í stjórnarsáttmálanum; að standa vörð um velferðarkerfið og efla það í hvívetna. Það er minn einlægur ásetningur að leggja allt sem ég á á vogarskálarnar til að það takist.

Ég tel að stjórnin sé að gera allt sem í hennar valdi stendur í þágu velferðarkerfisins og jafnaðarsamfélags. Við þurfum að vanda okkur vel í öllu sem snýr að lýðræði og gagnsæi. Við þurfum að beita okkur af enn meiri krafti en áður til að uppræta spillingu, sérstaklega í fjármálakerfi landsins. Okkur hefur ekki tekist enn nógu vel upp í því efni.“

*En værir þú ekki í betri stöðu til að vinna að þessum verkum innan ríkisstjórnar?*
„Jú jú, vissulega og þess vegna er ég að vissu leyti sorgmæddur yfir að þurfa að stíga þetta skref. En starfið má ekki vera á kostnað grunngilda sem snerta þingræði og virðingu fyrir Alþingi. Ég vil að það sama sé gert gagnvart stjórnarandstöðu nú og ég vildi að væri gert gagnvart okkur þegar við vorum í stjórnarandstöðu.“

*Eru athugasemdir Breta og Hollendinga slíkt úrslitaatriði að þú getir ekki stutt samninginn?*
„Ég gef mér ekkert í þeim efnum. Það er ennþá verið að jagast á um þetta. Mér persónulega finnst að við hefðum hreinlega átt að skipa nýja samninganefnd á vegum Alþingi og fara þannig fram með málið. Í formlegu samningaferli, ekki í neinum þreifingum, með aðkomu allra flokka á Alþingi. En málið er í þessum farvegi og þá skoðum við stöðuna í því ljósi.“

**AGS í burtu sem fyrst**
*En er málið ekki einhvern tímann fullrætt og rétt að samþykkja eða hafna og færa sig á næsta stig?*
„Þegar við erum að ræða um 7 eða 800 milljarða skuldbindingar geta menn ekki leyft sér eitthvert svona óþolinmæðis- eða þreytutal. Ef Alþingi er þreytt fer það bara og leggur sig og safnar kröftum og kemur síðan óþreytt til verka og gerir það sem er rétt og skynsamlegt í málinu. Svo einfalt er það.“

*En hvaða valkostur er við Icesave? Þarf hann ekki að vera skýr?*
„Menn hafa stundum velt því fyrir sér hvort til er eitthvað sem heitir plan b og telja þá væntanlega að við fylgjum plani a. Plan b er náttúrulega einfaldlega að rísa á fætur gagnvart þessum grimma, ágjarna og ofbeldisfulla umheimi sem hefur stöðugt í hótunum við okkur. Ég er þeirrar skoðunar að við þurfum að gera það í ríkari mæli en við höfum gert.

Þá horfi ég til dæmis til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins [AGS] sem er hér kominn inn á gafl. Við þurfum að losna við hann sem allra fyrst. Sumir standa í þeirri trú að hann hafi gefið okkur einhver hagfræðiráð. Svo er ekki. Þetta er pólitísk stofnun sem gengur erinda lánardrottna og sér til þess að allir skuldunautar greiði þeim í topp, hvort sem þeir eru borgunarmenn fyrir því eða ekki. Þetta hefur ekkert með efnahagsráðgjöf að gera.

Sjóðurinn reynir samræma aðförina að Íslandi með því að loka á alla lánaliði og hafa í hótunum við þá sem ætla að veita Íslendingum fyrirgreiðslu.“

*En breytir sjóðurinn um stefnu í þeim efnum þó við vísum honum út?*
„Ég held að við þurfum að segja við AGS: takk fyrir komuna, nú skuluð þið hafa ykkur á braut og við gerum þetta á eigin forsendum. Það verður hins vegar ekki gert nema við sannfærum aðrar þjóðir sem taka þátt í þessu spili, eins og Norðurlandaþjóðirnar og aðra sem raunverulega vilja rétta okkur hjálparhönd, að þær eigi ekki að fara að skipunum AGS eða Evrópusambandinu. Ekki gleyma hlut þess í málinu.“

*Sumir hafa nefnt að töf á Icesave geti skaðað lánshæfismat okkar og komið fyrirtækjum eins og Landsvirkjun illa. Hvað segirðu við því?*
„Ég á svolítið erfitt með að skilja að lánshæfismatið lagist mjög mikið ef þér tekst að hlaða á þig meiri skuldum. Það lagast hjá okkur ef okkur tekst að reisa við íslenskt efnahagslíf og ég hef trú á því að við séum að reisa sig. Grunnstoðirnar í íslensku efnahagslífi eru ekki feysknar, þær eru traustar.“

**Treysti félögum mínum**
*En ef Icesave og aðkoma AGS eru svona slæm mál, hvernig geturðu þá stutt ríkisstjórn sem styður þau mál?*
„Vegna þess að ég veit að hún er að gera sitt besta og ég ber fullt traust til félaga minna í þeim efnum. Icesave er erfitt mál og þar eru miklar skuldbindingar. Hins vegar eru mörg spurningarmerki í því sambandi. Kannski verður þetta okkur ekki eins þungbært og margir óttast, einfaldlega vegna þess að eignirnar ganga þarna upp í. Hins vegar erum við að hlaða á okkur miklum vaxtaklyfjum.

Það sem ég hef sett fyrir mig í þessu efni er fyrst og fremst það hvernig við berum okkur að í málinu. Er það hégóma- og smámál? Nei, það er grundvallaratriði, grundvallarmál. Við skulum ekki gleyma því hvað varð þess valdandi að Íslendingar lentu í ógöngunum. Það var vegna þess að við lögðum ekki nægilega rækt við lýðræðið, við gagnsæið, við opin vinnubrögð þar sem margir eru til kallaðir og hlustað á fólk.

Það var kjarni vandans og við eigum að læra af því. Þess vegna er það ekki smámál hvernig staðið er að verki; það er stórmál.“



FRÉTTAVIÐTAL
KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ
kolbeinn@frettabladid.is

## PÓLITÍSKUR FERILL

**1995-1999** – Óháður þingmaður Alþýðubandalagsins og óháðra
**1999-2009** – Þingflokksformaður Vinstri grænna
**2009** – Heilbrigðisráðherra frá byrjun febrúar og út september

## HISSA Á SEÐLABANKASTJÓRA

Ögmundur er ekki sáttur við yfirlýsingar Más Guðmundssonar seðlabankastjóra þess efnis að menn þyrftu að hugsa sig tvisvar, ef ekki þrisvar um, ef hafna ætti Icesave; slíkar yrðu afleiðingarnar.

„Ég var nú sannast sagna nokkuð hissa á seðlabankastjóra að vera með þær yfirlýsingar. Seðlabankinn og seðlabankastjóri eiga ekki að hengja sig utan á einhvern vagn AGS, ESB og erlendra lánardrottna, sem hafa í hótunum við Ísland.

Hann á ekkert að vera með einhverjar svona hótanir inn í íslenska pólitík. Við bara tökum okkur þann tíma sem við þurfum og gerum það sem við teljum skynsamlegast í málinu.

Það eru mjög margir á Alþingi, bæði innan stjórnar og stjórnarandstöðu, sem telja að það þurfi að klára málið hið allra fyrsta. Aðrir eru á öndverðum meiði og telja að við þurfum að sýna aðgát. Ég er í þeim hópi.“

## RÁÐUNEYTIÐ ER Í GÓÐUM HÖNDUM

Ögmundur segist skilja heilbrigðisráðuneytið eftir í góðum höndum þess starfsfólks sem þar vinnur, sem og í heilbrigðisgeiranum. Spurður út í þá stefnumörkun sem hann skilur eftir sig segir hann hana aðallega lúta að vinnubrögðum.

„Stefnumótunin í þessu ráðuneyti og stofnunum þess er að verulegu leyti óháð ríkisstjórnum og ráðherrum. Hún snýr að framtíðarskipan heilbrigðismála í landinu. Ég hef hins vegar getað komið að málum sem lúta að vinnubrögðum og áherslum.

Það vita það allir að ég er ekki áhugamaður um að markaðsvæða heilbrigðiskerfið. Ég vil styðja almannakerfið og grunnstoðirnar eins og heilsugæsluna. Þegar verið er að ræða endurskipulagningu í kerfinu hef ég viljað tryggja sem lýðræðislegust vinnubrögð og að tillit sé tekið til sjónarmiða starfsfólks og samfélagsins sem stofnanirnar þjóna. Það hefur kannski fyrst og fremst verið mitt framlag.“

*Hafði erfiður niðurskurður í heilbrigðiskerfinu áhrif á afsögn þína?*
„Nei. Ekki nokkur einustu. Það vita allir sem mig þekkja að ég hef aldrei óttast erfið verk. Ég vil einfaldlega ekki verða viðskila við mína samvisku þegar kemur að þessum grundvallaratriðum.“

Göngu- og ævintýraferðir
ÍT ferða 2010
Meðal annars: **Grand Canyon, Perú og Pólland**
Sjá nánar á: **www.itferdir.is**
KYNNINGARFUNDUR UM ÆVINTÝRALEGAR GÖNGUFERÐIR
**Laugardaginn 3. okt. kl. 17** verður kynning á gönguferðum okkar í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Hjördís Hilmarsdóttir, verkefnastjóri gönguferða ÍT ferða og Sæmundur Þór Sigurðsson göngufararstjóri verða á staðnum.
**Allir velkomnir!**
ítferðir
Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu
ÍT ferðir • sími 588 9900 • itferdir.is

Bandarískur og rússneskur geimfari hafa góðan félagsskap með sér:

# Fyrsti trúðurinn farinn út í geiminn

**KASAKSTAN, AP** Kanadískur sirkuseigandi slóst í hópinn með bandarískum og rússneskum geimfara sem skotið var út í geiminn frá gresjunum í Kasakstan í gær.

Guy Laliberte er sagður fyrsti sirkustrúðurinn sem kemst út í geiminn. Hann stofnaði ásamt félögum sínum hinn víðfræga Sólarsirkus í Kanada fyrir aldarfjórðungi.

Hann þurfti að borga fyrir farið, heilar 35 milljónir Bandaríkjadala, en það samsvarar nærri 4,4 milljörðum króna. Hann hefur efnast vel á rekstri Sólarsirkussins, sem heldur reglulega glæsisýningar víðs vegar um heim. Hann er talinn eiga 2,5 milljarða dala og er skráður eigandi að 95 prósentum í sirkusnum.

Með honum í geimflauginni, sem skotið var upp frá Kasakstan í gær, eru geimfararnir Jeffrey Williams og Maxim Surajev, en þeir eru bara í vinnunni í þetta sinn og fá borguð laun fyrir.

Lalibert hefur ítrekað að hann ætli að sæta færis og kitla ferðafélaga sína meðan þeir sofa. Hann ætlar að snúa aftur til jarðar eftir tólf daga dvöl í geimnum, en þeir Williams og Surajev búast við að dveljast ytra í 169 daga. Williams er að fara út í geiminn í þriðja sinn. - gb



**GUY LALIBERTE** Stofnandi Sólarsirkussins ætlar að dveljast í alþjóðlegu geimstöðinni næstu vikurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bólusetningar eftir mánuð:

## Svínaflensan heldur í rénun

**HEILBRIGÐISMÁL** Svo virðist sem svínaflensan svonefnda hafi náð toppi að undanförnu og sé nú heldur í rénun. Þetta segir Haraldur Briem sóttvarnalæknir.

„Það hefur verið talað um að hún væri væg, en við vitum þó af tveimur einstaklingum sem lent hafa á spítala vegna hennar,“ segir sóttvarnalæknir. „Um er að ræða unga stúlku sem var með asma, svo og mann sem veiktist mikið og lenti á gjörgæslu.“

Sóttvarnalæknir gerir ráð fyrir að byrjað verði að bólusetja fólk um næstu mánaðamót, áður en næsta bylgja af flensunni ríður yfir. - jss




**HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURNESJA** Sjúkraliðar segja niðurskurð valda óbætanlegu heilsutjóni.

Sjúkraliðar vara ráðherra við:

## Niðurskurður verði faglegur

**FÉLAGSMÁL „Niðurskurðurinn veldur stórauknu álagi á starfsfólk, með tilheyrandi eftirmálum; óbætanlegu heilsutjóni, kvíða og óöryggi. Er ekki mál að linni,“ segir í ályktun Sjúkraliðafélags Íslands sem lýsir áhyggjum vegna fyrirhugaðs niðurskurðar í heilbrigðisþjónustunni.**

**Sjúkraliðar biðla til heilbrigðisráðherra um að breytingar verði aðeins gerðar með mati einstaklinga sem hafnir séu „yfir allan grun um hagsmunagæslu fyrir einstaka hópa eða stéttir“ eins og segir í ályktuninni. „Félagið varar ráðherra við að handahófskenndur niðurskurður getur snúist upp í andhverfu sína með stórauknum kostnaði fyrir samfélagið.“** - gar

Skólastjóri ætlar í hart:

## Telur uppsögnina ólögmæta

**MENNTAMÁL** „Við teljum þetta ólögmæta uppsögn, og það verður látið á þetta reyna,“ segir Regína Höskuldsdóttir, fyrrverandi skólastjóri Landakotsskóla.



**REGÍNA HÖSKULDSDÓTTIR**

Henni var sagt upp 16. ágúst síðastliðinn eftir ágreining við stjórn skólans. Henni var tjáð að uppsögnin væri í sparnaðarskyni. Regína segist nú vera að skoða næstu skref með lögfræðingi Kennarasambandsins, en segist þegar búin að ákveða að fara í hart við skólann vegna uppsagnarinnar.

Ekki náðist í formann stjórnar Landakotsskóla í gær. - bj

**DÓMSMÁL**

**Stálu dekkjum og felgum**

Tveir karlmenn hafa verið ákærðir fyrir að stela felgum og dekkjum undan bifreið sem stóð á bílastæði við Hraunberg í Reykjavík. Verðmæti þýfisins nam 120 þúsund krónum.






**RISABRÚÐA Í BERLÍN** Brúðuleikhúsið Royal de Luxe býr sig undir sýningu við Tempelhof-flugvöllinn í Berlín, þar sem þessi risabrúða í kafarabúningi kemur við sögu ásamt „Risessunni" svonefndu, sem spókaði sig í miðbæ Reykjavíkur fyrir nokkrum árum. NORDICPHOTOS/AFP

Þjóðleikhússtjóri verður endurráðinn til næstu fimm ára:

# Tinna áfram þjóðleikhússtjóri

**MENNING** Tinna Gunnlaugsdóttir var skipuð þjóðleikhússtjóri til næstu fimm ára í gær. Nokkuð langt ferli hefur verið við ráðninguna, en þjóðleikhúsráð skilaði mati sínu 19. ágúst.

Samkvæmt því voru Tinna Gunnlaugsdóttir og Þórhildur Þorleifsdóttir metnar hæfastar til stöðunnar. Aðrir umsækjendur andmæltu áliti ráðsins, meðal annars því að umsækjendur hefðu ekki verið kallaðir til viðtals. Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra ákvað í kjölfarið að ræða yrði við umsækjendur innan ráðuneytisins. Þeim viðtölum lauk skömmu fyrir helgi.

Þrír umsækjendur þóttu koma best úr þeim viðtölum, þær Tinna og Þórhildur, auk Kolbrúnar Halldórsdóttur. Hins vegar þótti Tinna vera áberandi sterkust út frá rekstrarlegum sjónarmiðum. Í tilkynningu frá ráðuneytinu segir að við skipun Tinnu hafi verið litið til framtíðarsýnar hennar og reynslu af stjórnun og rekstri. Þá hafi hún haft vel mótaðar hugmyndir í ljósi fyrirsjáanlegs niðurskurðar.

Auk Tinnu, Þórhildar og Kolbrúnar sóttu þau Ari Matthíasson, Hlín Agnarsdóttir, Páll Baldvin Baldvinsson, Hilmar Jónsson, Magnús Ragnarsson og Sigurður Kaiser um stöðuna. - kóp



**SKIPUÐ ÁFRAM** Tinna Gunnlaugsdóttir verður áfram þjóðleikhússtjóri næstu fimm árin. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Verðmunur milli landsvæða:

# Oftast munur hjá Krónunni

**NEYTENDUR** Oftast var munur á verði milli verslana á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni í verslunum Krónunnar, í könnun sem ASÍ gerði nýverið. Af 53 vörutegundum sem skoðaðar voru í Krónunni voru 23 á mismunandi verði, eða 43 prósent.

Í Kaskó voru 16 vörutegundir af 50 á mismunandi verði, eða 32 prósent. Þá voru 17 af 56 vörutegundum í verslunum Nettó á mismunandi verði, um 30 prósent.

Samræming á verði var skást í Bónus, þar sem mismunandi verð var á átta vörutegundum af þeim 55 sem voru skoðaðar, eða 15 prósent. - bj

Súrmjólk í hádeginu:

# Börnin borða meiri súrmjólk

**NEYTENDUR** **Skólabörn á Íslandi drekka fjórum prósentum meiri mjólk en í fyrra eftir að byrjað var að bjóða ískalda mjólk úr sérstökum mjólkurkælum Mjólkursamsölunnar í skólum landsins. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Landssambandi kúabænda.**

**Mjólkursamsalan bauð í gær öllum fimmtíu þúsund grunnskólabörnum landsins endurgjaldslaust upp á mjólk í tilefni af skólamjólkurdegi matvælastofnunar Sameinuðu þjóðanna.**

**Dagurinn er haldinn hátíðlegur hér undir kjörorðunum „Holl mjólk og heilbrigðir krakkar". Reikna má með því að krakkarnir drekki um tólf þúsund lítra af mjólk í skólanum þennan dag.** - th

# Hamfarir í Asíuríkjum kosta hundruð manna lífið

**Á annað hundrað manns fórst þegar flóðbylgja reið yfir Samóaeyjar í kjölfar öflugs jarðskjálfta á þriðjudag. Annar stór jarðskjálfti varð við Indónesíu í gær og kostaði tugi eða jafnvel hundruð manna þar lífið.**

**SAMÓA, AP** Gríðarleg eyðilegging varð í þorpum og bæjum á Samóaeyjum í Suður-Kyrrahafi þegar mikil flóðbylgja reið þar yfir í gær. Á annað hundrað manns fórst og tuga manna að auki er saknað.

Íbúarnir flúðu frá láglendi og upp í hæðir á eyjunum. Þar hélt fólk sig klukkustundum saman þangað til ljóst var að flóðið væri í rénun.

Flóðbylgjan var framkölluð af jarðskjálfta, sem mældist 8,3 stig. Upptök skjálftans voru í um 200 kílómetra fjarlægð frá Samóaeyjum, þar sem 180 þúsund manns búa, og í um 190 kílómetra fjarlægð frá nágrannaríkinu Bandarísku Samóa, þar sem um 65 þúsund manns búa.

Alls riðu fjórar flóðbylgjur yfir eyjarnar og var ölduhæð þeirra fjórir til sex metrar. Fjöldi þorpa á eyjunni Tonga varð einnig fyrir tjóni vegna flóðsins.

Skjálftinn varð snemma á þriðjudagsmorgun að staðartíma, en tæpum sólarhring síðar varð annar stór jarðskjálfti skammt frá Indónesíu sem kostað hefur tugi manna lífið, hugsanlega hundruð manna.

Skjálftinn olli verulegu tjóni á byggingum á Indónesíu. Einnig féll skriða skammt frá bænum Padang og var óttast að fjöldi fólks þar hafi grafist undir húsarústum. Verulegt tjón varð einnig í höfuðborginni Jakarta.

Óttast var að sá jarðskjálfti, sem mældist 7,6 stig, myndi einnig framkalla flóðbylgju, en viðvörun um það var síðar afturkölluð. Íbúar við strendur Indlandshafs flúðu margir hverjir úr húsum sínum, en sneru aftur þegar sú hætta var liðin hjá.

Nokkur þúsund kílómetrar eru á milli skjálftastaðanna og engar líkur á því að þeir tengist með neinum hætti.

Fleiri veðurhamfarir hafa riðið yfir íbúa í þessum heimshluta, því eitt öflugasta fárviðri sem geisað hefur í Suðaustur-Asíu hefur kostað hundruð manna lífið síðustu daga.

Fellibylurinn Ketsana feykti í gær um koll heilu þorpunum í Kambódíu og aurskriður af hans völdum færðu í kaf fjölmörg hús í Víetnam. Áður hafði fellibylurinn valdið stórflóðum í Manila, höfuðborg Filippseyja.

Heldur hafði þó dregið úr krafti fellibylsins þegar hann kom til Laos í gær.

gudsteinn@frettabladid.is



**SKEMMDIR Á BANDARÍSKU SAMÓA** Flóðið lék íbúa eyjanna á Suður-Kyrrahafi grátt. NORDICPHOTOS/AFP

## RAUÐI KROSS ÍSLANDS SAFNAR

Rauði kross Íslands hefur opnað söfnunarsímann 904 1500 fyrir þá sem vilja styðja hjálparstarf meðal fórnarlamba flóðanna á Kyrrahafseyjum. Þá dragast 1500 kr. frá næsta símreikningi.

Að sögn Helgu Báru Bragadóttur, sendifulltrúa Rauða kross Íslands á Fiji, munaði miklu á Samóa um starf 135 sjálfboðaliða Rauða krossins sem þustu á strandsvæði til að láta vita af yfirvofandi flóðbylgju.

Á Samóa hefur Rauði krossinn komið upp fimm tjaldbúðum fyrir fólk sem komst lífs af úr flóðbylgjunni. Rauða kross-félög eru á öllum eyjunum í Kyrrahafi, þar sem alls eru þrettán sjálfstæð ríki. Öll hafa þjálfaða sjálfboðaliða og aðgang að neyðarbirgðum.




Sjúkraskrármálið á Heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi:

# Mál forstjórans hjá ráðuneyti

**HEILBRIGÐISMÁL** Mál forstjóra Heilbrigðisstofnunar Blönduóss er nú til meðferðar hjá lögfræðingadeild heilbrigðisráðuneytisins, að sögn Helga Más Arthurssonar, upplýsingafulltrúa ráðuneytisins.

„Meðan svo er tjáir ráðuneytið sig ekki um málið," bætir hann við.

Upphaf málsins var það að Persónuvernd barst kvörtun um óheftan aðgang forstjórans að sjúkraskrám heilbrigðisstofnunarinnar. Persónuvernd vísaði málinu til landlæknisembættisins, þar sem fram fór rannsókn sem leiddi í ljós að forstjórinn hefði farið inn á sjúkraskrár í einhverjum tilvikum, að því er Matthías Halldórsson landlæknir staðfesti við Fréttablaðið. Forstjórinn hefur aðgang að sjúkraskrám heilbrigðisstofnunarinnar af því að hann annast tölvumál hennar og hefur meðal annars stofnað aðgang fyrir nýja starfsmenn og sett inn lykilorð þeirra. Landlæknisembættið hefur nú sent niðurstöðu sína í málinu til ráðuneytisins, þar sem forstjórar heilbrigðisstofnana heyra undir það.

Brot gegn lögum um sjúkraskrár varða sektum eða fangelsi allt að þremur árum. - jss



**BLÖNDUÓS** Mál forstjóra heilbrigðisstofnunarinnar á staðnum er hjá heilbrigðisráðuneytinu.

Sjúklingar á Landspítalanum:

# Hrifnastir af morgunmat og pottréttum

**HEILBRIGÐISMÁL** Landspítalinn segir könnun sýna að sjúklingum á legudeildum spítalans þyki maturinn þar góður og hollur og að samsetning hans hæfi veikindum þeirra. Einnig að útlit máltíða og lykt sé góð.

„Þá fær morgunmaturinn bestu einkunn meðal sjúklinga en miðdegisbitinn, kjöt- og pottréttir fylgja þar fast á eftir," segir í frétt Landspítalans þar sem fram kemur að helst vilji sjúklingar hafa meira um það að segja hvað þeir fá að borða, auk þess sem fiskrétti, unnar matvörur og grænmetisrétti þurfi. - gar

Heiðursfélagi áttræður:

## Yfirlitssýning um Högnu

**MENNING** Í tilefni af áttræðisafmæli Högnu Sigurðardóttur í júlí sem leið ætlar Arkitektafélag Íslands að halda yfirlitssýningu um verk þessa heiðursfélaga síns. Að því er fram kemur í bréfi frá sýningarnefnd Arkitektafélagsins til Kópavogsbæjar er Högna fyrsta konan í stétt arkitekta til að leggja eigin hönnun fyrir byggingarnefnd.

Einnig kemur fram að flest verk Högnu á Íslandi séu í Kópavogi. Þar á meðal sé Sundlaug Kópavogs. Bæjarráð segir að vegna aðhalds sé ekki hægt að styrkja sýninguna um Högnu. - gar

Bætir við sig þremur stórum þotum og ræður flugmenn vegna aukinna umsvifa:

# Air Atlanta bætir flugvélum við flotann

**FLUG** Flugfélagið Air Atlanta mun bæta þremur Boeing 747-400-þotum í flota sinn á næstu tveimur mánuðum. Félagið hefur verið með eina til þrjár slíkar þotur í rekstri en þær verða nú fimm. Ráðning flugmanna stendur yfir og koma nokkrir þeirra úr röðum fyrrverandi starfsmanna Icelandair.

Air Atlanta er nú með um tuttugu þotur í rekstri, flestar af gerðinni Boeing 747 en nokkrar af gerðinni Airbus A300-600. Félagið sinnir verkefnum víða um heim, þar á meðal í Saudi-Arabíu, Malasíu og Sameinuðu furstadæmunum.

Að taka þrjár Boeing 747-400-þotur í notkun er stórt skref og kemur Air Atlanta aftur í fremstu röð flugfélaga á leiguflugsmarkaði á heimsvísu, segir í nýjasta fréttablaði Félags atvinnuflugmanna.

Þar segir jafnframt að þjálfun flugmanna á vélarnar sé lokið. Félagið er að ráða mannskap á aðrar vélar og eru meðal annars níu manns frá Icelandair að hefja störf hjá Air Atlanta um þessar mundir sem verktakar.

Forsvarsmenn fyrirtækisins eru bjartsýnir á framhaldið nú þegar vélarnar eru að fara í verkefni og sá kostnaður sem fylgir innleiðingu þeirra er að mestu að baki. - shá



**BOEING 747-400-ÞOTA** Air Atlanta bætir við þrem þotum af þessari gerð og ræður flugmenn vegna aukinna umsvifa.



**FERÐALOK** Jón og Hjálmar, ásamt forstjóra Emmessís, fengu sér ís í Álfheimum.

Ístúr frá Ísafirði til Reykjavíkur:

## Fengu að skoða ísgerðina

**FÓLK Göngu þeirra Jóns Björnssonar og Hjálmars Forna Steingrímssonar frá Ísafirði til höfuðborgarinnar lauk á Kaffi Reykjavík seinni partinn á sunnudag. Fréttablaðið greindi frá því fyrir helgi að þeir félagar hefðu ákveðið að ganga leiðina, sem er 450 kílómetrar, til að fá sér ís í Reykjavík.**

**Böðvar Þórisson, forstjóri Emmessís, tók á móti þeim Jóni og Hjálmari þegar þeir komu til Reykjavíkur. Heimsóttu þeir ísbúðina í Álfheimum og Kaffi Reykjavík, sem allar vegalengdir á landinu miðast við. Á þriðjudag var Jóni og Hjálmari svo boðið í sýningarferð um Emmess-ísgerðina, þar sem þeir fengu að bragða á ísnum. - kg**



**INGIMAR H. INGIMARSSON** Björgólfsfeðgar vísa á bug fréttum um að kaupsamningur við Ingimar hafi verið falsaður.

Björgólfsfeðgar um Ingimar:

## Vitni eru til að undirskriftinni

**VIÐSKIPTI** Kaupsamningur milli Björgólfsfeðga og félags Ingimars H. Ingimarssonar, sem Ingimar segir falsaða, voru undirritaðir í viðurvist rússneskra meðeigenda. Opinber sérfræðideild í Pétursborg hefur einnig staðfest að undirritunin tilheyri Ingimari.

Svo segir í greinargerð frá Björgólfsfeðgum, vegna fréttaflutnings um að þeir hafi falsað undirskrift Ingimars meðan hann var rúmliggjandi vegna veikinda í öðru landi. Jafnframt benda þeir á að íslenska rannsóknarlögreglan hafi ekki séð ástæðu til að skoða málið á sínum tíma. - kóþ

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Stal víni í Mjóddinni

Brotist var inn í áfengisverslun ÁTVR við Stekkjarbakka í fyrrinótt. Á upptökum úr eftirlitsmyndavélum sést karlmaður brjóta rúðu með gangstéttarhellu og hlaupa á brott með fangið fullt af vínflöskum. Þjófurinn er ófundinn.


ENNEMM / SÍA / NM39283

# Þú færð meira fyrir Aukakrónur

Þú safnar Aukakrónum þegar þú notar A-kortið þitt og fyrir þær getur þú keypt allt mögulegt sem þig vantar eða langar í hjá samstarfsaðilum Aukakróna.

Sæktu um A-kort á **aukakronur.is**

**A-kortin**
Kreditkort sem safna Aukakrónum fyrir þig




* Á myndunum sérðu hvað þú gætir keypt hjá samstarfsaðilum Aukakróna m.v. 150 þúsund kr. innlenda verslun á mánuði, þ.a. 1/3 hjá samstarfsaðilum. Sjá nánar á aukakronur.is.
NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-2080.

**AUKAKRÓNUR** | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NÝSLÁTRUN HAUST 2009
1189
K.S FERSK LAMBLÆRI AF NÝSLÁTRUÐU
MERKT VERÐ 1398 KR./KG. 15% AFSLÁTTUR 1189 kr./kg.
NÝSLÁTRUN HAUST 2009
ÍSLANDS LAMB
798
798 KR./KG.
NIÐURSAGAÐUR 1/2 LAMBSSKROKKUR Í POKA
479
KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
MERKT VERÐ 598 KR.KG. 20% AFSLÁTTUR 479 kr.kg.
Nautaveisla
898
NAUTAVEISLU FERSKT NAUTAHAKK
898 kr.kg.
498
NAUTAVEISLU FERSKIR NAUTABORGARAR
4 stk m/brauði 498 kr.
Ali
398
ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
398 kr.kg.
BÓNUS Kjúklingur Bringur
1498
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 1998 KR.KG. 25% AFSLÁTTUR 1498 kr.kg.
998
ÍSLANDSGRÍS BEIKON Í SNEIÐUM 998 kr.kg.
198
KJARNAFÆÐI
898
K.F KOFAREYKTUR HANGIFRAMPARTUR M/BEINI 898 kr.kg.
KJARNAFÆÐI
398
K.F NÝTT KJÖTFARS
398 kr.kg.
198
INNMATUR FROSINN
- LAMBAHJÖRTU 198 kr./kg.
- LAMBALIFUR 198 kr./kg.
1398
DANSKAR GRÍSALUNDIR frystivara 1398 kr.kg.
KJARNAFÆÐI
1598
K.F KOFAREYKTUR ÚRB. HANGIFRAMPARTUR
MERKT VERÐ 1998 KR.KG. 20% AFSLÁTTUR
1598 kr.kg.
Spa
með
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
20 ára
BÓNUS
1989 - 2009
698
ALI FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR 698 kr.kg.
1998
ALI FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR 1998 kr.kg.
NÝSLÁTRUN
HAUST 2009
598
K.S FROSIÐ LAMBASÚPUKJÖT
1.FLOKKUR 598 kr.kg.
NÝSLÁTRUN
HAUST 2009
2998
K.S FERSKT LAMBAFILLET
Nýslátrað 2009 2998 kr.kg.
NÝSLÁTRUN
HAUST 2009
1998
K.S FERSKT LAMBAPRIME Nýslátrað 2009
1998 kr.kg.
198
BÓNUS KLEINUHRINGIR 2 STK
súkkulaði og karamellu 198 kr.
RYVITA
139
RYVITA HRÖKKBRAUÐ tvær teg. 250g 139 kr.
GRÆNN
ASPAS
HEILL
298
Póló
BÓNUS
298
MYLLU VÍNARTERTA 298 kr.
THULE
69
69 kr. 1/2 ltr.
HEIL
JARÐARBER
198
GRÆNN
ASPAS
Í BITUM
159
HEIMA ASPAS SKORINN
282g 159 kr
ASPAS HEILL 425g
298 kr.
BÓNUS
KJARNABRAUÐ
159
BÓNUS KJARNABRAUÐ 500g
159 kr.
THULE LÉTTÖL ½ ltr.
69 kr.
HEIMA JARÐARBER
Í DÓS 820g 198 kr.
159
159 kr. 2 ltr.
BÓNUS PÓLÓ 2 ltr. 159 kr.
Þetta gamla góða Pólo
raðu
Bónus
189
DOLE APPELSÍNUR Í LAUSU
189 kr.kg.
198
PERUR PAKKAÐAR 1000g 198 kr.
79
HVÍTLAUKUR FLYSJAÐUR
100g 79 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30



**BARDAGAÆFINGAR Í SUÐUR-KÓREU** Suður-kóreskir hermenn æfa sig í bardagalist ásamt dreng sem fékk að taka þátt í æfingunni með þeim. NORDICPHOTOS/AFP

Gordon Brown snýr vörn í sókn og útlistar baráttumál í kosningum næsta vor á fundi Verkamannaflokksins:

# Brown vill að hægt verði að reka þingmenn

**BRETLAND, AP** Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands og formaður Verkamannaflokksins, vill að kjósendur geti rekið þingmenn sem verða uppvísir að því að brjóta lög. Þetta kom fram í ræðu hans á árlegum landsfundi Verkamannaflokksins í Brighton á þriðjudag.

Fjölmargir þingmenn urðu nýverið uppvísir að því að láta þingið greiða ýmsan kostnað fyrir sig sem ekki bar að greiða, og skók hneyksli vegna þessa þingið í sumar.

Brown reynir nú að snúa vörn í sókn fyrir kosningar sem haldnar verða í Bretlandi næsta vor. Kannanir benda til þess að Verkamannaflokkurinn muni missa meirihluta sinn í kosningunum. Flokkurinn hefur verið við völd frá árinu 1997.

Fréttaskýrendur sögðu greinilegt að tillögur Browns væru sérhannaðar til að freista þess að auka vinsældir hans og Verkamannaflokksins. Það mætti til dæmis sjá í tillögum um að hægt yrði að reka þingmenn sem verðiuppvísir af því að brjóta lög, sem og hugmyndum um að taka hart á málum ungra glæpamanna.

Þá sagðist Brown vilja stöðva áform um útgáfu umdeildra persónuskilríkja, og hækka eftirlaun. - bj



**TILLÖGUR** Hugmyndir sem Gordon Brown kynnti í gær þykja sérhannaðar til að auka vinsældir Verkamannaflokksins í kosningum í vor. NORDICPHOTOS/AFP

RISA
afmælishátíð
Korputorgs
um helgina
KORPUTORG

HAFBERG
fiskbúð sælkerans
GLÆSILEGASTA
FISKBORÐIÐ Í BÆNUM
Humarsúpa, fiskréttir, reyktur og grafin lax
humar, rishörpuskel, túnfiskur og rækjur.
Yfirmenn eldhúsa og mötuneyta ATH!
kynnið ykkur mötuneytisþjónustu HAFBERGS,
ÞAÐ MARG BORGAR SIG. Kynntu þér málið í
sima 820-3413 Geir og 588-8686 Svala
Opið mán - fös 10 - 18:15 og lau 11 - 14.00
Gnoðarvogi 44 • S. 588 8686

RISA
afmælishátíð
Korputorgs
um helgina
KORPUTORG

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

# Hið opinbera lækki útgjöld vegna launa

**Félag íslenskra stórkaupmanna vill að ríkið veiti skattaafslátt vegna hlutabréfakaupa og að launþegar fái beint ýmsar greiðslur sem renni í sameiginlega sjóði þeirra. Þetta er meðal tillagna félagsins til að smyrja hjól efnahagslífsins.**

**EFNAHAGSMÁL** Félag íslenskra stórkaupmanna vill meiri áherslu á að grundvöllur lítilla og meðalstórra fyrirtækja verði styrktur. Þetta kemur fram í tillögum FÍS um örvun efnahagslífsins.

„Við teljum mjög mikilvægt að þessi fyrirtæki einmitt haldi sinni stöðu og styrk þannig að efnahagslífið haldi áfram að snúast,“ sagði Margrét Guðmundsdóttir, formaður FÍS.

Að sögn Almars Guðmundssonar, framkvæmdastjóra FÍS, er mikilvægt að opinberir aðilar lækki hjá sér launakostnað um tíu prósent. Á árunum 2007 hafi einkageirinn dregist saman um fjörutíu prósent en ríkið vaxið um tíu prósent. Hann sagði fyrirtækin ekki þola frekari skattbyrðar og dró í efa að slíkar aðgerðir skiluðu árangri. Betra væri að leyfa atvinnulífinu að ná sér á strik og styrkja þannig skattstofna til lengri tíma.

Almar sagði FÍS styðja áform um orkufrekan iðnað. Ekki síður væri mikilvægt að örva fjárfestingu á almennari máta. Í tillögum félagsins felst meðal annars að skattaafsláttur verði veittur til kaupa á hlutabréfum í einkafyrirtækjum og að launþegar fái beint í vasann fé sem atvinnurekendur greiði nú í ýmsa sjóði launþega. Þá er gert ráð fyrir flýtiafskriftum til að örva fjárfestingar og afnámi vörugjalda á fjárfestingarvörur.

Almar sagði stöðugleika á vinnumarkaði áhyggjuefni. „Möguleg lausn gæti verið að tímabundið sé ákveðnum gjöldum, sem fara núna í sjóði launþega, veitt beint í launaumslagið hjá launþegum,“ sagði Almar, sem kvað þarna til dæmis um að ræða framlag atvinnurekenda í ýmiss konar starfsmenntasjóði, sjúkrasjóði og orlofshúsasjóði. „Þarna gæti náðst tveggja til fjögurra prósenta kaupamáttaraukning fyrir launþegana án þess að um sé að ræða kostnaðaraukningu fyrir atvinnulífið.“

Um skattaafslátt til hlutabréfakaupa sagði Almar tillögu FÍS fela í sér svipaða útfærslu og áður þekktist en að hún yrði víðtækari og næði bæði til einstaklinga og fjárfestingarfélaga. Miða mætti við tíu milljóna króna þak og eignarhaldstíma til fimm ára. „Tíu milljónir eru mun hærra en við þekktum en það er líka vegna þess að við teljum mikilvægt að þessir aðgerðir bíti,“ útskýrði hann.

FÍS leggur einnig til að skylt verði að bjóða til sölu á innlendum mörkuðum fiski sem annars er fluttur úr óunninn í gámum. „Við teljum það jafnræðisatriði að þessi afli fari á markað og að það sé hægt fyrir innlenda fiskvinnslu að nálgast þennan afla og vinna á Íslandi með tilheyrandi fjárfestingu og atvinnusköpun í stað þess að hann fari óunninn út í gámum,“ sagði Almar Guðmundsson.

gar@frettabladid.is



**ALMAR GUÐMUNDSSON** „Það er hreinlega mjög áberandi ójafnræði í skattheimtu,“ sagði framkvæmdastjóri Félags íslenskra stórkaupmanna um ný vörugjöld sem lögð voru á sumar matvörur en ekki aðrar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Liecthenstein setur ströngustu reglur í heimi, þrátt fyrir hótanir símafyrirtækja:

# Smáríki gegn GSM-sendum

**UMHVERFISMÁL** Þingið í Liechtenstein samþykkti í sumar að draga mjög úr leyfilegri hámarksgeislun frá GSM-sendum og eru mörkin þar orðin mun lægri en í nágrannalöndunum.

Einn staðall fyrir þessar geislanir er mældur með vöttum á fermetra. Liechtenstein ætlar að lækka leyfileg vött niður í 0,001 vatt á fermetra fyrir árið 2013.

Í Evrópusambandinu og á Íslandi er viðmiðið tíu vött á fermetra, en í Bretlandi 58. Liechtenstein var áður með sömu mörk og Sviss, 0,04 vött.

„Við þessar aðstæður verður ekki lengur hægt að að reka farsímakerfi,“ segir Christian Neuhaus, talsmaður símafyrirtækisins Swisscom. Fjögur stórfyrirtæki á símamarkaði hafa hótað að yfirgefa landið, þannig að þar yrði vart hægt að nota GSM-síma.

Breytingarnar hefðu í för með sér að sendarnir yrðu margfalt fleiri, og veikari hver og einn.

Þingið hefur brugðist við hótunum fyrirtækjanna með því að biðja ríkisstjórn landsins að athuga kosti ríkisrekins farsímakerfis, sem leigði síðan út sendigetu til einkafyrirtækja.

Þingið tók þessa ákvörðun með tilvísun til heilsufars almennings, en víða er deilt um hugsanlega skaðsemi GSM-bylgna. - kóþ




**GSM-SENDAR Á VALHÚSASKÓLA** Á Íslandi eru viðmiðunarmörk útgeislunar GSM-senda 10 vött á fermetra en í Liechtenstein er verið að lækka þau í 0,001 vött. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ódýru gervigæsirnar




# Vaxtalausar afborganir

**Hvar annars staðar færðu skotvopn á vaxtalausum raðgreiðslum?**

Veiðihornið og Sportbúðin bjóða þér að eignast góða byssu og borga með vaxtalausum kreditkortaraðgreiðslum til allt að 6 mánaða.

(3% lántökugjald og færslugjald kortafyrirtækja bætist við mánaðagreiðslur.)



**Stoeger M2000 Standard**

Hálfsjálfvirk, bakslagsskipt haglabyssa með 26" hlaupi og hnotuskeftum. Snúningsboltinn frá Benelli. 5 þrengingar.

**Fullt verð kr. 92.900. Veldu 5% staðgreiðsluafslátt eða vaxtalausar afborganir til 6 mánaða. Aðeins 15.948 kr. á mánuði vaxtalaust.**



**Stoeger P350 Synthetic**

Pumpulás. Einhver vinsælasta byrjendabyssan undanfarin ár. 26" hlaup, snúningsbolti. Byggð á hönnun Benelli Nova. 3 þrengingar.

**Fullt verð 72.900. Veldu 5% staðgreiðsluafslátt eða vaxtalausar afborganir til 6 mánaða. Aðeins 12.515 kr. á mánuði vaxtalaust.**



**Stoeger M2000 Camo**

Hálfsjálfvirk, bakslagsskipt haglabyssa með 26" hlaup. Felulitamynstur. Snúningsboltinn frá Benelli. 5 þrengingar.

**Fullt verð kr. 99.900. Veldu 5% staðgreiðsluafslátt eða vaxtalausar afborganir til 6 mánaða. Aðeins 17.150 kr. á mánuði vaxtalaust.**



**Beretta ES100 Standard**

Hálfsjálfvirk bakslagsskipt haglabyssa með 26" hlaupi og hnotuskeftum. Einföld og vönduð veiðibyssa á góðu verði. 3 þrengingar.

**Fullt verð 186.900 Veldu 5% staðgreiðsluafslátt eða vaxtalausar afborganir til 6 mánaða. Aðeins 32.085 kr. á mánuði vaxtalaust.**



**Stoeger M2000 Synthetic**

Hálfsjálfvirk, bakslagsskipt haglabyssa með 26" hlaupi og svörtum plastskeftum. Snúningsboltinn frá Benelli. 5 þrengingar.

**Fullt verð kr. 89.900. Veldu 5% staðgreiðsluafslátt eða vaxtalausar afborganir til 6 mánaða. Aðeins 15.433 kr. á mánuði vaxtalaust.**



**Beretta ES100 Synthetic White**

Hálfsjálfvirk bakslagsskipt haglabyssa með 26" hlaupi, nikkelhúðuðu láshúsi og plastskeftum. Einföld og vönduð veiðibyssa á góðu verði. 3 þrengingar.

**Fullt verð 192.900. Veldu 5% staðgreiðsluafslátt eða vaxtalausar afborganir til 6 mánaða. Aðeins 33.115 kr. á mánuði vaxtalaust.**

## Munið vinsælu gjafabréfin okkar





Sportúðin - Krókhálsi 5 - 517 8050 • Veiðihornið - Síðumúla 8 - 568 8410 - veidihornid.is - sportbudin.is

## „ORÐRÉTT“

### Með fullri meðvitund

**„Yfirlýsingar forsætisráðherra fara ekki framhjá mér.“**

ÖGMUNDUR JÓNASSON HEILBRIGÐISRÁÐHERRA VEIT HVER RÆÐUR Í RÍKISSTJÓRNINNI.
Fréttablaðið 30. september

### Aftur best í heimi

**„Ísland er líklega besti staður í heimi til að reka gagnaver.“**

JEFF MONROE, FORSTJÓRI VERNE GLOBAL, SEGIR ÞAÐ SEM ÍSLENDINGAR VILJA HEYRA Í KREPPUNNI.
Fréttablaðið 30. september

# tilveran
*nær og fjær*

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? ÁGÚSTA KRISTÓFERSDÓTTIR HJÁ ÞJÓÐMINJASAFNINU

## Sonurinn sefur á svölum safnsins



„Ég er með 20 mánaða son minn, Jón Kristófer, í aðlögun á leikskólanum Sólhlíð sem gengur ljómandi vel. Hann var tvo tíma í leikskólanum í dag og ég tók hann með í vinnuna að þeim loknum: Hann svaf dúrinn sinn á svölunum hér á Þjóðminjasafninu, líklega fyrsta barnið sem gerir það,“ segir Ágústa Kristófersdóttir, sýningarstjóri á Þjóðminjasafninu.

„Hér hjá okkur í Þjóðminjasafninu stendur ýmislegt til, við erum að setja saman vetrardagskrá safnsins, sem nær fram í maí. Nýjasta viðbótin við dagskrána kallast Óþekkt augnablik, en það er ljósmyndasýning með myndum af fólki sem við vitum ekki hvert er. Við höfum fengið gesti safnsins til þess að leggja okkur lið og viðbrögð þeirra hafa verið mjög góð. Gestir hafa nafngreint fólk og sagt okkur hvar myndirnar eru teknar og fleira. Við ætlum að skipta út myndunum eftir þrjár vikur og halda þannig þessu samstarfi við gesti safnsins áfram.

Grunnsýningin okkar er svo í þróun, við vorum að bæta við margmiðlunarefni um Bjarnastaðahlíðarfjalir sem eru miðaldafjalir úr Hólakirkju. Af viðburðum á næstunni má nefna fyrirlestraröð Sagnfræðingafélagsins, Hvað er kreppa?, sem haldin er hér í hádeginu á þriðjudögum hálfsmánaðarlega. Sólveig Ólafsdóttir mun fjalla um kreppukost í sínum fyrirlestri næsta þriðjudag. Ég bendi áhugasömum á að skoða heimasíðu safnsins, www.thodminjasafn.is, til að fá frekari upplýsingar um starfsemina.“

## SMOKKAR

### AF KÓNGI Í FULL KLÆÐI

■ Elstu smokkarnir sem vitað er um komu fram í Asíu, fyrir 15. öldina. Þeir voru úr innyflum dýra og náðu upphaflega aðeins yfir kónginn, en voru bundnir með borða fyrir neðan hann. Smokkar breiddust út í Evrópu á 16. öld í kjölfar útbreiðslu sýfilis. Með tímanum urðu smokkarnir full klæði, náðu ekki aðeins yfir kónginn.

Fyrsti gúmmísmokkurinn var framleiddur árið 1855 og fyrstu latexsmokkarnir árið 1930.



Smokkar eru taldir veita um 98 prósenta vörn gegn getnaði. Þá veita þeir vörn gegn kynsjúkdómum.

## SJÓNARHÓLL

### SKIPUN ÞJÓÐLEIKHÚSSTJÓRA



HERMUNDUR RÓSINKRANZ

## Ágætt

„Ég er óskaplega lítið inni í þessum menningarmálum en held að Tinna sé ágæt í því sem hún er að gera og þetta sé því ágætt,“ segir Hermundur Rósinkranz, talnaspekingur og miðill, um þá ákvörðun menntamálaráðherra að endurskipa Tinnu Gunnlaugsdóttur í embætti þjóðleikhússtjóra.

„Ef menntamálaráðherra treystir henni þá er það gott. Nema þetta séu einhver krosstengsl, þá líst mér auðvitað ekki á það, en ég held reyndar að ekkert svoleiðis eigi nú við.“

Hermundur segist fara annað slagið í leikhús, síðast sá hann Hellisbúann og þar áður sýningu Péturs Jóhanns. Báðar voru skemmtilegar að dómi Hermundar.

Um Tinnu kveðst Hermundur hafa lítið að segja. Hann telji þó að hún vinni sín störf af heilindum.



**FORVITIN** Þó að flestar íslensku kýrnar kipptu sér lítið upp við áhuga Bruno Compagnon á þeim þá var þessi forvitin um hvað hann væri að vilja. MYND/BRUNO COMPAGNON


panorama
restaurant



Matarupplifun með mögnuðu útsýni!

FJÖLSKYLDUHLAÐBORÐ
í hádeginu á sunnudögum frá 11.30-14.30

Glæsileg veisla á góðu verði fyrir alla fjölskylduna.
*Lambasteik, reykt grísakjöt, kjúklingur, graflax, sjávarréttafantasía, pítsur og margt fleira ásamt fjölbreyttu meðlæti á ríkulegu hlaðborði.*
*Ís fyrir börnin.*

Notaleg fjölskyldustund þar sem allir fá eitthvað við sitt hæfi.

2.600 kr.
Helmingsafsláttur fyrir 6-12 ára og yngstu börnin borða frítt

Borðapantanir í síma 551-5800 og á bordapantanir@panoramaice.is




Nýir eigendur, nýr matseðill, nýjar áherslur – en sama frábæra útsýnið!



Opnunartímar: Mán.-fim. 17-22, fös.-sun. 17-23 og í hádeginu á sun.
Ingólfsstræti 1, 8. hæð / 101 Reykjavík / Sími 551 5800 / panoramaice.is




# Ævistarfið að mynda kýr

**Hvert á land sem franski ljósmyndarinn Bruno Compagnon fer er myndavélin alltaf með í för. Myndefnið er þó heldur óvenjulegt, því Bruno sérhæfir sig í að mynda kýr. Hann sinnti þessu starfi sínu og áhugamáli hér á landi í sumar.**



**HEILLAÐUR** Íslensk náttúra og íslenska kúakynið heilluðu Bruno Compagnon, sem vill heimsækja landið aftur sem fyrst. MYND/BRUNO COMPAGNON

„Á Íslandi getur maður séð myndir af íslenska hestinum út um allt, en aðeins örfáar myndir af íslensku kúnum,“ segir Bruno. Hann hefur unnið sem ljósmyndari fyrir franskt landbúnaðarblað.

Áhugi hans á kúm byrjaði fyrst fyrir alvöru fyrir tæpum tveimur áratugum, þegar hann eyddi heilu ári í að ferðast um Frakkland til að mynda kúakynin 43 sem enn finnast þar á landi. Um helmingur þeirra er í útrýmingarhættu vegna tilkomu verksmiðjubúa.

„Hvert á land sem ég fer tek ég myndir af kúm,“ segir Bruno. „Ég komst að því að aðeins væri til eitt íslenskt kúakyn, en með ólíkum litbrigðum. Þá varð ég að koma til Íslands og mynda kýrnar.“

Gengisfall krónunnar gerði svo þetta ferðalag að raunhæfum möguleika, og Bruno komst hingað til lands í myndaferð ásamt konu sinni í sumar.

„Við ferðuðumst um landið í fimmtán daga. Fyrir konuna mína var þetta frí, en fyrir mig var þetta fyrst og fremst tækifæri til að mynda kýr og íslenska náttúru,“ segir Bruno.



**BRUNO COMPAGNON** Áhugi ljósmyndarans á kúm vaknaði fyrir tæpum tveimur áratugum.

Hann segir kýr afar mismunandi eftir löndum, enda hafi þau kyn sem verði ofan á á hverju svæði oft aðlagast umhverfinu á einhvern hátt. Ekki sé víst að kúakyn ættað af láglendi gæti spjarað sig í fjalllendi, og öfugt.

„Hvert kúakyn segir sögu landbúnaðar hvers héraðs, sögu bænda og aðferða sem þeir hafa beitt í aldanna rás. Kýrnar eru partur af menningarsögu okkar.“

Ísland er ekki eini viðkomustaður kúaljósmyndarans Brunos í sumar. Hann ljósmyndaði einnig spænskar kýr í sumar, og hefur nýlega heimsótt Króatíu og Búlgaríu í sama tilgangi.

brjann@frettabladid.is

Betri notaðir bílar

TOYOTA

# Gullfallegir

**ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI**



**Toyota Rav4 VX**
2000 bensín ssk. krómgrill, aurhlífar o.fl.
Á götuna: 07.09 Ekinn: 3.000 km
Verð: 5.190.000 kr. Skr.nr. DS F32

**ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI**



**Toyota Land Cruiser 200**
4500 dísil ssk. navi, dráttarb, sóllúga o.fl.
Á götuna: 01.08 Ekinn: 60.500 km
Verð: 12.590.000 kr. Skr.nr. MD A66

**ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI**



**Lexus RX 350 EXE**
3500 bensín ssk. sóllúga, leður o.fl.
Á götuna: 07.08 Ekinn: 33.000 km
Verð: 7.550.000 kr. Skr.nr. RO U75

**GÆÐABÍLL/KÓPAVOGI**



**Toyota Land Cruiser LX**
3000 dísil ssk. dráttarb, álfelgur
Á götuna: 02.04 Ekinn: 143.000 km
Verð: 3.790.000 kr. Skr.nr. RT 698

**ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI**



**Toyota Yaris**
1300 bensín bsk. MM
Á götuna: 05.07 Ekinn: 34.200 km
Verð: 1.870.000 kr. Skr.nr. OX 913

**ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI**



**Lexus GS 450H EXE**
3500 bensín/rafmagn ssk. leður, sóllúga o.fl.
Á götuna: 06.06 Ekinn: 42.000 km
Verð: 6.730.000 kr. Skr.nr. YG 092

**ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI**



**Lexus SC 430**
4300 bensín ssk. navi, leður o.fl.
Á götuna: 04.07 Ekinn: 7.000 km
Verð: 8.900.000 kr. Skr.nr. TV 658

**GÆÐABÍLL/KÓPAVOGI**



**Toyota Avensis EXE**
2000 bensín ssk. sóllúga
Á götuna: 11.04 Ekinn: 75.000 km
Verð: 2.450.000 kr. Skr.nr. IL 559

**ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI**



**Toyota Corolla**
1400 bensín bsk. álfelgur, spoiler
Á götuna: 05.07 Ekinn: 52.000 km
Verð: 2.190.000 kr. Skr.nr. KI 665

**GÆÐABÍLL/KLETTHÁLSI**



**Audi A3 Sportback**
2000 bensín ssk.
Á götuna: 05.05 Ekinn: 72.300 km
Verð: 2.670.000 kr. Skr.nr. TZ 112

**GÆÐABÍLL/KLETTHÁLSI**



**VW Golf**
1600 bensín bsk. 18" álfelgur
Á götuna: 09.04 Ekinn: 94.000 km
Verð: 1.590.000 kr. Skr.nr. RL 068

**ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI**



**Lexus GS 300 EXE**
3000 besín ssk. sóllúga, leður o.fl.
Á götuna: 08.07 Ekinn: 12.000 km
Verð: 7.270.000 kr. Skr.nr. KA D99
Betra verð: 6.490.000 kr.

**ÚRVALSBÍLL/KLETTHÁLSI**



**Toyota Corolla**
1400 bensín bsk. álfelgur
Á götuna: 06.06 Ekinn: 54.000 km
Verð: 1.880.000 kr. Skr.nr. RD 685

**ÚRVALSBÍLL/KLETTHÁLSI**



**Toyota Prius**
1500 bensín/rafmagn ssk.
Á götuna: 05.08 Ekinn: 19.000 km
Verð: 3.470.000 kr. Skr.nr. LP Z03

**ÚRVALSBÍLL/KLETTHÁLSI**



**Toyota Aygo**
1000 bensín bsk.
Á götuna: 08.07 Ekinn: 25.500 km
Verð: 1.750.000 kr. Skr.nr. FX H60

**ÚRVALSBÍLL/KLETTHÁLSI**



**Subaru Legacy Sport**
2000 bensín ssk.
Á götuna: 02.07 Ekinn: 42.200 km
Verð: 2.990.000 kr. Skr.nr. UR 530
Betra verð: 2.690.000 kr.

**Hvað er Úrvalsbíll?**
**Er í verksmiðjuábyrgð.**
**12 mánaða viðbótarábyrgð.**

**Hvað er Gæðabíll?**
**Er ekki í verksmiðjuábyrgð.**
**3 mánaða viðbótarábyrgð.**

**BNB-sölugreining**
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annaðhvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

**Betri Notaðir Bílar**
**Nýbýlavegi 4 og Klettháls 2**
**Sími: 570-5070**

**www.toyota.is - www.bnb.is**

Today
Tomorrow
Toyota



**JÓNAS HALLGRÍMSSON**

Ástsælasta skáld þjóðarinnar. Í ljóðum hans er að finna margar gersemar íslenskrar tungu.

ÍSLENSKA SIA.IS VOR 46901 09/09

**VÖRÐUR**
HEIMILISVERND

# Einföld trygging fyrir þann sem skrikar fótur

Hringdu í 514 1000 eða farðu inn á vörður.is til að
fá frekari vitneskju og tilboð í Heimilisvernd Varðar sem
meðal annars inniheldur slysatryggingu í frítíma.

EINFALDAR TRYGGINGAR FYRIR FLÓKIÐ LÍF

vörður

**FRÉTTASKÝRING:** Óvissa um virkjanir vegna álvers í Helguvík




**FRAMKVÆMDASVÆÐIÐ Í HELGUVÍK** Framkvæmdir hafa staðið yfir mánuðum saman við álver Norðuráls í Helguvík. Álverið á að framleiða 90.000 tonn í fyrsta áfanga en 360.000 tonn þegar fullum afköstum er náð. Allt er þó óljóst um hvaðan orkan á að koma til þess að knýja álverið. Samkvæmt stöðugleikasáttmálanum ætlar ríkisstjórnin að ryðja öllum hindrunum úr vegi fyrir fyrstu áföngum álversins fyrir 1. nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Orku vantar fyrir Helguvík

**Framkvæmdir eru löngu hafnar við álver í Helguvík. Samkvæmt stöðugleikasáttmálanum skuldbundu stjórnvöld sig til að ryðja hindrunum úr vegi álversins fyrir 1. nóvember. Nú hefur umhverfisráðherra vísað spurningum um umhverfismat vegna línulagna til nýrrar meðferðar hjá Skipulagsstofnun. Þetta er sagt vera ný hindrun í vegi framkvæmda. En annarri spurningu er ósvarað: Hvaðan á orkan að koma? Aðeins liggja fyrir endanleg leyfi vegna hluta þeirra virkjana sem þarf til að knýja fyrstu áfanga álvers í Helguvík.**

Umsókn HS Orku um virkjanaleyfi vegna stækkunar Reykjanesvirkjunar er á lokastigi og verður send Orkustofnun eftir um það bil hálfan mánuð, segir Júlíus Jónsson, forstjóri HS Orku.

Stækkun Reykjanesvirkjunar er um 80-100 megawött í tveimur áföngum er ein forsenda þess að álver Norðuráls í Helguvík fái þá orku sem þarf til að taka fyrsta áfanga í notkun.

Ráðgert er að álverið í Helguvík taki til starfa síðla árs 2011 og framleiði þá 90.000 tonn af áli á ári. Til fyrsta áfanga þarf um 160 MW af raforku. Auk Reykjanesvirkjunar mun orka til að knýja fyrsta áfanga álvers í Helguvík koma frá fimmta áfanga Hellisheiðarvirkjunar, sem tekin verður í notkun 2011 og eykur framleiðslu þar um 90 MW.

Áform Norðuráls um álver í Helguvík miðast við að framleiða 360.000 tonn af áli þegar fullum afköstum er náð. Þetta verði stærsta álver landsins. Ágúst Hafberg, framkvæmdastjóri hjá Norðuráli, sagði við Fréttablaðið að stefnt sé að því – ef orkuframboð leyfir – að 12-15 mánuðir líði þar til að álverið verði stækkað. 360.000 tonna stærð verði náð með fjórum 90.000 tonna áföngum.

Orka til fyrstu stækkunar, úr 90.000 í 180.000 tonn, hefur að mestu verið tryggð með samningum við Orkuveitu Reykjavíkur. OR hefur skuldbundið sig til að afhenda 127,5 MW. Þar af eiga um 85 MW að koma frá Hverahlíðarvirkjun á árinu 2012 en 42,5 MW frá Gráuhnjúkum á Hengilssvæðinu á árinu 2013. Orkuveitan vonast til að geta virkjað í Gráuhnjúka með því að bæta einni vél við Hellisheiðarvirkjun.

Varðandi aðra orkuöflun virðist fátt fast í hendi. Norðurál hefur sýnt mikinn áhuga á orku frá Landsvirkjun, en það hefur ekki staðið til boða. Stjórn Landsvirkjunar samþykkti haustið 2007 að selja ekki orku frá óvirkjuðu vatnsafli til nýrra álvera á Suðurlandi. Þessi samþykkt Landsvirkjunar stendur óbreytt, að sögn Þorsteins Hilmarssonar, upplýsingafulltrúa Landsvirkjunar. Landsvirkjun er nú að ræða við Rio Tinto um að selja alla orku sem framleidd verður í væntanlegri Búðarhálsvirkjun, til álversins í Straumsvík.

Ágúst Hafberg, framkvæmdastjóri hjá Norðuráli, sagði í samtali við Fréttablaðið að „aðkoma Landsvirkjunar“ myndi styrkja verkefnið í Helguvík, „sérstaklega hvað varðar tímasetningar“.

Ágúst segist ekki hafa áhyggjur af því að ekki fáist orka til álversins í Helguvík. Norðurál hafi góða reynslu af viðskiptum við OR og HS og treysti því að fyrirtækin geti „afhent þá orku sem þau hafa skuldbundið sig til“.

Það er hins vegar vandséð að nægilega miklir virkjanakostir séu fyrir hendi á háhitasvæðum til þess að nægja álveri í Helguvík, nema miklar breytingar verði á þeirri tækni sem nú er notast við. Hér að ofan er listi yfir þau rannsóknarleyfi sem gefin hafa verið út vegna háhitasvæða sunnanlands. Engar virkjanir á þessum svæðum eru í sjónmáli.

Orkuveita Reykjavíkur lagði áform um 135 MW Bitruvirkjun á hilluna vorið 2008. Nú er hins vegar í gangi skipulagsvinna í Ölfusi þar sem gert er ráð fyrir Bitruvirkjun. Frestur til að skila athugasemdum við þær hugmyndir rennur út á laugardag. Afgreiðsla þessa skipulags gæti sett undirbúning Bitruvirkjunar á dagskrá að nýju. En jafnvel þótt það verði af Bitruvirkjun og stækkun Hellisheiðarvirkjunar verður ekki hægt, miðað við óbreytta tækni, að tryggja orku til 360.000 tonna álframleiðslu í Helguvík með raforku frá háhitasvæðum.

Stöðugleikasáttmáli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins kveður á um að ríkisstjórnin muni greiða götu framkvæmda vegna álvera í Helguvík og Straumsvík. „Kappkostað verður að engar hindranir verði af hálfu stjórnvalda í vegi slíkra framkvæmda eftir 1. nóvember 2009,“ segir í 4. grein sáttmálans. Eftir að Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra fól Skipulagsstofnun að fjalla á ný um umhverfismat vegna línulagna virðist hins vegar ný hindrun hafa verið sett í veginn. Staðfesti Skipulagsstofnun fyrri niðurstöðu um að ekki þurfi samræmt umhverfismat er talið að úrskurður Svandísar tefji framkvæmdir um 1-2 mánuði. Ákveði Skipulagsstofnun hins vegar að setja í gang samræmt umhverfismat, líkt og vegna álversins á Bakka, er álver í Helguvík í algjöru uppnámi og framkvæmdir gætu tafist um tvö ár, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Í ræðu á flokksstjórnarfundi Samfylkingarinnar sl. laugardag sagði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra að „fyrstu áfangar álvers í Helguvík“ væru meðal verkefna sem ríkisstjórnin ætlar að koma í gang sem allra fyrst. Til þess að það nái fram að ganga hljóta fréttir af því hvernig stjórnvöld sjá fyrir sér næstu skref í orkuöflun og virkjanamálum vegna álversframkvæmda í Helguvík að vera á næsta leiti.

**RANNSÓKNARLEYFI TIL ORKUVEITU REYKJAVÍKUR OG HS ORKU**

| Staður | Fyrirtæki | Gildistími |
|---|---|---|
| Trölladyngja | HS | 11.6.2016 |
| Krýsuvík | HS | 1.12.2016 |
| Heimaey | HS | 19.12.2009 |
| Hengilssvæði | OR | 1.6.2016 |
| Berserkseyri | OR | 31.7.2010 |
| Hagavatn | OR | 31.3.2012 |



FRÉTTASKÝRING
PÉTUR GUNNARSSON
peturg@frettabladid.is



# Tækifæri

## Aðeins í örfáa daga

## 20-40% afsláttur af sýningarvörum

Eitt líf njótum þess


Stillanleg rúm


Teppi og púðar


Lyftstólar


Lúxus sængurverasett


Tempur heilsukoddar


Tempur heilsudýnur


Hollandia stillanleg rúm


Heilsudýnur og gaflar


Dúnsængur og koddar

## Fyrstir koma - fyrstir fá

Betra BAK

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 588 8477
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

Fjöldi viðskipta: 3 Velta: 8 milljónir

**OMX ÍSLAND 6**
809 **-0,01%**

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| FØROYA BANKI | +0,70% | ÖSSUR | -0,40% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 4,50 +0,00% ... Atlantic Airways 145,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 330,00 +0,00% ... Bakkavör 1,75 +0,00% ... Eik Banki 90,00 +0,00 ... Føroya Banki 144,00 +0,70% ... Icelandair Group 2,20 +0,00% ... Marel Food Systems 62,90 +0,00% ... Nýherji 10,50 +0,00% ... Össur 122,50 -0,40%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Stoðir rifta samningum

Stjórn Stoða (áður FL Group) hefur í kjölfar úttektar á starfsemi fyrirtækisins á árunum 2006 til 2008 gert ráðstafanir til riftunar fjögurra viðskiptagjörninga. Um er að ræða riftun greiðslu lífeyrissjóðsiðgjalda í janúar 2009 sem félagið er ekki talið hafa verið skyldugt að greiða og sölu Stoða á hlutabréfum í Alfesca til Teymis í júlí 2008 þar sem endurgjald er ekki talið viðunandi.




**SKRIFSTOFUR STOÐA** Stjórn fyrirtækisins vill rifta viðskiptagjörningum sem gerðir voru í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Hin tvö tilfellin lúta að veðsetningu og sölu eigna Stoða til Glitnis.

Í tilkynningunni segir að eignarhlutir Stoða í Eikarhaldi og Fasteignafélagi Íslands hafi verið veðsettir Glitni samhliða lántöku í apríl 2008, og síðan seldir bankanum tveimur mánuðum síðar. Þá hafi eignarhlutur Stoða í House of Fraser verið veðsettur Glitni samhliða lántöku í mars 2008. Hluturinn var seldur bankanum fimm mánuðum síðar. Veðsetning eignanna og ráðstöfun söluandvirðis var að mestu nýtt til niðurgreiðslu skulda Stoða við Glitni. Þetta er talið hafa í för með sér mismunun gagnvart öðrum lánardrottnum Stoða.

Stoðir hafa þegar sent umræddum mótaðilum kröfur um riftun og endurgreiðslu. Í tilkynningu kemur fram að ljóst sé að töluverðan tíma geti tekið að leiða þessi mál til lykta. **- jab**

# Dregur úr mun á evru og krónu

Gengi íslensku krónunnar hefur styrkst um tíu prósent gagnvart evru á aflandsmörkuðum frá miðjum ágúst. Hér hefur gengið hins vegar lækkað um eitt prósent gagnvart evru. Ytra kostar ein evra nú 200 krónur en 182 hér.

Greining Íslandsbanka bendir á að munurinn hafi ekki verið minni á árinu. Talið er að minni áhættufælni á alþjóðlegum mörkuðum kunni að skýra styrkinguna auk meiri tiltrúar á íslenskt efnahagslíf.

Íslandsbanki telur sömuleiðis að lítill munur á gengi krónu hér og úti dragi úr líkum á hugsanlegu gengisfalli krónu við afnám gjaldeyrishafta. **- jab**

# Traust eykst á evrópskum markaði

Evrópski seðlabankinn mun lána 589 bönkum og fjármálafyrirtækjum á evrusvæðinu 75,2 milljarða evra, jafnvirði rúmra 13.700 milljarða króna, til næstu tólf mánaða.

Þetta er tæplega helmingi lægri upphæð en fjármálasérfræðingar höfðu almennt reiknað með að bankarnir myndu sækja sér. Bloomberg-fréttaveitan segir þetta merki um að traust sé að aukast á millibankamarkaði.

Seðlabankinn setti prentvélarnar í gang og opnaði hirslur sínar í ársbyrjun með það fyrir augum að blása lífi í lánveitingar til einstaklinga og fyrirtækja en útlán drógust hratt saman við upphaf fjármálakreppunnar.




**EVRÓPSKI BANKASTJÓRINN** Bankar og fjármálafyrirtæki á evrusvæðinu sóttu um tæplega helmingi lægra lán hjá evrópska seðlabankanum en búist var við. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Í kjölfarið lækkuðu stýrivextir helstu seðlabanka heims hratt og eru vextir evrópska seðlabankans nú eitt prósent. Bloomberg bendir jafnframt á að vextir á millibankamarkaði á evrusvæðinu hafi lækkað mjög, farið úr 5,24 prósentum fyrir ári niður í 0,74 prósent nú. Þeir hafa aldrei verið lægri.

Þetta var í annað sinn sem bönkum á evrusvæðinu gafst kostur á að sækja sér fé með þessum hætti í skugga hremminga og vantrausts á fjármálamörkuðum. Þeir fengu 442 milljarða evra í júní síðastliðnum og verður lánaglugginn opnaður í þriðja sinn í árslok. **- jab**




**BANKARNIR** Bandarískir vogunarsjóðir hafa sýnt áhuga á að kaupa skuldabréf Glitnis og gamla Kaupþings. Enginn vill sjá bréf Landsbankans. FRÉTTABLAÐIÐ/SAMSETT MYND

# Skuldabréf gömlu bankanna reynast gullnáma

**Bandarískir vogunarsjóðir sjá gróðavon í kaupum á skuldabréfum gömlu bankanna. Bréf gamla Landsbankans þykja verðlausir pappírar sem fáir vilja eiga.**

Líflegur markaður hefur verið með skuldabréf Glitnis og gamla Kaupþings á erlendum fjármálamörkuðum frá því snemma á árinu.

Fjárfestar keyptu bréfin með 95 til 98 prósenta afslætti skömmu eftir ríkisvæðingu bankanna fyrir ári. Verð þeirra hefur margfaldast síðan þá, er nú fjórfalt til ellefufalt hærra. Þetta fer þó bæði eftir þeirra mynt sem bréfin eru í og skuldabréfaflokkum.

Eftir því sem næst verður komist er lítil ef nokkur hreyfing á

**ÁÆTLAÐAR HEIMTUR**

| Banki | Endurheimtuhlutfall |
|---|---|
| Glitnir | 22-30% |
| Gamla Kaupþing | 20% |
| Gamli Landsbankinn | 5% |

skuldabréfum gamla Landsbankans. Ástæðan er sú að verri tryggingar voru á bak við lán bankans og afar ólíklegt að skuldabréfin skili eigendum þeirra nokkru. Áhættan með kaupum á skuldabréfum gamla Landsbankans er því mun meiri en hinna.

Eftir því sem næst verður komist eiga lífeyrissjóðirnir enn skuldabréf gömlu bankanna í krónum. Þeir hafa setið á þeim frá í fyrra og ekki losað sig við þau þrátt fyrir mikið verðfall. Lítil hreyfing hefur því verið á skuldabréfum bankanna í krónum á innlendum mörkuðum.

Bandarískir vogunarsjóðir hafa upp á síðkastið leitað eftir því að kaupa skuldabréf gömlu bankanna af evrópskum bönkum og fjármálafyrirtækjum sem vilja losna við bréfin úr bókum sínum.

Viðmælendur blaðsins segja ekki loku fyrir það skotið að starfsmenn gömlu bankanna og innlendir aðilar með þekkingu á skuldabréfamarkaði hafi sömuleiðis keypt skuldabréfin í gegnum miðlara. Erfitt er þó að greina hverjir eiginlegir kaupendur eru þar sem kaupin eiga sér alla jafna stað í gegnum verðbréfasjóði og fjármálafyrirtæki jafnt hér sem erlendis og eru fyrirtækin skráðir eigendur bréfanna. Flestir telja að hulunni verði svipt að hluta af raunverulegum eigendum bankanna þegar endanleg aðkoma kröfuhafa að þeim verður tekin.

jonab@frettabladid.is



**SILFUR SJÁVAR DREGIÐ INN** Verðmæti útflutnings á sjávarafurðum og áli jókst á milli ára í ágúst, samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar.

# Verulegur viðsnúningur á vöruskiptum

Afgangur af vöruskiptum nam 12,6 milljörðum króna í ágúst, samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar, sem birtar voru í gær. Þetta er mesti afgangur af vöruskiptum í einum mánuði það sem af er árs. Til samanburðar nam afgangurinn 4,6 milljörðum króna í júlí. Á sama tíma í fyrra voru vöruskipti hins vegar neikvæð um 4,7 milljarða króna.

Greining Íslandsbanka telur ekki útilokað að afgangurinn muni nema áttatíu til 85 milljörðum króna á árinu öllu.

Aukningin skrifast að mestu á samdrátt í innflutningi og aukinn útflutning á sama tíma. Verðmæti innflutnings nam 31,4 milljörðum króna á fyrstu átta mánuðum ársins. Verðmæti vöruútflutnings nam 44,1 milljarði króna á sama tíma.

**BREYTING Á VÖRUSKIPTUM MILLI ÁRA**

| Tímabil | Fjárhæð |
|---|---|
| Ágúst 2008 | - 4,7 ma |
| Ágúst 2009 | 12,6 ma |
| janúar - ágúst 2008 | - 76,1 ma |
| janúar - ágúst 2009 | 44,6 ma |

Heimild: Hagstofa Íslands

Bæði jókst útflutningur á áli og sjávarafurðum, samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar. Greining Íslandsbanka segir helstu ástæðuna hvað álið varðar vera verðhækkun á alþjóðamörkuðum en magnaukningu í sjávarafurðum.

Á móti dróst innflutningur á eldsneyti saman auk þess að innflutningur á bílum dróst saman um helming milli ára. **- jab**

# Metanól á bíla að ári

„Við ætluðum að byrja fyrir ári. En hrunið tafði okkur," segir Andri Ottesen, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Carbon Recycling International.

Skóflustunga verður tekin að fyrstu verksmiðju fyrirtækisins við Svartsengi á Reykjanesi 17. október næstkomandi. Reiknað er með að verksmiðjan verði reist á ári og að því loknu hefjist framleiðsla á metanóli frá útblæstri orkuvers HS Orku. Metanólið verður í kjölfarið blandað bensíni og sett á markað fyrir bíla og ökutæki.

Stefnt er að því að framleiða 2,1 milljón lítra af metanóli á ári fyrsta kastið en rúmlega fjórar milljónir lítra þegar frá líður. Verksmiðjan er næsta sjálfvirk en gert er ráð fyrir að starfsmenn verði sex.

Stefnt er að því að tífalt stærri verksmiðja verði reist fljótlega á Reykjanesi, að sögn Andra. **- jab**



**GUFUSTRÓKAR** Útblástur frá orkuveri HS Orku á Svartsengi verður virkjaður á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Alfesca óskar eftir afskráningu

Stjórn Alfesca hefur óskað eftir því að hlutabréf fyrirtækisins verði tekin úr viðskiptum í Kauphöllinni. Óskin kemur í kjölfar yfirtöku Lur Berri Iceland ehf. og lykilstjórnenda á Alfesca um miðjan ágúst.



**ÓLAFUR ÓLAFSSON**

Tilboðinu lauk 17. ágúst síðastliðinn og fór fram innlausn á hlutabréfum þeirra sem ekki toku því.

Lur Berri Iceland ehf. og samstarfsaðilar eiga nú 99,43 prósent af útgefnu hlutafé Alfesca og fara með allan atkvæðisrétt í félaginu. Stærsti einstaki hluthafi Alfesca er Ólafur Ólafsson í gegnum félagið Alta Food Holding en það á fjórðung prósenta hlut í Alfesca. **- jab**



Tískudagar
20%
afsláttur af
GERRY WEBER
SAMOON
by GERRY WEBER
Nýtt merki í dömudeild,
stærðir 44-54
TAIFUN
COLLECTION
FLOTT
VARA
Á FLOTTU
VERÐI
25%
afsláttur
af öllum snyrti- og
spavörum frá
Debenhams
Gildir fimmtudag til sunnudags.
Gildir ekki með öðrum tilboðum.
DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR
Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

MSI • TOSHIBA • ACER • ASUS • MSI • TOSHIBA • ACER • ASUS • MSI • TOSHIBA • ACER • ASUS

# RÝMING

## FARTÖLVUR • FARTÖ




**FARTÖLVA**

Toshiba L300-25L

2.2Ghz Intel Celeron M 900 Centrino örgjörvi • 1GB DDR2 800MHz minni • 120GB SATA diskur • 8xDVD±RW Dual Layer og CD-RW skrifari • 15.4" WXGA breiðskjár • Intel Graphics Media Accelerator X4500 skjákort • Þráðlaust 54Mbps 802.11b/g netkort • Vefmyndavél • Windows Vista Home Basic

**69.990**

FULLT VERÐ kr. 89.990

| FARTÖLVA/TEGUND | FULLT VERÐ | VERÐ NÚ | AFSLÁTTUR |
|---|---|---|---|
| Acer Aspire 5536G-644G50MN | 159.990 | 119.990 | -40.000 |
| Acer Travelmate 5730-842G16Mn | 139.990 | 109.990 | -30.000 |
| Toshiba Qosmio F50-113 15.4" | 279.990 | 229.990 | -50.000 |
| Toshiba Satellite PRO A300-1G1 | 139.990 | 99.990 | -40.000 |

## RÝMINGARSALAN Í ÖLLUM VERSLUNUM OKKAR

## MESTA ÚRVALIÐ ER Í TÖLVULISTANUM REYKJAVÍK

*GERÐU BETRI KAUP Á FARTÖLVU HJÁ TÖLVULISTANUM*

# ARSALA

## LVUR • FARTÖLVUR

**Nokkur verðdæmi!**
*Aðeins brot af úrvalinu!*

acer ASUS msi TOSHIBA

| FARTÖLVA/TEGUND | FULLT VERÐ | VERÐ NÚ | AFSLÁTTUR |
|---|---|---|---|
| Toshiba Satellite PRO L300D-227 | 99.990 | 79.990 | -20.000 |
| Toshiba Satellite PRO S300-118 | 149.990 | 109.990 | -40.000 |
| Toshiba Tecra A9-127 15.4" | 169.990 | 119.990 | -50.000 |

**TÖLVULISTINN**

TL.IS
www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

NÓATÚNI 17 S: 414 1700 | STRANDGÖTU 9 S: 414 1730 | MIÐVANGI 2-4 S: 414 1735 | HAFNARGÖTU 90 S: 414 1740 | AUSTURVEGI 34 S: 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66 S: 414 1750

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hvað svo?

## VG á tímamótum

**JÓN KALDAL SKRIFAR**

Fátt bendir til annars en að ríkisstjórnin lifi af brotthvarf Ögmundar Jónassonar úr heilbrigðisráðuneytinu. Hvort stjórnarsamstarfið er á vetur setjandi er allt annað mál.

Það er fyrir löngu orðin klisja í íslenskri stjórnmálaumræðu að VG sé óstjórntækur flokkur. Þegar VG-liðar settust í ríkisstjórn síðastliðinn febrúar gafst þeim í fyrsta skipti tækifæri til að þvo þann stimpil af sér. Sjö mánuðum síðar vitum við ekki enn hver niðurstaðan verður. En svardagarnir nálgast óðfluga. Það fer ekki á milli mála eftir atburði gærdagsins.

Í raun velta örlög stjórnarinnar á því hvernig stjórnmálaflokkur Vinstrihreyfingin - grænt framboð ætlar sér að vera. Og það liggur á fyrir samfélagið að flokkurinn fari að ákveða það.

Möguleikarnir eru um það bil tveir. Annars vegar getur VG verið burðarafl í þjóðlífinu, reiðubúið til að koma að stjórn og mótun samfélagsins, hins vegar hávær andófsflokkur dæmdur til eilífrar stjórnarandstöðu.

Eftir tilraunastarfsemi, sem gekk út á að vera í báðum rullum undanfarna mánuði, sá heilbrigðisráðherra sína sæng uppreidda í gær og sagði af sér. Það var skynsamleg ákvörðun.

*Annars vegar getur VG verið burðarafl í þjóðlífinu, reiðubúið til að koma að stjórn og mótun samfélagsins, hins vegar hávær andófsflokkur dæmdur til eilífrar stjórnarandstöðu.*

Stóra spurningin er hversu margir í VG munu fylgja Ögmundi. Ef þeir verða margir eru miklar líkur á að VG verði andspyrnuflokkur sem kunni aðeins að gagnrýna og vera á móti, eins og svo margir hafa haldið lengi fram.

Nú er það svo sannarlega verðugt hlutverk í stjórnmálasviðinu að sýna öflugt aðhald og veita kröftuga stjórnarandstöðu. VG stóð þá vakt af elju og samviskusemi áður en flokkurinn fór í ríkisstjórn. Það hlýtur þó að vera metnaðarmál fyrir allar stjórnmálahreyfingar að komast í þá aðstöðu að láta verkin tala. En til þess að svo verði þarf nánast undantekningalaust að gera málamiðlanir af einhverju tagi. Ögmundur var ekki tilbúinn til þess og valdi frekar að kveðja.

Það hefur ekki farið fram hjá neinum að í sumar hafa ríkt töluverðir kærleikar milli Ögmundar, og fleiri VG-liða, og forystumanna Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Hið undarlega við þá gagnkvæmu aðdáun er að hún byggir fyrst og síðast á sameiginlegri andstöðu við tvö tiltekin mál. Það fyrra er andúðin á Evrópusambandinu, hið síðara mótspyrnan við Icesave-samninginn. Í svo til öllum öðrum málefnum er djúp gjá milli sjónarmiða Ögmundar og félaga og núverandi stjórnarandstöðuflokka. Þeir eru sem sagt mjög sammála um hvað á ekki að gera, en eru á öndverðum meiði um hvað á að gera.

Þegar allt snýst um að reisa við það sem er hrunið, er alveg á hreinu að það er ekkert byggingarefni að finna í slíku samkrulli.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Velkominn**

Fari svo að Ögmundur Jónasson segi sig úr þingflokki VG – sem svosem ekkert bendir til – er ljóst að hann á í mörg hús að venda. Sjálfstæðismenn, framsóknarmenn, hreyfingarmenn og Þráinn fóru lofsamlegum orðum um Ögmund í gær, svo lofsamlegum raunar að varla eru þess fordæmi að stjórnmálamenn tali jafn fallega um fólk í öðrum flokki. Eins og oft vill verða í pólitíkinni lofaði þetta fólk Ögmund ekki jafn innilega á meðan hann sat í ríkisstjórn.



**Hætti en sat**

Í upprifjunum á afsögnum ráðherra minnast menn vitaskuld afsagnar Björgvins G. Sigurðssonar í byrjun árs. Sú afsögn er einstök enda fór Björgvin hvergi. Skömmu eftir að hann lýsti yfir afsögn sinni missti ríkisstjórn Geirs H. Haarde völdin en sat fram að stjórnarskiptum að beiðni forsetans. Átti það við um Björgvin sem aðra ráðherra.

**Þekkir til**

Þótt Jóhanna Sigurðardóttir segi að afsögn Ögmundar hafi komið sér á óvart ætti hún að þekkja stöðu hans prýðilega. Hann undi sér illa í ríkisstjórninni vegna þess að þar var gerð krafa um ófrávíkjanlegan stuðning hans við tiltekið mál. Sjálf sagði Jóhanna sig úr ríkisstjórn árið 1994 þegar hún hafði fengið nóg af ofríki Jóns Baldvins Hannibalssonar. Hún sagði sig líka úr flokknum sínum og stofnaði nýjan. Varla endurtekur sú saga sig í tilviki Ögmundar.



bjorn@frettabladid.is

## Þröng staða – þrjár leiðir

Íslendingar eiga nú um þrjár leiðir að velja út úr þeirri þröngu stöðu, sem gömlu bankarnir komu landinu í með fulltingi stjórnmálastéttarinnar og stjórnenda nokkurra stórfyrirtækja. Fyrsti kosturinn er að halda í þau áform, sem lýst er í efnahagsáætlun stjórnvalda í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (AGS) í nóvember 2008, og endurskoða þau eftir því sem aðstæður breytast. Næsti kostur er að hafna lánsfé AGS, en halda áfram að þiggja ráð sjóðsins. Þriðji kosturinn er að hafna bæði lánsfénu og ráðunum og róa á önnur mið. Athugum þessar þrjár leiðir í öfugri röð.



**ÞORVALDUR GYLFASON**

**Í DAG** | Áfram veginn

**Þriðja leiðin**

Sumir glöggir menn, t.d. Jónas Kristjánsson ritstjóri, telja ríkisstjórnina eiga að hætta samstarfi við AGS, hafna bæði lánsfénu frá sjóðnum og skilyrðunum, sem eru forsenda lánafyrirgreiðslunnar skv. reglum sjóðsins. Jónas gerir sér fulla grein fyrir afleiðingunum, sem þetta hefði, svo sem fram kemur í líflegum leiðurum hans á vefnum. Gengi krónunnar myndi falla meira en orðið er, þar eð án lánsfjárins frá sjóðnum myndi gjaldeyrisforði Seðlabankans ekki duga til að skapa nægilegt traust til að verja krónuna frekara falli, þegar gjaldeyrishöftunum verður aflétt eða jafnvel fyrr, t.d. ef lánstraust ríkisins minnkar enn frekar en orðið er. Líklegt virðist, að svo færi, væri frekari aðstoð AGS afþökkuð.

Ekki er ljóst, til hvaða bjargráða málsvarar þriðju leiðarinnar myndu vilja grípa annarra en þeirra, sem stjórnvöld sömdu um við AGS fyrir ári. Hitt er ljóst, að málsvarar þriðju leiðarinnar eru fúsir að leyfa genginu að falla meira en orðið er og hætta á, að það festist langt undir eðlilegum mörkum og liggi þar lengi eins og oft hefur gerzt í gjaldeyriskreppum. Hugsunin á bak við áætlun stjórnvalda er einmitt að reyna að forðast gengisfall niður úr öllu valdi, því það kemur illa við mörg heimili og fyrirtæki með miklar skuldir í erlendri mynt.

**Millileiðin**

Aðrir glöggir menn, t.d. Robert Aliber, hagfræðiprófessor í háskólanum í Chicago og einn helzti fjármálakreppufræðingur heims, töldu í upphafi álitlegt að hafna lánsfé sjóðsins, en þiggja þó ráðin. Hér var ætlunin að umbera meira gengisfall en verða myndi, ef gjaldeyrisforðinn yrði aukinn með lánsfé frá AGS, og ráðast í umbætur í ríkisfjármálum og styrkja undirstöður og innviði efnahagslífsins til að reyna að hemja gengisfallið með því móti. Aliber leit svo á, að ráð sjóðsins gætu komið að góðu gagni, og undir þá skoðun tók Joseph Stiglitz prófessor, þegar hann gisti Ísland nýlega. Ráð sjóðsins og skilyrði lúta að lágmarksaðgerðum, sem nauðsynlegar eru taldar til að ná settu marki. Stjórnvöld þyrftu að réttu lagi að ráðast í mun róttækari umbætur en samkomulagið við sjóðinn tilgreinir.

**Sjóðsleiðin**

Ríkisstjórnin kaus að leita til AGS um lánsfé til að efla gjaldeyrisforðann og um efnahagsráðgjöf um greiðustu leiðina út úr ógöngunum. Lánsfénu var í upphafi ætlað það eitt að efla gjaldeyrisforðann til að gera Seðlabankanum kleift að verja gengi krónunnar fyrir tímabundnum skakkaföllum, en nauðsynlegt gæti þó reynzt að nota lánsféð til að forða ríkissjóði frá greiðslufalli, ef í harðbakkann slær. Séu skilyrði sjóðsins fyrir láninu ekki virt, verður frekara lánsfé ekki reitt fram. Fjárþörf landsins er svo mikil, að henni verður ekki mætt nema með samstilltu átaki sjóðsins og annarra lánveitenda, einkum Norðurlandanna auk Færeyja, Póllands og Rússlands. Önnur lönd, t.d. Bandaríkin, hafa ekki treyst sér til að styðja efnahagsáætlun Íslendinga og AGS beint. Norðurlöndin hafa frá öndverðu bundið stuðninginn því skilyrði, að Íslendingar leysi IceSave-deiluna við Breta og Hollendinga. Án stuðnings Norðurlandanna fellur áætlunin um sjálfa sig. Samt er IceSave-deilan enn í hörðum hnút ári eftir hrun fyrir gagnkvæma stífni, þótt lausn hennar hafi frá öndverðu verið forsenda áætlunarinnar, sem ríkisstjórnin smíðaði sjálf með fulltingi sjóðsins.

Lendi áætlunin í langvarandi sjálfheldu, mun þjóðin standa frammi fyrir vali milli hinna tveggja kostanna, sem lýst var að framan. Millileiðin væri fær, þótt hún kostaði meira gengisfall en orðið er. Þriðja leiðin verður að teljast varasöm, enda hefur enginn teflt fram trúverðugri áætlun um betri og markvissari neyðarráð en þau, sem AGS mælir með. Líklegt má telja, að þriðju leiðinni myndi fylgja enn frekara gengisfall um hríð, meiri ríkishalli, aukin verðbólga og hætta á, að umheimurinn teldi Ísland stefna í átt að einangrun. Við þurfum ekki á því að halda.

## Ekki okra á örygginu

**UMRÆÐAN**

Andrés Ingi Jónsson skrifar um getnaðarvarnir



**ANDRÉS INGI JÓNSSON**

Á alþjóðlega getnaðarvarnadeginum sem haldinn var fyrr í vikunni bárust Íslendingum slæm tíðindi. Hrun hefur orðið í sölu smokka síðastliðið ár samhliða því að verð þeirra hefur tvöfaldast. Sömu sögu er að segja af öðrum getnaðarvörnum. Þetta er heilbrigðisvandamál og félagslegt mein sem verður að bregðast við. Þetta er vandamál sem snertir ungt fólk sérstaklega mikið. Þó að nú sé kreppa mega stjórnvöld ekki skorast undan því að tryggja aðgengi að ódýrum og öruggum getnaðarvörnum.

Árlega smitast þúsundir af kynsjúkdómum hér á landi. Smokkurinn er eina vörnin gegn flestum þessara sjúkdóma. Reikniformúlan er einföld. Ódýrir smokkar eru frekar notaðir en dýrir. Ódýrir smokkar verja fólk fyrir sjúkdómum. Dýrari smokkar þýða að fleiri veikjast.

Viljum við að pyngjan ráði því hvort fólk sé heilbrigt?

Getnaðarvarnir gera fólki kleift að stjórna barneignum sínum, og hafa þannig verið mikilvægur þáttur í aukinni aðkomu kvenna að öllum sviðum þjóðfélagsins undanfarna áratugi – hvort sem er á vinnumarkaði, í menntakerfinu eða innan stjórnmálanna. Skert aðgengi að getnaðarvörnum hefur því í för með sér félagslegt óréttlæti, þar sem efnahagur fer að stýra því um of hversu mikinn þátt konur geta tekið í samfélaginu. Nóg er óréttlætið fyrir, þar sem ábyrgðinni á getnaðarvörnum er oftast að fullu velt yfir á konur.

Óttinn við svínaflensuna varð til þess að bóluefni fyrir 380 milljónir króna var pantað. Bóluefni sem alls óvíst er að virki. Smokkurinn er hins vegar eina vörnin gegn klamydíu, sárasótt, lekanda og fleiri stórhættulegum sjúkdómum. Hvers vegna stökkva heilbrigðisyfirvöld ekki upp til handa og fóta til að sporna við þeim, líkt og þau gera vegna svínaflensunnar?

Stjórnvöld verða að bregðast við þessu ekki seinna en strax.

*Höfundur situr í stjórn Ungra vinstri grænna.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# KING KOIL HEILSURÚM

**25% AFSLÁTTUR!**



## Vorum að taka upp 2010 línuna af rúmum frá King Koil

Lykillinn að góðri heilsu er m.a. góður svefn og því skildi enginn spara við sig þegar kemur að rúmi.
Góður svefn hjálpar okkur að takast á við eril dagsins og þar sem við verjum þriðjungi ævinnar í rúminu er mikilvægt að vanda valið.
Sefur þú illa, er bakið aumt, er kannski komin tími á nýtt rúm? Hvað hentar þér; Mjúkt, stíft, stutt, langt, gormar eða latex?
Komdu og láttu sérfræðinga okkar hjálpa þér við að finna rétta rúmið.

### KING KOIL AMELIA
Queen size (153x203)
Verð 155.800 kr.

**NÚ MEÐ 25% AFSLÆTTI 116.850 kr.**



**AMELIA**
- 5 svæðaskipt Svefnsvæði
- 3 svæðaskipt Spine support gormakerfi eitt það reyndasta á markaðnum í dag
- Tvíhert sérvalið stál í gormakerfi
- 5 ára ábyrgð
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða slökun
- Stuðningur við bak
- Styrktir kantar
- Þarf ekki að snúa

### KING KOIL CORSICA
Queen size (153x203)
Verð 241.740 kr.

**NÚ MEÐ 25% AFSLÆTTI 181.305 kr.**



**CORSICA PLUSH/FIRM**
- 5 svæðaskipt Svefnsvæði
- 5 svæðaskipt Sleep design gormakerfi eitt það fullkomnasta á markaðnum í dag
- Tvíhert sérvalið stál í gormunum
- 10 ára ábyrgð
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Stuðningur við bak og önnur viðkvæm svæði líkamans
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnflötur
- Þarf ekki að snúa

### KING KOIL JADE
Queen size (153x203)
Verð 443.300 kr.

**NÚ MEÐ 25% AFSLÆTTI 332.475 kr.**



**JADE PILLOW TOP**
- 7 svæðaskipt Svefnsvæði
- 5 svæðaskipt perfect countor gormakerfi eitt það sterkasta á markaðnum í dag
- 10 ára ábyrgð
- Svefnsvæðið er úr þrýstijöfnunarsvampi og latexi sem skorið er með leysi (Laser)
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Stuðningur við bak og önnur viðkvæm svæði líkamans
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnflötur
- Þarf ekki að snúa

ATH! Öll rúmin eru til í nokkrum stærðum

ARGH! 0909

COMFORT solutions®
By King Koil®

### HÁGÆÐA AMERÍSK HEILSURÚM Í 111 ÁR

King Koil hefur framleitt hágæða heilsurúm í Bandaríkjunum í 111 ár. King Koil hefur verið gríðarlegum fjármunum og tíma í þróun og prófanir. Á þessum tíma hefur King Koil náð miklum og góðum árángri sem endurspeglast í viðurkenningum sem fyrirtækinu hafa verið veitt í gegnum árin. Í dag er King Koil einu heilsurúmin sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóðasamband Kiropraktora) og Good Housekeeping (Stærstu neitandasamtök í Bandaríkjunum).

Limited warranty to consumers · Good Housekeeping Promises · Replacement or refund if defective

**rekkjan**
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

# Breyttir tímar kalla á nýjar lausnir

**UMRÆÐAN**
Sigursteinn Másson skrifar um réttindi fatlaðra


SIGURSTEINN MÁSSON

Á dögunum hélt Sheila Riddel, prófessor við Edinborgarháskóla, erindi á málstofu í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands um aðgengi fatlaðra að háskólanámi í Bretlandi. Hlutfall fatlaðra í háskólanámi á Íslandi hefur lengst af verið lágt og hefur slæmt aðgengi og skortur á stuðningi háð þeim í náminu.

Fram kom í máli Sheilu að á áttunda áratug síðustu aldar var ástandið í breskum háskólum svipað og nú er á Íslandi. Fatlaðir nemendur voru háðir aðstoð frá samnemendum sínum og í raun upp á náð og miskunn þeirra komnir. Með þarlendri löggjöf um bann við mismunun gagnvart minnihlutahópum breyttist þetta. Stjórnvöld fóru að greiða menntastofnunum í samræmi við frammistöðu þeirra við að skapa jafnrétti til náms. Það var fyrst árið 1992, þegar skólastofnanir fundu fyrir því í pyngjunni að það borgaði sig að bæta verulega þjónustu við fatlaða nemendur, að hjólin fóru fyrir alvöru að snúast.

### Lög til verndar minnihlutahópum

Aldrei er mikilvægara en á tímum alvarlegs efnahagssamdráttar að til staðar sé góð löggjöf um bann við hvers kyns mismunun gagnvart minnihlutahópum. Á þetta hafa Evrópusamtök fatlaðra margoft bent. Það er hvorki fullnægjandi að líta einvörðungu til fyrirhugaðra stjórnarskrárbreytinga né lögfestingar á sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra, sérstök lög um bann við mismunun svo sem á grundvelli fötlunar verða að líta dagsins ljós og ætti það að vera eitt af forgangsmálum nýs Alþingis. Þá komum við að því hvernig við getum skapað jafnrétti í raun á Íslandi því að þótt lögin skapi mikilvægan ramma um réttindi útlista þau ekki framkvæmdina í smáatriðum.

### Notendastýrt aðstoðarmannakerfi

Grundvallaratriði er að fötlun sé metin á nýjan hátt með áherslu á getu einstaklingsins og færni til þátttöku í samfélaginu. Nýtt matskerfi þarf að veita skýran rétt til endurhæfingar og hæfingar eftir þörfum hvers og eins og atvinnu með stuðningi. Einnig þarf að meta réttinn til notendastýrðs aðstoðarmannakerfis og byggja á reynslu Dana, Norðmanna og Svía í því sambandi. Ef fjöldi aðstoðarmanna sem fatlaðir eiga rétt á í Svíþjóð væri yfirfærður á Ísland miðað við íbúafjölda yrði til hér stétt 2.000 aðstoðarmanna.

Það mun ekki gerast strax en við þurfum mjög fljótt að stíga ákveðin skref í þessa átt, sem gefur okkur um leið færi á að loka ýmsum búsetustofnunum fyrir fatlaða. Hið nýja aðstoðarmannakerfi gæti verið fjármagnað með þeim sparnaði sem næst með lokun aðgreindra búsetustofnana í samræmi við áherslur 19. greinar sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra varðandi sjálfstætt líf fatlaðra og án aðgreiningar. Dýrustu þjónustuúrræðin eru ávallt stofnanaúrræði.

### Einfalt lífeyriskerfi

Nefnd á vegum félagsmálaráðherra

*Aldrei er mikilvægara en á tímum alvarlegs efnahagssamdráttar að til staðar sé góð löggjöf um bann við hvers kyns mismunun gagnvart minnihlutahópum.*

hefur skilað tillögum sínum að einfaldara almannatryggingakerfi. Bótaflokkum öryrkja á samkvæmt tillögunum að fækka úr fjórum í tvo. Þetta er til bóta. Ég held hins vegar að það hljóti að koma til álita að stíga skrefið til fulls og hafa aðeins einn framfærsluflokk.

Aðalatriðið er hvaða framfærsluupphæð einstaklingarnir hafa úr að spila en ekki fjöldi bótaflokka, sem skerðast misjafnlega og skapa flækjur. Í hugmyndunum er gert ráð fyrir að fullar lífeyrisbætur ásamt aldurstengdri örorkuuppbót verði 180.000 krónur. Ég tel að krafan eigi að vera 180.000 krónur í fullar bætur burtséð frá því hvenær viðkomandi varð fatlaður eða missti starfsorku. Þetta finnst mér vera mannréttindamál og að það geti ekki verið kappsmál samtaka fatlaðra að koma í veg fyrir jafnræði allra hvað varðar nauðsynlega grunnframfærslu.

Einnig tel ég það mannréttindabrot að skerða bæturnar á þeirri forsendu að fólk sé í sambúð með annarri manneskju sem annað hvort þiggur lífeyri eða atvinnutekjur, jafnvel þótt þetta tíðkist einnig meðal hinna Norðurlandaþjóðanna. Slíkt fyrirkomulag hefur hamlað sambúð fatlaðra enda er mjög stórt hlutfall fatlaðra einstæðingar.

Hins vegar er ljóst að virkni er lykilatriði í allri réttindabaráttu fatlaðs fólks og því verðum við að byggja upp samfélag sem leggur höfuðáherslu á virkni fólks hvort sem það er með fötlun eða ekki. Til þess þarf að skapa hvata í lífeyriskerfinu til að afla sér atvinnutekna og því verður ekki lengur undan því vikist að gjörbreyta örorkumatinu, um leið og lífeyriskerfinu sjálfu, og snúa því yfir í mat á færni þannig að fólki verði hjálpað að nýta sér getu sína og hæfileika í eigin þágu og samfélagsins alls. Fyrir liggja hugmyndir í þessa veru í stjórnkerfinu sem brýnt er að hraðað verði að útfæra og koma í framkvæmd. Umfram allt þarf nýtt réttindamat og breytt lífeyriskerfi að undirstrika réttlæti.

### Jafnrétti til búsetu

Á vordögum samþykkti aðalstjórn ÖBÍ að hefja endurskoðun á húsnæðiskerfum fyrir öryrkja í samvinnu við opinbera aðila. Þessu ber sérstaklega að fagna enda orðið löngu tímabært að stokka upp það fyrirkomulag sem verið hefur á þessum málum. Mikilvægt er að allir sitji við sama borð þegar kemur að úthlutun á félagslegu leiguhúsnæði.

Húsnæðismarkaðurinn í dag gefur kærkomið tækifæri til afstofnanavæðingar á aðgreinandi húsnæðiskerfum öryrkja þannig að þeir fái að búa og taka þátt í almennu samfélagi en sé ekki úthlutað litlum íbúðum í sérstökum fjölbýlishúsum á jaðri eða utan hins almenna samfélags. Einnig er brýnt að hlutverk Hússjóðs ÖBÍ verði endurskilgreint í samræmi við kröfur samtímans þannig að ekki komi upp hagsmunaárekstrar varðandi hlutverk heildarsamtaka fatlaðra við að gæta hagsmuna öryrkja.

Með tilkomu öflugs aðstoðarmannakerfis, strangari eftirfylgni með byggingareglugerðum og endurbótum á húsnæði er í nokkrum þrepum hægt að hverfa frá aðgreinandi búsetuúrræðum fyrir fatlaða eins og þróunin hefur verið víða á Norðurlöndum. Það hlýtur einnig að vera markmiðið á Íslandi enda verður fullu jafnrétti ekki öðruvísi náð.

### Afstofnanavæðing sem mannréttindastefna

Mest er um vert að tryggja jafnrétti og sjálfstætt líf fatlaðra þar sem þeir sjálfir geta tekið ákvarðanir um líf sitt en þurfa ekki að laga daglega tilveru sína að reglum og sjónarmiðum stofnana. Hér er ekki neinn milliveg að fara. Annað hvort stígum við skref til jafnréttis og gerum það hratt eða horfum upp á núverandi stofnanakerfi grotna niður með þeim afleiðingum að þjónusta og kjör fatlaðra hríðversna.

Í þjóðfélagi þar sem jafn mikill samdráttur blasir við í þjóðartekjum og í tekjum hins opinbera og raun ber vitni er nauðsynlegt að hugsa í nýjum lausnum. Samtök fatlaðra verða sjálf að benda á leiðir til að nýta fjármagn betur og á nýjan hátt. Það er eina leiðin til að verja hina raunverulegu velferð en í tilfelli Íslands kann efnahagskreppan einnig að veita okkur ný tækifæri til framþróunar.

Á mörgum sviðum hefur ríkt stöðnun í málaflokknum en í núverandi stöðu þýðir varðstaða um óbreytt ástand ekki aðeins stöðnun heldur hnignun. Það er að verulegu leyti undir okkur sjálfum komið sem erum í forsvari fyrir samtök fatlaðra hvort farið verður fljótt og vel í brýna uppstokkun á kerfinu, öllu samfélaginu til hagsbóta. Tíminn er núna!

*Höfundur er formaður Geðhjálpar.*

# Ávextir fjölmenningarsamfélagsins

**UMRÆÐAN**
Anna Lára Steindal skrifar um málefni innflytjenda


ANNA LÁRA STEINDAL

Fólksflutningar hafa verið hluti af mannkynssögunni frá upphafi til okkar daga. En samfara aukinni hnattvæðingu og vaxandi samskiptum ríkja á milli hafa fólksflutningar og málefni innflytjenda orðið flóknari. Tækninýjungar á sviði upplýsingaflutnings og samgangna ýta svo enn frekar undir þessa þróun. Við vitum miklu meira um það sem er að gerast í heiminum – og með þessari nýju vitneskju skapast ný sýn og ný ábyrgð. Við getum ekki snúið okkur undan og látið eins og annað fólk og afdrif þess í heiminum komi okkur ekki við. Öll sækjumst við í grundvallaratriðum eftir sömu lífsgæðum, hvar í veröldinni sem við fæðumst. Nú á tímum er það algengt viðhorf að fólk eigi að hafa tækifæri til þess að setjast að þar sem afkomu þess er borgið – þar sem draumurinn um innihaldsríkt og farsælt líf getur mögulega ræst. Að minnsta kosti með ákveðnum skilyrðum og innan skilgreindra marka.

Undanfarna áratugi hafa fjölmenningarsamfélög nútímans verið að þróast í Evrópu, og víðar; sambýli fólks af ólíkum uppruna með ólík sjónarhorn á lífið og tilveruna. Þegar best lætur geta samfélög af þessu tagi verið stórkostlegur suðupottur hugmynda þar sem eitthvað nýtt verður mikilsvert framlag til þróunar samfélagsins og þeirrar menningar sem það hvílir á. Menning er ekki fyrirbæri heldur ferli og tekur m.a. mið af samskiptum, hugmyndum og atferli þeirra sem samfélagið byggja á hverjum tíma. Íslendingar hafa til dæmis notið ávaxta fjölmenningarinnar í fjölbreyttari matargerð og gróskumeira tónlistarlífi, svo eitthvað sé nefnt. Til þess að nýta kosti fjölmenningarsamfélagsins til fulls verðum við þó að hlúa að því og efna til lifandi og einlægrar umræðu um kosti þess, áskoranir og afleiðingar. Ég held mér sé óhætt að fullyrða að umræðan á Íslandi sé skammt á veg komin, og hefur að verulegu leyti einskorðast við afmarkaðan hluta fræðasamfélagsins, stofnanir og stefnumótendur. Sú stefna sem íslenskt samfélag tekur á næstu misserum ræðst af því hvernig umræðunni vindur fram.

Þróun fólksflutninga til Íslands hefur verið mjög hröð og á tíu árum hefur fjöldi innflytjenda margfaldast. Samkvæmt tölum Hagstofunnar voru íbúar af erlendum uppruna 2,1 prósent íbúa á Íslandi árið 1998, en 7,6 prósent í lok árs 2008. Það er ekki sjálfgefið að allir átti sig á þessum nýja veruleika, og í raun bendir ýmislegt til þess að margir séu óöruggir og ringlaðir, bæði innfæddir og innflytjendurnir sjálfir. Ekki síst þeir sem hafa búið hér lengi. Þess vegna tel ég mjög brýnt að skapa grundvöll fyrir almennari samræðu en nú tíðkast um viðfangsefnin sem fjölmenningunni fylgja. Við verðum að leitast við það óttalaust og í einlægni að svara þeim spurningum sem vefjast fyrir fólki sem allt í einu vaknar upp við að búa í fjölmenningarsamfélagi sem það ekki skilur. Eigi okkur að takast að njóta allra framandi og góðu ávaxtanna verðum við að færa umræðuna nær þeim sem lifa hinn fjölmenningarlega veruleika á hverjum degi. Þar á ég við innflytjendurna sjálfa, vini þeirra og nágranna, kennara, bæjarstarfsmenn, fjölmiðlafólk og svo framvegis.

Almenningur þarf að vera meðvitaður og eins sáttur og unnt er við þær óumflýjanlegu breytingar sem eru að eiga sér stað, gera sér grein fyrir þeirri skyldu sem hvert samfélag hefur gagnvart sjálfu sér og gangast við kröfunni um að mannréttindi

*Undanfarna áratugi hafa fjölmenningarsamfélög nútímans verið að þróast í Evrópu, og víðar; sambýli fólks af ólíkum uppruna með ólík sjónarhorn á lífið og tilveruna. Þegar best lætur geta samfélög af þessu tagi verið stórkostlegur suðupottur hugmynda þar sem eitthvað nýtt verður mikilsvert framlag til þróunar samfélagsins og þeirrar menningar sem það hvílir á.*

allra séu virt í hvívetna. Innflytjendurnir sjálfir þurfa að taka þátt í umræðunni svo þeir viti hvaða réttindi þeir hafa og hvaða skyldur þeir gangast undir með því að setjast að á Íslandi. Öll þurfum við að koma okkur saman um þær kröfur sem eðlilegt er að gera hvert til annars – og hafa tiltækar aðferðir svo mögulegt sé standa undir þeim. Hvað eigum við t.d. við þegar við gerum kröfu um að innflytjendur aðlagist – en leggjum um leið ríka áherslu á að þeir haldi í menningu sína og uppruna? Hvar liggja mörkin? Hvaða skilaboð erum við að senda fólki þegar við gerum kröfu um að innflytjendur læri íslensku – en bjóðum svo ekki upp á tækifæri til þess? Hvers vegna er fólk í sumum tilvikum reiðubúið til þess að umbera misbeitingu og kúgun innan hóps sem hefur ólíkan menningarlegan bakgrunn, en ekki meðal innfæddra? Hvers vegna telja margir atvinnurekendur sjálfsagt að bjóða innflytjendum lægri laun en Íslendingum? Spurningarnar eru margar og brýnt að við þeim fáist viðunandi svör. Í því skyni þurfum við, sem samfélag og sem manneskjur, að ráðast í siðferðilegt endurmat á afstöðu okkar til fjölmenningarsamfélagsins.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Akranesdeildar Rauða krossins.*

# Aðlögun

**UMRÆÐAN**
Magnús Orri Schram skrifar um ríkisfjármál


MAGNÚS ORRI SCHRAM

Síðustu árin fyrir hrun lifði íslenska þjóðin um efni fram. Að okkur var haldið erlendu lánsfé, innistæðulaust framboð húsnæðislána einkabanka ýttu undir verðbólgu og eftirspurn og rangar aðgerðir stjórnvalda í skattalækkunum og fjárfestingu kyntu svo enn undir bólunni. Allt þetta hrundi svo á okkur fyrir réttu ári síðan. Fram undan er sársaukafull aðlögun að veruleikanum. Heimilin hafa verið hart leikin og tímabært að koma þeim til aðstoðar. Þær hugmyndir sem ríkisstjórnin kynnir um þessar mundir miða að því að létta fólki greiðslubyrðina og aðstoða heimilin við að komast í gegnum núverandi stöðu, þ.e. háa stöðu lána og lágt mat á eignum. Verði ástandið viðvarandi mun svo koma til afskriftar.

Í samvinnu bankakerfis og fyrirtækja er einnig fram undan umfangsmikil aðlögun í einkageiranum. Laga þarf greiðslubyrði lífvænlegra fyrirtækja að getu þeirra til að standa í skilum. Nú er á lokastigum samningaumleitanir sem skýrir eignarhald bankanna. Þá mun staða þeirra skýrast og um leið sjálfstraust starfsmanna til ákvarðana aukast. Það er mikilvægt fyrir alla að fjárfestingar fari aftur að aukast í atvinnulífinu og það tekst ekki nema með samvinnu banka og einkafyrirtækja.

Sársaukafull aðlögun er einnig fram undan hjá ríkissjóði. Frá árinu 2008 til 2009 hafa tekjur og gjöld ríkissjóðs versnað til muna. Tekjur hafa minnkað úr 463 milljörðum í 408 milljarða þegar gjöld hafa vaxið úr 485 milljörðum í 580 milljarða. Árið 2009 er því ríkissjóður rekinn með rúmlega 400 milljón króna halla á dag. Slíkur hallarekstur í ár og næstu ár kostar sitt (alls um 345 milljarðar), því hann þarf að fjármagna með lánum. Þessu til viðbótar þurfti ríkissjóður að koma gjaldþrota Seðlabanka til aðstoðar í vetur með ríflega 300 milljarða framlagi. (Af því má sjá að Icesave-skuldin (170-300 milljarðar) er þó ekki meira en 20-30 prósent af heildarskuldum ríkisins.) Að standa í skilum með þessi lán og önnur er ríkið að greiða um 100 milljarða í vexti á þessu ári og því næsta. Þannig fer fjórða hver króna af tekjum ríkisins í vaxtagjöld. Þessu mætti líkja við að fjórða hver króna í tekjum heimilisins færi í að greiða vexti af yfirdrætti. Ef ríkið mun ekki fara í sársaukafulla aðlögun að veruleikanum og skera niður útgjöld sín umtalsvert á næstu árum, og auka tekjur sínar, er ljóst að við erum að velta kostnaðinum af skuldsetningu okkar yfir á næstu kynslóðir. Þannig er ljóst að takist okkur ekki að aðlaga rekstur ríkisins á næstu árum, munum við festast með alltof stórt hlutfall tekna okkar í greiðslu vaxtakostnaðar og þannig ýta vandamálunum á undan okkur. Fyrir slíka pólitík vil ég ekki standa.

*Gleymum því ekki að þrátt fyrir mikinn niðurskurð í þjónustu munum við á Íslandi áfram búa við eitt besta mennta-, heilbrigðis- og félagslega kerfi í heiminum.*

Að lokum þetta: Gleymum því ekki að þrátt fyrir mikinn niðurskurð í þjónustu munum við á Íslandi áfram búa við eitt besta mennta-, heilbrigðis- og félagslega kerfi í heiminum. Og þrátt fyrir að skatttekjur ríkisins muni þurfa að aukast, munu tekjuskattar einstaklinga og fyrirtækja vera með þeim lægstu á Norðurlöndunum.

*Höfundur er alþingismaður Samfylkingarinnar.*

# TILBOÐ Á INNRÉTTINGUM..!

**--- 20% AFSLÁTTUR**

... þú færð það aðeins **betra** hjá HTH

**20% afsláttur**

**af öllum *HTH* innréttingum!**

RAUÐA LÍNAN



HTH í 10 ár hjá ORMSSON 1999-2009

Heimsæktu okkur í sýningarsal HTH innréttinga í Lágmúla 8, Reykjavík, þar sem söluráðgjafar okkar munu með ánægju veita þér góð ráð.

Við leggjum allan okkar metnað í góða þjónustu - frá upphafi til enda.

***Nýttu tækifærið núna og kauptu HTH innréttingu frá Ormsson með 20% afslætti.***

***Eldhús-, bað- og þvottahúsinnréttingar auk fataskápa.***

Innréttingar frá HTH eru lifandi dæmi um það allra besta í danskri hönnun – í senn sígild og nútímaleg, stílhrein og glæsileg. Við munum aðstoða þig við að hanna eldhús og aðrar innréttingar sem eru í senn hagnýtar og aðlaðandi.

***Í tilefni af 10 ára afmæli HTH hjá ORMSSON bjóðum við nú 20% afslátt af þessum glæsilegu innréttingum.***

**ORMSSON**

*GERÐU KRÖFUR – VIÐ UPPFYLLUM ÞÆR*

**LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800**

**SETTU ÞAÐ SAMAN** HTH

*Af hverju að borga meira?*



ELDHÚSINNRÉTTINGAR



BAÐINNRÉTTINGAR

GULA LÍNAN



FATASKÁPAR

**20% afsláttur**

**af öllum *HTH* innréttingum!**



ÞVOTTAHÚSINNRÉTTINGAR

## TILBÚNAR INNRÉTTINGAR – TIL AFGREIÐSLU BEINT AF LAGER

Gæði innréttinga í gulu línunni ***SETTU ÞAÐ SAMAN*** eru á engan hátt lakari en þeirra í rauðu línunni. ***SETTU ÞAÐ SAMAN*** eru mun ódýrari innréttingar og fellst verðmunurinn einkum í því, að þær eru seldar ósamsettar beint af lager og krefjast því bara hóflegrar handlægni og dálítils dugnaðar. Báðar styðjast línurnar við hið danska ***HTH*** hugvit, smekkvísi og gæði, en úrvalið í rauðu línunni er yfirgripsmeira og þar er einnig hærra þjónustustig.

***Gullið tækifæri að endurnýja! – 20% afsláttur.***

**ORMSSON**

**SÖLUSTAÐIR:**

- SMÁRALIND · SÍMI 530 2907 & 530 2908
- MODEL–AKRANESI · SÍMI 431 3333
- RADIONAUST–AKUREYRI · SÍMI 461 5003
- ÁRVIRKINN–SELFOSSI · SÍMI 480 1160
- LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

# Hver er ímynd Íslands?

UMRÆÐAN
Inga Hlín Pálsdóttir skrifar um ímynd Íslands


INGA HLÍN PÁLSDÓTTIR

Heimurinn allur hefur orðið fyrir skaða af völdum fjármálakreppunnar. Mismunandi er þó hvaða áhrif slíkt hefur haft á ímynd þjóðanna. Flestum er orðið ljóst að lönd og þjóðir þurfa að huga að því að vera sýnileg og reyna að hafa áhrif á ásýnd og orðspor landanna. Góð ímynd af landi og þjóð er m.a. talin auka útflutning, erlendar fjárfestingar, straum ferðamanna og alþjóðleg pólitísk áhrif. Horfa verður þó til þess að lönd hafa mismunandi ímynd með tilliti til þessara þátta og ágreiningur er um hvort í raun er hægt að mæla heildarímynd þjóðar.

### Ímynd Íslands
Margir vilja meina að ímynd Íslands hafi beðið varanlegan hnekki og sé stórsködduð í þeim hamagangi sem átt hefur sér stað á síðustu mánuðum. Ímynd er margslungið fyrirbæri sem verður ekki skilgreint fyrir heila þjóð svo auðveldlega. Einfaldast er að segja að Ísland hafi mismunandi ímynd eftir því hver það er sem horfir á það eða í hvaða tilgangi hugsað er um það. Þá er t.d. átt við að sami aðili hefur ekki endilega sömu ímynd af landinu sem landi til viðskipta, fjárfestinga, kaupa á vörum og þjónustu eða landi til að ferðast til. Við Íslendingar höfum einnig okkar eigin ímynd af landinu sem þarf ekki að samræmast þeirri ímynd sem við viljum hafa út á við. Það er því ekki einfalt að segja að ímynd Íslands hafi beðið varanlegan hnekki þar sem slíkt verður að setja í samhengi.

### Viðhorf almennings
Í febrúar 2009 fengu Útflutningsráð og Ferðamálastofa ParX viðskiptaráðgjöf IBM til að rannsaka viðhorf almennings til Íslands í þremur löndum; Bretlandi, Danmörku og Þýskalandi. Hægt var að nýta eldri rannsókn frá árinu 2007 í Þýskalandi og Bretlandi til samanburðar. Viðhorf almennings er ein birtingarmynd ímyndar og þannig fást m.a. upplýsingar um viðhorf almennra ferðamanna og um neytendur vöru og þjónustu. Úrtakið í rannsókninni var 1.000 manns í hverju landi og er því ljóst að niðurstöðurnar gefa þverskurð af viðhorfi almennings í hverju landi fyrir sig.

### Hvað dettur þér í hug þegar þú hugsar um Ísland?
Þegar fjallað er um viðhorfið til Íslands skiptir þar máli hvað kemur fyrst upp í huga fólks þegar það hugsar um landið (hugskot). Hugskotið er oft á tíðum talið vera það sem byggir upp vörumerki fyrirtækja og því má segja að slíkt eigi við hér um landið sjálft. Niðurstöður rannsóknarinnar voru þær að almenningur tengir náttúru helst við Ísland en mörg ummæli eru þó um íslenskan efnahag og hagkerfi og þá sérstaklega í Danmörku. Það er ánægjulegt að sjá að þarna hefur náttúran enn vinninginn þó svo að töluverð vinna muni þurfa að eiga sér stað til þess að strika út tenginguna við neikvæðan efnahag og hagkerfi. Heildarviðhorfið til Íslands hefur versnað frá árinu 2007 í Bretlandi og Þýskalandi en telst þó enn ásættanlegt. Það sem er gott að sjá í niðurstöðunum er að mikil jákvæðni er í garð Íslendinga og aðeins 1-4 prósent eru neikvæð.

### Íslenskar vörur og þjónusta
Viðhorfið til íslenskrar vöru og þjónustu er gott og gæði talin mikil samkvæmt rannsókninni. Margir tóku hins vegar ekki afstöðu til þessara spurninga né nefndu ákveðna vöru, þjónustu eða vörumerki þegar spurt var beint um það. Því virðist ekki vera mikil þekking á ákveðnum vörum og þjónustu frá Íslandi. Svör þeirra sem svöruðu voru mismunandi en þó má merkja að fiskurinn (s.s. frosinn, ferskur, fiskveiðar) var oftast nefndur ásamt ullinni (s.s. peysur, föt). Svörin eru mismunandi eftir löndum en telja má að mikil tækifæri liggi í því að tengja vörur og þjónustu við Ísland í markaðssetningu t.d. í matvælum og hönnun. Vert er að nefna hér að bankarnir voru ekki mikið nefndir og var t.d. Icesave nefnt 6 sinnum í Bretlandi.

### Ísland sem ferðamannastaður
Ímynd Íslands sem ferðamannastaðar hefur ekki beðið hnekki þar sem viðhorfið til Íslands sem ferðamannastaðar telst gott. Það hefur t.a.m. ekki breyst frá árinu 2007 í Þýskalandi þar sem hægt var að skoða samanburðinn. Það hefur þó aðeins lækkað í Bretlandi en telst enn gott. Náttúran og menningin er það sem virðist draga ferðamenn hingað til lands og því byggist ímynd Íslands sem ferðamannastaðar helst á þeim þáttum.

### Ísland og fjármálastarfsemi
Líklega er rétt að ímynd Íslands á meðal fólks í viðskipta- og bankastarfssemi í þessum þremur löndum hefur beðið hnekki eins og rannsókn lögfræðiskrifstofunnar Norton Rose í Bretlandi fyrr í þessum mánuði gefur til kynna. Í þeirri rannsókn er um fjárfestingarstofnanir að ræða og mátti búast við því að sá hópur, fjárfestar, bæri ekki jafnmikið traust til íslenskra stjórnvalda og viðskiptamanna og áður.

### Vörumerkið Ísland
Vörumerkið Ísland er margþætt og þarf að skoða það í samhengi og bregðast við með aðgerðum fyrir viðeigandi markhópa. Skilaboðin þurfa að vera sönn og hafa jákvæð áhrif á alla, ekki aðeins markhópana í alþjóðasamfélaginu heldur einnig þjóðina sjálfa, fólkið í landinu. Því þarf að fara fram stefnumótandi vinna þannig að hagsmunaaðilar séu sammála um áherslurnar.

Í skýrslu sem unnin var á vegum forsætisráðuneytisins í fyrra og bar heitið Ímynd Íslands var töluverð vinna lögð í skilgreiningu á framtíðarsýn þjóðar og því sem Íslendingar vilja standa fyrir. Deila má um hvort niðurstöður þeirrar skýrslu eigi enn við en þar kom fram að Íslendingar tengja sig sterkt við náttúru landsins og kraft þess. Við uppbyggingu á vörumerki eða almennri ímynd lands og þjóðar þarf að huga bæði að því hvað þjóðin vill standa fyrir og einnig hvernig aðrar þjóðir sjá okkur. Ekki er hægt að ganga fram með markaðssetningu algjörlega á skjön við sýn annarra á landið.

### Ímynd er ekki búin til
Við höfum tækifæri til að hafa áhrif á ímynd Íslands en við búum hana ekki til og skreytum hana, því það eru fyrst og fremst verk okkar sem tala. Samræmd skilaboð og verkefni með samvinnu hafa fyrr áhrif á ímyndina en mörg brotakennd og ruglingsleg skilaboð. Ljóst er að almenningur í Bretlandi, Danmörku og Þýskalandi tengir Ísland við fallega og stórbrotna náttúru og neikvæð efnahagsmál. Því liggja tækifærin í því að samræma markaðssetningu á landinu með því að leggja enn frekar áherslu á þá jákvæðu þætti sem við erum sammála um að eigi að lýsa landinu og erlendir aðilar tengja við landið, s.s. náttúruna og hreinleika. Ákveða þarf jákvæð skilaboð til alþjóðaheimsins sem þjóðin getur og vill standa stolt við og láta verkin tala. Hins vegar verða allir stefnumótandi aðilar að koma að borðinu, samræma og sættast á ákveðin skilaboð, áherslur, markhópa og verkefni, því ekki er hægt að vinna að markaðssetningu og uppbyggingu ákveðinnar ímyndar nema við getum staðið fyllilega við þá mynd af landi og þjóð sem við viljum byggja upp.

*Höfundur er alþjóðamarkaðsfræðingur og verkefnisstjóri hjá Útflutningsráði Íslands.*

# Stóraukið mikilvægi internetsins í viðskiptum fyrirtækja

UMRÆÐAN
Kristján Már Hauksson skrifar um netvæðinguna

Með vaxandi áhrifum internetsins hafa orðið miklar breytingar á möguleikum í markaðssetningu á milli fyrirtækja og núna, þegar kynslóðaskipti verða í stjórnum fyrirtækja og við taka aðilar sem hafa mun betra tölvulæsi en fyrirrennarar þeirra, breytist þetta en meira.

En af hverju skiptir internetið máli í markaðssetningu milli fyrirtækja? Hvað er það sem veldur því að fyrirtæki sem ekki nota netið sem skyldi eru smátt og smátt að missa af lestinni og þau sem kunna að nýta sér netið vinna á og ná nýjum mörkuðum á svæðum sem þau höfðu aðeins dreymt um að ná áður?

Nýlega hafa nokkur fyrirtæki og samtök gert rannsóknir á hegðun þeirra sem sjá um gagnaöflun og/eða innkaup fyrir fyrirtæki og stofnanir. Rannsóknirnar voru gerðar í Bandaríkjunum, Bretlandi og Þýskalandi og endurspegla flest þau lönd sem íslensk fyrirtæki selja vörur sínar til eða eru að reyna að opna markaði í.


KRISTJÁN MÁR HAUKSSON

Í rannsóknum framkvæmdum af Internet Advertising Bureau í Bretlandi, Enquiro og Outsell í Bandaríkjunum og Þýskalandi kom sterklega fram hvernig þeir sem taka ákvarðanir nota netið við gagnaöflun og hvernig það hefur áhrif á val og kaup á þjónustu eða vöru. Þetta var sérstaklega áberandi í tækni-, fjármála- og heilbrigðisgeiranum.

Í raun er virknin mjög einföld. Fyrirtæki og einstaklingar eru „googlaðir". Upplýsingastjórar, framkvæmdastjórar, markaðsstjórar og stjórnarformenn nota internetið til að kynna sér vörur og þjónustu. Þessir sömu aðilar skoða upplýsingarnar sem finnast þegar nafn þess sem sat fund með þeim er slegið inn.

Í könnun IAB í Bretlandi kom í ljós að 93% ákvörðunartökuaðila fara á netið daglega og af þeim leiðum sem internetið hefur upp á bjóða höfðu svokallaðar náttúrulegar leitarniðurstöður (ekki greiddar) jafn mikil áhrif og vefur söluaðila.

En könnun IAB er ekki sú eina sem vísar í þessa átt. Bandaríska rannsóknarfyrirtækið Enquiro gerir rannsóknir á sviði „fyrirtæki til fyrirtækis" sölu árlega og þar er áberandi aukning á notkun internetsins við ákvarðanatöku. Til dæmis segjast 86,9% þeirra sem taka viðskiptaákvarðanir á einhverjum tímapunkti nota leitarvélar til að finna lausnir eða skoða hluti betur.

Í rannsóknum Enquiro kemur líka fram að því hærri tekjur sem viðkomandi hefur, því hærra sem aðili er í metorðastiganum, því betri menntun hafa þeir og því meiri peninga sem viðkomandi hefur að eyða, þess meiri líkur eru á því að internetið leiki lykilhlutverk sem áhrifavaldur við ákvörðunartöku.

Þau fyrirtæki sem eru í sölu á þjónustu til annarra fyrirtækja eða stofnana verða líka að hafa í huga að þetta á eftir að breytast mun meira. Í annarri rannsókn Enquiro sem gerð var árið 2008 og kallast „Rise of the Digital Natives" kemur nefnilega í ljós að með nýrri kynslóð stjórnenda, sem hafa mun meira tölvulæsi auk þess sem tölvur og farsímar hafa skipað mun stærri sess í lífi þeirra, munu áhrif internetsins enn aukast.

Í rannsókn sem bresk/bandaríska fyrirtækið Outsell birti árið 2008 kemur einnig í ljós mikilvægi almannatengsla á internetinu. Eitt af því sem kemur fram þar er hversu mikið stjórnendur reiða sig á fréttatilkynningar og fréttir á netinu. Yfir 60% sögðust frekar fara á netið og leita, heldur en skoða t.d. fagmiðla.

Megin niðurstaðan er sú að þau fyrirtæki sem ekki nýta sér internetið sem skyldi munu lúta í lægra haldi og missa viðskipti. Bæði vegna þess að þau hreinlega finnast ekki og einnig vegna þess að þau fyrirtæki sem í ljós leiðandi gefa minni eða nýjum fyrirtækjum tækifæri á að ná fótfestu og hasla sér þannig völl.

*Höfundur er ráðgjafi og aðaleigandi Nordic eMarketing.*



# 20% AFSLÁTTUR
## AF VÖLDUM INNRÉTTINGUM

# BAÐ
I N N R É T T I N G A R

Getum aðlagað innréttingarnar að flestum óskum kaupenda

YFIR 50 UPPSTILLTAR INNRÉTTINGAR Á SÝNINGARSVÆÐI



Hvítur fulningur 120x48 sm

til afgreiðslu af lager



Hvítt háglans 142x48 sm



Epli 151x48 sm



Hvíttuð eik 122x48 sm



Hlynur 121x48sm

## ÚRVAL AF GRANÍT- OG MARMARA- BORÐPLÖTUM

til afgreiðslu af lager

Fáanlegar á ákveðnar stærðir innréttinga

30% AFSLÁTTUR!



Black Absolute | East White | Mocca Crema | Black Galaxy | Imperial Brown | Blue Pearl

Skoðið hugmyndabankann á heimasíðunni
**www.i-t.is**

INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# Lýsing á heimilum – gló- eða flúrlýsing?

UMRÆÐAN

Ásgrímur Jónasson skrifar um lýsingu



ÁSGRÍMUR JÓNASSON

Sólin er sá ljósgjafi sem sjón mannsins hefur þróast við frá upphafi. Þar með hlýtur sólin að vera sá ljósgjafi sem best er til þess fallinn að lýsa manninum við hvers kyns sjónstarf. Og þar af leiðir að sá rafljósgjafi sem mest líkist sólarljósinu hlýtur því að vera sá heppilegasti af þeirri gerð til að lýsa heimili okkar.

Glóperan framleiðir ljós með sömu aðferð og sólin; hitar efni þar til það fer að glóa og sendir þannig frá sér ljós. Það hlýtur þar með að vera óumdeilanlegt að engin önnur aðferð gerir betur. Við getum hins vegar framleitt ódýrara ljós, en er það betra ef það hefur þann eina kost að vera ódýrara?

Arnar Þór Hafþórsson forstöðumaður lýsingarsviðs hjá Jóhanni Ólafssyni hf. svarar Kristjáni Kristjánssyni lýsingarhönnuði hjá Lumex sem hafði í grein bent á ótvíræða kosti glóperunnar umfram sparperuna. Og Arnar Þór er ekki sömu skoðunar og Kristján.

Mig langar til að leggja þar orð í belg vegna þess að ég hef áhyggjur af þeirri forsjárhyggju sem felst í því að banna glóperuna á þeim forsendum að mögulegt sé að framleiða ljós á ódýrari (ekki endilega hagkvæmari) hátt.

Það er kannski rétt að velta fyrir sér spurningunni, hvað er sparpera? Sparpera er ljósgjafi sem framleiðir ljós með því að hleypa rafstraumi um kvikasilfurgufu. Sem sagt kvikasilfurpera. En það er ekki nóg. Til þess að flytja afl kvikasilfurperunnar upp í bylgjulengdir sem augað skynjar sem sýnilegt ljós þarf að húða glerveggi hennar með flúrdufti. Þessari peru sem heitir Compact fluor lamp á ensku, smáflúrpera á íslensku, hefur markaðurinn valið söluvænna heiti, sparpera, og dregur það heiti fram eina kost hennar fram yfir glóperu. Sparnaður er sem sagt eini kosturinn sem smáflúrperan hefur fram yfir glóperu.

Við þekkjum öll auglýsingar um útsölu sem segir keyptu og sparaðu 30%. Þess vegna spyrjum við: Hvað kostar sá sparnaður að skipta frá glóperu í smáflúrperu? Því svarar forstöðumaður lýsingarsviðs Jóhanns Ólafssonar sem flytur inn Osram ljósgjafa þannig:

1. Kvikasilfurmagn smáflúrpípu frá gæðaframleiðanda (*sic) er aðeins 2,5–3 mg. Hann getur ekki um það hvert magnið er í smáflúrperum frá þeim sem ekki eru gæðaframleiðendur og hann getur þess heldur ekki hve mikil framleiðsla þessara gæðaframleiðenda er í hlutfalli við hina sem ekki eru gæðaframleiðendur.

2. Forstöðumaðurinn bendir á að við framleiðslu glóperu myndist kvikasilfurútblástur sem sé tvöfalt meiri en kvikasilfurinnihald smáflúrperu að viðbættum kvikasilfurútblæstri við framleiðslu hennar. Einnig fullyrðir hann að smáflúrpípur dugi 6-20 sinnum lengur (er þetta munurinn á gæðaframleiðendum og hinum)? og hljóti því að vera 6-20 sinnum ódýrari í framleiðslu. Þessa fullyrðingu rökstyður hann að sjálfsögðu ekki, en ég vil leyfa mér að draga þessa fullyrðingu forstöðumannsins í efa. Glópera samanstendur af glerhylki, wolfram-glóþræði og málmi í leiðurum og sökkli, ásamt postulíni til einangrunar. Smáflúrpípan er gerð úr þessum sömu efnum, en auk þess flúrdufti og kvikasilfri. Þar fyrir utan þarf efni í straumfestu fyrir smáflúrperuna en í hana eru notuð plastefni og ýmsar málmtegundir, jafnvel þungmálmar. Þá er rétt að það komi fram að gjarnan er miðað við kínverskt kola- eða koxorkuver þegar dregnar eru fram neikvæðar hliðar á notkun raforku við framleiðslu glóperunnar.

3. Förgun kvikasilfursins er í litlu frábrugðin annarri förgun, s.s. á rafhlöðum og hitamælum og öðrum óhollum heimilisvörum, hverjar sem þær eru nú að mati forstöðumannsins. Sannleikurinn er nú samt sá að flúrperur eru í flestum tilfellum einfaldlega bara brotnar og urðaðar.

4. Rétt er að hafa í huga, segir Arnar Þór um almenna mengun og umhverfisvernd, að ein smáflúrpípa endist á við tíu glóperur (áður 6-20). Það er þó rétt að bæta því við að ljósafl smáflúrperunnar sem skráð er utan á pakkanum er það ljósafl sem peran býr yfir í upphafi notkunar. Síðan minnkar aflið allan endingartíma perunnar. Ljósgæði smáflúrpípunnar eru umtalsvert minni en glóperunnar sem þó er hægt að bæta að einhverju marki en þá á kostnað nýtninnar. Tap í straumfestu, sem er nauðsynlegur fylgihluti smáflúrpípunnar, er ekki tekin með í upplýsingum um orkunotkun hennar. Það kæmi mér þess vegna ekki á óvart að sparnaðurinn væri óverulegur þegar allt er tekið til, og jafnvel enginn á smáflúrpípum frá framleiðendum sem ekki flokkast undir skilgreiningu forstöðumanns lýsingarsviðs hjá Jóhanni Ólafssyni sem gæðaframleiðendur.

5. Að lokum segir forstöðumaðurinn. „Þó að Ísland búi við vistvænan orkuiðnað erum við ekki einir í heiminum. Okkar framlag skiptir máli. Svo sparar þetta bara mikinn pening!“ Þá spyr ég. Er þá ekki réttara að byrja okkar framlag á virkilegri orkusóun og farga Landkrúserunum og flytja okkur niður á Yaris, já eða kannski bara strætó?

Góð lýsing snýst ekki um fjármuni. Góð lýsing snýst um bætta lífshætti og fágun. Góð lýsing er ein af þeim aðstæðum sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að skapa blæ fyrir fagurt umhverfi og vellíðan. Eiginleika til að ná því markmiði hefur glóperan að geyma en kvikasilfur smáflúrpípan miklu síður. Þessir eiginleikar felast í samfelldu litrófi sem er frumskilyrði góðrar litarendurgjafar, mildum ljóslit (2700K) sem hentar vel á heimilum og auðveldri ljósstýringu. Þessir eiginleikar prýða því miður ekki smáflúrpípuna.

Framtíðinni fylgir þróun. En sú þróun verður að vera til góðs og henni þarf að fylgja skilningur á þeim verðmætum sem fortíðin hefur fært okkur. Enginn ljósgjafi er alfullkominn. Þegar og ef smáflúrpípan hefur sannað ótvíræða kosti sína fram yfir glóperuna þarf ekkert bann. Markaðslögmálið sér einfaldlega um það hvaða ljósgjafi lifir og hvaða ljósgjafi deyr. Því miður eru stjórnmálamenn og embættismenn hér á villigötum eins og svo víða annarsstaðar. En verst er þó þegar fagmenn éta hugsunarlaust eftir þeim óvitaskapinn.

Lýsingarhönnuðir og ljóstæknimenn hér á landi eins og um allan heim fylgjast grannt með þessari þróun. Dæmi um það er að Verkfræðistofan Verkís stendur fyrir opnu málþingi sem nefnist Ljósgæði – Lífsgæði í Laugardalshöll, sal 3 þriðjudaginn 13. október kl. 13.00. Þar verða fyrirlesarar fjórir af þekktustu ljóstæknimönnum heims; dr. Brainard sem er taugalæknir og ráðgjafi hjá NASA, Metre Madsen dagsbirtuarkitekt, Kevin Show lýsingarhönnuður og Martin Lupton, formaður samtaka lýsingarhönnuða PLADA.

*Höfundur er lýsingarráðgjafi hjá Epal hf.*

# Sáttmáli um yfirfæranlegt tap almennings

UMRÆÐAN

Lárus Jón Guðmundsson skrifar um skuldavanda



LÁRUS JÓN GUÐMUNDSSON

Það er ljóst að æ fleiri almennir borgarar eiga í greiðsluerfiðleikum, hvort sem um ræðir íbúðalán eða lán til neyslu.

Vandinn er stór og enn hefur engin fær leið fundist sem leysir vandann sársaukalaust. Við, skattborgararnir, munum í öllum tilvikum borga þennan bannsetta brúsa, hvort sem það er í gegnum eiginfjármögnun bankakerfisins eða með beinni skattheimtu gegnum velferðarkerfið. Það er engin ókeypis töfralausn til. Við verðum að borga skuldir þjóðarinnar. Vandinn minnkar ekki við að flýja land. Eini kosturinn er að taka á þessu eins og fullorðið fólk, sem samhent þjóð í sjálfstæðu ríki.

Eftir raunverulegar náttúruhamfarir er hjálp veitt úr sameiginlegum viðlagasjóði þjóðarinnar. Þessi sjóður er fjármagnaður af skattfé okkar til að bæta þann skaða sem einstaklingar urðu fyrir, skaða sem ekki með nokkru móti getur talist sjálfskapaður.

Rétt eins og við, í sameiningu, greiðum kostnað þeirra sem lenda í alvarlegum slysum eða fá illvíga sjúkdóma án þess að spyrja um lífsstíl eða ábyrgð viðkomandi, þá verðum við nú, í sameiningu, að bæta öllum sinn skaða án þess að spyrja hvort lánin voru nauðsynleg eða ekki.

Það er til leið sem spyr ekki um ástæður vandans en gengur langt til að leysa hann og tryggir jafnframt ákveðið réttlæti.

Stór og smá fyrirtæki hafa notað sér þessa leið með löglegum hætti og í fullkominni sátt við skattyfirvöld og samfélagið. Á skattamáli heitir þetta „ónotað og yfirfæranlegt tap“ sem fyrirtækjum er leyfilegt að nýta sér í allt að 10 ár til frádráttar frá hagnaði af rekstri. Nú er kominn tími til að almenningur njóti reynslu viðskiptalífsins.

Framkvæmdin yrði þessi:

Alþingi setur sérstök „Lög um samhjálp vegna efnahagserfiðleika“ þess efnis að sérstakur skattur er lagður á þá sem a) eru aflögufærir og b) þurfa ekki sértæka aðstoð vegna greiðsluvanda. Þessi skattur yrði lagður á í 10 ár og sérmerktur í skattframtali ekki ósvipað og framlagið í framkvæmdasjóð aldraðra sem allir þurfa að greiða óháð aldri.

Þeir sem þurfa aðstoð, niðurfellingu skulda eða greiðsluhjálp munu fá raunverulega hjálp sem kemur í veg fyrir að þeir missi húsnæði sitt.

Þeir sem borga skattinn munu í staðinn fá sitt réttlæti, nefnilega að færa t.d. 80 prósent af upphæðinni sem „ónotað yfirfæranlegt tap“ í skattframtali sínu, tap sem þeir geta svo nýtt til skattafrádráttar á móti skattstofni sínum eftir 10 ár, árlega í alls 10 ár þar á eftir. Upphæðin yrði tengd launavísitölu en vaxtalaus að öðru leyti.

Kosturinn við þessa lausn er að hún þarfnast ekki gjaldeyris, hún tekur á vandanum strax (hægt að innheimta þetta nú þegar við staðgreiðslu launa) og þegar 10 ár eru liðin mun þetta „ónotaða og yfirfæranlega tap“ virka sem innspýting í hagkerfið, í formi aukinnar neyslu. Þetta er ekki frestun á vandanum og þetta er ekki töfralausn því hún kostar peninga, mikla peninga. Þetta er hinsvegar sáttmáli um samhjálp, nokkuð sem við Íslendingar þekkjum vel af óblíðum kynnum okkar við náttúruöfl landsins gegnum tíðina.

Greinarhöfundur er, eins og fjölmargir samborgarar hans, enn aflögufær, þarf ekki (enn sem komið er) aðstoð þrátt fyrir íbúðalán og naut að takmörkuðu leyti margnefnds „góðæris“. Hann er tilbúinn að borga slíkan sértækan skatt til að létta byrðarnar, líka byrðar þeirra sem hægt er að sýna fram á að fóru offari í lántökum og neyslu og með enn glaðara geði mun hann borga svona skatt ef hann fær að njóta þess réttlætis sem felst í framangreindri lausn.

*Höfundur er verkefnastjóri Hugals ehf.*

# Heilbrigðiskerfið – úr vörn í sókn

UMRÆÐAN

Katrín Sigurðardóttir skrifar um heilbrigðiskerfið



KATRÍN SIGURÐARDÓTTIR

Heilbrigðiskerfið er ein af grunnstoðum þjóðfélagsins. Það er auðlind sköpuð af mönnum í þeim tilgangi að auka velferð þegnanna. Auðlindin er þekking starfsmanna, búnaður, tæki og húsakostur, fjármögnuð með tekjum og sköttum landsmanna. Starfsemin snýst um að fyrirbyggja heilsuleysi eða breyta því í heilsu. Afurðin og hagnaðurinn er góð heilsa landsmanna sem er undirstaða alls atvinnulífs sem ætti erfitt uppdráttar án starfhæfra einstaklinga.

Í samfélögum er hluti af skyldu ríkisins að skapa skilyrði fyrir því að þegnarnir megi vaxa og dafna. Með íslenskum lögum skuldbindur ríkið sig til að veita öllum landsmönnum bestu mögulegu heilbrigðisþjónustu sem völ er á, á hverjum tíma. Til þess að standa við þá skuldbindingu þarf að fjárfesta í lágmarks þáttum.

Markmið með rekstri heilbrigðiskerfa er ekki peningalegur hagnaður eða arður til eigenda heldur bætt heilsa. Þrátt fyrir það á að haga rekstri á sem hagkvæmastan hátt og nýta fjárfestingar eins vel og kostur er.

Í sumum löndum hefur heilbrigðisþjónusta verið látin lúta lögmáli hins frjálsa markaðar í þeirri trú að þannig náist hagkvæmastur reksturinn. Alla tíð hefur verið umdeilt hvort heilbrigðisþjónusta eigi heima á slíkum markaði. Nægir að líta til Bandaríkjanna, sem einna staðfastast þjóða hefur byggt á lögmáli markaðarins. Þar eru nú tæplega 50 milljónir landsmanna án öryggis um nauðsynlega heilbrigðisþjónustu. Það eitt og sér sýnir að slíkt kerfi gengur ekki upp ef markmiðið er að veita öllum landsmönnum bestu mögulegu heilbrigðisþjónustu.

Markaðsvæðing byggir meðal annars á því að ríkið hafi engin afskipti. Aflið sem knýr markaðinn er framboð og eftirspurn. Fjárfest er í auðlindum og síðan á rekstur að gefa af sér peningalegan hagnað og helst að skila peningalegum arði til eigenda sinna. Hvort starfsemi lifir eða deyr veltur á að í boði sé vara eða þjónusta sem nógu margir velja að kaupa.

Sé þjónusta heilbrigðiskerfa látin lúta lögmálum markaðarins koma strax upp annmarkar. Ekki er um að ræða þjónustu sem viðskiptavinurinn hefur þekkingu til að velja hvort hann þarf eða vill og ekki heldur hvort um góða þjónustu hafi verið að ræða.

Það að engin ríkisafskipti eigi að vera veldur því að leitun er að heilbrigðiskerfi sem þetta á við um. Mér er til efs að slíkt kerfi fyrirfinnist, allavega ekki í þeim löndum sem veita þjónustu eins og Vesturlönd og eru Bandaríkin þar með talin. Meðferðir við ýmsum sjúkdómum eru það dýrar að hvorki veitendur né þiggjendur geta staðið undir kostnaði án tilkomu sameiginlegra sjóða samfélagsins.

Á Íslandi ríkir alvarlegt efnahagsástand. Ekki er til fjármagn til að halda úti þjónustu eins og áður. Sjúkrahúsin eiga að skera niður og er nú svo komið að dregið er úr starfsemi þar sem ekki er til fjármagn til rekstursins. Margir hafa áhyggjur af langtíma áhrifum þess og telja að það muni hafa neikvæð áhrif á heilsu landsmanna sem eins og áður segir er undirstaða atvinnulífsins.

Það eru því góð ráð dýr en ljóst er að eitthvað þarf að gera.

Á Íslandi er sláandi hversu viðhorf manna eru oft neikvæð í garð ríkisins. Í umræðunni er eins og um meinsemd sé að ræða, í stað þess að sjá ríkið sem sameign þegnanna. Sameign sem hefur það hlutverk að tryggja grundvallarþætti svo samfélagið nái þeim markmiðum sem sett hafa verið með hugmyndafræðinni sem við aðhyllumst. Fjárfestingar ríkisins eru taldar kostnaður sem þarf að skera niður í stað þess að teljast verðmæti, sem ber að verja, svo sem mestur hagur fáist af. Svo virðist vera að eingöngu almenni markaðurinn megi nýta fjárfestingar sínar á þann hátt.

Horft er framhjá því að markaðslögmálið er ekki náttúrulögmál sem á við í öllum aðstæðum. Hvernig komið er á Íslandi má að hluta rekja til þess að gengið var fram úr hófi við markaðsvæðinguna og líða nú allir í samfélaginu fyrir. Allir, hvort sem þeir trúa að allt eigi að lúta markaðslögmálinu eða ekki, hljóta að vera sammála um að ástandið er óeðlilegt. Mikilvægi þess að tryggja velferð almennings hlýtur því að vera æðra trúnni á lögmál markaðarins.

Með niðurskurði sem við stöndum frammi fyrir í heilbrigðiskerfinu munu verða miklar fjárfestingar mun verr nýttar og tapast að hluta. Þekking sem byggist á menntun og reynslu starfsmanna, búnaður, tæki og húsakostur verður vannýttur. Á sama tíma eru á lofti hugmyndir einkaaðila um að setja á stofn einkasjúkrahús. Hugmyndin er að fá hingað sjúklinga frá öðrum löndum. Þessir aðilar ætla án efa að hafa fjárhagslegan hag af rekstrinum. Þrátt fyrir að þeir þurfi að fjárfesta í þáttum sem ríkið hefur nú þegar fjárfest í telja einkaaðilarnir sig hafa rekstargrundvöll. Ef þeir hafa það þá hefur ríkið það líka og það betri ef eitthvað er. Í stað þess að leggja niður starfsemi og hætta að nýta fjárfestingar á ríkið að gera það sama og ætlunin er að gera á einkasjúkrahúsinu. Flytja á inn sjúklinga frá útlöndum. Þannig er hægt að auka tekjur og efla rekstur heilbrigðiskerfisins í landinu. Tekjurnar yrðu í erlendum gjaldeyri en lágt gengi krónunnar hefur komið hart niður á rekstrinum.

Nú munu margir segja að ríkið eigi ekki koma að slíkum rekstri og aðrir að ríkið sé svo illa rekið að það verði enginn peningalegur hagur af. Slíka umræðu eigum við ekki að láta hafa áhrif á okkur. Mörg undanfarin ár hefur mikill árangur náðst við að gera rekstur sjúkrahúsa hagkvæmari og skilvirkari. Samanburður við sambærileg sjúkrahús sýnir að við stöndum okkur vel að þessu leyti. Í umræðum á Íslandi hefur samanburðurinn oft verið við ósambærilega starfsemi. Að vinna áfram út frá þeirri hugmyndafræði að markaðslögmálið sé það eina sem gildir getur ekki gengið nú ef hagsmunir almennings eru bornir fyrir brjósti. Möguleikinn á að fá tekjur frá öðru en vösum landsmanna og þar að auki í gjaldeyri hlýtur að vera kostur sem okkur ber skylda til að skoða.

Ég boða því á þá sem bera ábyrgð á rekstri heilbrigðiskerfisins að taka höndum saman við starfsfólk þess og leggja í vinnu við að greina og útfæra slík tækifæri. Ef markaður er fyrir íslenskt einkasjúkrahús á erlendum markaði þá er það líka fyrir okkar sjúkrahús þó að þau séu ríkisrekin. Ríkið, það erum við.

Í stað þess að pakka saman og leggja niður starfsemi eigum við að snúa vörn í sókn og nýta öll tækifæri.

*Höfundur er geislafræðingur og með viðskiptafræðimenntun frá Háskólanum í Reykjavík.*


4BLS BÆKLINGUR
OKTÓBER TILBOÐ
STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM
FRÁBÆR TILBOÐ
STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM SJÓÐHEITUM OKTÓBER TILBOÐUM
3LEYFI
MÁ SETJA UPP Á ALLT AÐ 3 TÖLVUR
2010
INTERNET SECURITY VÍRUSVÖRN
4.990
500GB
500GB SAMSUNG SATA2 HARÐDISKUR
9.990
1TB
1TB SAMSUNG SATA2 HARÐDISKUR 32MB
14.900
Ef þú finnur tölvuna auglýsta ódýrari en hjá okkur
VERÐ VÖRN
þá lækkum við okkar verð á staðnum
HVERGI BETRA VERÐ
D5560
ÞRÁÐLAUS HP PRENTARI
14.900
GLÆSILEG VERSLUN
Í BORGARTÚNI 31
BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL




# GIGABYTE

## UPPFÆRSLUTILBOÐ 2

- AM3 Sempron64 örgjörvi 2.7GHz
- GIGABYTE 740G móðurborð
- 2GB DDR2 800MHz OCZ minni
- 5.1 HD Dolby Digital hljóðkort
- 512MB ATI HD2100 skjástýring
- HDMI, DVI, VGA og Gigabit netkort
- Passar í flestar eldri tölvur

**26.900**

HVERGI BETRA VERÐ!




# GIGABYTE

## UPPFÆRSLUTURN 2

- Athlon II 240 Dual Core - 2.8GHz
- 4GB DDR2 800MHz OCZ minni
- 500GB SATA2 16MB NCQ diskur
- 512MB ATI Radeon HD4200 skjást.
- 7.1 HD Dolby Digital hljóðkort
- HDMI, DVI, VGA og Gigabit netkort
- Vandaður 450W hljóðlátur turn

**69.900**

ÖFLUGUR UPPFÆRSLUTURN







# GIGABYTE

## SETTO TÖLVUTILBOÐ 1

GIGABYTE SETTO tölvan er einstaklega hljóðlát og öflug tölva tilbúin í alla nýjustu leikina, drekkhlaðin af nýrri öflugri tækni.

- Intel Core 2 Duo E8400 3.0GHz - 6MB
- GIGABYTE P43-ES3G móðurborð
- 4GB DUAL DDR2 1066MHz minni
- 1TB SATA2 32MB NCQ harðdiskur
- 20x DVD SuperMulti skrifari
- 512MB ATI HD4670 GDDR3 skjákort
- Glæsilegur 500W SETTO leikjaturn
- Windows VISTA ULTIMATE

**149.900**

RAÐGREIÐSLUR TIL ALLT AÐ 48 MÁN




# EEE-BOX

## ASUS SMÁTÖLVA

- Intel Atom N270 1.6GHz örgjörvi
- 1GB DDR2 400MHz vinnsluminni
- 160GB SATA2 5400rpm harðdiskur
- 256MB Intel GMA 950 skjástýring
- 5.1 HD Dolby Digital hljóðstýring
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- Lynux stýrikerfi, ritvinnsla ofl forrit

**59.900**

ÖRSMÁ OG FESTANLEG AFTAN Á SKJÁ




## MP260 ALL IN ONE

Mögnuð fjölnota græja frá Canon sem bæði ljósritar, prentar og skannar

**16.900**

FJÖLNOTAGRÆJA




## CANON iP3600 PRENTARI

Hagkvæmur í rekstri, 5 stök hylki tryggja hámarks nýtingu og jaðarlaus A4 prentun

**12.900**

JAÐARLAUS A4 PRENTUN




## MARGMIÐLUNARSPILARI

Tenganlegur við USB flakkara eða minnislykla, 1080i upscaling, Composite, HDMI ofl.

**14.900**

ARGOSY HV-675 1080i



## LEIKJA HEYRNARTÓL

Glæsileg Creative Fatal1ty leikjaheyrnartól með 40mm Neodymium hátölurum sem skila einstökum hljómgæðum, sérhönnuð fyrir leikjaspilun.

**9.990**

CREATIVE HEYRNARTÓL



## i-TRIGUE 3000 KERFI

Glæsilegt og öflugt 24W RMS 2.1 hljóðkerfi frá Creative með öflugu bassaboxi og Neo Titanium hátölurum sem eru með einstaklega tæran hljóm.

**12.900**

CREATIVE HLJÓÐKERFI

TÖLV

Borgartúni 31 • 105 Reykjavík



**LARA STONE,** fyrirsætan vinsæla, situr fyrir í nýjasta tölublaði franska Vogue. Þetta væri ekki í frásögur færandi nema fyrir þá staðreynd að Stone sem er venjulega hvít er svört á myndunum.




Eirberg

**Rafknúnir hægindastólar**

- Auðvelda þér að standa upp
- Einfaldar stillingar og fjölbreytt úrval



www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25




Anna Gunndís, eða Dunda, með uppáhaldskjólana sína sem hún fann í Hello Kitty-búð í Berlín. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Keypti kjól í hjartað

**Anna Gunndís Guðmundsdóttir leiklistarnemi gengur nánast eingöngu í kjólum. Oft kaupir hún sama kjólinn í mörgum litum og eitt sinn keypti hún sér þrettán kjóla á einu bretti á vefsíðunni eBay.**

„Ég á það til þegar ég finn eitthvað sem ég fíla að kaupa það í fleiri en einum lit,“ segir Anna Gunndís Guðmundsdóttir, leiklistarnemi á fjórða ári við leiklistardeild Listaháskóla Íslands. Anna Gunndís, eða Dunda eins og hún er ávallt kölluð, var stödd í útskriftarferð í Berlín í vor þegar hún keypti kjólinn sem hún skartar á myndinni.

„Mig vantaði á þeim tíma hamingju í hjartað, en eins og við vinkonurnar segjum þarf maður stundum að kaupa kjól í hjartað,“ segir Dunda glaðlega en hún fann kjólinn umrædda í Hello Kitty-búð. „Þarna voru tveir eins kjólar í mismunandi lit og mig langaði í þá báða. Ég fékk þó samviskubit enda nýskollin á kreppa og því valdi ég aðeins annan þeirra,“ segir hún en fljótt fékk hún bakþanka. „Nokkrum dögum eftir að ég kom heim hringdi ég í Þórunni vinkonu sem varð eftir í Berlín og sendi hana í búðina til að kaupa hinn kjólinn,“ segir Dunda og hlær.

Hún segir þetta ekki vera í fyrsta sinn sem hún kaupi fleiri en einn kjól í einu. „Einu sinni pantaði ég mér þrettán kjóla í einu á eBay. Þeir voru nú ekki allir eins, en tveir og tveir voru það,“ segir hún glettin.

Dunda segist varla fara í annað en kjóla enda hafi hún ekki átt aðrar buxur en íþróttabuxur í mörg ár. „Þessir tveir sem ég er með á myndinni eru uppáhaldskjólarnir mínir í augnablikinu enda með blúndum eins og amma mín elskaði mjög mikið.“ En notar hún þá hversdags eða spari? „Maður veit aldrei hvenær maður deyr og ég vil deyja í fallegum kjól. Þess vegna nota ég alla mína kjóla hversdags,“ svarar hún hlæjandi.

Dunda og félagar hennar í leiklistardeildinni eru nú í óða önn að æfa fyrir frumsýningu á leikritinu Eftirlitsmanninum eftir Gogol. Leikritið verður frumsýnt föstudaginn 9. október í gamla nemendaleikhúsinu Smiðjunni á Sölvhólsgötu. „Við erum á mjög góðum stað í augnablikinu og farin að renna á fullu,“ segir Dunda, sem leikur nokkur hlutverk í leikritinu, þar á meðal tvö karlhlutverk, og líkar það bráðvel. *solveig@frettabladid.is*


**Bleika slaufan fæst hjá okkur**

**20%** afsláttur af völdum bleikum vörum

Gildir frá 1. -15. október

belladonna

Skeifunni 11 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460 • Fax: 517-6465
www.belladonna.is

**Ullarfrakkarnir komnir**

~~Áður 19.900~~

Nú **14.900**

Stærðir 12-22

MÁ SETJA Í ÞVOTTAVÉL



COSMO
Kringlunni

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

**LAGERSALA**
**LAGERSALA**

Opið hús í Heildverslun
að Dalshrauni 17, Hafnarfirði,
fimmtudag og föstudag 12-18:00
laugardaga 12-16:00

SKART • HÁRSKRAUT
TÖSKUR • HÚFUR
VETTLINGAR • SOKKAR
OG MARGT FLEIRA

Auglýsingasími 512 5473
;ALLT





**FEITLAGNAR FYRIRSÆTUR** sækja æ meira á í vinsældum hjá tískuhönnuðum. Þannig notaði Mark Fast nýlega þrjár fyrirsætur í stórum stærðum á tískusýningu. Þá heyrast einnig þær fréttir að hönnuðurinn þrói nú línu fyrir fataverslunina TopShop.






# Emami slær í gegn um allan heim

**Þrátt fyrir að íslensku hönnuðirnir hjá fatamerkinu Emami hafi aðeins unnið í tvö ár að fatalínu fyrirtækisins hafa fötin, sem eru svokölluð „multi-functional clothin", eða föt með marga möguleika, slegið í gegn og eru í sannkallaðri útrás.**

Velgengni Emami hófst með kjólnum „Limitless" sem hefur verið til sölu hérlendis í verslunum NTC og er nú seldur á Norðurlöndum, um alla Evrópu og jafnvel í Líbanon. Sigurganga kjólsins er að sögn Unnar Eddu Garðarsdóttur, útlitshönnuðar hjá Emami, að verða ævintýri líkust. „Emami hafði verið í innflutningi, hannað skartgripi og fleira þegar við snerum okkur að fatalínunni. Fólk hefur heillast af möguleikum fatnaðarins þannig að hægt er að breyta einni flík í ýmsar útgáfur af kjólum og pilsum."

Unnur Edda segir að mikil vinnugleði og ástríða ríki í vinnubúðum fyrirtækisins sem skili líka miklu en fyrirtækið stendur nú í viðræðum um útflutning enn víðar en staðið hafa yfir sýningar erlendis. „Þetta er sérstakt konsept og fólki þykir þetta spennandi. Einnig eru efnin í fatnaðinum vönduð og klassískir litir."

Kjólnum „limitless" er nú fylgt eftir með nýrri fatalínu frá fyrirtækinu þar sem hægt er að fá alls kyns flíkur í sama stíl og kjólinn en línan verður komin í búðir í Reykjavík og á landsbyggðinni í byrjun nóvember.

*- ima*





Hægt er að breyta einni flík þannig að hún myndi nokkrar útfærslur.

## Fötin heim að dyrum á svipstundu

Á FALLEGFOT.COM ER AÐ FINNA FÖT OG FYLGIHLUTI Á HAGSTÆÐU VERÐI.

Netverslunin www.fallegfot.com sem fagnar ársafmæli um þessar mundir hefur á boðstólnum kvenmannsfatað, herrafatnað og fylgihluti á hagstæðu verði. Fötin koma frá Bandaríkjunum og Grikklandi en afgreiðslutími er skammur þar sem allar vörurnar á síðunni eru þegar á landinu.

„Pöntunin fer í póst í síðasta lagi daginn eftir að varan hefur verið greidd og er því yfirleitt komin á leiðarenda um tveimur dögum eftir pöntun," segir Sigurbjörg Margrét Sigurðardóttir, eigandi verslunarinnar. Þó að um netverslun sé að ræða er einnig hægt að kaupa flíkurnar á staðnum en Sigurbjörg er með lager á heimili sínu í Hafnarfirði. Eins er hægt að skila vörum en inneignina verður þó að taka út í öðrum flíkum.

Sigurbjörg segir æ fleiri nýta sér vefinn og að hún fái sérstaklega mikið af fyrirspurnum utan af landi.

*- ve*

Tískan mótast oft af því hvernig fræga fólkið klæðir sig. Þegar frægðarsól Clarks Gable skein sem skærast var karlmannatískan oft sniðin að klæðaburði hans. Eitt sinn var honum heitt við tökur og fór úr jakka og vesti. Við það minnkaði vestissala um 40 prósent.



Af netinu











Fölsk augnhár voru fundin upp fyrir Hollywood-framleiðandann D.W. Griffith sem vildi auka við augnhár Seenu Owen í kvikmynd árið 1916. Augnhárin voru úr ekta mannshári.



Af netinu

;ALLT MATUR

## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

Bergþór Bjarnason skrifar frá París



# Kreppan á enda í tískuheiminum

Tískan er alltaf á skjön við okkar daglega líf og þess vegna kynna tískuhönnuðir tísku sumarsins 2010 þegar við erum að taka fram vetrarúlpur og peysur. Nú rétt fyrir opnun tískuvikunnar í París spyrja menn sig þeirrar spurningar hvort kreppan (til að mynda í tískunni) sé liðin hjá. Það hefur vissulega verið minna um stórfenglegar sýningar síðustu misseri og bæði hönnuðir og innkaupastjórar hafa haldið sig við þá vöru sem líklegust er til þess að seljast frekar en að bjóða upp á framúrstefnulega tísku. Eftir tískuvikuna í París verða tískufræðingar búnir að horfa á 386 sýningar, hvorki meira né minna.

Ef marka má nýafstaðnar tískuvikur bæði í Mílanó, New York og Lundúnum má kannski láta sig dreyma um endalok kreppunnar. Andrúmsloftið var líflegra og hönnunin skemmtilegri, bæði hvað varðar stíl og liti. Hressandi þegar litið er á þá drungalegu tísku sem seld er í búðum um þessar mundir. Næsta sumar verður undir yfirskrift lita og gleði og meiri dirfska í hönnun.

Tvennt er merki um uppgang í tískunni. Í Lundúnum var talsvert meira af innkaupastjórum á tískuviku en undanfarið og þrátt fyrir samdrátt í Evrópu og Bandaríkjunum er sífellt stærri hluti af markaðnum í Indlandi, Kína og nokkrum löndum í austri þar sem kreppan hefur haft minni áhrif og efnameiri eru sífellt fleiri. Af þessu njóta tískuhúsin góðs.

Annað sem einnig er talið vera tákn um hækkandi loftvog í tískunni, þessum annars yfirborðslega heimi, er hversu mörg kampavínsteiti eru í boði, hversu margir eru boðnir og auðvitað umfram allt hversu margar stjörnur láta sjá sig. Í New York á dögunum var það opnun á nýjum veitingastað, Boom Boom Room, sem dró að fimm hundruð manns, meðal annarra stjörnur eins og Madonnu og Jude Law. Þetta er heitasta heimilisfangið í dag. Í London var það sýning Burberry Prorsum sem dró að flesta úr þotuliðinu eins og Victoriu Beckham, Gwyneth Paltrow, Liv Tyler og fleiri en tískuvikan í Lundúnum á tuttugu og fimm ára afmæli um þessar mundir. Á sýningunum hvort sem var í New York, Mílanó eða London einkenndist andinn af bjartsýni og því að vilja gleðja augað. Þarna sáust skemmtileg kvenleg snið með þröngu mitti, breiðum herðum og stuttum síddum og hálsmálið er svo flegið að nánast sést niður í nafla. Litirnir verða skærir, til dæmis bleikir, turkisbláir en einnig vatnsgrænir og laxableikir með nokkrum tónum af ljósum sandlit.

Það verður því spennandi að fylgjast með tískusýningunum hér í París sem hefst í dag og sjá hvort endalok kreppunnar staðfestast hér líka.

*bergb75@free.fr*



Franski fatahönnuðurinn Sonia Rykiel mun hanna föt fyrir H&M.

# Sonia Rykiel hannar fyrir H&M

**Hátískuhönnuðurinn franski, Sonia Rykiel, hannar undirföt og prjónafatnað fyrir fatamerkið H&M.**

Rykiel verður nokkurs konar gestahönnuður verslunarkeðjunnar H&M í tvö misseri. Fyrir þennan vetur mun hún hanna sérstaka línu af undirfötum og fyrir vorið prjónalínu með fylgihlutum í stíl, fyrir konur og stúlkur frá 18 mánaða til 8 ára.

Undirfatalínan kemur í verslanir í byrjun desember í 1.500 H&M-verslunum. Þá verða undirfötin einnig til sölu í verslunum Soniu Rykiel um allan heim. Prjónalínan kemur síðan í verslanir í lok febrúar.

Rykiel er heimsþekkt í heimi hátískunnar og hefur sett mark sitt á tískuheiminn frá árinu 1968. Hún hefur oft kallað hönnun sína „démodé“ eða ótísku. Hún er þekktust fyrir peysur sínar, áberandi rendur á svörtum grunni, hnyttin slagorð, sauma að utanverðu og að sjálfsögðu alpahúfur eins og sönnum Parísarbúa sæmir.

Hún hefur unnið fjölda viðurkenninga og hefur samið níu bækur og allt frá árinu 1975 hafa undir fyrirtæki hennar verið hannaðar línurnar Sonia by Sonia Rykiel, Rykiel Woman og Rykiel Enfant, svo og skór og fylgihlutir.

Sonia fylgir nú í fótspor annarra frægra hönnuða sem starfað hafa fyrir H&M undanfarin ár. Þar má nefna Stellu McCartney, Karl Lagerfeld, Rei Kawakubo frá Comme des Garçons og Matthew Williamson. Nýjasta viðbótin er svo sérhönnuð lína skóa, veskja og fatnaðar frá Cimmy Choo sem kemur í verslanir í nóvember. *- sg*

## ANDAM-tískuverðlaunin veitt í 20. sinn

GILES DEACON HLÝTUR ANDAM-TÍSKUVERÐLAUNIN VIÐ UPPHAF TÍSKUVIKUNNAR Í PARÍS

ANDAM-tískuverðlaunin voru veitt í tuttugasta sinn í vikunni. Þá var tilkynnt að breski fatahönnuðurinn Giles Deacon hlyti verðlaunin. Athöfnin fór fram með pomp og pragt í gylltum sölum menningarráðuneytis Frakka sem er til húsa á fyrrverandi heimili Jérôme Bonaparte, yngsta bróður Napóleons. ANDAM (Association Nationale pour le Développement des Art de la Mode) eru verðlaun styrkt af frönskum yfirvöldum og eru ein elstu verðlaun í heimi sem styðja við unga og upprennandi hönnuði. Þau voru fyrst veitt árið 1989 að undirlagi Nathalie Dufour og Pierre Bergé sem var einn af stofnendum Yves Saint Laurent.



Giles Deacon hlaut ANDAM-tískuverðlaunin í ár.

Deacon, sem útskrifaðist árið 1992 frá Central Saint Martins, kom fram með eigin tískulínu árið 2003. Hann var útnefndur tískuhönnuður ársins í Bretlandi árið 2006.

Deacon mun sýna í fyrsta sinn í París hinn 8. október næstkomandi.










dömu/herra belti
Flex kr. 22.900,-
Flex Max kr. 27.900,-
System kr. 33.900,-
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is





NÝTT
Fáðu fæturna mjúka og fína á 2 vikum með Flextiol
Flexitol
Fæst í apótekum, fótaaðgerðastofum, snyrtistofum og öðrum verslunum.



Háreyðingavax sem hægt er að hita í örbylgjuofni og einnig vaxstrimlar


SÚKKULAÐIVAX
HAFRAVAX
SÚKKULAÐISTRIMLAR F. ANDLIT OG LÍKAMA
ATH. Súkkulaðivax hentar vel fyrir viðkvæma líkamshluta
ÚTSÖLUSTAÐIR: Apótek og snyrtivöruverslanir



;ALLT
HEIMILI



Fimmtudagsbrjálæði

Kjólabolir
áður 6.990 nú 4.990
Stuttir jakkar
áður 8.990 nú 4.990
Teygjubuxur undir skokka
áður 7.990 nú 4.990
Mikið úrval
á 2.000 kr slá
FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201



Fylgihlutirnir á sýningunni voru glitrandi flottir.


NORDICPHOTOS/GETTY

Lokaupprröðun fyrirsætna á tískusýningunni þótti skemmtileg en úr fjarlægð minna þær óneitanlega á Barbídúkkur.


Pastellitir og örstutt pils einkenndu vor- og sumarlínu Versace.

Fyrirsæturnar voru ekkert nema hárið og fæturnir.

Donatella segist hafa fengið innblástur frá Lísu í Undralandi.

Kvenofurhetjur gætu vel heillast af línu Versace.

# Donatella í Undralandi

**Bjartir pastellitir voru áberandi í vor- og sumarlínu Versace sem sýnd var á tískuvikunni í Mílanó um síðustu helgi. Örstutt pils og afturhvarf til tíunda áratugarins voru mottó dagsins.**

Innblástur að tískulínu sinni fékk Donatella Versace að eigin sögn frá kvikmynd Tims Burton, Lísu í Undralandi, sem kemur út á næstu mánuðum. „Mér fannst hugmyndin að slíku fantasíulandi heillandi,“ sagði tískuhönnuðurinn við alla þá sem tylltu fæti baksviðs að sýningu lokinni.

Fötin og sýningin þóttu í stórum dráttum vel heppnuð. Margir töldu sig sjá glitta í hugmyndafræði bróður Donatellu, Gianni, frá tíunda áratugnum en þó útfærða á nýstárlegan hátt með glitrandi glamúr að hætti Donatellu. *solveig@frettabladid.id*



MARIA LOVISA
FATAHÖNNUÐUR
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 6B
SÍMI 562 6999




Ilmvötn hafa verið notuð frá ómunatíð. Talið er að þau hafi gegnt hlutverki í trúarathöfnum Forn-Egypta. Ilmvatn nútímans varð til árið 1921 þegar Coco Chanel hóf að framleiða Chanel no. 5 eftir uppskrift Ernests Beaux.

**Af netinu**

# dagur græðara

FIMMTUDAGUR 1. OKTÓBER 2009



BIG
Bandalag íslenskra græðara

## Dagskrá 3. október á Hótel Loftleiðum

**9.30 – 9.35** Setning. Preben Jón Pétursson, FÍHN

**9.35** Lilja Oddsdóttir, lithimnufræðingur, formaður BÍG Um áfangasigra og markmið græðara

**10.00** Selma Júlíusdóttir, skólastjóri Lífsskólans Ilmolíur til lækninga

**10.25** Haraldur Magnússon, osteópati, B.Sc. Munurinn á mataræði fyrr og nú – til hins betra eða verra?

**11.05** Erla Ólafsdóttir, sjúkraþjálfari, CSFÍ Höfuðbeina- og spjaldhryggjarmeðferð, horft til framtíðar.

**11.30** Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir, ráðgjafi, B.Sc. líffræði Raki í húsnæði

**11.55** Margrét Bára Jósefsdóttir, ljósmóðir Viltu vera þinn eigin heilsumeistari?

**13.15** Eygló Þorgeirsdóttir, sjúkranuddari Líkami fyrir lífið

**13.40** Jakobína Eygló Benediktsdóttir, SSOVÍ Fjölþjóðleg rannsókn á áhrifum svæðameðferðar á krabbameinssjúklinga

**14.05** Ágústa K. Andersen, nálastungufræðingur og hómópati Hin fimm skapandi öfl; grunnur að heildrænni meðferð

**14.30** Hólmfríður Margrét Bjarnadóttir, hjúkrunarfr. M.Sc. Áhrif svæðameðferðar á þunglyndi og kvíða

**15.00** Stefanía Ólafsdóttir, Cranio Lífsorkan og cranio

**15.25** Arnbjörg Linda Jóhannsdóttir, grasalæknir Austræn hugmyndafræði í nálastungulækningum

**15.50** Þórgunna Þórarinsdóttir, SMFÍ Svæða-/viðbragðsmeðferð fóta og handa

**16.15** Gunnlaugur Guðmundsson, stjörnuspekingur Hvert er frelsi mannsins?

**16.35 – 16.55** Susanne Nordling, formaður NSK Um kosti og galla Evrópusambandsins fyrir græðara / meðferðaraðila á Norðurlöndum

**Þarftu að fyrirbyggja og endurheimta fyrri heilsu og orku?**
NES er byltingarkennd nálgun til að meta og efla góða heilsu og veitir þér heildræna vellíðan.
**Svana Ingvaldsdóttir**
Hómópati/
GSM: 866-9512
homopati@internet.is
www.heilsulausn.com
**Uppl. www.nutrienergetics.com**

**ACAI BER OG KALDPRESSAÐ DÖKKT KAKÓ**
*– hollara verður það ekki!!*
FRÁBÆRT VIÐSKIPTATÆKIFÆRI!
Kíktu á www.halla.jondora.com og hafðu svo samband!
Halla & Björn
Xocai-viðskiptafulltrúar

**Heildrænar meðferðir**
Borgarnesi, Egilsgötu 2
**Ayurveda heilsufræði, Vedisk stjörnuspeki**
*Björn Kristjánsson MA, gsm 869 2159*
**Höfuðbeina- og spjaldhryggsjöfnun, Facelift massage / galvanic spa**
*Ingibjörg Gunnlaugsdóttir, gsm 862 1357*
**Aromatherapynudd, Lithimnugreining**
*Jónína K. Berg, gsm 865 2581*

SMFÍ
WWW.SMFI.IS

*Heilsuvika 26. – 31. október á Ísis heilsuhofi Kaupangi*
isisheilsuhof.net
Kæru bæjarbúar, Ísis heilsuhof býður uppá heilsuviku 26. - 31. október.
Þessa viku verður meðferðartíminn á sérstökum afslætti og kostar þá 3000 kr.
Laugardaginn 31. október endum við heilsuvikuna með opnu húsi frá kl 10 – 14 og þá bjóðum við þér að koma og þiggja 15 mínútna svæðameðferð eða eyrnanálastungur.
ÍSIS HEILSUHOF • KAUPANGI VIÐ MÝRARVEG • 600 AKUREYRI

SHAKE YOUR SOUL!® the Joy of Dancing
**Hristu sálina!**
- með dansinum þínum
Púlsinn námskeið
**Helgarnámskeið 30. október**
Skráning og nánari uppl. í síma 848 5366 og www.pulsinn.is

**SVÆÐANUDD**
Mjög áhrifarík meðferð gegn ýmsum kvillum, s.s. **vöðvabólgu, vefjagigt, stirðleika í stoðkerfi og höfuðverkjum.** Frábær leið til slökunar og stuðlar að **jafnvægi, streitulosun, vellíðan og bættu blóðrásar-og orkuflæði** í líkamanum Er staðsett í Kærleikssetrinu í Mjódd.
**Tímapantanir í s: 8981597**
**Sonja.** ***Svæða og viðbragsfræðingur.***

**Útgefandi:** Bandalag íslenskra græðara **Heimilisfang:** Asparfelli 12, 111 Reykjavík
**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:** Lilja Oddsdóttir
**Vefsíða:** www.big.is Sími: 534 0800/66 40 850 **Auglýsingar:** Sigrún Sigurðardóttir.



**Örn Jónsson nuddari hjálpar fólki að takast á við streitu.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Notar heildræna nálgun til koma orkuflæðinu í gang

**Örn Jónsson, sjúkranuddari og kennari við Nuddskóla Íslands, býr yfir margvíslegri þekkingu á líkamanum og vinnur út frá heildrænni nálgun við hvern og einn. Hann blandar saman mörgum meðferðarformum eins og sjúkranuddi, nálastungum og heilsunuddi.**

„Mitt hlutverk er að bæta líðan fólks. Eins og í fleiri greinum heildrænna meðferða snýst starf mitt um að greina hvar kvillar eru í orkukerfi líkamans og hvernig hægt er að koma eðlilegu flæði af stað á ný. Ég tala því ekkert síður við mína skjólstæðinga en að nudda þá og spyr þá út í hin ýmsu atriði eins og mataræði og hreyfingu og almenna krankleika. Það er mjög mikilvægt að fá heildarmynd af lífi og líðan skjólstæðingsins til þess að geta sem best hjálpað honum."

Örn lærði kínverskar nálastungur og sjúkranudd í Svíþjóð.



**Nudd er ákjósanlegt meðferðarform, að sögn Arnar þar sem það hentar öllum óháð til dæmis kyni eða aldri.**

„Þær eru byggðar á mjög gömlum grunni og gagnast mörgum. Þetta snýst allt um ljós, birtu og tíðni orkunnar í líkamanum sem oft vill fara á skjön við áföll og streitu. Það er mikilvægt að rétta þessa þætti af til að orkan flæði aftur óhindrað."

Örn segir að fólk þurfi að vara sig á streitu. „Streita getur birst á svo margan hátt bæði innan frá og vegna ytri aðstæðna. Birtingarmyndin getur verið sjónræn, hávaði, skynjun eins og augnaráð frá einhverjum sem getur valdið almennum kvíða eða jafnvel sársauka í líkamanum. Ég nota mikið djúpslökun sem hjálpar fólki að finna hvaðan áreitið kemur en það auðveldar og flýtir fyrir meðferðinni."

Nudd er að hans sögn mjög ákjósanlegt meðferðarform því það hentar öllum óháð kyni, aldri eða þjóðerni. „Það mýkir vöðva og vefi, hjálpar til við losun úrgangsefna, örvar orkuflæði og blóðflæði. Einnig veitir nudd vellíðan og slökun sem er ekki síst mikilvægt. Þetta er því afar einföld leið til að viðhalda góðri heilsu."

Örn segir heilsunudd vera mjög fjölbreytt en þar megi nefna aðferðir eins og klassískt nudd, svæðanudd, heildrænt nudd, sogæðanudd, íþróttanudd, triggerpunkta-meðferð, ilmkjarnaolíufræði og höfuðbeina- og spjaldhryggjarmeðferð. „Ég er búinn að vera að nudda í 25 ár og finnst fólk nú á tímum vera að átta sig æ betur á mikilvægi góðrar heilsu," segir Örn, sem minnir á að á milli meðferða verði fólk að huga að mataræði og hreyfingu. *- uhj*

# Bandalag íslenskra græðara

Árið 1999 var haft samband við stjórn Félags íslenskra nuddara FÍN, nú FÍHN, og farið þess á leit að Ísland yrði með í stofnun samnorrænna regnhlífasamtaka innan heildræna heilbrigðisgeirans. Hugmyndin var áhugaverð þar sem meðhöndlarar um öll Norðurlönd voru að vinna að sams konar réttindamálum. Á hinum norrænu löndunum voru starfandi regnhlífasamtök fagfélaga sem unnið höfðu að velferð og viðurkenningu sinna félagsmanna í nokkur ár. Nú varð að stofna sams konar regnhlífasamtök hér á landi. Til að gera langa sögu stutta varð Ísland stofnfélagi regnhlífasamtakanna Nordisk Samarbejds Komite for ikke-konventionell medisin/terapi í mars árið 2000.

Félag íslenskra græðara, nú Bandalag íslenskra græðara eða BÍG, var formlega stofnað 30. nóvember 2000 og aðildarfélögin voru sex talsins en eru nú orðin níu.





NORDICPHOTOS/GETTY

Sameiginlegur titill félagsmanna er græðari.

Bandalagið hefur að leiðarljósi að vera hvetjandi og ráðgefandi fagbandalag íslenskra græðara, stuðla að uppbyggingu og framgangi á störfum græðara almenningi til gagns og efla fyrirbyggingu sjúkdóma og heilbrigði. Markmið BÍG er að vinna að viðurkenningu og sameiningu græðara, og vera tengiliður við stjórnvöld og fjölmiðla.

*Með vinsemd,*
*Ástríður Svava Magnúsdóttir, fyrrverandi formaður BÍG og sat í stjórn NSK.*

# Hómópatía og börn

**Börn eru yfirleitt mjög fljót að bregðast við hómópatískri meðferð. Enda eru börn venjulega full af orku og aðlögunarhæfni.**


Börn eru yfirleitt full af orku og því oft fljót að sýna svörun við hómópatískri meðferð, að sögn Guðrúnar Arnalds, hómópata og jógakennara. NORDICPHOTOS/GETTY

### LÍKT BÆTIR LÍKT

Hómópatía byggir á þeirri hugmyndafræði að meðhöndla skuli líkt með líku. Efni eða remedía sem getur valdið ákveðnum einkennum hjá heilbrigðri manneskju getur í örsmáum skömmtum hjálpað líkamanum að vinna úr þessum sömu einkennum þegar þau hrjá okkur. Þannig er remedía búin til úr kaffi notuð við svefnleysi og laukur er notaður við ofnæmisviðbrögðum sem lýsa sér í miklu tárarennsli og nefrennsli. Notuð eru ýmis efni úr náttúrunni og þynnt út í örsmáa skammta eftir ákveðnum aðferðum og það kallast remedía eða smáskammtur. Vel valin remedía getur ýtt undir heilunarkraft líkamans svo hann finni sjálfur leið til bata.

### STOFNGERÐIR

Í hómópatíu er talað um stofngerð eða „constitution", en hugtakið stofngerð stendur fyrir líkamsgerð, skaplag og eðli okkar sem lýsir því hvernig við erum byggð, hvar veikleiki okkar og styrkur liggja og hvernig við erum líkleg til að bregðast við undir álagi. Þessar stofngerðir speglast svo hver um sig í ákveðinni remedíu – sem er þá líkleg til að vera gagnleg ef við förum úr jafnvægi.

Meginstofngerðirnar eru nokkrar. Við tölum um að einhver sé Sulphur eða Lycopodium þó að auðvitað séu lýsingarnar sem fylgja remedíunni ekki lýsing á ákveðinni manneskju heldur eins konar leiðarljós sem hjálpar okkur að greina eina stofngerð eða remedíu frá annarri.

Þannig eru til dæmis Sulphurbörn mjög heitfeng og geta átt það til að fá exem og útbrot. Þau geta verið bæði sjálfstæð og uppátækjasöm. Calc-carb börn eru yfirleitt hlédrægari, bústin og pattaraleg og lenda stundum í erfiðleikum með tanntöku. Bæði Calccarb og Sulphur-börn geta fengið eyrnabólgu og þar er hómópatía til dæmis mjög sterkur kostur. Öll mein hafa bæði sína andlegu og líkamlegu hlið og hómópatía getur gagnast vel á báðum þessum sviðum.

Þeim sem vilja kynna sér meira um hómópatíu er bent á heimasíðu hómópata á www.homopatar.is og einnig er upplýsingar að finna á www.andartak.is.

*Guðrún Arnalds, hómópati og jógakennari. gudrun@andartak.is*

# Hátíð græðara og almennings

Bandalag íslenskra græðara (www.big.is) er regnhlífarsamtök fagfélaga heildrænna meðferðaraðila á Íslandi. Lilja Oddsdóttir segir frá degi græðara 3. október.

„Ákveðið var að stofna til sérstaks dags græðara hér á landi til kynningar á starfi græðara. Þann 3. október verður því Dagur græðara haldinn í fyrsta skipti," segir Lilja Oddsdóttir, lithimnufræðingur og formaður Bandalags íslenskra græðara.

„Við verðum með ráðstefnu á Hótel Loftleiðum þar sem haldnir verða fjölmargir fyrirlestrar fyrir almenning og í sömu viku munu græðarar standa fyrir ýmsum uppákomum víðs vegar um landið."


Lilja Oddsdóttir formaður Bandalags íslenskra græðara. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Lilja segir dagskrána fjölbreytta enda eru fulltrúar frá níu félögum innan Bandalagsins sem halda tölu. „Ég vil sérstaklega benda á fyrirlestur Susanne Nordling, formanns Norðurlandaráðs græðara, en hún ætlar að ræða kosti þess og galla fyrir græðara og neytendur að Íslendingar gangi í Evrópusambandið."

En hvað merkir það að vera græðari og hvaða mein eru þeir að græða? „Orðið græðari er hugtak sem valið var að nota yfir alla þá sem stunda náttúrulækningar og heildrænar meðferðir og eru aðilar að Bandalagi íslenskra græðara." Lilja segir að græðari skoði heildina. „Græðari hvorki skilgreinir né metur sjúkdóma heldur leitast við að leiðrétta ójafnvægi og vinna að bættum lífsstíl. Það má kannski segja að sameiginlegt markmið græðara sé að græða sárin."

Árið 2005 voru sett lög um græðara og reglugerð um skráningarkerfi þeirra. Lilja segir hvort tveggja þjóna margþættum tilgangi og hafa mikla þýðingu fyrir stöðu græðara. „Í fyrsta lagi skapa lögin og reglugerðin sameiginlegan grunn fyrir þá sem stunda heildrænar meðferðir, meðal annars að ákveðnar lágmarkskröfur ríki varðandi menntun og hæfni græðara. Í öðru lagi tryggja þau neytandanum ákveðið öryggi, meðal annars með ákvæðum um að skráðir græðarar hafi starfsábyrgðartryggingu og að skráningarkerfi græðara sé aðgengilegt öllum. Í þriðja lagi voru græðurum með þeim fengin ákveðin lagaleg réttindi, svo ef til vill má líta svo á að búin hafi verið til fagstétt sem starfar við heildrænar meðferðir og lýtur lögunum."

*- uhj*

## Mýkjandi og græðandi áhrif

**Íslensk fjallagrös eru talin hafa mýkjandi og græðandi áhrif á slímhúð í öndunarfærum og meltingarvegi og styrkja ónæmiskerfið. Þau eru sýkladrepandi og reynast vel við kvefi og flensu.**

### Fjallagrasate

*2 tsk. fjallagrös*
*2-3 dl vatn*
*Hunang eða sítróna*

*Hellið sjóðandi vatni yfir grösin, látið standa undir loki í 10 mínútur. Bragðbætið með hunangi eða sítrónu.*

### Kvöldte með fjallagrösum

*Mulin fjallagrös*
*Þurrmulin elfting*
*Þurrmöluð birkilauf og sprotar*
*Kerfilfræ eða þurrmulinn kerfill*
*Þurrkað blóðberg*

*Blandið jurtunum saman að jöfnum hluta. Hellið sjóðandi vatni yfir og látið standa í nokkrar mínútur.*

### Fjallagrasasúpa

*1 pakki fjallagrös*
*½ lítri vatn*
*½ lítri mjólk*
*Salt*
*Hunang*

*Setjið fjallagrösin í vatnið og látið suðuna koma upp. Bætið mjólkinni í. Takið af hellunni þegar sýður og látið standa í nokkrar mínútur. Saltið og bragðbætið með hunangi.*




Heilsuhöndin Heilsuhöndin | sérhæfing í heilsumeðferð
Hómópatísk bráðaþjónusta og heildræn meðferð á netinu.
Kynntu þér málið á www.heilsuhondin.is

HEILSUKJARNINN Sundlaug Akureyrar
www.heilsukjarninn.is
Nudd - Hómópatía - Heilun
INDJÁNA-GUFA fyrir hópa
Guðrún Ösp S:820-0800
Ingibjörg S:865-9134
María S:896-3374

HEILSUSETUR ÞÓRGUNNU
Viðurkenndur sérmenntaður kennari með 20 ára reynslu
SVÆÐANUDDNÁM
Kynningarnámskeið fyrir byrjendur
UNGBARNANUDD
Fyrir foreldra barna, 1-10 mánaða
Upplýsingar í síma 896-9653 og á www.heilsusetur.is.
Heilsusetur Þórgunnu
552 1850 / 896 9653 · www.heilsusetur.is

Heilsan í lag með ...
...ilmkjarnaolíunuddi-heilun
hefðbundnu slökunarnuddi – íþróttanuddi
Chakra
nudd- og heilunarstofa
Dalvegi 2, Sími 564-5803

Orkulind

Sérhannaðir skartgripir úr náttúrusteinum
Tinna María
Skráður græðari, sérhæfð í höfuðbeina- og spjaldhryggjarmeðferð fyrir börn og fullorðna.
Tímapantanir í síma: 698-7453 eða tinna@orkulind.is
Nánari upplýsingar, umsagnir og annað áhugavert efni á heimasíðu:
http://www.orkulind.is

Trimform Berglindar
Fyrst og fremst í 19 ár
Er ekki rétt að fjárfesta í sjálfum sér?
Því góð heilsa er gulli betri

Guðbjörg Gunnarsdóttir
Landsliðskona og atvinnumaður í knattspyrnu
Ég stundaði Trimform Berglindar í meiðslunum mínum. Það var algjör snilld að geta viðhaldið vöðvastyrk þegar ég var hoppandi um á hækjum og gat ekki hreyft mig. Trimformið er einnig frábær viðbót þegar maður er að æfa og virkar sérstaklega vel þegar maður vill leggja áherslu á einhvern ákveðinn líkamshluta. Ég mæli með Trimformi Berglindar fyrir alla!
Meðal árangursríkra meðferða:
- Grenning og styrking
- Meðferð við appelsínuhúð
- Húðstrekking
- Þjálfun grindarbotnsvöðva
- Meðferð við vöðvabólgu
FRÍR PRUFUTÍMI
Hjá okkur næröu árangri, því við höfum metnaðinn og reynsluna!
Trimform Berglindar | Faxafeni 14 | S: 553 3818 | www.trimform.is
Opið: Mánudaga til fimmtudaga kl. 8:00 - 18:00, föstudaga kl. 8:00 - 16:00

# Ábyrgð á eigin heilsu

Nú þegar stofnanir neyðast til að breytast eða hrynja ella, getum við átt von á því að heilbrigðiskerfi eigi eftir að ganga í gegnum miklar breytingar á næstunni.

Kynslóðir eldra fólks stækka og því eldri sem manneskjan er, því meira þarf hún á heilbrigðiskerfinu að halda. Munu heilbrigðiskerfi ráða við slíka aukningu samhliða niðurskurði á fjármagni?


Gitte Lassen

Kynslóðir eftirstríðsáranna eru kynslóðir með hátt menntunarstig sem vilja bera ábyrgð á eigin heilsugæslu. Sjúklingum í dag finnst að þeir eigi rétt á einstaklingsmiðuðum meðferðum og vilja hafa áhrif á meðferðarferli en á sama tíma er heilbrigðiskerfið að einfalda og draga úr þjónustunni.

Í dag er fólk betur upplýst um áhrif lífsstíls og áhættuhegðunar. Þeir sem vinna við heilsuvernd verða að hlýða kalli skjólstæðinga eftir raunverulegum stuðningi, sem felst í að setja sig inn í líf og lífsskilyrði þeirra. Þetta er stuðningur sem bæði heilbrigðisstarfsfólk og græðarar, sem vinna við forvarnir og heildrænar meðferðir, munu finna að aukin eftirspurn er eftir.

Með lögum um græðara frá 2005 fékkst viðurkenning frá Alþingi á því að græðarar vinna mikilvægt starf samhliða heilbrigðisstéttum. Þjónusta græðara er æ sýnilegri og eftirspurn eftir henni hefur aukist samhliða því sem fólk er meira upplýst og „kerfin“ hætta að þjóna tilgangi sínum á sama hátt og áður.
Lengri lífslíkur þýða einnig að fólk mun líta meira og meira til forvarnastarfs til að geta notið elliáranna betur.

*Gitte Lassen, skólastjóri Heilsumeistaraskólans.*


Leonard Mehlmauer kennir hagnýtar náttúrulækningar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Liggur í augum uppi

**Dr. Leonard Mehlmauer hefur helgað líf sitt rannsóknum í náttúrulækningum og þá sérstaklega augnfræðum. Hann segir að við getum séð í augum sérhvers manns hvar veikleikar og styrkleikar líkamans liggi.**

„Náttúrulækningar njóta sífellt meiri vinsælda og ástæðan er einföld,“ segir þessi Bandaríkjamaður, sem nýlega var hér á landi við kennslu í Heilsumeistaraskólanum. „Hefðbundnar lækningar eru einfaldlega að bregðast fólki og það illa.“

Hvernig eru þær að bregðast? „Hefðbundin læknisfræði býr yfir óhemjumiklum fjölda greininga á sjúkdómum og veitir líka í mjög mörgum tilfellum bráðalækningar. En það sem læknar innan hennar gera í raun ekki er að kenna fólki hvernig því geti liðið vel. Heilbrigðisgeirinn er í raun viðgerðaþjónusta, þar er gert við líkamann og reynt að losna við sjúkdóma með inngripum og lyfjameðferðum. Það er ekki heilsugæsla. Það eru ekki forvarnir.“


Mehlmauer segir veikleika og styrkleika líkamans liggja í augum sérhvers manns. MYND/ÚR EINKASAFNI

Mehlmauer segir náttúrulækningar horfa til forvarna. „Fyrsta reglan er að gera ekkert sem skaðað gæti skjólstæðinginn. Þar eru engin inngrip eins og skurðaðgerðir, lyfjagjafir eða sprautur sem innihalda efni sem gætu verið eitruð. Á hverju ári þjást og deyja þúsundir vegna lyfja og læknamistaka á sjúkrahúsum. Í Heilsumeistaraskólanum kenndi ég meðal annars námsefni sem fjallaði um hagnýtar náttúrulækningar en þar er utanaðkomandi lækning í raun ekki markmiðið.“

Hvers vegna? „Til þess að læknast raunverulega þarf skjólstæðingurinn að skilja hvernig hann fékk sjúkdóminn. Hann gæti til dæmis ekki hafa borðað rétt eða hreyft sig nægilega mikið. Það er meðal annars hlutverk náttúrulækna að fara ofan í saumana á lífsmynstri skjólstæðingsins, fá hann til að skilja það og hjálpa honum að mæta vandanum. Skjólstæðingurinn þarf að taka ábyrgð á eigin heilsu. Vandinn er yfirleitt fyrst og fremst tengdur mataræði,“ segir prófessorinn, sem borðar að mestu leyti aðeins hráfæði jafnvel þótt honum þyki það ekki alltaf sérlega gott. „En ég veit að það er gott fyrir líkamann minn.“

Mehlmauer getur, eins og áður segir, séð ýmsa veikleika fólks með því einu að taka mynd af augum þess og greina. „Augun eru eins og kort af líkamanum. Þetta er þekking sem er búin að vera til í þúsundir ára en ekki eru nema um 200 ár síðan Þjóðverjar endurvöktu fræðin af alvöru. Þetta eru ótrúleg vísindi og smám saman erum við að finna okkar rætur aftur og rannsaka upp á nýtt.“

Hér eru krækjur á tvær heimasíður þar sem lesa má meira um verk dr. Leonards Mehlmauer: www.eyology.com og www.heilsumeistaraskolinn.com. *- uhj*

# Tveir ljúffengir og hollir safar



**Grænn hristingur**

2 dl kalt vatn
100 g af grænu blaðgrænmeti
1 epli
1 banani

*Blandað vel í góðum blandara*

**Blandaður safi**

250 g gulrætur 250
2 stilkar sellerí
2 stk. epli, græn og lífræn
1/3 rauðrófa (meðalstærð), þvegin og höfð með hýði
1/2 gúrka eða lúka af blaðgrænmeti, svo sem spínat eða rukola um það bil 1/2 sítróna, lífræn með hýði
1 hvítlauksrif, meðalstórt
engiferbiti


HEILSUHRINGURINN
www.heilsuhringurinn.is

**Heilsuhringurinn er kominn á netið...**

...og af því tilefni höfum við byggt upp greinarsafn með völdum greinum úr eldri blöðum. Heilsuhringurinn er tímarit með áherslu á heilsu, velferð og óhefðbundnar lækningar og hefur verið starfandi í yfir 30 ár.

**Skráðu þig á póstlistann**
**Nýtt efni væntanlegt**



HEILSUHRINGURINN
www.heilsuhringurinn.is
*Óháður vefur um heilsu og velferð*

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

Lífrænn
Sorbet ís
Frískandi og góður!



Jarðarberja Kókos Mangó

Bio•Bú
www.biobu.is
Sími: 587 4500
Netfang: biobu@biobu.is

# ÚLPUR OG YFIRHAFNIR

Sérblað fimmtudagur 1. október 2009





66° NORÐUR



**Laugavegur**
Dömu dúnkápa
Stærðir: S–XL
Verð 79.500 kr.



**Langjökull**
Primaloft jakki
Stærðir: S–2XL
Verð 39.800 kr.



**Sleipnir anorak**
Stærðir: 104–164
Verð 19.800 kr.



**Bragi dún parka**
Stærðir: 104–164
Verð 38.000 kr.

66north.is





**Hilmar Kristjánsson, aðstoðarverslunarstjóri 66° Norður, segir fyrirtækið aðeins vinna með heimsklassa efni.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Heimsþekkt vörumerki

**Úlpurnar frá 66° Norður eru löngu þjóðþekktar fyrir gæði. Nú hefur áhugi útlendinga einnig vaknað enda vörurnar farnar að seljast vel í Evrópu og Bandaríkjunum.**

„Hér á Íslandi þurfa úlpur að halda vatni og vera hlýjar, maður veit jú aldrei hvenær veðrið breytist," segir Hilmar Kristjánsson, aðstoðarverslunarstjóri 66° Norður, um hvaða eiginleika úlpur þurfi að hafa. „Við notum aðeins heimsklassa efni í vörur okkar og gæðaeftirlitið er mjög gott enda er 66° Norður íslenskt framleiðslufyrirtæki með vörur hannaðar fyrir íslenskar aðstæður," segir hann.

Og hverjar eru helstu nýjungarnar? „Nýjasta efnið í dag er svokallað primaloft, en við byrjuðum að vinna með það í fyrravetur," svarar Hilmar og heldur áfram. „Þetta er örþunn trefjablanda sem var upprunalega hönnuð fyrir herinn, til þess að koma í staðinn fyrir gæsadún og er að mörgu leiti betri, efnið þynnra og pakkast betur saman," segir hann en 66° Norður býður nú upp á tvær útfærslur af primaloftjökkum; Langjökul og Vatnajökul.

Fyrirtækið er þó ekki hætt að nota dúninn enda segir Hilmar hann ávallt standa fyrir sínu. Hann bendir því til staðfestingar á vinsældir vatnsheldu dúnúlpnanna Bragi Parka fyrir börn og Þórsmörk Parka fyrir fullorðna sem hafa notið mikilla vinsælda síðustu ár.

Hilmar segir mjög breiðan hóp viðskiptavina versla við 66° Norður. „Við erum með svo vítt svið, allt frá fatnaði á ungbörn upp í dúnfatnað á Suðurpólinn. Íslendingar versla mikið við okkur, þeir þekkja gæðin og vita að þeir geta leitað til okkar í sambandi við þjónustu og viðgerðir," segir Hilmar og bætir við að útlendingar hafi keypt mikið af vörum fyrirtækisins í sumar.

„Merkið er í raun orðið heimsþekkt og við erum að koma nokkuð sterkt inn á Þýskalandsmarkað," upplýsir Hilmar. Hann vill meina að Þýskaland sé hliðið að útivistarbransanum í Evrópu.

66° Norður stefnir á frekari útrás. „Við tökum þátt í sölusýningum á borð við Ispo í Evrópu sem er stærsta vetrarútivistarsýning í heimi og Outdoor í Þýskalandi sem er sumarútivistarsýning, ásamt fleiri sýningum í Bandaríkjunum og þar komum við okkur á framfæri," segir Hilmar.

Bandaríkjamenn og Evrópubúar versla mikið í gegnum vefverslanir 66° Norður á www.66north.com en auk þess er fyrirtækið með verslanir í Lettlandi, Litháen og Danmörku. Þar að auki fást vörurnar hjá endursöluaðilum í fjölmörgum öðrum löndum.

Hér heima rekur fyrirtækið sex verslanir: í Bankastræti, Kringlunni, Smáralind, Faxafeni, Garðabæ og á Akureyri, auk tveggja útsölumarkaða í Faxafeni og á Akureyri. Einnig eru vörurnar í umboðssölu víða um land. Til nánari glöggvunar á framboði 66° Norður má benda á vefsíðuna www.66north.is.

## Stungið og glansandi

Stungnar úlpur með glansáferð hafa notið nokkurra vinsælda undanfarin ár enda hefur mátt sjá stungnu aðferðina víðar á því nýjasta nýja, svo sem á sófasettum, rúmgöflum og púðum. Belgíski hönnuðurinn Dries Van Noten kynnti þessa úlpu síðasta vetur í París.

Glansáferð og stungnar úlpur eru mjög vinsælar áfram í vetur og ekki skemmir að fá úlpuna í fjólubláum lit eins og þessum. Stórir treflar og klútar poppa svo úlpulingana upp ekki síður en beltin. *- jma*



**Fjólublár vetur er það sem koma skal.**

## Bogart gerði rykfrakkann ódauðlegan

Tvíhneppti rykfrakkinn hefur varð ódauðlegur í kvikmyndum og sjónvarpsþáttum þegar Humphrey Bogart klæddist einum slíkum í Casablanca. Frakkinn sem hann klæddist þar var Burberry-tegundar og sömuleiðis var frakkinn sem Audrey Hepburn klæddist í Breakfast at Tiffany's frá því merki.

Bogart og Hepburn komu frökkunum á kortið í kvikmyndaverunum en síðan þá hafa frakkar oft verið notaðir sem einkennisklæðnaður aðalpersónunnar. Þannig hafa einkaspæjarar svo sem Clouseau og Dick Tracy klæðst rykfrökkum.

Af sjónvarpsþáttum má nefna X-Files þar sem bæði Fox Mulder og Dana Scully mættu á vettvang í rykfrökkum. Vampírur eru líka einhverra hluta vegna oft látnar klæðast rykfrökkum eins og í Buffy the Vampire Slayer sem sló öll áhorfsmet í Bandaríkjunum.

Hinn upprunalegi rykfrakki var fyrst notaður af hermönnum í fyrri heimsstyrjöld og var hann vatnsheldur. *- jma*



**Upprunalegi rykfrakkinn er frá heimsstyrjöldinni fyrri.**


Kate Moss sést gjarnan í pels.


Gucci sýndi þessa dásemdaryfirhöfn á pöllunum fyrir nokkru sem tilheyrir vetrarlínunni hjá þeim í ár.

# Skinn og fjaðrir í vetur

Loðfeldir koma og fara úr tísku og þrátt fyrir að ákveðinn hópur sniðgangi loðfeldi algerlega, eins og Brigitte Bardot og fleiri vinkonur hennar, virðist loðfeldurinn aldrei sleginn út af laginu.

Í vetur á skinn og hvers kins fjaðrir og annað slíkt úr dýraríkinu upp á pallborðið og stuttir pelsar, sem ná að mitti eða rétt fyrir neðan rass verða sérstaklega áberandi. Ef manni finnst svo of þungt að ganga í heilum pels er um að gera að hressa upp á heildarútlitið með því að setja skinnkraga til dæmis á jakkann. Stakir skinnkragar fást til að mynda í Rauða kross búðinni. *-jma*


Hægt er að ganga að Carhartt-úlpunum vísum í SMASH en sama vinsæla sniðið hefur fengist þar undanfarin ár. Sigríður er hér fyrir miðju.
MYND/KRISTJÁN GÚSTAFSSON

# Hægt að ganga að vinsælasta sniðinu vísu

**Carhartt-, MAO- og MIA -úlpur njóta vinsælda í SMASH og Gallerí Sautján.**

Í verslununum SMASH og Gallerí 17, sem tilheyra NTC-verslanakeðjunni, fyllist allt af úlpum og öðrum útivistarfatnaði á þessum tíma árs. Yfirhafnirnar eru bæði hugsaðar fyrir fólk að spóka sig í á götum úti sem og uppi um fjöll og firnindi, enda smart, hlýjar og endingargóðar.

„Carhartt-úlpurnar okkar eru sérstaklega vinsælar en við höfum verið með sömu týpuna undanfarin ár. Herra- og dömuúlpurnar eru búnar svipuðum eiginleikum og er hægt að taka loðið af hettunni og þrengja þær í mittið," segir Sigríður Garðarsdóttir rekstrarstjóri SMASH. „Ég hef átt mína úlpu í þrjú ár og hún er eins og ný þrátt fyrir mjög mikla notkun og að hafa farið ófáum sinnum í þvottavélina." segir Sigríður. " Þá fást líka flísfóðraðir anorakkar fyrir bæði kyn í miklu úrvali. „Anorakkarnir hafa yfirleitt verið einlitir, en í vetur bjóðum við upp á þá í mismunandi mynstrum." SMASH hefur selt Carhartt-merkið í allnokkur ár en um er að ræða evrópska útgáfu sem byrjað var að framleiða árið 1997. Merkið er einnig framleitt fyrir Bandaríkjamarkað en fötin í SMASH eru sniðin að evrópskum kaupendum.

„Hjá NTC fást líka MAO -og MIA- úlpur sem NTC hannar og framleiðir. Þær hafa notið mikilla vinsælda í gegnum árin enda flottar úlpur á góðu verði. Úlpurnar eru í stöðugri þróun og í vetur var bætt við skemmtilegum Ipod vasa og krækju fyrir heyrnartólsnúruna." MAO og MIA úlpurnar eru seldar í Sautján, Deres, Urban og Retro.

Sigríðir segir svarta litinn ráðandi þó aðrir litir slæðist með. „Úlpur og aðrar yfirhafnir eru flíkur sem fólk ætlar sér að eiga í einhver ár og þá hallast flestir að svörtu sem fer við allt."


carhartt

**Carhartt**
Stærðir: xs–l
Litir: svartur
Verð: 38.990 kr.
Dömuúlpa


carhartt

**Carhartt**
Stærðir: xs–xxl
Litir: svartur, blár og brúnn
Verð: 38.990 kr.
Herraúlpa


mia

**Mia**
Stærðir: xs-xl
Litir: svartur
Verð: 15.990 kr.
Dömuúlpa

mao

**Mao**
Stærðir: xs–xxl
Litir: svartur (coated)
Verð: 24.990 kr.
Herraúlpa



VERO MODA®



**Luck 3/4 jacket**
Verð 19.900 kr.
Kemur í svörtu, hvítu og gráu.
Einnig til með rykkingum á ermum auk styttri útgáfu sem kostar 16.900 kr.
Fylling 60% dúnn og 40% fiður.



**Diana plain w jacket**
Verð 7.990 kr.
Kemur í svörtu, brúnu og grænbláu.
Polyester fylling.
Frábær skólaúlpa.



**Nika short jacket**
Verð 9.500 kr.
Kemur í svörtu og gráu.
Fylling 100% polyester (dúnlíki).



**Baldwin 3/4 jacket**
Verð 8.900 kr.
Kemur í hvítu.
100% polyester (dúnlíki).




Verslunarstjóri Vero Moda í Kringlunni, Ruth Einarsdóttir, segir úlputískuna í vetur mjög fjölbreytta, sérstaklega í sniðum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Svartar, gráar og ljósar úlpur mest áberandi

**Vero Moda býður í vetur upp á úlpur frá Vero Moda og Only og segir Ruth Einarsdóttir, verslunarstjóri Vero Moda í Kringlunni, að mörg snið séu í boði og afar fjölbreyttar gerðir.**

„Úrvalið nú í haust er sérstaklega gott og úlpurnar eru á góðu verði, þær ódýrustu frá 7.990 krónum og svo erum við með síðar dúnkápur á 19.900 krónur og svo verð allt þar á milli. Úlpurnar eru bæði síðar og stuttar og margar tegundir eru með belti. Þó nokkuð er um að þær séu stungnar.“

Ruth segir að þrátt fyrir ýmislegt aukalegt, svo sem belti, séu úlpurnar allar mjög klassískar í útliti og því hægt að nota þær í nokkur ár.

„Aðallitirnir í vetur eru svartur, grár og ljós en svo eru úlpurnar frá Only til í ýmsum litum, svo sem grænbláum, karrígulum og brúnum, en yngri kynslóðin hefur verið mjög hrifin af úlpunum frá Only.“

Ruth segir að sem betur fer sé orðin almenn vakning á Íslandi um að klæða sig eftir veðri. Segja megi að það sé komið í tísku. „Gæði úlpanna eru mikil og úlpurnar frá Vero Moda eru vel merktar hvað innihald varðar þar sem á hverri flík hangir lítil plastkúla, sem segir til um hversu mikill dúnn er í úlpunum – og margar þeirra innihalda allt upp í sextíu prósent dún.“

Aðsniðnar úlpur, sem mörgum þykja klæðilegri, eru til í miklu úrvali og svo njóta stuttu úlpurnar alltaf ákveðinna vinsælda að sögn Ruthar, þar sem mörgum þykir til að mynda betra að keyra bíla í styttri týpum.

„Annars er mjög margt spennandi í gangi sem eykur fjölbreytileikann. Bæði glansáferð og mött og svo er þó nokkuð um loðkraga og skinnáferð. Það ættu því allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.“

## Falleg belti við úlpuna í vetur

Í takt við afar kvenlegan tískuvetur sem nú fer í hönd má sjá fleiri og fleiri yfirhafnir með beltum; kápur og jafnvel stuttir jakkar og síðast en ekki síst úlpurnar eru skreyttar með fallegu belti sem dregur athyglina að mittinu.

Fyrir þá sem eiga úlpu án beltis, sérstaklega ef hún er nokkuð síð, er um að gera að finna eitthvert fallegt belti inni í skáp og binda utan um mittið og sjá hvort það fari ekki vel. Svart belti er nokkuð traust, einkum við skærlitar úlpur. *- jma*



Bleik úlpa frá Marc Jacobs með svörtu belti.





Fjöldi listamanna hefur sungið yfirhafna sinna. Meðal þeirra eru Raggi Bjarna, Elton John og Leonard Cohen.

## Sungið til yfirhafnanna

Yfirhafnir hafa oft orðið listamönnum að yrkisefni í gegnum tíðina. Má þar nefna hið bráðskemmtilega lag Flottur jakki sem Raggi Bjarna hefur sungið inn í hjörtu stoltra jakkaeiganda, þekkt er svo lagið Famous Blue Raincoat með sjálfum Leonard Cohen. Bloodhound Gang söng lagið Short Skirt, Long Jacket.



Jakki ástarinnar skaut svo upp kollinum í laginu Jacket of Love með The Lyle and Sparkleface Band. Elton John hefur svo sungið um leðurjakka í laginu Leather Jacket. Þekktasta peysa veraldar er þó vafalaust peysan sem meðlimir Weezer sungu um í laginu The Sweater Song. Þá má einnig nefna að í Fóstbræðrum var sungið lagið Úlpan mín.



Mafíumeðlimirnir í Goodfellas, kvikmynd Martins Scorceses, hefðu vart sætt sig við leðurjakka úr plasti.

# Ítalska mafían viðriðin fölsun á leðurjökkum

Tveir ítalskir menn voru í vikunni ákærðir fyrir að selja fólki plastjakka sem framleiddir eru Kína. Þeir sem keyptu jakkana héldu að þeir væru að fjárfesta í þvottekta ítölsku leðri. Lögregla leitar nú þriðja mannsins sem grunaður er um að hafa tekið þátt í svikunum. Sá aðili grunaður um að vera meðlimir í ítölsku mafíunni.

Mennirnir tveir voru handteknir í Eagan-hverfinu í Minneapolis í vikunni. Lögreglan á staðnum telur að tugir manna hafi látið glepjast af gylliboðum félaganna, en þeir seldu jakkana úti á götu í miðbænum eða beint úr skottinu á bílaleigubíl.

Aðilinn sem leitað er að er talinn tengjast fatafölsun í stórum stíl. Lögreglan á staðnum vonast nú eftir kaupendur gefi sig fram. „Engum þykir gaman að viðurkenna að þeir hafi látið gabba sig. En nú er rétti tíminn til að gefa sig fram og segja „Hei, það var svindlað á mér. Hér eru jakkarnir þrír og ég borgaði tvö hundruð dollara í reiðufé fyrir þá,“ hefur staðarvefurinn Startribune.com eftir lögreglumanninum Brian Gunderson.

**● ANORAKKURINN GRÆNLENSKI** Þótt aðeins um það bil 50 þúsund manns tali grænlensku eru nokkur orð úr þessu máli alþjóðleg, svo sem bátsheitin kajak og umiak. Það orð sem Íslendingum er þó tamast úr grænlensku máli er þó vafalaust hin skjólgóða flík anorakkur. Upphaflegi anorakkurinn frá Grænlandi var stór skinnyfirhöfn með hettu, á henni var oft skinnbrydding til að verja andlit fólks fyrir nöprum vindum. Þessar flíkur voru oft úr selskinni. Því næst var lýsi borðið á til að mýkja upp, gera vatnsþéttari og vindheldari. Anorakkar samtímans hafa tekið stakkaskiptum en gaman getur verið að hafa upprunan í huga. Orðið og hönnunin hefði eflaust ekki borist um heimsbyggðina nema vegna þess að um góða uppfinningu var ræða.



# Útivistarfyrirtæki í sókn

**Icewear er alhliða útivistarfyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu og dreifingu á íslenskri hönnun.**



„Við leggjum okkur fram við að bjóða gæðavörur, þar sem efni, litir og snið fylgja nýjustu straumum,“ segir Ágúst og tekur fram að verðinu sé stillt í hóf.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Við erum að koma með nýja línu á markað sem er afar hentug til útivistar, úr vönduðum efnum og á viðráðanlegu verði,“ segir Ágúst Eiríksson, framkvæmdastjóri heildverslunarinnar Drífu, Suðurhrauni 12c í Hafnarfirði, sem stendur á bak við vörumerkið Icewear.

Nýja línan er að sögn Ágústs viðleitni til að bæta stöðugt við vöruúrval Icewear, sem var stofnað árið 1972 og hefur verið í mikilli sókn síðustu ár. „Í upphafi sérhæfði fyrirtækið sig í framleiðslu á peysum og jökkum úr íslenskri ull. Upp frá því hefur fyrirtækið tekið stakkaskiptum, sérstaklega síðustu sex ár, en þá hófum við jafnframt framleiðslu á útivistarlínu, dúnúlpum og fleiru.“

Í því samhengi nefnir Ágúst til sögunnar dúnúlpur í nýju línunni sem er hönnuð af Guðbjörgu Þórisdóttur og eru að hans sögn afar vandaðar. „Þær eru sjötíu prósent dúnn og þrjátíu prósent fiður, með snjóvörn, vind- og vatnsheldar og með límdum saumum. Svo er verðinu stillt í hóf, aðeins 36.000 krónur út úr verslun.“ Hann bendir á að Soft shell-jakkar í sömu línu séu góðir, vatnshrindandi og með öndun.

Hjá Icewear starfa átta starfsmenn, þar af tveir hönnuðir í fullu starfi. Fyrirtækið er einnig með dótturfyrirtæki í Litháen, sem annast vörudreifingu þess til Evrópu. Eru vörurnar seldar til Austurríkis, Þýskalands, Noregs og einnig Kanada og norðurhluta Bandaríkjanna og fást í um það bil 150 verslunum. Að sögn Ágústs á fyrirtækið svo í samningaviðræðum við aðila í Svíþjóð og Finnlandi um sölu og dreifingu.

Þannig að þið hafið í nógu að snúast? „Já, eftirspurnin er mikil, bæði hér og erlendis,“ segir Ágúst og rekur það til gæða og góðs verðs. „Það er ekki hægt að neita því að við höfum selt mikið til ferðamanna og með þessu áframhaldi má reikna með að við fjölgum starfsfólki.“

Ágúst bætir við að Icewear hafi svo nýverið stigið stórt skref til að koma vörum sínum enn betur á framfæri til viðskiptavina sinna. „Nú gefst mönnum í fyrsta skipti færi á að skoða vöruúrval okkar á netinu á vefsíðunni wwww.icewear.is og eiga þar viðskipti,“ segir hann. „Við vonumst til að fólk nýti sér þennan möguleika, enda sáraeinfalt að gera þar kaup.“


**ICE WEAR**



**Sigrún tæknilegur jakki**
FW-1034
Efni: Polar Action Ice-Softshell, 3ja laga efni.
Ysta lag: 100D, efni teygist á 4 vegu, 94% pólýester, 6% teygja.
Miðlag: TPU filma, andar og hrindir frá sér vatni.
Innsta lag: 100D/144F Flísefni, 100% pólýester.
Verð 19.360,- kr.



**Julia dún stormjakki**
FW-1049
Ysta lag: 100% nælon, mjög slitsterkt.
Fylling: Gæsa dúnn 70/30 (dúnn/fiður).
Innsta lag: 100% nælon fóður.
Verð 36.000,- kr.



**John dún stormjakki**
FW-2049
Ysta lag: 100% nælon, mjög slitsterkt.
Fylling: Gæsa dúnn 70/30 (dúnn/fiður).
Innsta lag: 100% nælon fóður.
Verð 36.000,- kr.



**David tæknilegur jakki**
FW-2037
Efni: Polar Action Ice-Softshell, 3ja laga efni.
Ysta lag: 100D, efni teygist á 4 vegu, 94% pólýester, 6% teygja.
Miðlag: TPU filma, andar og hrindir frá sér vatni.
Innsta lag: 100D/144F Flísefni, 100% pólýester.
Verð 24.400,- kr.

ARMANI COLLEZIONI



**Armani kápa**
Stærðir: 38–44
Litir: fjólublár
Dömukápa



**Armani kápa**
Stærðir: 38–44
Litir: Svartur
Efni: „Virgin Wool“
Dömukápa



**Armani úlpa**
Stærðir: 48–56
Litir: Svartur
Herradúnúlpa



**Armani jakki**
Stærðir: 48–56
Litir: Grár/brúnt vatterað fóður
Efni: Ytrabyrði, ullarblanda
Herrajakki



Hermann Hauksson, innkaupastjóri hjá Sævari Karli, segir að hugsað hafi verið upp á nýtt þegar vörur voru teknar inn fyrir veturinn. Tímar djarfra ákvarðana í innkaupum séu liðnir í bili. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Sígild snið, notagildi og andi eftirstríðsáranna

**Klassísk fegurð eftirstríðsáranna gengur aftur í klæðnaði þennan vetur. Eftirstríðsárin voru ekki bara tími dugnaðar og öflugs uppbyggingarstarfs. Þau voru líka tími þegar fólk þurfti að halda að sér höndum og sjá til þess að peningum þess væri sem best varið.**

Þessa sögu má vel sjá í yfirhöfnunum í Sævari Karli þessa dagana. Vönduð efni ráða ferðinni og klassísk snið, sem leggja áherslu á að draga fram það fegursta í fari kynjanna.

„Þegar við tókum inn vörur fyrir þennan vetur hugsuðum við allt upp á nýtt. Nú kaupa menn bara það sem þeir vita að þeir muni nota, þeir hafa einfaldlega minni áhuga á að taka áhættu í fatavali,“ segir Hermann Hauksson, innkaupastjóri hjá Sævari Karli.

Hermann tekur dæmi um að þar sé nú til sölu grár fóðraður jakki. Snið hans og útlit minni talsvert á svokallaða blazer-jakka sem ávallt standi fyrir sínu. Þar með sé þó ekki öll sagan sögð því í honum sé klæðilegt vesti og því megi segja að tvær hliðar séu á þessum eina jakka, sem nýtist eiganda hans vel. Auk þess sé hann þannig úr garði gerður að hann gangi vel við hversdagslegar gallabuxur sem og þær sem notaðar eru við virðulegri tilefni.

Þá segist Hermann einnig hrifinn af klassískum dúnúlpum, gæðavöru sem komi aftur ár eftir ár. „Það eru hámarks gæðaefni í öllu hérna. Helst notum við 100 prósent ull og ef eitthvað er á móti er það helst bara kasmír sem er notað,“ segir hann og bætir við að með því að velja góð efni í fötin líði manneskjunni sem klæðist þeim betur. Fötin séu endingarbetri og einfaldlega fallegri. Hermann segir fatnaðinn fremur aðsniðinn og fara vel á mönnum svo lengi sem þeir hugi að því að bera sig vel.

Hildur Erla Björgvinsdóttir, framkvæmdastjóri Sævars Karls, segir að kventískan einnig bera dám af eftirstríðsárunum og einkennast af miklum kvenleika og þokka. „Lykilatriðið nú er mittið,“ segir hún. Allar yfirhafnir séu aðsniðnar og mjög kvenlegar þar sem áhersla sé lögð á mjúkar línur konunnar. Svartur litur sé áberandi auk grárra tóna en einnig megi sjá fjólubláan lit bregða fyrir sem og öðrum bláum tónum. Buxurnar séu háar og þröngar.

Þá bendir Hildur á að hugað hafi verið að íslenskri veðráttu við valið á fatnaðinum. Yfirhafnir séu oftar með góðu fóðri með tilliti til aðstæðna hér á landi. En auk þess verði stuttir leðurjakkar talsvert fyrirferðarmiklir og svokallað „rock chick“ útlit í anda rokkabillísins, sem alltaf snúi aftur í hringrás tískunnar. „Það verður lítið taki áhættu í fatavali í vetur og því áhersla lögð á að fötin sé hægt að nota við sem flest tilefni og að þau séu endingargóð.“

# Umdeildur feldur



Feldur er meðal fyrstu efna sem notuð voru í föt manna og til skrauts.

Í dag eru pelsar með dýrari fötum sem fást og flestir tengja þá hinum frægu og ríku. Þó eru þeir enn notaðir á köldum slóðum enda fátt sem heldur jafn vel hita og góður feldur.

Á síðustu áratugum hafa miklar gagnrýnisraddir vaknað á notkun dýrafelda þar sem dráp á dýrum fyrir klæðnað þykir ómannúðlegt og óþarft. Samtök á borð við PETA, sem berjast fyrir dýravernd, hafa vakið athygli á óréttmæti þess að rækta dýr til fataframleiðslu. Barátta PETA og annarra dýraverndarsamtaka gegn pelsanotkun náði hámarki á níunda og tíunda áratugnum með þátttöku frægs fólks á borð við Alec Baldwin, Paul McCartney, Pamelu Anderson og Söruh Jessicu Parker. Þá er löngu orðið frægt þegar Christy Turlington og Naomi Campell sátu fyrir naktar undir því yfirskini að þær vildu heldur vera naktar en klæðast pelsum.



Sophia Loren er þekkt fyrir að ganga í pelsum og gefur ekki mikið fyrir andmæli PETA.



Fjólubláu hefur verið spáð vinsældum í vetur og virðist Kushino alveg með á nótunum.



Þessi fyrirsæta skartaði klassískri kápu á sýningunni.



Hér gægjast rauðar sokkabuxur undan gráum pilsfaldi.

AFP/NORDICPHOTOS

# Töfrandi vetrartíska Í TÓKÝÓ

**Fyrr á árinu sýndu nokkrir af fremstu hönnuðum Japans vetrartískuna. Þar á meðal var Yuma Kushino, sem þykir standa framarlega á sínu sviði. Á sýningu hans gætti ýmissa grasa en þar var svart og grátt áberandi í bland við einstaka sterka liti.**



Sumt var hreint ævintýralegt eins og þessi yfirhöfn til hægri.

# Eitthvað til við allra hæfi

**Útilíf hefur klætt landann í hlýjar úlpur í áratugi. Stefán Jóhannsson, verslunarstjóri Útilífs, segir áherslu lagða á góða og ódýra vöru í ár.**

„Línurnar í úlpum verða mjög svipaðar hjá okkur og undanfarin ár," segir Stefán Jóhansson, verslunarstjóri hjá Útilífi í Kringlunni. „Það verður meiri áhersla lögð á ódýra og góða vöru, ekki svona 2007." Hann segir að úlpur hafi verið á ágætis verði fyrir hrun efnahagslífsins, en nú séu þær dýrari eingöngu vegna gengis krónunnar.

Helstu merkin sem Útilíf verður með eru North Face, Citamani, Zo on, Catmandoo, Didriksons, Helly-Hanson, Hummel og Sessions. „Ég hugsa að North Face og Didriksons verði mjög vinsæl í ár. Við erum með mjög flottar Didriksons-úlpur og North Face-úlpurnar eru klassískar, eiginlega fasteign," segir Stefán.

Ef breytingar í stíl og útliti verða einhverjar telur Stefán að það megi helst merkja í meiri litum. „Fólk þorir meira að fara í liti og svo verða loðkragarnir ennþá á úlpunum. Við erum með breitt úrval, allt frá hlýjum og góðum dúnúlpum yfir í skíða- og brettaúlpur og allt þar á milli," segir hann.

Stefán segir muninn á fatnaði fyrir skíðafólk annars vegar og brettafólk hins vegar hafa verið að minnka undanfarin ár. „Löngum var mikill munur á fatnaði eftir því á hverju fólk renndi sér. Brettaliðið er mun kaldara að fara í skræpóttar og áberandi úlpur. Uppgangur í brettaiðnaði hefur náð jafnvægi," segir Stefán og heldur áfram. „Síðustu tölur sýna að það hefur selst meira af skíðum síðustu þrjú árin en brettum, og það er viðsnúningur. En hér á landi skiptist salan jafnt. Það eru líka komin skíði sem eru líkari brettunum, með boga upp bæði að framan og aftan, svo það er hægt að leika sér meira á þeim."

Þótt sportfatnaður sé fyrirferðarmikill í Útilífi er þar allt til alls að sögn Stefáns. „Við seljum úlpur frá ungbarnastærðum og upp úr, við allra hæfi og fyrir öll tækifæri."



**„Ég hugsa að North Face og Didriksons verði mjög vinsæl í ár," segir Stefán Jóhannsson, verslunarstjóri hjá Útilífi í Kringlunni, sem hér bregður á leik fyrir ljósmyndara.**

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

THE NORTH FACE

**Dömu Greenland Dúnúlpa**

Dúnúlpa með 550 gæsadúns fyllingu og Hyvent vatnsvörn sniðin fyrir íslenskt veðurfar.
Litir: svört, brún og hvít
Stærðir: xs-xl
Verð: 64.990 kr.
Dömuúlpa fæst í Útilíf.





THE NORTH FACE

**Herra McMurdo Dúnúlpa**

Parka dúnúlpa með 550 gæsadúns fyllingu og Hyvent vatnsvörn sniðin fyrir íslenskt veðurfar.
Litir: Svartur og brúnn
Stærðir: s-xxl
Verð: 72.990 kr.
Herraúlpa fæst í Útilíf.

hummel teamsport since 1923

**Hummel „Kapp" Dúnúlpa**

- Skínandi efni með hettu sem hægt að taka af. Ytrabirgði úr 100 % Polyester
– Fóðruð með 100% Nylon. Mjög hlý og notaleg.
Stærðir: s–xxl
Verð: 28.990.-
Herraúlpa fæst í Útilíf.





hummel teamsport since 1923

**Hummel „Linda" Úlpa**

Skínandi efni með hettunni innan í stórum kraga. Ytrabirgði úr 100% Polyester
– Fóðruð með 35% ployester og 65% polypropolene
Stærðir: xs–xl
Verð: 24.990.-
Dömuúlpa fæst í Útilíf.

# Peysan frá Frökkum



Sagan um franskan uppruna orðsins peysa hefur verið langlíf hér á landi. Sagt er að franskir sjómenn hafi bent og kallað, þegar þeir sáu íslenska bændur: „paysan, paysan“, sem þýðir „bóndi, bóndi“. Íslendingar hafi misskilið orðið, haldið að verið væri að benda á prjónapeysurnar þeirra og farið að kalla flíkurnar peysur. Vefsíðan visindavefur.hi.is dregur þennan skýringu uppruna orðsins þó í efa þótt skemmtileg sé.

Orðið sé búið að vera til í íslensku að minnsta kosti frá því á 16. öld í merkingunni „prjónuð bolflík við peysuföt“ og einnig í merkingunni „skinnkyrtill“ en hún er ekki lengur notuð. Í Íslenskri orðsifjabók Ásgeirs Blöndals Magnússonar segir að óvíst sé hvort stofnhljóðið sé ei- eða -ey- og að engin samsvörun sé til í grannmálunum. Hann telur því líklegast að orðið sé tökuorð og stytting úr miðlágþýsku eða miðhollensku og bendir á hollenska orðið wambuis og styttinguna buis sem merki „bolflík“ en það er einmitt síðari liðurinn sem gæti tengst peysunni.

Hollenska orðið á rætur að rekja til miðaldalatínu wambasium, „kviðflík höfð undir brynju“, en það er aftur sótt til miðaldagrísku bámbax „bómull“. Íslendingar höfðu talsverð viðskipti við Hollendinga og þýska Hansakaupmenn svo ekki er ólíklegt að orðið hafi borist þá leiðina. Nánar má fræðast um orðið á visindavefur.hi.is.



Harrison Ford klæðist leðurjakka sem Indiana Jones fyrir nokkrum árum.

## Leðurjakkinn var fyrst brúnn

Þrátt fyrir að svarti leðurjakkinn sé í dag í hugum flestra sá klassíski og upprunalegi var leðurjakkinn brúnn í byrjun. Þeir jakkar voru kallaðir „bomber jackets“ og voru það bandarískir hermenn sem klæddust einkum jakkanum. Á fimmta og sjötta áratugnum varð jakkinn vinsæll meðal almennings í Bandaríkjunum en sjá má Jimmy Stewart í einum slíkum í myndinni Night Passage frá árinu 1957. Harrison Ford var einnig í brúnum leðurjakka sem ævintýramaðurinn Indiana Jones. Marlon Brando lék aðalhlutverkið sitt í svörtum leðurjakka, sem Johnny Strabler í The Wild One árið 1953. *-jma*



Jökull Jakobsson, rithöfundur og leikritaskáld, í mokkajakka árið 1974.
MYND/BJARNLEIFUR

## Mokkaskinn í yfirhafnir

Á hippatímabilinu þegar ungmenni gerðu kröfur um að fötin væru ekki úr gerviefnum komust kápur og yfirhafnir úr mokkaskinni í mikla tísku og farið var að súta mokkaskinn hérlendis. Fyrstu auglýsingar um mokkaklæðnað sjást í Morgunblaðinu á áttunda áratugnum en gæran var notuð mikið í húfur, vettlinga og svo kápur.

Fram til þessa tímabils höfðu bændur lítið hugsað um skinnin sjálf en Svíar höfðu aftur á móti reynslu af framleiðslu mokkaskinns allt frá fyrri heimsstyrjöld. Fljótlega urðu íslensku skinnin þó eftirsótt og ekki síst erlendis. Hippar voru hins vegar ekki hippar nema eiga mokkakápu hér á landi. *-jma*

N&N
NOTAÐ & NÝTT
www.nogn.is
LAGERSALA
úr versluninni Max Mara
80%
afsláttur
MaxMara
by MARINA RINALDI
Notað & Nýtt
Mörkinni 1
108 Reykjavík
sími 517 2030
Opið
mán.–föstud. 11–18
laugardag 11–16

# Gegn þunglyndi og kvíða

**Á vordögum 2009 kom út meistaraprófsverkefnið Áhrif svæðameðferðar á þunglyndi og kvíða: Að meðhöndla hið stóra í gegnum hið smáa.**


Þunglyndi vegur þyngst í að veikja heilsufarslegt ástand einstaklinga samanborið við aðra sjúkdóma, segir Hólmfríður meðal annars. NORDICPHOTOS/GETTY

Rannsóknina vann Hólmfríður Margrét Bjarnadóttir, hjúkrunarfræðingur með M.Sc. í heilbrigðisvísindum og svæða- og viðbragðsfræðingur, undir leiðsögn Árúnar K. Sigurðardóttur, dósents við Háskólann á Akureyri. Rannsókn þessi var gerð til að kanna áhrif svæðameðferðar, náttúrulegrar og heildrænnar meðferðar, á þunglyndi og kvíða. Rannsóknin var framskyggn, slembuð meðferðarprófun (RCT). Rannsókn hvetur fylgjendur heildrænna og hefðbundinna meðferða að snúa bökum saman og vinna að bættri heilsu og líðan almennings – í því liggur framtíðin.

**HVAÐ ER SVÆÐAMEÐFERÐ?**

Svæðameðferð (zonetherapy, reflexology) felur í sér sérstaka þrýstiaðferð (ákveðna nuddaðferð) sem beitt er á svæði, punkta og orkubrautir á fótum og höndum. Hún byggir á þeirri kenningu að tiltekin svæði á fótum og höndum samsvari líffærum, kirtlum, vöðvum og beinum í líkamanum og að með því að meðhöndla þessi svæði megi hafa markviss áhrif annars staðar í líkamanum, það er að hægt sé að meðhöndla hið stóra í gegnum hið smáa.

**ÞYNGSTI OG DÝRASTI SJÚKDÓMUR HEIMS**

Þunglyndi vegur þyngst í að veikja heilsufarslegt ástand einstaklinga samanborið við aðra sjúkdóma. Þunglyndi er leiðandi orsök í sjúkdómsbyrði margra langvinnra sjúkdóma eins og hjartakveisu, sykursýki, astma og gigt. Á vefsíðu landlæknisembættisins kemur fram að þunglyndi sé og verði einn þyngsti og dýrasti sjúkdómurinn á heimsvísu.

**FJÖLBREYTTARI MEÐFERÐARÚRRÆÐA ER ÞÖRF**

Það ástand sem nú ríkir í þjóðfélaginu gefur tilefni til að skoða enn frekar þær aðferðir sem stuðla að andlegu heilbrigði manns og náttúru. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að skoða eigi fjölbreyttari meðferðarúrræði fyrir þá einstaklinga sem þjást af þunglyndi, kvíða og streitu. Jafnframt styðja niðurstöður samleið með þeim hefðbundnu aðferðum sem nú þegar eru í notkun.

Niðurstöður rannsóknarinnar hafa fært okkur nokkra vissu um að svæðameðferð dragi úr þunglyndi og ástandskvíða. Þunglyndir og kvíðnir einstaklingar geta nú átt þess kost að velja heildræna meðferð með meiri upplýsingar á bak við valið. Skoða má svæðameðferð sem sjálfstæða- og/eða viðbótarmeðferð við þunglyndi og kvíða. Niðurstöðurnar gefa jafnframt tilefni til frekari rannsókna um hvernig meðferðin þjóni best skjólstæðingum innan sem utan heilbrigðiskerfisins.

*Hólmfríður Margrét Bjarnadóttir, hjúkrunarfræðingur M.Sc. og svæða- og viðbragðsfræðingur, hmb@simnet.is*

# Höfuðbeina- og spjaldhryggjarmeðferð og ungbörn


Að mati Erlu er mikilvægt að meðhöndla börn sem fyrst með höfuðbeina- og spjaldhryggjarmeðferð.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þegar barn er í móðurkviði geta komið upp alls kyns „vandamál“ eða atvik sem geta haft áhrif á barnið. Ferðalagið í gegnum fæðingarvefinn er alltaf mikið álag og oft á tíðum áfall fyrir barnið og/eða móður. Í nútíma þjóðfélögum erum við komin langt frá náttúrunni og eru alls kyns inngrip í eðlilegt ferli. Oft gleymist að í móðurkviði er lítil manneskja með tilfinningar eins og ég og þú. Ef fullorðin manneskja gengi í gegnum fæðingu, ekki síst fæðingu þar sem eru einhverjir erfiðleikar, þá er ég viss um að hún fengi áfallahjálp á eftir. Það er eins og við horfum framhjá því að ungbörn upplifa hræðslu, örvæntingu og óöryggi sem og verki eins og höfuðverk.

Mikilvægt er að meðhöndla börnin sem fyrst með höfuðbeina- og spjaldhryggjarmeðferð, þessari mildu en djúpu aðferð sem slakar á spennu, minnkar bólgur og losar um spennu í himnum miðtaugakerfisins.

Algengt er að foreldrar komi með börnin sín í meðferð vegna magakveisu sem oftar en ekki orsakast af klemmu í hnakkagróf. Hún veldur þrýstingi á flökkutaugina en það er ein af orsökum magakveisu, eða vegna skaða í fæðingu, til dæmis tognun á taugum (tortikollis) eða skekkju á höfuðbeinum sem iðulega fylgir spenna í heilahimnum. Heilataugar liggja á milli tveggja laga þverlægu heilahimnunnar, álag á þessar taugar getur haft afleiðingar eins og athyglisbrest, ofvirkni, lesblindu, sjónvandamál og fleira þegar barnið vex úr grasi.

Meðferðin hefur reynst einstaklega áhrifarík fyrir ungbörn sem þjáðst hafa af magakveisu, óróleika eða vandamálum með svefn.

*Erla Ólafsdóttir sjúkraþjálfari, CST.*


Erla segir ferðalagið gegnum fæðingarvefinn mikið álag fyrir barnið. NORDICPHOTOS/GETTY


Hemi-Sync
By Monroe Products
Fást á www.puls.is og Heilsu og hamingjulindinni, Lágafellslaug

CRANIO
FÉLAG HÖFUÐBEINA- OG SPJALDHRYGGSJAFNARA
FÉLAG HÖFUÐBEINA- OG SPJALDHRYGGSJAFNARA
www.cranio.cc

Heilsunuddstofan Laugardalslaug

Heilsunudd
Meðgöngunudd
Höfuðbeina- og spjaldhryggjarmeðferð
Bókanir í síma 411 5102
www.lauganudd.is


Námskeið verður haldið í nóvember í
Hagnýtri kinesiologi og kinesio-teipun
Markmið námskeiðisins:
Að nemendur kynnist undirstöðuatriðum hagnýtrar kinesiologiu (applied kinesiology) og geti gert vöðvapróf, leiðrétt orkuójafnvægið með þrýstipunktum og kinesio-teipun í lok námskeiðs.
Á námskeiðinu er farið í prófanir á 44 vöðvum og nemendum kennt að meta orkuna til þeirra og leiðrétta orkuflæðið.
Farið er í undirstöðuatriði kinesio -teipunar og fá nemendur verklega þjálfun í meðhöndlunum.
Skráning og nánari upplýsingar hjá Svövu Magnúsdóttir í síma 894 0550 og 551 6146 eða á netfang. svavam@internet.is.

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið



**● FJÖLBREYTT STARFSEMI** í Lágafellslaug, nýrri og glæsileg sundlaug í Mosfellsbæ, er 25 metra útisundlaug, innilaug með hæðarstillanlegum botni, heitir pottar, eimbað, sauna og rennibrautir. Í innilauginni er kennd vatnsleikfimi og sundnámskeið fyrir börn á leikskólaaldri. Einnig hefur sunddeild Aftureldingar aðstöðu í lauginni. Stór íþróttasalur er í húsinu sem er nýttur meðan sundlaugin er opin. Einnig er líkamsræktarstöðin World Class með mjög öfluga og góða starfsemi í húsinu.

Fjölbreytt heilsuþjónusta er í boði í Lágafellslaug. Meðferðaraðilar eru þar starfandi. Boðið er upp á mismunandi nudd en fjórir nuddarar eru starfandi sem allir hafa sína sérstöðu. Tveir aðilar bjóða upp á höfuðbeina- og spjaldhryggjarmeðferð sem einnig getur farið fram í innisundlauginni. Meðferðin er bæði fyrir börn og fullorðna. Félagsráðgjafi er með sálfélagslegan stuðning fyrir einstaklinga, hjón og fjölskyldur. Hómópati hefur að bjóða heildræna meðferð þar sem lækningarmáttur líkamans er virkjaður og kemur inn á öll svið er viðkoma líkama og sál. Snyrtifræðingur býður upp á fjölbreyttar meðferðir.

Sjá www.big.is, www.www.mos.is (velja Lágafellslaug), www.hamingjulindin.is, www.homopatar.is og www.craniosacral.is.








**Lavender-ilmkjarnaolía virkar á flensur.**

## Gegn flensum

Til að verjast flensu getur verið gott að setja ilmkjarnaolíur í úðabrúsa og úða út í andrúmsloftið. Það sem þarf til er:

- Úðabrúsi (50 eða 100 ml)
- 50 ml flaska fer vel í veski eða vasa.
- Vatn
- Tea Tree-ilmkjarnaolía tólf dropa
- Lavender-ilmkjarnaolía sex dropa
- Lemon-ilmkjarnaolía níu dropa





**„Ég hreifst af þessum orkubrautum sem tengja ólíka líkamshluta," segir Eygló um shiatsu og bætir við að það sé hægt að læra á Englandi. „Helgarnámskeið hafa verið kennd innan Nuddskólans en það veitir ekki viðurkenningu."** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Ævafornar aðferðir til bóta

**Eygló Þorgeirsdóttir shiatsuþerapisti vinnur með aldagamlar aðferðir til að jafna út orkuflæði líkamans.**

Eflaust eru þeir ekki margir sem hafa heyrt shiatsu getið en þar er á ferð ævaforn austurlensk meðferð sem hefur skotið rótum hérlendis. Eygló Þorgeirsdóttir, sjúkranuddari og formaður Shiatsu-félagsins, veit allt um málið. „Þetta er hálfgert sambland af þrýstipunktameðferð og fleiru. Meðferðin fer fram þannig fram að sjúklingurinn leggst alklæddur á þykka dýnu á gólfinu. Við taka tog og teygjur, pressur, öndun og slökun, þar sem þrýst er á orkubrautir líkamans til að auka flæði lífsorkunnar," segir hún.

Við hverju leitar fólk sér helst lækningar? „Það er misjafnt. Sum vandamálin eru líkamleg en önnur af andlegum toga og þau eru misalvarleg, meðal annars eftir því hversu lengi þau hafa hrjáð viðkomandi," svarar hún. „Yfirleitt er því betra að leita sér strax meðferðar, þá má vænta skjótari bata."



**Shiatsu er upphaflega kínverskt meðferðarform sem hefur tekið á sig ýmsar myndir. Hér er það stundað að japanskri fyrirmynd.** MYND/EYGLÓ ÞORGEIRSDÓTTIR

Hver tími tekur á bilinu 40 til 80 mínútur þar sem sérfræðikunnáttu Eyglóar nýtur við, en auk þess að vera sjúkranuddari og shiatsu-meðferðarfulltrúi hefur hún lokið námi í nálastungum. „Ég hef alltaf verið heilluð af óhefðbundnum lækningaraðferðum og ákvað að læra líka nálastungur." Slíkur var áhuginn að Eygló gerði sér ferð eftir nám til Kína til að fylgjast þar með starfi nálastungulækna.

„Þarna var svo margt frábrugðið því sem við eigum að venjast hér. Í forstofu spítalans sem ég heimsótti voru til dæmis myndir af læknunum ásamt upplýsingum um sérfræðisvið hvers og eins. Í innri salnum var apótek hvort sínum megin, með jurtum öðrum megin og jurtablöndum, lyfjum og fleiru hinum megin. Þar var líka skjávarpi þar sem viðtalstímum var sjónvarpað beint líkt og kennslumyndböndum. Svo kom þarna fólk í daglegar nálastungumeðferðir, en hér mætir það einu sinni til tvisvar í viku."

En hvers má vænta af shiatsumeðferð? „Að vandamálið minnki eða hverfi," segir Eygló en minnir á að sjaldnast gerist það fyrirhafnarlaust. „Það fer auðvitað eftir umfangi vandamálsins."

Áhugasömum er bent á að Eygló verður með fyrirlestur á Degi græðara á Hótel Loftleiðum laugardaginn 3. október. Þar mun hún velta því fyrir sér hvort og hversu meðvitaðir menn eru um líkama sinn og sál. *- rve*






# Áhrif ilmolía á bakteríur

Forstjóri eiturefnadeildar frönsku ríkislögreglunnar, dr. Griffon, hefur kynnt sér vel getu ilmolía til að vinna á bakteríum, meðal annars í andrúmslofti.

Blanda af ýmsum ilmolíum var sett í herbergi, meðal annars fura, blóðberg, piparmynta, lofnarblóm, rósmarín, negull og kanill.

Olíurnar voru settar í margar petriskálar (flatbotna glerskálar með lausu loki, einkum notað til gerla- eða frumuræktunar), sem voru 15 sentimetra fyrir ofan gólfflöt. Þær fengu að standa í 24 klukkutíma. Geta sýkla til að fjölga sér var mæld fyrir og eftir staðsetningu olíanna.

**Afgreiðslutími verslana**

| | Korputorg 510-7070 | Smáratorg 510-7000 | Skeifan 568-7499 | Akureyri 463-3333 |
|---|---|---|---|---|
| Mán. - fim. | 11-19 | 11-19 | 11-18.30 | 11-18.30 |
| Föstudaga | 11-19 | 11-19 | 10-19 | 11-18.30 |
| Laugardaga | 10-18 | 10-18 | 10-17 | 10-17 |
| Sunnudaga | 12-18 | 12-18 | 13-17 | 13-17 |








NOKKUR ORÐ
**Freyr Gígja Gunnarsson**

# What else is new?

Ég man enn þann dag í dag hvar ég var þegar fyrsti ráðherrann á minni ævi sagði af sér ráðherradómi. Nýkominn úr skólanum á leið til föður míns en hjá honum ætlaði ég að fá fimm hundruð krónur fyrir hamborgaratilboði á Pylsuvagninum. En faðir minn var nánast náfölur þegar hann tók á móti mér og tilkynnti að það væru rosalegir hlutir í gangi; Guðmundur Árni Stefánsson hefði sagt af sér ráðherradómi. Fólk vissi nánast ekki hvernig það átti að taka á þessum fréttum því hingað til hafði það nánast verið alveg sama hvaða skandalar hefðu dunið yfir ríkisstjórn landsins, alltaf gátu ráðherrar og alþingismenn setið áfram eins og ekkert hefði í skorist.

En nú er öldin önnur. Á ársafmæli kreppunnar er manni ljóst að hrun fjármálakerfisins hefur hert mann, búið til skráp sem ekkert bítur á. Því maður kippti sér nánast ekkert upp við að einhver ráðherra hefði gengið á fund Jóhönnu í stjórnarráðinu og sagt af sér sem ráðherra. „Hvað er hann að spá?“ var það fyrsta sem ég hugsaði þegar ég las fréttina á netinu. En hjartað tók hvorki aukakipp né stöðvaðist heldur gekk bara sinn vanagang eins og klukkan á tölvunni.

Ef til vill eru breyttir tímar. Kreppan, fall útrásarvíkinga og kapítalismans hefur komið því til leiðar að stjórnmálamenn sitja ekki sem fastast í sínum stólum heldur kjósa að kljúfa nýja stjórnmálaflokka og segja af sér ráðherradómi ef þeim finnst þeir vera að svíkja eigin sannfæringu. Og það hlýtur bara að vera gott fyrir okkur kjósendur að vita loksins hvaða mann pólitíkusar hafa að geyma.



**VEISLAN**

VEITINGAELDHÚS

**Veislan veisluþjónusta óskar eftir:**

**Starfsmann í smurbrauðsdeild 50-80% starf, íslensku kunnátta nauðsynleg**

Nánari upplýsingar um störfin eru veittar í Veislunni á Austurströnd 12, Seltjarnarnesi, eða í síma 561-2031, einnig er hægt að senda tölvupóst á arny@veislan.is

**Rannsóknarsjóður Öldrunarráðs Íslands**
**auglýsir eftir umsóknum um styrk**

Úr 5. gr. skipulagsskrár Rannsóknarsjóðsins: "Hlutverk sjóðsins er að styrkja rannsóknir í öldrunarmálum á Íslandi svo og þau verkefni sem stjórn sjóðsins ákveður."

Umsóknarfrestur er til 15. október 2009 og skulu umsóknir sendar Öldrunarráði Íslands, Hverahlíð 20, 810 Hveragerði.

Frekari upplýsingar veitir Gísli Páll Pálsson, formaður stjórnar ÖÍ í síma 480 2000

**Stjórn Öldrunarráðs Íslands**




## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** — Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# BÓKA LAGERSALA




Opið alla daga 11–19, nema fimmtudaga 11–21. ATH. Aðeins í takmarkaðan tíma!



## Allar konur
sem koma og versla í dag fá aukalega bókina
**Hann er ekki nógu skotinn í þér.**

# Við flytjum lagerinn!
# Risamarkaður Forlagsins
# Fiskislóð 39

Verið velkomin á nýja staðinn!

**Konudagur**
Opið til kl. 21 í kvöld

**Yfir 3.000 titlar**
**Ný tilboð daglega!**




**2 FYRIR 1**
Örvandi ástarráð og Kama sutra
**890 kr.**
verð áður 5.125
83% afsláttur



Brosað gegnum tárin
**490 kr.**
verð áður 4.990
90% afsláttur



Hjónaband og sambúð
**990 kr.**
verð áður 3.736
74% afsláttur




Súperflört
**1.990 kr.**
verð áður 3.990
50% afsláttur




Leiðir til að öðlast betri svefn og hvíld
**490 kr.**
verð áður 3.990
88% afsláttur




Hamingja í lífi og starfi
**1.490 kr.**
verð áður 3.736
60% afsláttur




Ást í blíðu og stríðu. Stór kilja
**1.490 kr.**
verð áður 2.990
50% afsláttur




Hjarta Voltaires
**1.290 kr.**
verð áður 1.980
35% afsláttur




Stóra matarbókin
**5.990 kr.**
verð áður 14.990
60% afsláttur



Seinni réttir
**1.990 kr.**
verð áður 4.480
56% afsláttur

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

**! ath. kl. 17**
*hefst Listavika í Bókasafni Seltjarnarness. Þetta er fyrsta Listavika bókasafnsins og verður gestum og gangandi boðið upp á margs konar listviðburði frá 1. til 10. október. Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri setur Listavikuna. Gunnar Kvaran og Selma Guðmundsdóttir leika saman á selló og flygil. Kynnið ykkur dagskrá á viðburðadagatali bæjarins http://www.seltjarnarnes.is/*

# menning
menning@frettabladid.is

## Birta sest í Nýló

Aðalfundur Nýlistasafnsins í Reykjavík var haldinn í fyrri viku þar sem kosin var ný stjórn og nýr formaður settur. Fráfarandi formaður Nýlistasafnsins er Nína Magnúsdóttir og fráfarandi framkvæmdastjóri Andrea Maack.


**MYNDLIST** Birta Guðjónsdóttir er tekin við sem formaður Nýlistasafnsins.

Kosinn formaður Nýlistasafnsins er Birta Guðjónsdóttir og framkvæmdastjóri er Tinna Guðmundsdóttir. Að auki voru kosin Páll Haukur Björnsson, Gunnhildur Hauksdóttir og Gunnar Már Pétursson í aðalstjórn. Þau Huginn Þór Arason, Unnar Örn Auðarson og Karlotta Blöndal sitja áfram en í varastjórn.

Birta Guðjónsdóttir er myndlistarmaður og sýningarstjóri, fædd árið 1977. Hún nam myndlist við Listaháskóla Íslands og útskrifaðist með MA-gráðu frá Piet Zwart Institute í Rotterdam árið 2004. Hún hefur komið víða við í íslensku listalífi, starfaði við sýningu Gabríelu Friðriksdóttur í íslenska skálanum á Feneyjatvíæringnum 2005, starfaði sem sýningarstjóri í SAFNI; einkasafni Péturs Arasonar í Reykjavík og sem listrænn stjórnandi sýningarýmisins 101 Projects í Reykjavík. Birta hefur einnig stýrt sýningum í Reykjavík, New York, Melbourne og Kaupmannahöfn. Hún er hluti af WAG; hópi sýningarstjóra á Norðurlöndunum og Eystrasaltslöndum og er félagi í IKT; alþjóðlegum samtökum sýningarstjóra. - pbb


**KVIKMYNDIR** Anna eftir Rúnar Rúnarsson kvikmyndaleikstjóra var framlag Dana í flokki stuttmynda á Nordisk Panorama og vann þar verðlaun sem besta stuttmyndin.

# Rúnar vann til verðlauna

**Nordisk Panorama – norrænu heimildar- og stuttmyndahátíðinni lauk í gær. Sýndar voru í Regnboganum verðlaunamyndir sem dómnefndir kváðu upp úr um að væru bestar af þeim 72 myndum sem valdar voru á hátíðina úr enn stærri pakka norrænna kvikmyndaverka.**

Ágæt aðsókn var á þann fjölda mynda sem sýndur var í Regnboganum þótt kvikmyndaáhugamenn hafi vikuna á undan haft úr enn fleiri titlum að moða á sýningum Alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar í Reykjavík. Báðar hátíðirnar njóta opinberra styrkja eftir ýmsum leiðum og hefur gætt óánægju með að styrktaraðilar skuli ekki hafa beitt afli sínu til að koma í veg fyrir að þær lentu nánast á sama tíma. Nordisk Panorama er rekin af samtökum kvikmyndagerðarmanna með tilstyrk Kvikmyndamiðstöðvar og Media-áætlunar Evrópusambandsins að stórum hluta en margir aðrir aðilar leggja hönd á plóginn, þar á meðal Reykjavíkurborg og menntamálaráðuneyti. Bæði borg og ríki styrkja Alþjóðlegu kvikmyndahátíðina sem er einkafyrirtæki.

Nordisk Panorama ferðast milli fimm borga á Norðurlöndum og hefur aðsókn erlendra gesta jafna verið góð. Ríkti almenn ánægja með framkvæmd og dagskrá hátíðarinnar á lokahófi hennar sem fór fram á þriðjudagskvöld en stjórnendur hennar hér voru þær Guðrún Þórhannesdóttir og Þóra Gunnarsdóttir. Verðlaun voru veitt fyrir bestu verkin af dómnefndum sem skipaðar voru alþjóðlegum hóp kunnáttumanna í kvikmyndagerð. Hátíðin á í harðri samkepppni ár hvert við nálægar hátíðir um frumsýnd verk og hefur ekki tekist að skipa henni í fremstu röð hátíða á þessum árstíma þar sem fyrir eru á fleti hátíðir í Toronto, Kaupmannahöfn og Amsterdam.

Á verðlaunapalli á þriðjudag voru sænskar og danskar myndir fyrirferðarmestar: einn íslenskur höfundur vann til verðlauna; Rúnar Rúnarsson fékk stuttmyndaverðlaunin fyrir mynd sína Önnu, en hann var skráður til keppninnar fyrir hönd Danmerkur. Tvær aðrar myndir voru nefndar sérstaklega í þeirri syrpu; Sara Eliasson frá Noregi fékk viðurkenningu fyrir mynd sína Alle fugler og Patrik Eklund frá Svíþjóð fyrir mynd sína Slitage. Alls voru 40 myndir í þeirri keppni, þeirra á meðal Sugarcube eftir Söru Gunnarsdóttur, Álagablettir eftir Unu Lorenzen og Epic Fail eftir Ragnar Agnarsson.

Canal+ sjónvarpsstöðin veitir verðlaun og kaupir til sýninga eina mynd úr dagskránni og var það að þessu sinni sænski leikstjórinn Åsa Johannisson sem fékk verðlaunin fyrir mynd sína Fisk.

Besta norræna heimildarmyndin var valin Rauða kapellan eftir Mads Bugger frá Danmörku. Nefndar voru að auki í niðurstöðu dómnefndar myndirnar Side by Side eftir Danann Christian S. Jepsen og mynd Iris Olsson frá Finnlandi, Between Dreams. Aðeins ein íslensk mynd kom til álita, Draumalandið. Í þriðja sinn voru veitt verðlaun ungum kvikmyndagerðarmönnum. Þar unnu til verðlauna þeir William Johansson og Lars Edman frá Svíþjóð fyrir mynd sína Blybarnen sem lýsir hroðalegum afleiðingum málmúrgangs sem fluttur var frá Svíþjóð til Chile á áttunda áratug síðustu aldar. Þeir lýstu því yfir við móttöku verðlaunanna að þá um morguninn hefði þeim borist símtal frá sendiráði Svíþjóðar í Chile um að nú væri afráðið að flytja sjö þúsund manna byggð frá þeim svæðum sem málmúrgangurinn var geymdur á til nýrra heimkynna.

Að lokum voru veitt verðlaun fyrir bestu mynd gerða eftir svokallaðri „Open Source“-forskrift, verkum úr myndefni sem ekki er háð höfundarrétti, enda komið á framfæri í gegnum netið af fólki sem tekur þátt í verkefninu. Verðlaunin hlaut myndin 1000 Stories. Verðlaunafé fyrir bestu stuttmynd og bestu heimildarmynd hátíðarinnar var 5.000 evrur. Fyrir bestu mynd í flokki nýrra norænna radda var verðlaunafé 3.500 evrur.

Næsta hátíð Nordisk Panorama verður haldin að ári í Bergen.





Hanna Dóra syngur aríur á hádegistónleikum Hafnarborgar í dag. Antonía Hevesi leikur undir.

## Hanna Dóra syngur í Hafnarborg í dag

Hádegistónleikar í Hafnarborg, menningarsetri Hafnarfjarðar, hafa frá í ágúst 2003 verið fastur liður í tónlistarlífi á suðvesturhorninu. Fyrsta fimmtudag hvers mánaðar, frá september til maí, eru söngtónleikar í sölum Hafnarborgar, standa yfir í um hálfa klukkustund og eru í boði Hafnarborgar. Enginn aðgangseyrir, öllum opnir á meðan húsrúm leyfir.

Antonía Hevesi píanóleikari hefur frá byrjun verið listrænn stjórnandi tónleikaraðarinnar og velur þá listamenn sem fram koma. Í dag kemur Hanna Dóra Sturludóttir sópransöngkona fram og á dagskrá verða aríur.

Hanna Dóra Sturludóttir stundaði söngnám hjá Kristni Sigmundssyni og Snæbjörgu Snæbjarnar við Söngskólann í Reykjavík áður en hún hélt til framhaldsnáms við Listaháskólann í Berlín. Árið 1995 vann hún ljóðasöngkeppni „Paula Lindberg-Salomon“ í Berlín og hljóðritaði í framhaldi af því tvo geisladiska með ljóðasöngvum frá 20. öld.

Hanna Dóra hefur komið fram sem gestasöngvari víðs vegar í Þýskalandi, meðal annars í Komische Oper í Berlín og undanfarin tvö ár einnig í Ríkisóperunni í Hamborg og Berlín. Frá 1998 starfaði hún við óperuhúsið í Neustrelitz þar sem hún söng mörg helstu sópranhlutverk óperubókmenntanna.

Á Íslandi hefur hún sungið með Sinfóníuhljómsveit Íslands við mörg tækifæri, haldið fjölda ljóðatónleika og sungið í uppsetningum Íslensku óperunnar.

GLÆPAFARALDUR Í EYMUNDSSON

# GLÆPAFARALDUR Í EYMUNDSSON HEFST Í DAG





## DREPTU BETUR

### ... Í kvöld kl. 20.00

**Hin árlega spurningakeppni Eymundsson um glæpi DREPTU BETUR verður haldin í kvöld í verslunum okkar við Skólavörðustíg í Reykjavík og Hafnarstræti Akureyri.**

- Ævar Örn Jósepsson rithöfundur er höfundur spurninga og jafnframt spyrill keppninnar á Skólavörðustíg.
- Bryndís Ásmundsdóttir leikkona sér um keppnina á Akureyri.
- Spurningakeppnin fer þannig fram að þátttakendur fá blað og penna, eru ýmist 1 eða 2 í liði og skrifa niður svör við spurningunum.
- Glæpsamleg verðlaun í boði á báðum stöðum.
- Allir velkomnir!

**3 FYRIR 2**

Á Glæpafaraldri í Eymundsson finnur þú **3 fyrir 2** og önnur frábær tilboð á ýmsu glæpatengdu góssi. Komdu og láttu greipar sópa.



## Sólstjakar útgáfuhóf

### ... í kvöld kl. 20.00 í Austurstræti

Spennusagan Sólstjakar eftir Viktor Arnar Ingólfsson kemur út í dag. Rökkvað útgáfuhóf verður haldið í Eymundsson Austurstræti í kvöld kl. 20.00. Viktor Arnar kynnir bókina og hinn geðþekki tónlistarmaður Eyjólfur Kristjánsson treður upp. Léttar veitingar fyrir gesti og gangandi. Allir hjartanlega velkomnir!




eymundsson.is

**Eymundsson**

*Bóksali frá 1872*

# Heilsugæsludrama

Á morgun verður frumsýning í Arnardal vestra á nýju íslensku verki eftir Lýð Árnason, lækni og höfund. Hann kallar verkið Heilsugæsluna en við Íslendingar höfum löngum státað af besta heilbrigðiskerfi í heimi. Við stærum okkur af háum meðalaldri, þjónustu í hæsta gæðaflokki og frábærum læknum. En er kerfið eins gott og af er látið? Er það hugsanlega farið að vinna gegn tilgangi sínum? Er aukinni eftirspurn sjúkdóma svarað með meira framboði? Hvaða tilgangi þjónar góð heilsa? Metum við líf í magni eða gæðum? Þessara spurninga meðal annarra vill Lýður ræða í gamanleik sínum en Heilsugæslan er gamanleikur. Öll hlutverk eru í höndum tveggja leikara, þeirra Elfars Loga Hannessonar og Margrétar Sverrisdóttur. Segir í tilkynningu frá Kómedíuleikhúsinu þar vestra að Heilsugæslan sé hápólitískt leikrit og umfjöllunarefnið brennandi á íslensku þjóðfélagi, ekki síst núna, í skugga niðurskurðar. Heilsugæslan fyrir alla!

Heilsugæslan verður frumsýnd í Arnardal á föstudag kl. 19.30. Heilsugæslan verður einnig sýnd á Kaffi Riis á Hólmavík, í Sjóræningjahúsinu á Patreksfirði og í Félagsheimilinu á Þingeyri. Seinna í vetur verður leikurinn sýndur á Akureyri og í Reykjavík. Kómedíuleikhúsið hefur sett á svið fjölda einleikja, en er nú tekið að færa sig upp á skaftið. Það stendur einnig fyrir einleikjahátíðinni Act Alone sem haldin er árlega á Ísafirði.

- pbb



**LEIKLIST** Lýður Árnason, læknir, höfundur og nú leikskáld. MYND/FRÉTTABLAÐIÐ



**TÓNLIST** Bryndís Halla Gylfadóttir spilar nyrðra í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**TÓNLIST** Sigrún Eðvaldsdóttir leikur konsert eftir Hauk Tómasson. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Fjölbreytt dagskrá nyrðra

**Sinfóníuhljómsveit Norðurlands er um þessar mundir að hefja sitt sautjánda starfsár. Frá stofnun hljómsveitarinnar hefur mikið áunnist, tónleikum fjölgað og starfsemin aukist til muna. Miklar breytingar eru fram undan hjá SN því þetta verður síðasta árið fyrir flutning hljómsveitarinnar í HOF en menningarhúsið á Akureyri verður tekið í notkun í ágúst á næsta ári.**

Efnisskrá sautjánda ársins verður fjölbreytt og unnin í samstarfi við ýmsa aðila, m.a. Leikfélag Akureyrar, Kirkju- og menningarmiðstöðina Fjarðabyggð og Tónlistarskólann á Akureyri. Þrennir tónleikar verða á fyrri hluta starfsársins auk skólatónleika í grunnskólum á Norðurlandi en þeir skipa stóran sess í dagskrá vetrarins og hefjast í byrjun október.

Strengjakvartett mun að þessu sinni fara í skólana og kynna tónlist frá ýmsum tímabilum tónlistarsögunnar. Farið verður í grunnskóla allt frá Siglufirði austur á Þórshöfn. Haldnir verða hátt í 30 tónleikar og er það menningarráð Eyþings sem er aðalstyrktaraðili þessa verkefnis.

Í samstarfi við LA verður Sagan af dátanum sett á svið í Samkomuhúsinu á Akureyri hinn 17. október. Stravinskí samdi verkið fyrir þrjá leikara, dansara og litla hljómsveit. Leikstjóri er María Sigurðardóttir og hljómsveitarstjóri Guðmundur Óli Gunnarsson. Verkið sem var frumflutt í Sviss í lok fyrri heimsstyrjaldar er ádeila á mannlega græðgi og auðsöfnun – eitthvað sem virðist eiga erindi nú jafnt sem þá.

Rétt mánuði síðar verður tekist á við verk þeirra Beethovens og Prokofieffs á tónleikum í Glerárkirkju. Annars vegar er það Sinfónía nr. 1 eftir Prokofieff, oft kölluð „Klassíska sinfónían“, og hins vegar verður leikin Sinfónía nr. 8 eftir L. van Beethoven. Einnig verður á efnisskránni verk eftir R. Wagner, Siegfried Idyll.

Á aðventunni leggur Sinfóníuhljómsveit Norðurlands land undir fót austur og haldnir verða aðventutónleikar á Eskifirði í samstarfi við Kirkju- og menningarmiðstöð Fjarðabyggðar og kóra á Austurlandi. Flutt verður meðal annars Messa í C-dúr eftir W.A. Mozart og ævintýrið um Snjókarlinn eftir Hovard Blake.

Eftir hátíðir verða þrennir tónleikar í boði. Á hverjum þeirra koma fram íslenskir einleikarar og þeir ekki af verri endanum: Sigrún Eðvaldsdóttir, Bryndís Halla Gylfadóttir og Hjörleifur Örn Jónsson slagverksleikari.

Stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands er Guðmundur Óli Gunnarsson.

pbb@frettabladid.is












# Vefgögnum komið í öruggt skjól

Á þriðjudag opnaði menntamálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, nýtt íslenskt safn: vefsafn.is. Þar verða vefsíður og önnur stafræn gögn sem birt eru á þjóðarléninu, .is, varðveitt um aldur og ævi og öllum aðgengileg. Einnig verður efni á íslensku, sem birt er á öðrum lénum en því íslenska, varðveitt í vefsafninu ásamt efni á öðrum tungumálum sem íslenskir aðilar birta og gildir það jafnt um ritað efni, ýmiss konar myndefni og tónlist.

Það var mörgum áhyggjuefni fyrir ári þegar sprenging varð í umræðum á vefsvæðum um hrunið að þau gögn væru hvergi hýst, en eins og mönnum er í fersku minni tóku breskir aðilar að sér söfnun gagna um hrunið á vefsvæðum um allan heim.

Í tilkynningu frá Þjóðarbókhlöðu – Landsbókasafni er Ísland sagt fyrsta landið í heiminum sem opni almenningi aðgang að öllu efni sem safnað sé af þjóðarléni landsins. Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn hefur safnað íslensku vefefni frá árinu 2004 samkvæmt lögum um skylduskil en í þeim lögum er ákvæði um að sá sem birti efni á stafrænu formi á almennu tölvuneti skuli veita móttökusafni aðgang að því efni. Það er því ekki einungis efni frá opinberum aðilum sem varðveitt verður í vefsafninu heldur einnig vefsíður og bloggsíður fyrirtækja, félagasamtaka og einstaklinga og má búast við því að safnið verði gríðarlega mikilvæg heimildanáma fyrir til dæmis sagnfræðinga og fjölmiðlafólk framtíðarinnar. Í þeirri námu verða heimildir um fréttir, stjórnmál, skoðanaskipti almennra borgara, íslenskt mál, viðskipti, fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök og hvaðeina sem Íslendingar sjá ástæðu til að setja á veraldarvefinn.

Safnið hefur sett sér reglur um framkvæmdina og er öllum íslenska vefnum safnað þrisvar sinnum á ári og völdum vefsíðum vikulega. Við sérstakar aðstæður eins og til dæmis kosningar er safnað vefsíðum sem tengjast þeim. Fyrirmyndin að vefsafninu er hið bandaríska Internet Archive – archive.org sem frá 1996 hefur meðal annars safnað íslenskum vefsíðum, en söfnun íslenska vefsafnsins verður mun ítarlegri en áður hefur þekkst.

- pbb



**SÖFN** Loksins er komið í notkun varðveislusafn fyrir vefsíður.

# Rómantík hjá Sinfó í kvöld

Evrópsk rómantík er í forgrunni á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í kvöld: Berlioz, Dvorák og Mendelssohn eiga allir þar verk og er einleikari í fiðlukonsert Dvorák nr, 53 frá 1879/82, Ilya Gringolts.

Hin verkin eru forleikurinn Béatrice et Bénédict, frá 1862, og Skoska sinfónían 1829–42.

Stjórnandi er úkraínski hljómsveitarstjórinn Kirill Karabits.

Ilya Gringolts vakti heimsathygli árið 1998 en hann lærði fiðluleik í St. Pétursborg og við Juilliard-skólann í New York þar sem Itzhak Perlman og Dorothy Delay voru kennarar hans.

Hann hljóðritaði þríleikskonsert Beethovens ásamt Bolivar-hljómsveitinni og Claudio Abbado árið 2007 (fyrir Deutsche Grammophon) og hljóðritun hans af kammerverkum eftir Taneyev hlaut Gramophone-verðlaunin sama ár. Nú hljóðritar hann fyrir Hyperion og hefur nýverið gefið út disk með konsertum eftir Taneyev og Arenskíj undir stjórn Ilans Volkov sem einmitt er væntanlegur til landsins í janúar.

SÍ hefur tvisvar áður flutt forleikinn að Béatrice og Bénédict, undir stjórn Igors Buketoff árið 1964 og Davids Atherton árið 1971.

Þetta er í tíunda sinn sem fiðlukonsert Dvoráks hljómar á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Björn Ólafsson flutti hann fyrstur á Íslandi í Þjóðleikhúsinu 1958, en síðan hafa meðal annarra flutt hann þær Guðný Guðmundsdóttir (1973 og 1984), Sif Tulinius (1991) og Sigrún Eðvaldsdóttir (1999). Elfa Rún Kristinsdóttir lék konsertinn með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands árið 2008.

Róbert Abraham Ottósson stýrði Skosku sinfóníu Mendelssohns fyrstur manna á Íslandi í Þjóðleikhúsinu árið 1959 en hún hefur síðan verið flutt af Sinfóníunni í fimmgang.

Á undan tónleikunum stendur Vinafélag SÍ fyrir kynningu í safnaðarheimili Neskirkju þar sem Árni Heimir Ingólfsson tónlistarfræðingur kynnir efnisskrána í orði og tónum. Kynningin hefst kl. 18. Þá verður bein útsending á Rás 1 ríkisins í kvöld.

- pbb



**TÓNLIST** Fiðlungurinn Ilya Gringolts.

KitchenAid

# KJÖLFESTA Á HEIMILUM ÍSLENDINGA Í ÁRATUGI

90
1919–2009




## *Uppskrift að heilsurétti?*

*10.000 kr. af hverri seldri bleikri Kitchenaid hrærivél renna til Krabbameinsfélagsins.*

*Vörulisti á vefnum www.ef.is*

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# Íslenskir þættir um vísindi

Í kvöld hefjast sýningar á nýrri þáttaröð í Sjónvarpinu um vísindi og fræði á Íslandi. Hver þáttur er tæpar þrjátíu mínútur að lengd og inniheldur þrjú ólík viðfangsefni. Þannig kynnast áhorfendur á öllum aldri 36 áhugaverðum verkefnum úr flestum geirum vísinda og tækni en í þeim efnum er mikil gróska. Hver þáttarhluti byggir á líflegu myndefni og ferskum efnistökum, orðum vísindamannanna sjálfra og þulartexta. Þættirnir eru unnir fyrir RÚV í samvinnu við fjölmargar vísindastofnanir, háskóla, félög og rannsóknarsjóði. Sýningar hefjast fimmtudaginn 1. október í Sjónvarpinu.



**SJÓNVARP** Ari Trausti Guðmundsson er umsjónarmaður nýrra þátta á RÚV um vísindastarf á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/

Umsjónarmaður með þáttunum og kynnir er Ari Trausti Guðmundsson, rithöfundur og jarðvísindamaður, sem annast hefur fjölda útvarps- og sjónvarpsþátta síðan 1980. Hann hlaut viðurkenningu Rannís fyrir kynningu á vísindum 2008.

Framleiðandi er Lífsmynd en stjórnandi Valdimar Leifsson kvikmyndagerðarmaður. Hann á að baki aldarfjórðung í gerð sjónvarpsþátta, heimildarmynda og kvikmynda, meðal annars vann hann með Ara Trausta að þáttunum Vísindi í verki, 52 sjónvarpsþáttum sem sýndir voru 2003. Tveir reyndir myndgerðarmenn koma líka við sögu: Jón S. Kjartansson sá um hljóðvinnslu og Jón Axel Egilsson um grafíska vinnu. **- pbb**



**LEIKLIST** Hjónin sem standa að baki sviðsetningunni í Hafnarfirði. MYND FRÉTTABLAÐIÐ/

# Venjulegt fólk

Annað kvöld frumsýnir leikhópurinn Venjulegt fólk í samstarfi við Hafnarfjarðarleikhúsið nýtt verk suður í Firði eftir Kristján Þórð Hrafnsson. Verkið heitir Fyrir framan annað fólk og leikstýrir Melkorka Tekla Ólafsdóttir verki bónda síns. Með tvö hlutverk í leiknum fara hjónin Tinna Hrafnsdóttir og Sveinn Geirsson. Um leikinn segir í fréttatilkynningu að þar sé á ferð leikrit fullt af hlýju, sársauka og húmor, það fjalli um fáránleika, klikkun og ást. Maður og kona verða skyndilega ástfangin. En brátt fer þessi geðþekki maður að hegða sér mjög einkennilega og fyrr en varir virðist hann gjörsamlega hafa misst taumhald á sjálfum sér.

Höfundur verksins, Kristján Þórður Hrafnsson, hefur sent frá sér fjölda skáldverka, leikrit, skáldsögur og ljóðabækur. Síðasta leikrit hans var Böndin á milli okkar sem sýnt var í Þjóðleikhúsinu. Melkorka Tekla Ólafsdóttir hefur leikstýrt í Þjóðleikhúsinu og víðar. Síðasta verkefni hennar var hið áleitna verk Yasmine Reza, Vígaguðinn. **- pbb**

OKTÓBER-
SPRENGJA
20%
aukaafsláttur
af öllum vörum
1. – 7. október
SPORT OUTLET
Vínlandsleið 6-8 113 Reykjavík
Opið: Virka daga kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-16
TICKET TO HEAVEN
speedo
PUMA

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 1. október 2009**

### Tónleikar



**12.15** **Tríó Reykjavíkur** flytur verk eftir J. Haydn og F. Mendelssohn á hádegistónleikum á **Kjarvalsstöðum** við Flókagötu. Aðgangur er ókeypis.



**17.30** **Jónas Ingimundarson** og **Gissur Páll Gissurarson** flytja íslenskar einsöngsperlur á tónleikum í **Salnum** við Hamraborg í Kópavogi. Aðgangur er ókeypis.

**20.00** **The Vulgate**, **Draumhvörf**, **Mr. Alex Captain Fufanu** og **Hypno** koma fram á fimmtudagsforleik **Hins Hússins** við Pósthússtræti 3-5. Allir allsgáðir 16 ára og eldri velkomnir. Enginn aðgangseyrir.

**20.00** Pólska sópransöngkonan **Elzbieta Arsso-Cwalinska** og píanóleikarinn **Árni Ísleifsson** verða með tónleika í **Norræna húsinu** við Sturlugötu. Yfirskrift tónleikanna er „**Tónlist og tilfinningar**“.

**20.30** Tónleikar til styrktar **Parkinsonssamtökunum** á Íslandi verða haldnir í **Fríkirkjunni** í Reykjavík. Fram koma Bjartmar Þórðarson, Ellen Kristjánsdóttir, Guðrún Gunnarsdóttir Magnús Eiríksson, Þórunn Lárusdóttir o.fl.

**21.00** **Magni Ásgeirsson** og hljómsveitin **Killer Queen** verða á Græna Hattinum við Hafnarstræti 96 á Akureyri. Húsið verður opnað kl. 20.

**21.00** **Matti sax** (Matthías V. Baldursson) og **Áslaug Helga** verða með útgáfutónleika á **Spot** við Bæjarlind 6 í Kópavogi. Enginn aðgangseyrir.

**22.00** **Pontiak Pilatus**, **Swive** og **Keano** spila á tónleikum á **Bar 11** við Laugaveg 22. Enginn aðgangseyrir. Húsið verður opnað kl. 21.

**22.00** **Eyjólfur Kristjánsson** verður á Pósthúsinu við Pósthússtræti 13.

**22.30** Á **Sódómu Reykjavík** við Tryggvagötu verða haldnir **Alice In Chains Tribute** tónleikar. Húsið verður opnað kl. 21.

### Sýningar

Í **Þjóðmenningarhúsinu** við Hverfisgötu 15 hafa **Sigurður Gunnarsson** ljósmyndari og **Kristín Elva Rögnvaldsdóttir** myndlistarkona opnað sýningar. Opið alla daga frá kl. 11 til 17.

Í **Safnahúsi Borgarfjarðar** við Bjarnarbraut 4-6 í Borgarnesi, standa yfir tvær sýningar. Í anddyri og holi er sýning á teikningum **Matthíasar Margrétarsonar** en í Hallsteinsal hefur verið sett upp sýning af ljósmyndum sem margar hverjar prýddu borgfirsk heimili. Opið alla virka daga kl. 13-18.

**Regína Loftsdóttir** hefur opnað sýningu á olíumálverkum og teikningum í **Iðnó** við Vonarstræti. Opið alla virka daga kl. 11-16.

### Síðustu forvöð



Um helgina lýkur myndlistarsýningu **Guðbjargar Ringsted** í **Grafíksafni Íslands** í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 17 (gengið inn hafnarmegin). Opið fim.-sun. kl. 14-18.

### Uppákomur

**20.00** **Tilraunakvöld** helgað kvikmyndum, innsetningu, upplestri og tónlist verður haldið í **Listasafni Reykjavíkur** við Tryggvagötu. Fram koma: Katrín Ólafsdóttir, Steinunn Gunnlaugsdóttir, Bárujárn og Emiliano Monaco. Allir velkomnir og enginn aðgangseyrir.

### Pub Quiz

**22.00** Annan hvern fimmtudag er haldin spurningakeppni á **Live Pub** við Frakkastíg 8. Keppnin stendur af almennum krossa- og myndaspurningum ásamt hljóðdæmum. Sérstakur gestur í kvöld er **Gylfi Ægisson**. Aðgangur er ókeypis.

### Leikrit

**20.00** **Ragnar Ísleifur Bragason**, **Margrét Bjarnadóttir** og **Friðgeir Einarsson** flytja verkið ókyrrð í **Leikhúsbatteríinu** við Hafnarstræti 1-3. Nánari upplýsingar á www.leikhusbatteri.wordpress.com.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**




# Finndu réttan flöt í samskiptum

## með IP símaþjónustu Skyggnis

**IP símkerfi Skyggnis bjóða upp á spennandi sparnaðarmöguleika sem felast í samþættingu allra samskipta í eitt upplýsingakerfi. Kostir IP símaþjónustu eru m.a.:**

- **Enginn stofnkostnaður**
  - Engin fjárbinding í símstöð – Fastar mánaðarlegar greiðslur.
- **Hvar og hvenær sem er**
  - Aðeins eitt símanúmer fyrir borðsíma og farsíma tryggir að hægt er að ná í starfsmenn hvar og hvenær sem er.
- **Lægri símakostnaður**
  - Símtöl flutt yfir gagnanet í stað símalína, öll símtöl innan fyrirtækis ókeypis og innanlandstaxti hjá starfsmönnum á ferðalagi eru allt þættir sem lækka símakostnað verulega.
- **Fundir á ferðinni**
  - Auðvelt að setja upp símafundi, bæði í borðsímum og farsímum.
- **Tölvusími**
  - Hægt að hringja beint úr tölvunni – Óþarfi að kaupa símtæki.
- **Færanleiki**
  - Auðvelt að flytja símtöl úr borðsíma í farsímann þegar þú ert á ferðinni.

**Hafðu samband við ráðgjafa Skyggnis og fáðu faglega ráðgjöf um val á lausn sem gerir þér kleift að lækka kostnað, auka skilvirkni og bæta þjónustu.**

**Síminn er 516 1000 og netfangið ver@skyggnir.is.**

AVAYA

Skyggnir

Skyggnir er hluti af Nýherjasamstæðunni

Urðarhvarf 6 | 203 Kópavogur | Sími 516 1000 | skyggnir.is


MAGIC ARM


LA ROUX

## > Í SPILARANUM

Magic Arm - Make Lists, Do Something
Air - Love 2
The xx - xx
Islands - Vapours
The Flaming Lips - Embryonic
La Roux - La Roux

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Yorke og Flea starfa saman

Thom Yorke, söngvari Radiohead, hefur stofnað nýja hljómsveit sem mun spila lög frá sólóferli hans, meðal annars af plötunni Eraser. Með honum í sveitinni eru Flea úr Red Hot Chili Peppers, upptökustjórinn Nigel Godrich, Mauro Refosco og Joey Waronker sem hefur trommað með Beck og R.E.M.

„Undanfarnar vikur hef ég að gamni mínu verið að setja saman hljómsveit til að spila lög af Eraser og ný lög,“ skrifaði Yorke á heimasíðu Radiohead. „Við erum ekki ennþá komnir með nafn og tónleikarnir okkar verða ekki langir því við eigum ekki það mikið af lögum.“ Tvennir tónleikar hafa verið bókaðir í Los Angeles dagana 4. og 5. október.


**NÝJA HLJÓMSVEITIN** Thom Yorke, Flea og félagar í nýju hljómsveitinni.



## > Plata vikunnar

Muse - The Resistance

★★★

„The Resistance bætir engu við glæsilegan feril Muse, en tekur ekki heldur neitt í burtu.“ - afb



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Síðasta tónleikahelgin*

Það hafa verið haldnir margir skemmtilegir tónleikar á Kaffi Hljómalind síðustu ár, bæði á meðan það var til húsa í gamla Hljómalindarhúsinu á Laugavegi 21 og eftir að það flutti í húsið á númer 23. Nú hefur aðstandendum kaffihússins verið gert að yfirgefa húsnæðið og þess vegna verða haldnir kveðjutónleikar þar um helgina. Á föstudaginn spila átta hljómsveitir frá kl. 18.30, þar á meðal Chino, Tentacles of Doom, Muck og Forgarður Helvítis. Á laugardaginn hefst fjörið klukkan 17.00. Þá koma fram tólf sveitir, þar á meðal Clit Commanders, Funktastic, Svavar Knútur, Útidúr, Rökkurró, Bróðir Svartúlfs og Retrön. Ókeypis er á báða tónleikana að hætti hússins, en velunnurum kaffihússins er velkomið að leggja til fjárframlag sem verður notað til þess að opna nýja Hljómalind í framtíðarhúsnæði þegar það finnst.

Hljómalind hefur undanfarin ár verið með mjög metnaðarfulla dagskrá á Iceland Airwaves-hátíðinni og það verður mikil eftisjá að henni þetta árið. Hljómalindarfólkið hefur meðal annars fengið nokkra af áhugaverðustu erlendu listamönnunum til að spila aukatónleika á kaffihúsinu og hafa sumir þeirra heppnast mjög vel. Í fyrra komu meðal annars fram á Hljómalind Fuck Buttons og Florence Welch úr Florence and the Machine; hvort tveggja nöfn sem hafa verið að gera það gott síðan. Fuck Buttons er að senda frá sér nýja plötu á mánudaginn. Hún heitir Tarot Sport og hefur fengið góðar viðtökur gagnrýnenda. Florence er sennilega stærsta nýja stjarnan í Bretlandi. Platan Lungs er ein af mest seldu plötum ársins 2009 þar í landi.


**GÓÐIR GESTIR** Florence Welch var á meðal þeirra sem tróðu upp á Hljómalind á Airwaves í fyrra.


LJÓSIÐ

Jóga fyrir fólk sem hefur greinst með krabbamein

Ljósið endurhæfingarmiðstöð, býður uppá mjúkt hatha jóga fyrir fólk sem er að ná upp orku og þreki eftir greiningu á krabbameini.

Mánudagar kl. 16:00-17:00
Mánudagar kl. 17:30-18:30 sér fyrir karlmenn
Miðvikudagar kl. 16:00-17:00

Kennarar:
Hildigunnur Haraldsdóttir jógakennari
Guðmundur Helgi Helgason jógakennari

Gjöld eru í lámarki, upplýsingar og skráning í síma 561-3770, www.ljosid.is



**IAN BROWN** Hinn áhrifamikli breski tónlistarmaður hefur gefið út sína sjöttu sólóplötu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Brown fer sínar eigin leiðir

**Breski tónlistarmaðurinn Ian Brown hefur gefið út sína sjöttu sólóplötu, My Way. Þar syngur hann um líf sitt og tveggja áratuga feril í tónlistarbransanum.**

Ian Brown lítur á plötuna sem sjálfsævisögu sína þar sem hann lítur stoltur yfir farinn veg. „Mér fannst miklu áhugaverðara að búa til tónlistarsjálfsævisögu en hefðbundna sjálfsævisögu,“ segir Brown í viðtali við BBC.

Hann bætir við að metsöluplata Michaels Jackson, Thriller, hafi veitt sér innblástur við upptökurnar. Ákveðinn gæðastimpill varð að vera til staðar. „Við vorum alltaf með Thriller í huganum. Í hvert skipti sem við sömdum lag og okkur fannst það ekki nógu gott hættum við við að nota það. Við lukum líka við frágang plötunnar daginn sem Michael Jackson dó, þannig að ég lít á það sem ákveðið tákn.“ Ian Brown, sem er 46 ára, var söngvari The Stone Roses þar til hún lagði upp laupana árið 1996. Á þeim tíma var hann átrúnaðargoð á meðal breskra tónlistarunnenda, enda einn af aðalmönnum hinnar svokölluðu Madchester-senu þar sem hver sveitin á fætur annarri frá Manchester-borg steig fram á sjónarsviðið. Má þar nefna Happy Mondays, Inspiral Carpets, James og The Charlatans. Síðan þá hafa náungar á borð við Liam Gallagher og Alex Turner úr Arctic Monkeys litið upp til hans og ítrekað nefnt hann sem áhrifavald.

Sólóferill Browns hefur verið farsæll, sérstaklega í heimalandinu. Fjórtán smáskífur hafa komist á topp 40 þar í landi auk þess sem selst hefur upp á sex tónleikaferðir hans um Bretland. Á meðal þekktustu laga hans eru Be There og Dolphins Were Monkeys. Kappinn kom hingað til lands í júní árið 2000 og spilaði á Reykjavík Music Festival í Laugardalshöllinni ásamt sveitum á borð við Bloodhound Gang og Kent. Margir aðdáendur The Stone Roses sáu þá goðið sitt loksins á sviði.

Orðrómur um endurkomu The Stone Roses hefur lengi verið uppi en miðað við yfirlýsingar Browns verður hún aldrei að veruleika enda vill hann fyrst og fremst líta fram á veginn. „Fyrir utan Sex Pistols fannst mér fyrsta Stone Roses-platan góð en ég hlusta bara ekki lengur á gítarhljómsveitir. Ég hef verið kallaður indí-átrúnaðargoð en samt hlusta ég ekki á það sem kallað hefur verið indítónlist,“ segir hann.

Í Frank Sinatra-laginu My Way syngur sá bláeygði um að hann sjái ekki eftir neinu í lífinu. Töffarinn Brown er á sama máli. „Ég sé alls ekki eftir neinu. Allt sem ég hef gert hefur verið á mínum forsendum. Enginn hefur nokkru sinni getað ráðskast með mig.“

freyr@frettabladid.is

# Hjaltalín í jólaplötuflóðinu

„Við tökum þátt í flóðinu og komum með nýju plötuna okkar í nóvember,“ segir Högni Egilsson, aðalsprauta hljómsveitarinnar Hjaltalín. Eitthvað var á huldu hvort sveitin myndi fylgja plötunni Sleepdrunk Seasons eftir í ár, en sú plata kom út í desember 2007 og vakti mikla athygli á þessari fjölmennu gæðasveit.

Í fyrra kom svo „Þú komst við hjartað á mér“ Hjaltalín endanlega á kortið og því má gera því skóna að mikil spenna sé fyrir nýju plötunni. Hún er nafnlaus enn sem komið er, en lögin „Suitcase Man“ og „Stay by You“ hafa þegar heyrst af henni. „Suitcase Man verður í gjörbreyttri útgáfu á plötunni, talsvert stærri útgáfu,“ segir Högni. „Ég get sagt um þessa plötu að hún fer í margar áttir og er mjög fjölbreytt. Það er allt látið flakka og það er handahófskennd tívolístemning á henni. Það er samt eitthvert bindiefni sem heldur öllu saman.“


**HANDAHÓFSKENND TÍVOLÍSTEMNING** Högni Egilsson á sviði með Hjaltalín.

Högni segir að vinkona bandsins úr listaháskólanum, Regína María, sé að vinna umslagið í þessum töluðu orðum og styttist í að platan verði tilbúin: „Við erum bara að ljúka upptökum núna. Svo förum við í smá túr en Kiddi og Siggi (úr Hjálmum) klára mixin í Hljóðrita á meðan. Þegar við komum heim ætti platan að vera svo til tilbúin.“

Hjaltalín hefur spilað víða í Evrópu síðustu misserin. Túrinn sem bandið fer á nú í vikunni samanstendur af sex tónleikum í Þýskalandi og einum á festivali í Búdapest þar sem íslenska hljómsveitin Ourlives kemur líka fram, auk Emilíönu Torrini og Lay Low. - drg



Erikur
3 stk
1199 kr
Haustvöndur
1999 kr
Verðsprengja
í Blómavali
Liljur
5 stk
1499 kr
Rósir
7 stk
799 kr
Orkideur
Tveggja stofna
1999 kr
Vefverslun
Sendum haustlauka um land allt
Kynntu þér úrvalið á nýjum vef Blómavals
www.blomaval.is
Skráðu þig í
Netklúbb Blómavals
á www.blomaval.is
tilboð og fróðleikur
Haustlaukar
599
299 kr
KRÓKUS MIXED
Stórblóma krókus einnig, góður í ker,
blómgunartími mars-apríl, 15 sm.
10 stk í pakka. 10201044
599
299 kr
PÁSKALILJUR ST KEVERNE
Páskalilja, upprétt, gul,blómgast
apríl-maí, 35 sm há.
5 stk í pakka. 10200964
50 TULIPA
Túlipanar
Apeldoorn rauður
50 stk
magnpakkningar
999 kr
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Dalvík - Selfoss
Egilsstaðir - Reykjanesbær - Kringlan - Smáralind
www.blomaval.is



> ROSALEG HASARMYND

Nýjar myndir úr hasarmyndinni The Expendables hafa verið settar á netið og geta menn nálgast þær á vefsíðunni empireonline.com. Þetta er sannkallað testósterónbíó því leikstjóri er **Sylvester Stallone** og hann leikur aðalhlutverkið en meðal annarra leikara eru Mickey Rourke, Bruce Willis, Jet Li og Dolph Lundgren.

# bíó

bio@frettabladid.is

## Ný Polanski-mynd í biðstöðu

Nýjasta verk leikstjórans Romans Polanski hefur verið sett í salt um óákveðinn tíma. Um er að ræða kvikmyndina The Ghost með þeim Ewan McGregor og Pierce Brosnan í aðalhlutverkum. Tökum á myndinni er lokið og klipping er á lokastigi en enn á eftir að fullvinna hana. Myndin segir frá svokölluðum „skuggarithöfundi" sem er falið að skrifa ævisögu bresks forsætisráðherra og kemst um leið að fjölskylduleyndarmáli sem setur líf hans í uppnám.

Polanski á heldur erfitt með að fylgjast með eftirvinnslu myndarinnar þar sem hann situr nú í varðhaldi svissnesku lögreglunnar og bíður þess að vera framseldur til Bandaríkjanna fyrir brot sem hann framdi fyrir þrjátíu árum. Polanski var handtekinn fremur óvænt af svissneskum yfirvöldum en leikstjórinn hefur alla tíð gætt þess að ferðast ekki til landa þar sem handtaka yfir honum væri yfirvofandi. Polanski nauðgaði þrettán ára gamalli stúlku á heimili Jacks Nicholson þegar hann var að mynda hana fyrir Vogue-tímaritið. Hann flúði land og hefur síðan að mestu dvalist í París ásamt eiginkonu sinni.

Fjöldi leikstjóra hefur hvatt til þess að Polanski verði látinn laus og franskir stjórnmálamenn hafa biðlað til þeirra svissnesku um að Polanski verði leyft að snúa aftur til síns heima. Svissneskir fjölmiðlar hafa jafnframt verið harðorðir í garð þarlendra yfirvalda og segjast hálfpartinn skammast sín fyrir að vera svissneskir.



**FÆR MIKINN STUÐNING** Stuðningur stjórnmálamanna og annarra leikstjóra við Roman Polanski þykir vera á nokkuð gráu svæði enda nauðgaði hann þrettán ára gamalli stúlku.

## Alba verður Focker

Bandaríska leikkonan Jessica Alba mun taka að sér hlutverk kynþokkafullrar ljósmóður í þriðju myndinni um Gaylord Focker og samskipti hans við tengdaföðurinn, Jack Byrnes. Myndinni hefur verið gefið nafnið Little Fockers og flestum ætti því að vera ljóst um hvað hún fjallar, fjölgun Gaylords og Pam Byrnes. Hollywood Reporter greinir frá nærveru Jessicu og bætir því við að líklega eigi Pam von á tvíburum. Alba mun síðan heilla þá Ben Stiller, Robert De Niro og Owen Wilson upp úr skónum.

Ekki eru þó allir aðdáendur þessara skemmtilegu kvikmynda jafnhrifnir af Jessicu, því Empire Online greinir frá því að sumum þykir leikkonan hreinlega hafa misst eitthvað af sínum sjarma og vart eiga sér viðreisnar von. Menn bíða þó spenntir eftir því hvernig endurkoman verður en leikkonan hefur verið í ársfríi frá leiklist vegna barneigna.



**MISJAFNAR VIÐTÖKUR** Jessica Alba mun leika eitt aðalhlutverkanna í kvikmyndinni Little Fockers, þriðju myndinni um Gaylord Focker og Pam Byrnes.



## Truflaðir á leiksviði

**Hugh Jackman og Daniel Craig fara með hlutverk í leikritinu A Steady Rain á Broadway. Meðan á einni sýningu stóð hringdi farsími einhvers gestsins og virtist sá ekki vera á þeim buxunum að slökkva á símanum. Leikararnir héldu sér í karakter þegar þeir báðu gestinn vinsamlegast um að slökkva á símanum. „Viltu svara þessu? Hver sem þú ert. Við getum vel beðið, svaraðu bara símanum," sagði Craig með þykkum Suðurríkjahreim. Að lokum slökkti gesturinn á símanum og Craig og Jackman gátu haldið áfram leik sínum.**

**TRUFLAÐIR** Hugh Jackman og Daniel Craig voru truflaðir við vinnu sína á Broadway.




## EINMANALEG FRAMTÍÐARSÝN HOLLYWOOD

**Hinar stóru karlkyns Hollywood-stjörnur virðast þurfa að ganga í gegnum ákveðna eldraun á sínum ferli; að leika einmana karla í framtíðinni og kljást við ógnir þess sem koma skal.**

**EINMANA** **Harrison Ford, Will Smith, Tom Cruise** og **Bruce Willis** hafa allir leikið menn sem er á einhvern hátt uppsigað við framtíðina eða þjást af einmanaleika. Framtíðarsýn Hollywood virðist vera sú að mannfólkið eigi smám saman eftir að draga sig inn í skel sína og forðast samskipti við hvert annað.







Framtíðin er kvikmyndagerðarmönnum alltaf hugleikin enda geta kvikmyndir stundum virkað líkt og spámenn forðum daga. Framtíðin hefur oft verið björt, full af tækninýjungum og fjöri eins og í Back to the Future II. Þá var hægt að láta sig dreyma um flug-hjólabretti, jakka sem löguðu sig að stærð og svona mætti lengi telja.

Aðrar framtíðarmyndir hafa reynt að skapa trúverðuga heimsmynd þar sem áhersla er lögð á miklar hugarfarsbreytingar, baráttan við hlýnun jarðar virðist hafa tekist, bílar eru keyrðir áfram af vetni, virðast svífa yfir vegum landsins og stjórnvöld leggja sitt af mörkum til að fá fólk til að láta af reykingum (Bruce Willis í Fifth Element).

Og svo eru það leikstjórar og handritshöfundar sem halda að lífið í framtíðinni verði einmanalegt; að vélmenni muni smám saman taka yfir hefðbundin störf, fólk hverfi inn í heim sýndarveruleika og eiginleg samskipti manna á milli verði af skornum skammti. Skemmst er að minnast Stallone-myndarinnar Demolition Man þar sem leikarinn málhalti hugðist eiga notalega stund með Söndru Bullock; hún dró fram einhvern sýndarveruleikahjálm og útskýrði fyrir Stallone að svona gerðust kaupin á eyrinni núna, ekki einhver líkamsvessaskipti eins og í gamla daga. Ekki var nú ástandið skárra í Will Smith-myndinni I, Robot, þar sem mannfólkið þurfti varla að dýfa hendinni ofan í kalt vatn. Enda hafði Will, fulltrúi gamla tímans, sitthvað við þessa róbóta að athuga.

Rick Deckard er einnig ágætis dæmi um einmana karl í framtíðinni. Deckard drap vélmenni í Blade Runner og virtist eiga erfitt með að sjá tilganginn í sínu lífi. Hann var nánast viljalaust verkfæri sem lifði eingöngu fyrir morgundaginn. Tom Cruise í Minority Report er annað sönnunargagn. Sá reynir að klófesta morðingja og glæpamenn sem hafa ekki framið sinn glæp en þjáist af einsemd og hellir sér ofan í eiturlyfjaneyslu á flótta sínum undan raunveruleikanum.

Og svo virðist sem kvikmyndagerðarmenn hræðist það mest að mannkynið muni loka sig af og láta vélarnar um skítadjobbin. Kvikmyndin Surrogates hefur kannski ekki farið hátt í fréttum en myndin hefur fengið prýðisgóða dóma í bandarísku pressunni. Hún skartar Bruce Willis í aðalhlutverki og gerist í náinni framtíð. Mennirnir hafa skilið hver við annan, fylgjast bara með fullkomnu vélmennunum sínum vinna sína vinnu og fara varla út úr húsi. Þetta hljómar auðvitað allt saman kunnuglega og þarf varla að koma neinum á óvart að Willis gamli er fenginn til að rannsaka morð sem bilað vélmenni er grunað um að hafa framið. Og að honum þyki ekki mikið til nútíðarinnar (framtíðarinnar) koma.

## Larsson númer tvö frumsýnd

Kvikmyndin Karlar sem hata konur sló í gegn hér á landi svo um munar og eflaust er orðið langt síðan kvikmynd frá Norðurlöndunum fékk jafn góða aðsókn og raun ber vitni. Nú er komið að mynd númer tvö; Stúlkunni sem lék sér að eldinum. Áður en farið er út í söguþráð myndarinnar er rétt að geta þess að hafi Stieg Larsson-æði ríkt á Ísland undanfarið ár má segja að það sé síður en svo í rénun. Larsson á þrjár bækur á metsölulista Eymundsson sem gefin var útí gær; Stúlkan sem lék sér að eldinum er auðvitað í fyrsta sæti en svo ná bæði kiljuútgáfan og innbundna útgáfan af Körlum sem hata konur inn á topp tíu.

En að bók númer tvö. Ekki þykir rétt að gefa upp nákvæman söguþráð og skýra „plottið" en í stuttu mál sagt hefst bókin á því að Lisbeth Salander gengur alveg sæmilega að eyða þeim milljörðum sem henni áskotnuðust og Mikael Blomkvist á ennþá jafn erfitt með að halda buxunum á réttum stað. Leiðir þeirra liggja aftur saman þegar … punkturinn verður settur hér.

Að venju eru það Noomi Rapace og Michael Nyqvist sem leika Salander og Blomkvist og má fastlega búast við metaðsókn á þennan sænska trylli.



**SLÓGU Í GEGN** Lisbeth Salander og Mikael Blomkvist slógu í gegn hér á landi í Karlar sem hata konur. Þau mæta aftur til leiks um helgina í nýrri mynd.

# ÁTTU AFMÆLI Í OKTÓBER?

10. ÁRIÐ

10. MÁNUÐURINN

10. KRÓNUR

- Sumarið 2009 var eitt besta sumar í ferðaþjónustu á Suðurlandi. - Til að fagna þessum áfanga býður Hótel Rangá öllum þeim sem eiga afmæli í október hótelherbergið á 10 krónur* kjósi þeir að halda upp á afmælið með kvöldverði á margrómuðum veitingastað hótelsins.

HOTEL RANGÁ
Luxury Resort & Dining

Sími: 487 5700 www.hotelranga.is

**Gildir aðeins á afmælisdaginn fyrir Superior (standard) herbergi*
**Uppfærsla í Deluxe herbergi kr. 3.000.- á manninn (kr. 6.000.- fyrir par/tvo)*
**Ath. Nokkrir dagar eru fullbókaðir*

MUNIÐ OKKAR LANDSFRÆGA SÆLKERA JÓLAHLAÐBORÐ SEM HEFST 20. NÓVEMBER.

> NÝTT OFURPAR?

Sögusagnir um meint ástarsamband Justins Timberlake og Rihönnu eru enn á sveimi. Samkvæmt Star Magazine á parið að hafa verið í stöðugu símasambandi síðan á VMA-hátíðinni og á Rihanna meðal annars að hafa spurt Timberlake hvort hann hafi slitið sambandi sínu við leikkonuna Jessicu Biel.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Peningaflíkum ekki stolið frá Ása

„Ég var reyndar bara að sjá auglýsinguna í dag og þetta líkist mjög kjólnum sem ég hannaði. Ég held ekki að auglýsingastofan hafi stolið hugmyndinni af mér, þetta er örugglega bara tilviljun,“ segir fatahönnuðurinn Ásgrímur Már Friðriksson um nýja auglýsingu fyrirtækisins N1, en þar má sjá fyrirsætur klæddar peningaflíkum ekki ósvipuðum peningakjól sem Ásgrímur Már hannaði fyrir jólasýningu listasafns ASÍ í fyrra.

Halldór Reykdal, viðskiptastjóri auglýsingastofunnar Fíton, sem framleiðir auglýsinguna, segir fréttirnar koma sér á óvart. „Ég hafði ekki heyrt af peningakjól Ásgríms fyrr en núna. Hugmyndin að auglýsingunni poppaði upp hjá okkur fyrir einhverju síðan og okkur fannst hún eiga vel við konseptið. Þannig að þetta var alveg ómeðvitað af okkar hálfu.“

Halldór segir að auglýsingin hafi fengið góðar viðtökur frá því að hún fór í birtingu, enda hafi mikið verið lagt í hana. „Við létum hanna raunverulegan peningakjól fyrir sjónvarpsauglýsinguna en flíkurnar fyrir prentauglýsinguna voru unnar á tölvu. Sú ákvörðun að myndvinna flíkurnar eftir á var tekin því það þótti of erfitt og tímafrekt að hanna margar flíkur fyrir auglýsinguna. En það er skemmtilegt frá því að segja að Ásgrímur var á meðal þeirra hönnuða sem við vildum fá til að hanna þessar flíkur.“ Aðspurður hvort þetta sé upphafið að nýrri tískubólu telur Halldór svo ekki vera. „Þetta er ekkert nýtt undir sólinni. Á netinu hefur til dæmis lengi verið hægt að kaupa svipaðar peningaflíkur og jafnvel peningaskó,“ segir Halldór að lokum. - sm



**PENINGAFLÍKUR Í TÍSKU** Ásgrímur Már segir það einskæra tilviljun að fyrirsætur í nýrri auglýsingu klæðist flíkum sem svipar til kjóls sem hann hafi hannað.






Ertu á aldrinum 16-30?

Viltu læra léttan dans?

Helgina 3. -4. október verður haldið 2 daga Swingnámskeið sem hefur verið sérstaklega sniðið að þessum aldurshóp.

Ef þig langar að læra flottan dans með hressu fólki. Láttu þá sjá þig kl. 13:30 – 16:00 laugardag og sunnudag í Danshöllinni, Drafnarfelli 2. Ekki er nauðsynlegt að mæta með dansfélaga!

KOMIÐ OG DANSIÐ!

Skráning í síma 557 7700.

www.komidogdansid.is


# Sveppi og Auddi klæddir upp að hætti Haffa Haff

**Ólátabelgirnir Sverrir Þór og Auðunn Blöndal eru óhræddir við að prófa nýja hluti. Þeir hafa meðal annars klætt sig upp sem rónar og verið hótað lífláti. Auðunn segir ekkert hafa toppað Haffa Haff.**

„Þetta var öðruvísi og það er vægt til orða tekið,“ segir Auðunn í samtali við Fréttablaðið en tónlistarmaðurinn Haffi Haff tók sig til og sýndi þeim félögum hvernig ætti að klæða sig að hætti „hippogkúl“-liðsins í nýjasta þætti tvíeykisins.

Auðunn vill ekki meina að Haffi hafi fundið dulda og kvenlega hlið á sér þrátt fyrir að hafa verið klæddur upp í bleikan kjól en hvað Sveppa varðar er Auðunn ekki alveg jafn viss. „Það er meiri svona tilhneiging hjá honum; hann virðist alltaf vera tilbúinn í eitthvað svona,“ segir Auðunn og er skemmst að minnast þess að Sveppi tók Auðuni opnum örmum þegar þeir félagar föðmuðust án nokkurra klæða en Auðunn virtist þá vera eitthvað tvístígandi.

Óhætt er að segja að þeir félagar líti ljómandi vel út á myndunum og var jafnvel haft á orði að Sverrir Þór gæti jafnvel klæðst þeirri múnderingu dags daglega sem Haffi Haff valdi á hann;

„Þetta er sennilega eitt fáránlegasta atriði sem ég hef verið í,“ segir Auðunn. „Að vera þarna í Listasafni Reykjavíkur ásamt Haffa og vini hans, Steina, sem sagði ekkert nema „átta“ allan tímann og stóð nánast eingöngu úti í horni allan tímann. Mér leið eins og ég væri fastur í atriði úr A Clockwork Orange eftir Stanley Kubrick.“

freyrgigja@frettabladid.is



**ÓVENJULEGIR** Auðunn er í bleikum kjól en Sverrir í bol sem kallar fram hárlit hans; Auðunn gæti eflaust ekki farið á Óliver í þessum fötum en Sverrir myndi hiklaust slá í gegn á einhverjum börum borgarinnar í þessari múnderingu.



**LADY GAGA-STÍLL** Haffi og vinur hans Steini voru reffilegir þegar þeir tóku Sveppa og Audda í gegn. Stílinn sem Haffi virðist hafa valið minnir nokkuð á Lady Gaga, sem mætti einmitt á einhverja athöfn í svipuðum klæðum með tebolla í hægri.






# Pungsveittar draggdrottningar

Í tilefni nýs safndisks bandarísku poppdrottningarinnar Madonnu verður haldin sérstök draggsýning til heiðurs söngkonunni á Batteríinu annað kvöld. Á sýningunni verður farið yfir tónlistarferil Madonnu og eru það Georg Erlingsson Merritt, Atli Freyr Arnarson, Díana Ómel og Elís Veigar Ingibergsson sem munu skella sér í gervi söngkonunnar og skemmta gestum.

„Ég er einn mesti aðdáandi Madonnu hér á landi og hef fimm sinnum farið á tónleika með henni. Það er mögnuð upplifun að sjá hana á tónleikum og sýningar hennar slá allt annað út í flottheitum. Það eru margar draggdrottningar hræddar við hlutverk Madonnu því hún er svo svakalega mikil dýva og það er erfitt að leika það eftir, en við ætlum að reyna og þetta verður þá annað hvort frábær sýning eða algjört klúður,“ segir Georg Erlingsson, skipuleggjandi sýningarinnar.

Draggdrottningarnar, auk hóps dansara, munu koma fram sem Madonna á ýmsum tímabilum og segist Georg leggja mikið upp úr að skapa notalega stemningu á staðnum. „Við sem tökum þátt í sýningunni munum hoppa inn og út af sviðinu í mismunandi gervum þannig það verður brjálað að gera baksviðs og ég geri ráð fyrir að við verðum allir pungsveittir þarna í bókstaflegri merkingu,“ segir Georg, sem verður eina drottningin sem mun syngja lög Madonnu í raun. Húsið verður opnað á miðnætti annað kvöld og er aðgangseyrir 1.000 krónur. - sm




**TIL HEIÐURS MADONNU** Sérstök draggsýning verður haldin í tilefni nýs safndisks poppdrottningarinnar á Batteríinu annað kvöld.

512 50 50 Auglýsingasími – Mest lesið

# Stieg Larsson er í Hagkaup!



# Sú fyrrverandi í sjokki



**GIFT KONA** Khloé giftist kærasta sínum eftir að hafa þekkt hann í mánuð.

Barnsmóðir Lamars Odom, eiginmanns Khloé Kardashian, hefur verið ófeimin að ræða við fjölmiðla frá því að brúðkaupsorðrómurinn fór af stað. Kardashian og Odom, sem leikur körfuknattleik með liði LA Lakers, giftu sig síðastliðinn sunnudag eftir aðeins mánaðarlangt samband.

Í einu viðtalinu segir barnsmóðirin, Liza Morales, að fréttirnar af brúðkaupinu hafi komið henni í opna skjöldu. „Ég mun aldrei gleyma þessum skilaboðum. Þau sögðu einfaldlega: „Gifti mig bráðlega. Vil að börnin hitti tilvonandi eiginkonu mína.“ Ég hef þekkt Lamar í fimmtán ár og við eigum þrjú börn saman og hann hefur alltaf verið hræddur við að binda sig.“

# Hamingjuóskum rignir inn

„Þetta gekk ótrúlega vel. Það voru tæplega þrjú hundruð manns sem sóttu hana og það voru allir mjög ánægðir,“ segir Kamilla Ingibergsdóttir, einn af skipuleggjendum tónlistarráðstefnunnar You Are in Control sem var haldin fyrir skömmu. Einn af gestum hátíðarinnar var Alicen Catron Schneider, sem velur tónlist í þætti á NBC-sjónvarpsstöðinni á borð við Heroes, Trauma og Royal Pains. „Hún fékk fullt af diskum frá íslenskum tónlistarmönnum og var fullbókuð á hraðstefnumótunum,“ segir Kamilla og bætir við: „Það hefur rignt inn hamingjuóskum og þakkarbréfum undanfarna daga frá þeim sem komu að utan. Fólk hefur sagt að það ætli að vera sendiherrar fyrir You Are in Control, meðal annars í Þýskalandi. Þannig að við erum ánægð og nokkuð viss um að við séum að gera góða hluti.“

Ýmislegt var um að vera fyrir gesti ráðstefnunnar. Sumir fóru í Bláa lónið og einhverjir í Krýsuvík, auk þess sem flestir sóttu tónleikaröðina Réttir sem var haldin á sama tíma. Meðal annars sá stór hópur íslenskra trúbatrixurnar spila á Rósenberg og skemmti hann sér prýðilega. - fb



**KAMILLA OG ANNA HILDUR** Kamilla Ingibergsdóttir og Anna Hildur Hildibrandsdóttir, skipuleggjendur You Are in Control. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




Þriggja rétta afmælismatseðill
4.990 kr.

ÚRVAL VINSÆLUSTU RÉTTA OKKAR SÍÐUSTU 15 ÁR

*FORRÉTTUR*

Hariyali Tandoori laxateningar
*Marineraðir í kóríander, spínati og grænu chillí*

*AÐALRÉTTIR*

Boti Kebab
*Grillað Tandoori lambafillet, marinerað í Garam Masala, brúnuðum lauk og chillí*

Lasooni Murgh
*Hvítlaukskjúklingur marineraður í engiferi, broddkúmeni og kóríander grillaður í Tandoori ofni*

Meloni Subzi
*Blandað grænmeti, eldað í ríkulegri blöndu af cashewhnetum, kanil, kardemommum, negul og anís*

*MEÐLÆTI*

Raitha
*Heimalöguð jógúrtsósa með gúrkum og kryddblöndu*

Pulao Rice
*Basmati hrísgrjón elduð í blöndu af jurtum og kryddi*

Naan brauð
*Blanda af indversku brauði úr Tandoori ofninum*

*EFTIRRÉTTUR*

Kulfi
*Indverskur ís með saffrani og pistasíuhnetum*

*Hverfisgata 56, 101 Reykjavík*
*Sími: 552 1630*

*Opið:*
*sun.-fim. 18:00 - 22:00*
*fös. og lau. 18:00 - 23:00*

Indverska ævintýrið
*15 ára*

Austur-Indíafjelagið, elsta og vinsælasta indverska veitingahúsið hér á landi, fagnar nú 15 ára afmæli. Í tilefni þess höfum við sett saman þriggja rétta afmælismatseðil með okkar vinsælustu réttum í gegnum tíðina. Afmælismatseðillinn er í boði í október.

***Gríptu tækifærið og taktu þátt í indversku ævintýri á hreint frábæru verði!***

***Borðapantanir í síma 552 1630***
***www.austurindia.is***

Austur India fjelagið
INDIAN RESTAURANT








**SKILINN** Söngvari Limp Bizkit er skilinn eftir aðeins þriggja mánaða hjónaband.

# Fred skilinn við sína frú

**Fred Durst, söngvari hljómsveitarinnar Limp Bizkit, er skilinn við eiginkonu sína aðeins þrem mánuðum eftir að þau giftu sig. Í tilkynningu frá söngvaranum segir: „Ég get staðfest það að Esther og ég höfum ákveðið að skilja og við þökkum þeim sem hafa sýnt okkur stuðning.“ Söngvarinn skrifaði einnig á Twitter-síðu sinni: „Skál fyrir lífinu. Það er ekki hægt að breyta því sem orðið er.“**

# Langar að eignast börn

Gamanleikarinn vinsæli, Vince Vaughn, trúlofaðist unnustu sinni í byrjun árs. Nú er leikarinn tilbúinn að færa sambandið á næsta stig og er farinn að ræða barneignir við fjölmiðla. „Þetta er í fyrsta sinn á ævinni sem mig virkilega langar í börn. Ég hef verið mjög heppinn með feril minn og líf mitt hefur snúist um vinnuna svo lengi og ég er orðinn þreyttur á því. Nú vil ég að líf mitt snúist um aðra og annað,“ sagði Vaughn.



**VILL VERÐA FAÐIR** Leikarinn Vince Vaughn vill börn með tilvonandi eiginkonu sinni.

# Hljómsveitir fá borgað í dilkum

Þær hljómsveitir sem taka þátt í rokkhátíðinni Slátur í Reiðhöllinni í Búðardal fá greitt fyrir spilamennskuna í dilkum. Hátíðin, sem verður haldin 23. október, er liður í haustfagnaði sauðfjárbænda.

„Það hefur enginn neitað og allir vilja koma. Það finnst öllum stórkostlegt að fá borgað í dilkum," segir Grímur Atlason, sveitarstjóri í Búðardal, sem skipuleggur hátíðina. „Menn fá sitt lítið af hverju af rollunni. Svið, bjúgu, læri, hrygg og súpukjöt, þannig að menn koma nestaðir heim." Grímur, sem er vanur tónleikahaldari, segist vera hættur að borga hljómsveitum í evrum og því hafi þessi leið verið valin. „Þetta er miklu stöndugra. Afurðaverð hefur farið lækkandi til bænda. Það er hagkvæmt að borga í dilkakjöti en kannski ekki fyrir bændurna sjálfa."

Hljómsveitirnar sem troða upp á hátíðinni eru ekki af verri endanum, Retro Stefson, FM Belfast, Agent Fresco, Reykjavík!, Dr. Gunni, Rass og Grjóthrun, þar sem Grímur spilar einmitt á bassann. Hann er ekki í neinum vafa um að bændurnir kunni vel að meta reykvíska rokkið. „Þarna verður stofnfundur ungra bænda á Íslandi í Dölunum. Bændur eru miklir rokkarar, enda er Óttarr Proppé [liðsmaður Rass og Dr. Spock] hálfgerður Dalamaður. Svona verða menn eftir að hafa verið í Dölunum."

Meðal annarra skemmtiatriða í haustfagnaði sauðfjárbænda eru Íslandsmeistaramótið í rúningi, hrútaþukl og fótboltamót þannig að menn hafa svo sannarlega úr nægu að moða. - fb



**ÓTTARR PROPPÉ** Dalamaðurinn Óttarr Proppé og félagar í Rass spila á hátíðinni.



**GRÍMUR ATLASON** Sveitarstjórinn í Búðardal stendur fyrir rokkhátíðinni Slátur.



**GORDON RAMSAY** Nýjar teiknimyndir með kokkinum kjaftfora eru á leiðinni í sjónvarpið.

## Teiknimynd um Ramsay

**Framleiðsla á nýjum teiknimyndaþáttum með kokkinum Gordon Ramsay í aðalhlutverki er í undirbúningi. Ramsey hefur samið við kanadíska fyrirtækið Cuppa Coffee Studios um gerð þáttanna sem nefnast Gordon Ramsay, At Your Service. Hinir hálftíma löngu þættir verða kynntir á alþjóðlegri söluráðstefnu í Cannes í næsta mánuði og þá kemur í ljós hvaða sjónvarpsstöðvar hreppa hnossið. Hinn kjaftrofi Ramsay ætlar greinilega að hamra járnið á meðan það er heitt því hann er þegar stjórnandi tveggja vinsælla kokkaþátta, Hell´s Kitchen og Kitchen Nightmares.**

## Amy gefur út plötur

Söngkonan Amy Winehouse hefur komið á fót sínu eigin útgáfufyrirtæki sem ber nafnið Lioness og hyggst gefa út tónlist þrettán ára gamallar guðdóttur sinnar. Winehouse þykir guðdóttirin, Dionne Bromfield, hafa einstaka rödd og er viss um að hún muni hljóta skjótan frama í tónlistarheiminum.

„Þegar ég heyrði Dionne fyrst syngja trúði ég ekki mínum eigin eyrum. Hún er með alveg einstaka rödd miðað við ungan aldur. Hún er mun betri en ég var á hennar aldri og ég er ákaflega stolt af henni," sagði söngkonan í viðtali við The Sun.

Á væntanlegri plötu mun sú stutta syngja gömul og þekkt lög í nýjum búningi og má þar nefna lög á borð við Ain't No Mountain High Enough og My Boy Lollipop.



**STOLT GUÐMÓÐIR** Amy Winehouse gefur út fyrstu plötu guðdóttur sinnar.






# Pontiak Pilatus á kreppukvöldi

Hljómsveitirnar Pontiak Pilatus, Swive og Keanu koma fram á kreppukvöldi á Bar 11 í kvöld. Húsið verður opnað klukkan 21 og tónleikarnir hefjast klukkan 22.

Í tilkynningu frá hljómsveitunum kemur fram að allur ágóði tónleikanna renni til bágstaddra útrásarvíkinga, sem hafi þurft að flýja land vegna ofsókna. Það hlýtur því að skjóta skökku við að miðaverð er núll krónur.

Pontiak Pilatus inniheldur meðlimi úr hljómsveitinni Lokbrá, sem naut talsverðra vinsælda fyrir nokkrum misserum og sendi frá sér plötuna Army of Soundwaves árið 2003.



**PONTIAK PILATUS** Hressir strákarnir.

# Sometime-platan komin aftur

Hljómsveitin Sometime hefur gefið út endurgerða útgáfu af fyrstu (og einu) plötunni sinni, Supercalifragilisticexpialidocious, sem kom út 2007. „Platan seldist upp á nokkrum mánuðum þá og hefur ekki verið til fyrr en nú. Platan er öll „remasteruð“ og fjögur lög eru alveg mixuð upp á nýtt,“ segir Danni (í Maus), sem er stofnmeðlimur í bandinu auk söngkonunnar Rósu (Diva de la Rosa).

„Bandið er á fullu. Það hafa orðið mannabreytingar og Rósa eignaðist barn í apríl. Þetta setti smá strik í reikninginn. En við spiluðum á Réttum og verðum á Airwaves og erum með efni tilbúið á næstu plötu sem vonum að geti komið út næsta sumar.“



**DANÍEL ÞORSTEINSSON**

Sometime gaf nýlega út kassettu í fimmtíu tölusettum eintökum með fimm remixum af laginu „Heart of Spades“, meðal annars með Steed Lord og SvenBit (Hermigervli). „Kassettan er tískuvara og því seld í KVK og Kron Kron,“ segir Danni. „Það var bölvað vesen að gefa út spólu og rándýrt en hverrar krónu virði því sándið á kassettum er svo skemmtilegt!“



**KOMIN AFTUR** Fyrsta plata Sometime.

# Record Records spýtir í lófana

Haraldur Leví Gunnarsson rekur Record Records-útgáfuna. Hann hefur gefið út plötur með Mammút og Foreign Monkeys og er nú með þrjár nýjar plötur á teikniborðinu: „Þetta er önnur platan með Bloodgroup, þriðja plata Láru Rúnarsdóttur og fyrsta platan með Sykri. Platan með Bloodgroup kemur í nóvember en fyrsta lagið af henni fer í spilun í byrjun október. Plata Láru heitir eftir laginu Surprise sem er búið að vera vinsælt í sumar. Þessi plata er mjög frábrugðin fyrra efninu hennar. Hljómsveitin Sykur er svo skipuð ungum og mjög efnilegum strákum. Platan heitir Frábært eða frábært og er full af ansi hressandi rafpoppi. Plöturnar með Láru og Sykri koma báðar út 13. október.“

Haraldur er meðvitaður um það að útgáfubransinn er ekki leið að ríkidæmi. „Það sem skiptir mestu máli fyrir mig er að þetta er ógeðslega gaman,“ segir hann. „Ég hef ekki efni á einkaþyrlu og Range Rover, en ég lifi af.“

Haraldur er kominn í samstarf við upptökustjórann Magnús Árna Öder og þeir eru nú að leggja lokahönd á að koma sér upp hljóðveri. „Þetta verður alveg svaðalegt, langmesta og besta úrvalið af hljóðfærum á staðnum. Ég bara hef ekki tíma í að telja það upp. Þetta verður allt á einum stað, hljóðver, framleiðsla, útgáfa og dreifing, þú getur þess vegna komið til mín og tekið upp heila plötu og komið henni út í búð daginn eftir eða sama dag ef þú ert í stuði fyrir það.“

Haraldur segir ágætis móral á meðal plötuútgefenda á Íslandi. „Það þýðir ekkert að vera óvinir, enda eru allir að reka plötubúð og eitthvað annað með útgáfunni sem kemur hinum vel. Við þykjumst að minnsta kosti vera vinir.“

- drg



**FRÁBÆRT EÐA FRÁBÆRT** Fyrsta plata Sykurs er væntanleg.




Spörum gjaldeyri!

Skiptabókamarkaður með erlendar kiljur.

Spörum gjaldeyri með því að skiptast á erlendum kiljum.

Þú færð 400 kr. inneign fyrir erlenda kilju gefna út árið 2000 eða síðar.

BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR LAUGAVEGI 18


# Frikki býður Barack Obama í mat

**Fyrirmenni heimsins eru tekin að safnast saman í Kaupmannahöfn þar sem Alþjóðaólympíunefndin situr á rökstólum og skeggræðir hvaða borg fær að halda Ólympíuleikana 2016. Íslenskur veitingamaður í borginni hefur boðið forseta Bandaríkjanna í hamborgara af því tilefni.**

„Ég reikna ekki með að gera þetta aftur þótt auðvitað eigi maður aldrei að segja aldrei,“ segir Friðrik Weisshappel, eigandi kaffihússins Laundromat við Arhusgade í Kaupmannahöfn. Hann, líkt og danska þjóðin, er ákaflega spenntur fyrir komu Baracks Obama, forseta Bandaríkjanna. Friðrik hefur ákveðið að bjóða honum og eiginkonu hans, Michelle, í hamborgara enda sé Barack búinn að lýsa því yfir að hann sé mikill aðdáandi þess vinsæla réttar.

Til þess að skötuhjúin sjái nú örugglega boðskortið frá Friðriki hafa starfsmenn Laundromat hengt boðskortið upp um alla borg og loks ætlar Friðrik að birta heilsíðuauglýsingu í stórblaðinu Politiken á föstudaginn þegar Barack mætir á svæðið. „Það er góður íslenskur siður að bjóða fólki sem maður kann vel við í mat og ég kann bara ákaflega vel við þau hjónin,“ segir Friðrik sem hefur fengið mikil viðbrögð við þessu uppátæki sínu frá íbúum Kaupmannahafnar.

Friðrik segir kostnað við heilsíðuauglýsingu í Politiken vera töluverðan og kannski ekki alveg í takt við kreppuna. Hann hafi þó náð að prútta verðið aðeins niður. „Þetta er bara svona „once in a lifetime“-dæmi og ef þetta fær fólk til að brosa og hlæja þá er tilganginum náð,“ útskýrir Friðrik. Hann bætir því við að hann sé ekkert sérstaklega vongóður um að forsetinn mæti í matinn en hann liggi þó á bæn. „Ef hann getur ekki mætt núna þá stendur honum til boða að mæta í desember þegar loftslagsráðstefnan verður haldin hérna.“

freyrgigja@frettabladid.is




**HEILSÍÐAN Í POLITIKEN**

Friðrik Weisshappel hyggst birta boðskortið í heilsíðuauglýsingu í Politiken. Þar kemur fram að Barack Obama og eiginkonu hans sé boðið í hamborgara. Geti þau ekki mætt núna þá eigi þau það inni þegar þau mæta á loftslagsráðstefnuna í desember.



Tónlist ★★★★

**Skelkur í bringu**

Húðlitað klám



## Ferskt húðlitað klám

Skelkur í bringu er frábær Reykjavíkursveit, fjórir rokkstrákar og söngkona sem hljómar eins og Magga Stína á helíumblöðru. Hún spilar líka á bassa og í sumum lögum kemur saxófónleikari með gott innlegg. Flippaður tónn sveitarinnar minnir á hina frábæru hljómsveit PPPönk sem leikkonan Laufey Elíasdóttir leiddi fyrir mörgum árum. Að auki er sterkur samhljómur með Risaeðlunni og Oxzmá.

Á Húðlitu klámi rennir bandið sér í 15 verk á innan við 25 mínútum. Margt er flippað uppfyllingarefni en þarna er haugur af geðveikum lögum. Ég nefni tvö: „Morð og eldingar“ og „Sindri drepa“. Bandið tekur Batmanlagið, sem er dálítið slappt, en því betri er útgáfan af „Goo Goo Muck“, sem Cramps gerði kunnuglegt í rokkkreðsum. Skelkur tekur það á íslensku, „Slímógeð“. Umslag plötunnar er flott og textablaðið líka.

Mér finnst þetta einhver ferskasta plata sem ég hef heyrt á árinu. Ég vona innilega að þessir krakkar geri meiri músík en fari ekki að gera eitthvað leiðinlegt.

Dr. Gunni

**Niðurstaða:** Hressandi og skemmtilegt hrárokk, sem minnir um margt á íslensk eðalbönd fortíðar, eins og Risaeðluna og PPPönk.


Opnum í dag
Nýjar herra og dömuverzlanir
á Laugvegi 7, fullar af spennandi
haust og vetrar vörum.
Andersen & Lauth
Reykjavik
established 1934
Dömuverzlun sími 5526066, Herraverzlun sími 551 6811, www.andersenlauth.com

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| FUNNY PEOPLE | kl. 6 og 9 | L |
| JENNIFER'S BODY | kl. 8 og 10 | 16 |
| BIONICLE - Íslenskt tal | kl. 6(650 kr.) | L |
| THE UGLY TRUTH | kl. 6, 8 og 10 | 12 |







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| ALGJÖR SVEPPI OG LEITIN AÐ VILLA | kl. 6D - 8D | L |
| FUNNY PEOPLE | kl. 5 - 8 - 10 | 12 |
| DISTRICT 9 | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| DISTRICT 9 | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | VIP |
| BANDSLAM | kl. 5:45 - 8 | L |
| WHALE WATCHING MASSACRE | kl. 10:20 english subt. | 16 |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| DRAG ME TO HELL | kl. 10:50 | 16 |
| THE PROPOSAL | kl. 10:50 | L |
| HARRY POTTER | kl. 5 - 8 | 10 |

HTTP://FACEBOOK.COM/BIOMYNDIR

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| ALL´S WELL THAT ENDS WELL | kl. 6 | L |
| ALGJÖR SVEPPI OG LEITIN AÐ VILLA | kl. 8:10D | L |
| HAUNTING IN CONNECTICUT | kl. 8:10 - 10:10 | 16 |
| KRAFTUR - SÍÐASTI SPRETTURINN | kl. 5:50 - 7 | L |
| DISTRICT 9 | kl. 10:30 | 16 |
| FINAL DESTINATION 4 (3D) | kl.10:20 | 16 |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| ALGJÖR SVEPPI OG LEITIN AÐ VILLA | kl 6 - 8 | L |
| FUNNY PEOPLE | kl. 8 - 10 | 12 |
| UP M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| DISTRICT 9 | kl 10:40 | 16 |

NÝTT Í BÍÓ!










SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| JENNIFER'S BODY | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| BIONICLE ÍSLENSKT TAL | kl. 4 | L |
| THE UGLY TRUTH | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 14 |
| THE UGLY TRUTH LÚXUS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 14 |
| INGLOURIOUS BASTERDS | kl. 6 - 9 | 16 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 5 - 8 | 16 |
| ÍSÖLD 3 3D ÍSLENSKT TAL | kl. 3.45 | L |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 3.45 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE UGLY TRUTH | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 14 |
| ANTICHRIST | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 18 |
| SÓLSKINSDRENGURINN | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 6 - 9 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| JENNIFER´S BODY | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| BIONICLE ÍSLENSKT TAL | kl. 6 | L |
| THE UGLY TRUTH | kl. 8 | 14 |
| FINAL DESTINATION | kl. 10 | 16 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| THE UGLY TRUTH | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 14 |
| BEYOND REASONABLE DOUBT | kl. 5.45 - 8 - 10.15 750 kr. | 16 |
| HALLOWEEN 2 | kl. 5.45 750 kr. | 16 |
| INGLOURIOUS BASTERDS | kl. 6 - 9 750 kr. | 16 |


# Svíar hrifnir af Árstíðum

„Ég hef góða tilfinningu fyrir þessu,“ segir Ragnar Ólafsson úr hljómsveitinni Árstíðum. Henni hefur verið boðið að spila í Svíþjóð og á norsku tónlistarhátíðinni By:Larm næsta vor. Boðið kom eftir góða frammistöðu á tónleikum í Fríkirkjunni í síðustu viku þar sem sænskir útgefendur voru á meðal gesta. „Eftir tónleikana króuðu Svíarnir mig af og voru að ræða plön um að fá okkur til Skandinavíu. Það stendur til að fara þangað í vor,“ segir Ragnar. Á By:Larm koma einnig fram íslensku sveitirnar Hjaltalín og Retro Stefson ásamt tónlistarmanninum Ólafi Arnalds.

Hugsanlegt er að Árstíðum verði í framhaldinu boðinn útgáfusamningur af sænsku fyrirtæki, en eitt þeirra sem hafa komið að máli við sveitina er Sony Music í Svíþjóð. „Þess má til gamans geta að við erum með lag í bígerð sem er bæði með íslenskum og sænskum texta. Það er skemmtileg tilviljun að Svíarnir skuli sýna okkur áhuga,“ segir Ragnar, sem talar reiprennandi sænsku eftir að hafa búið í Svíþjóð.

Tónlist Árstíða er þjóðlagaskotin og er undir áhrifum frá flytjendum á borð við Neil Young, Eagles og CSN. Hún gaf út sína fyrstu plötu í sumar og hefur hún fengið góðar viðtökur. Fram undan hjá hljómsveitinni eru tónleikar á Októberfest á lóð Háskóla Íslands í næstu viku og á tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves um miðjan október. Fyrir jólin spilar sveitin síðan á hinum árlegu jólatónleikum Björgvins Halldórssonar í Laugardalshöll. - fb



**ÁRSTÍÐIR** Hljómsveitin Árstíðir ætlar í tónleikaferð til Skandinavíu næsta vor.
MYND/ÓSKAR PÁLL ELFARSSON

# Ég hef verið bænheyrður

**Gaukur Úlfarsson fylgir Emilíönu Torrini eftir á Evróputúr hennar. Hann er að gera mynd um tónleikaferðina og er afar ánægður að hafa fengið að komast aðeins burt frá Íslandi.**



**ALLTAF UPPSELT** Emilíana Torrini er að gera það gott á meginlandinu. Þarna glittir líka í Pétur Hallgrímsson gítarleikara.
MYND/GAUKUR ÚLFARSSON

„Ég er að gera mynd um túrinn, en þetta verður engin venjuleg dagbókarmynd, heldur annað konsept,“ segir kvikmyndagerðarmaðurinn Gaukur Úlfarsson, sem nú þeysir um Evrópu í fylgdarliði Emilíönu Torrini. „Ég er að gera þessa mynd fyrir Emilíönu og útgáfufyrirtækið hennar, Rough Trade. Ég stefndi að því að myndin yrði tilbúin í janúar en á þessari fyrstu viku er ég búinn að filma svo mikið að mér líst orðið ekkert á það plan lengur.“

Emilíana hefur verið dugleg að spila síðustu misserin, en eiginlegur Evróputúr hennar hófst á fimmtudaginn fyrir viku. Gaukur hefur tekið upp efni í Hollandi, Þýskalandi og í Frakklandi. Í gærkvöldi voru tónleikar í Brussel. Svona heldur túrinn áfram um alla Evrópu til 21. október. Þá hættir Gaukur að elta bandið en Emilíana heldur áfram að spila út árið. „Emilíana er orðin nokkuð vinsæl í Evrópu. Lagið „Jungle Drum“ var í efsta sæti vikum saman, ekki bara í Þýskalandi heldur líka í Austurríki, Sviss og í fleiri löndum sem við ferðumst til,“ segir Gaukur. „Hún er að spila á 1.000-1.500 manna stöðum og það er alltaf uppselt. Mjög glæsilegt, allt saman. Mér finnst Emilíana ákveðin í að halda sér niðri á jörðinni miðað við umfangið á þessu.“

Mikið Íslendingastóð er í kringum Emilíönu. Lay Low hitar upp og Pétur Hallgrímsson spilar með henni. Pétur spilar líka með Emilíönu, sem og Sigtryggur Baldursson, og Lay Low spilar á bassa í sumum lögunum með Emilíönu. „Það er mjög skemmtilegt að vera á svona túrum, sérstaklega þegar maður er með frábæru fólki. Rútan ruggar manni í svefn og svo vaknar maður í nýrri borg á hverjum morgni,“ segir Gaukur, sem er vanur túralífinu. Hann spilaði á bassa með Quarashi, sem fór í allt upp í hálfs árs túra í sínu meiki. En saknar hann ekki Íslands og umræðunnar um Icesave? „Nei, við skulum orða það þannig að ég hafi verið bænheyrður að komast á þennan túr,“ segir Gaukur og flissar í steikjandi hitanum í Frakklandi.

drgunni@frettabladid.is



**LÆTUR RÚTUNA RUGGA SÉR Í SVEFN** Gaukur Úlfarsson kvikmyndagerðarmaður nýtur tónleikaferðarinnar um Evrópu.

# Hljómalindarfólk á götunni á ný

„Síðasti opnunardagurinn var á sunnudaginn og við erum bara að pakka öllu dótinu niður í þessum töluðu orðum,“ segir Helena Stefánsdóttir, ein fjögurra eigenda Kaffi Hljómalindar sem hætti rekstri á mánudaginn. Ástæða þess mun vera sú að Hljómalindarfólkið fékk ekki framlengdan leigusamninginn og missti því húsnæðið.

„Þegar við tókum húsnæðið á leigu á sínum tíma gerðum við það upp fyrir næstum sex milljónir. Við áttum að fá að endurnýja samninginn og vera hér næstu árin og þess vegna lögðum við mikla vinnu og pening í að gera húsnæðið upp. Leigusalinn ákvað svo að hækka leiguna áður en nýr samningur var gerður og við höfðum einfaldlega ekki efni á því að borga þá upphæð og í kjölfarið sagði hann okkur upp leigunni.“

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Hljómalindarfólkið þarf að flytja sig um set því umræddur leigusali rak þau einnig úr Hljómalindarhúsinu við Laugaveg 21 árið 2008.

„Fólkið sem kom á eftir okkur inn í Hljómalindarhúsið var mjög heppið, það þurfti lítið að gera við húsnæðið til að byggja upp sinn rekstur. Svipað átti sér stað með skemmtistaðinn Sirkus, en það húsnæði er í eigu sama aðila, þar var leigutaka sagt upp og húsið stendur enn autt,“ segir Helena.

Hún segir að eigendur Hljómalindar leiti nú að nýju húsnæði í miðbæ Reykjavíkur og segir jafnvel koma til greina að kaupa hús undir reksturinn. „Það kemur vel til greina að kaupa einfaldlega húsnæði til að koma í veg fyrir að sagan endurtaki sig enn eina ferðina. Vonandi getum við byrjað aftur sem allra fyrst, enda hefur Hljómalind þjónað sem hálfgerð félagsmiðstöð bæði fyrir fjölskyldufólk og ungmenni um árabil.“ - sm



**HLJÓMLIND HÆTTIR** Helena Stefánsdóttir, ein fjögurra eigenda Hljómalindar, vonar að hægt verði að hefja rekstur í nýju húsnæði í nánustu framtíð.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# NÝJAR VÖRUR

# OKKAR VERÐ

OKKAR VERÐ

**Verðdæmi dömu & herra**

skyrtur 3.490,-
buxur 3.990,-
flíspeysur 3.990,-
softshell 5.990,-
Isotex jakkar 7.990,-
Isotex buxur 4.490,-
Undirföt /sett 3.990,-
Úlpur 8.290,-
ofl. ofl.

www.utivistogsport.is

**Verðdæmi á barnafötum**

Flíspeysur 2.990,-
Softshell peysur 5.490,-
Úlpur 7.490,-
Snjóbuxur 7.990,-
Fóðraðar buxur 3.990,-
Regnbuxur 1.490,-
Flís undirföt/sett 3.490,-
Smávara ofl.ofl.

Regatta GREAT OUTDOORS™

ÚTIVIST & SPORT

verslun
heildverslun

Faxafen 12 S. 533-1550

**OPIÐ**
VIRKA DAGA 10 – 18
LAUGARD. 11 – 16

## > Björgólfur áfram í KR

Björgólfur Takefusa skrifaði í gær undir nýjan tveggja ára samning við KR en gamli samningurinn hans átti að renna út um miðjan mánuðinn. Björgólfur kom til KR árið 2006 og hafði þá verið á mála hjá bæði Þrótti og Fylki. Hann hefur tvívegis unnið gullskóinn í efstu deild karla, nú síðast í sumar. Hann hefur á sínum ferli alls skorað 66 mörk í 117 leikjum í efstu deild.



sport
sport@frettabladid.is

**FREYR ALEXANDERSSON:** VONGÓÐUR ÞRÁTT FYRIR 4-1 TAP VALSSTÚLKNA GEGN TORRES Í MEISTARADEILD UEFA Í GÆR

# *Útivallarmarkið heldur okkur lifandi í keppninni*



Íslandsmeistarar Vals töpuðu 4-1 fyrir ítölsku bikarmeisturunum í Torres í fyrri leik liðanna í Meistaradeild UEFA í gær en leikurinn fór fram í Sassari á Sardiníu. Valur lenti 3-0 undir í leiknum en Hallbera Guðný Gísladóttir minnkaði muninn fyrir Valsstúlkur áður en þær ítölsku skoruðu fjórða markið. Þjálfarinn Freyr Alexandersson varð vissulega fyrir vonbrigðum með úrslit leiksins en er að sama skapi vongóður í ljósi þess að Valur hafi í það minnsta náð að skora mark á útivelli fyrir seinni leikinn sem fram fer á Vodafonevellinum næstkomandi miðvikudag.

„Þetta var skrýtinn leikur þar sem þær skoruðu öll sín mörk úr föstum leikatriðum. Við vissum fyrir leikinn að það væri þeirra styrkleiki þannig að við erum mjög svekkt með það. Dómarinn hjálpaði okkur heldur ekki mikið því hann gaf allt of mikið af ódýrum aukaspyrnum sem þær ítölsku náðu að nýta sér vel. Það er hins vegar engin afsökun þar sem fyrri hálfleikurinn var slakur af okkar hálfu. Lélegar sendingar og móttökur og stelpurnar voru ekki að spila sinn leik og virtust vera hræddar á boltanum. Seinni hálfleikurinn var miklu betri hjá okkur. Við fórum að spila okkar bolta og náðum að skapa okkur nokkur færi fyrir utan markið sem við skoruðum. Útivallarmarkið heldur okkur lifandi í keppninni og það er alveg ljóst að þrátt fyrir að mótherjarnir séu sterkir getum við alveg komist áfram,“ segir Freyr.

Freyr var annars mjög ósáttur með móttökurnar sem Valsstúlkur fengu á Sardiníu og segir að þeim hafi verið gert eins erfitt fyrir og mögulegt hafi verið.

„Þetta er búinn að vera algjör sirkus í kringum þennan leik. Ferðalagið fór illa af stað á mánudeginum þar sem mikil seinkun gerði það að verkum að við náðum lítið sem ekkert að sofa í London áður en förinni var svo haldið áfram til Ítalíu. Þeir hjá Torres sáu svo um að setja okkur á hótel sem var í yfir klukkutíma fjarlægð í rútu frá vellinum, sem er bannað samkvæmt reglum hjá UEFA. Rútan kom í ofanálag allt of seint og við erum því að spá í að bóka þau á hótel á Selfossi fyrir seinni leikinn,“ segir Freyr á léttum nótum.



**ARNAR FREYR** Átti góðan leik fyrir Grindavík gegn Snæfelli í gærkvöldi.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Powerade-bikar karla:

## Suðurnesjaslagur í úrslitaleik

**KÖRFUBOLTI** Leikið var í undanúrslitum Powerade-bikars karla í körfubolta í kvöld og þá varð ljóst að boðið verður upp á Suðurnesjaslag í úrslitaleiknum. Grindvíkingar unnu 95-89 sigur gegn Snæfelli í Grindavík annars vegar og Njarðvíkingar unnu 85-94 sigur gegn KR í Vesturbænum hins vegar.

Hjá Grindavík var Arnar Freyr Jónsson atkvæðamestur með 31 stig en Amani Daanish skoraði 21 stig, Páll Axel Vilbergsson skoraði 17 stig og Ómar Sævarsson 16 stig. Hjá Snæfelli var Jón Jónsson með 33 stig en Sigurður Þorvaldsson skoraði 21 stig og Hlynur Bæringsson skoraði 15 stig og tók 16 fráköst.

Hjá Njarðvík var Friðrik Stefánsson stigahæstur með 24 stig en Tommy Johnson skoraði 30 stig fyrir KR. - óþ



**ÓLAFUR** Skoraði tvö mörk í sigri Rhein-Neckar Löwen í gærkvöldi.
NORDIC PHOTOS/GETTY

Þýski handboltinn:

## RN Löwen og Kiel með sigra

**HANDBOLTI Íslendingarnir höfðu sig hæga í 32-25 sigri Rhein-Neckar Löwen gegn Grosswallstadt í kvöld en staðan í hálfleik var 14-12 RN Löwen mönnum í vil.**

**Ólafur Stefánsson skoraði tvö mörk fyrir liðið og Guðjón Valur Sigurðsson og Snorri Steinn Guðjónsson skoruðu eitt mark hvor.**

**Alfreð Gíslason og lærisveinar í Kiel unnu 25-32 sigur gegn Minden í kvöld en staðan í hálfleik var 13-12 Minden í vil. Aron Pálmarsson komst ekki á blað hjá Kiel en Gylfi Gylfason skoraði fimm mörk fyrir Minden.**

**Þá skoraði Róbert Gunnarsson sex mörk í 28-34 tapi Gummarsbach gegn Hamburg.** - óþ

# Carrick bjargvættur United

Manchester United og Chelsea unnu bæði nauma sigra í riðlakeppni Meistaradeildarinnar í gær. Cristiano Ronaldo heldur áfram að skora fyrir Real Madrid.

**FÓTBOLTI** Ensku félögin Manchester United og Chelsea gerðu nóg til þess að sækja stigin þrjú þegar annarri umferð riðlakeppni Meistaradeildarinnar lauk í gærkvöldi. Cristiano Ronaldo skoraði aftur tvennu í sigri Real Madrid en AC Milan tapaði óvænt gegn FC Zürich.

Það blés lengi vel ekki byrlega fyrir Englandsmeisturum Manchester United gegn Þýskalandsmeisturum Wolfsburg á Old Trafford-leikvanginum í gærkvöldi. Michael Owen þurfti að yfirgefa völlinn vegna meiðsla strax á 20. mínútu og gestirnir tóku forystu í leiknum snemma í síðari hálfleik með skallamarki Edins Dzeko. Markið reyndist hins vegar skammgóður vermir því Ryan Giggs jafnaði leikinn stuttu síðar eftir að aukaspyrna hans breytti um stefnu á varnarveggnum og fór í markið. Það var svo Michael Carrick sem innsiglaði 2-1 sigur United með marki þegar um stundarfjórðungur lifði leiks. Knattspyrnustjórinn Sir Alex Ferguson hjá United var ánægður með spilamennsku sinna manna og hrósaði sérstaklega framlagi Giggs sem skoraði sitt 150. mark á löngum og farsælum ferli með United.

„Hann er ótrúlegur. Ég veit ekki hvernig ég á að bæta við allt það hrós sem ég hef veitt honum í gegnum árin en hann er einfaldlega stórkostlegur leikmaður. Annars fannst mér liðið í heild sinni leika vel og markið hjá þeim kom gegn gangi leiksins. Ég var samt aldrei smeykur og vissi að markið myndi koma hjá okkur,“ sagði Ferguson í leikslok í gærkvöldi.



**SÖGULEGT MARK** Liðsfélagar hins gamalreynda Ryan Giggs hylla hann eftir að hann skoraði sitt 150. mark á ferlinum með Manchester United í gær. Giggs jafnaði leikinn fyrir United með markinu áður en Michael Carrick innsiglaði 2-1 sigur.
NORDIC PHOTOS/AFP

### Sama uppskriftin hjá Chelsea

Nicolas Anelka skoraði eina mark Chelsea í 0-1 útisigri gegn Apoel Nicosia og hefur Chelsea því unnið báða leiki sína til þessa í riðlakeppninni og í bæði skiptin hefur framherjinn franski tryggt Lundúnaliðinu 1-0 sigur.

Þá virðist ekkert lát vera á markaskoruninni hjá Portúgalanum Cristiano Ronaldo hjá Real Madrid en hann skoraði tvennu í 3-0 sigri Madrídinga gegn Marseille á Santiago Bernabeu-leikvanginum í gærkvöld. Ronaldo skoraði einnig tvennu í fyrsta leik Real Madrid í riðlakeppninni. Kaka skoraði síðan þriðja mark heimamanna úr vítaspyrnu.

Óvæntustu úrslit kvöldsins áttu sér stað á San Siro-leikvanginum í Mílanóborg þar sem svissneska félagið FC Zürich vann frækinn 0-1 sigur gegn AC Milan.

Varnarmaðurinn finnski Hannu Tihinen skoraði eina mark leiksins en úrslitin hljóta að verða til þess að auka enn á óánægjuraddir í garð knattspyrnustjórans Leonardo sem hefur byrjað afar illa í stjórastólnum hjá AC Milan.

**omar@frettabladid.is**

## ÚRSLIT

### *Meistaradeild Evrópu*

**A-riðill:**

| | |
|---|---|
| Bayern München-Juventus | 0-0 |
| Bordeaux-Maccabi Haifa | 1-0 |
| 1-0 Michael Ciani (83.). | |

**B-riðill:**

| | |
|---|---|
| CSKA Moskva-Besiktas | 2-1 |
| 1-0 Alan Dzagoev (7.), 2-0 Milos Krasic (61.), 2-1 Ekrem Dag (90.). | |
| Man. Utd-Wolfsburg | 2-1 |
| 0-1 Edin Dzeko (56.), 1-1 Ryan Giggs (59.), 2-1 Michael Carrick (78.). | |

**C-riðill:**

| | |
|---|---|
| AC Milan-FC Zürich | 0-1 |
| 0-1 Hannu Tihinen (10.). | |
| Real Madrid-Marseille | 3-0 |
| 1-0 Cristiano Ronaldo (58.), 2-0 Cristiano Ronaldo (64.), 3-0 Kaka (61.). | |

**D-riðill:**

| | |
|---|---|
| Apoel Nicosia-Chelsea | 0-1 |
| 0-1 Nicolas Anelka (18.). | |
| Porto-Atletico Madrid | 2-0 |
| 1-0 Radamel Falcao Garcia (75.), 2-0 Rolando (82.). | |

### *Enska b-deildin*

| | |
|---|---|
| Newcastle-QPR | 1-1 |
| 0-1 Ben Watson (7.), 1-1 Marlon Harewood (70.). | |
| N. Forest-Scunthorpe | 2-0 |

### *Þýski handboltinn*

| | |
|---|---|
| Rhein-Neckar Löwen-Grosswallstadt | 32-25 |
| Ólafur Stefánsson skoraði 2, Guðjón Valur Sigurðsson og Snorri Steinn Guðjónsson 1 hvor. | |
| Minden-Kiel | 25-32 |
| Gylfi Gylfason skoraði 5 mörk fyrir Minden en Aron Pálmarsson náði ekki að skora fyrir Kiel. | |
| Gummersbach-Hamburg | 28-34 |
| Róbert Gunnarsson skoraði 6 mörk fyrir Gummersbach. | |

### *Powerade-bikar karla*

| | |
|---|---|
| KR-Njarðvík | 85-94 |
| Grindavík-Snæfell | 95-89 |

**Grindavík:** Arnar Freyr Jónsson 31 (4 fráköst, 4 Stoðs.), Amani Daanish 21 (6 fráköst). Páll Axel Vilbergsson 17 (7 fráköst), Ómar Sævarsson 16 (6 fráköst, 5 stoðs.), Þorleifur Ólafsson 8 (5 fráköst), Ó. Ólafsson 2.
**Snæfell:** Jón Ó. Jónsson 33 (7 fráköst), Sigurður Á. Þorvaldsson 21 (7 fráköst), Hlynur Bæringsson 15 (16 fráköst, 4 stoðs.), Emil Þór Jóhannsson 13, S. Davíðsson 5, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 2.

Guðmundur Benediktsson ráðinn þjálfari Selfoss sem leikur í Pepsi-deildinni á næsta ári:

# Stoltur að mér skuli treyst fyrir verkefninu

**FÓTBOLTI** Guðmundur Benediktsson var í gær ráðinn þjálfari Selfoss sem vann sér sæti í Pepsi-deild karla nú í haust. Hann skrifaði í gær undir tveggja ára samning við félagið.

„Þetta leggst mjög vel í mig og ég er mjög spenntur fyrir þessu,“ sagði Guðmundur í gær. „Þetta kemur kannski einhverjum á óvart en þegar svona tækifæri bjóðast er ýmist að hrökkva eða stökkva. Ég stökk í þetta skiptið.“

Guðmundur er nú að taka við þjálfun liðs í fyrsta sinn en hann á langan feril að baki sem leikmaður. Hann lék með KR í sumar og reyndist drjúgur í sóknarlínu liðsins. Hann viðurkennir að það hafi freistað að taka eitt ár til viðbótar með KR og freista þess að ná Íslandsmeistaratitlinum.

„Ég held að alla kitli til að spila með KR. Þetta var mitt ellefta tímabil hjá félaginu og mér fannst þetta því ágætur tímapunktur fyrir þessa breytingu. Það koma alltaf gatnamót í boltanum og nú ákvað ég að taka beygjuna austur fyrir fjall. Ég sé ekki eftir því enda spennandi tímar fram undan fyrir austan.“

Hann segir að ráðningin hafi átt sér nokkurn aðdraganda. „Fyrir tveimur vikum fékk Selfoss leyfi hjá KR til að ræða við mig og höfum við síðan þá átt nokkra fundi. Selfoss mun spila í efstu deild í fyrsta sinn á næsta ári og er ég ákaflega þakklátur og stoltur að mér skuli treyst fyrir því verkefni að stýra liðinu við þær krefjandi aðstæður.“

Hann ætlar að sjá til hvort hann muni spila sjálfur með liðinu.

„Ég mun sjá til hvernig líkaminn verður. Hann er ekkert sérstaklega spenntur fyrir því núna í lok september en það gæti breyst þegar það fer að hlýna.“

Hann segist byrjaður að kynna sér lið Selfyssinga. „Ég hef kíkt á upptökur af leikjum og kynnt mér liðið. Þetta er ákaflega efnilegt lið og leikmenn eru á frábærum aldri. Flestir hafa spilað með yngri landsliðum Íslands og margir að spila með því enn í dag. Það verður gaman að starfa með þessum leikmönnum og þróa þá áfram sem knattspyrnumenn.“ - esá




**Á NÝJUM STAÐ** Guðmundur Benediktsson verður í nýju hlutverki á nýjum stað.
MYND/HAFLIÐI BREIÐFJÖRÐ


FYRIRLIÐI FÓTBOLTALEIKJANNA ER LENTUR!
SENDU SMS SKEYTIÐ
EST FIFA
Á NÚMERIÐ 1900
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!
PLAYSTATION 3
FIFA 10
SMS LEIKUR
10. HVER VINNUR!
„Frábær. Aftur..“ 9 af 10 - Official PlayStation Magazine
„Fifa er allt það sem aðdáendur knattspyrnu geta ímyndað sér, þú verður einfaldlega að eignast þennan..“ 10 af 10 - Eurogamer Italy
FULLT AF AUKAVINNINGUM
TÖLVULEIKIR · DVD MYNDIR · FULLT AF PEPSI MAX OG MARGT FLEIRA!
Vinningar afhentir í ELKO Lindum. 199 kr/skeytið. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb.
ELKO




**ÓLAFUR** Valdi átján leikmenn í íslenska landsliðið í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ólafur Jóhannesson um Stefán Loga Magnússon og Theodór Elmar Bjarnason:

# Útilokar ekki að velja þá síðar

**FÓTBOLTI** Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari valdi í gær landsliðshópinn sem mætir Suður-Afríku í vináttulandsleik hinn 13. október næstkomandi. Þeir Stefán Logi Magnússon og Theodór Elmar Bjarnason voru ekki valdir í hópinn en sá síðarnefndi gaf það reyndar út í júní síðastliðnum að hann ætlaði ekki að gefa kost á sér í landsliðið á næstunni.

„Ég hef ekki talað við hann síðan þá en ég á von á því að ég fari fljótlega til Svíþjóðar og hitti hann þá," sagði Ólafur. En hvernig hyggst hann taka á þessu máli?

„Ég sagði honum á sínum tíma að ég teldi að þetta væri röng ákvörðun. Því held ég enn fram í dag. Þetta er ungur drengur og ungum mönnum verður oft á. Það eina sem ég mun gera er að hjálpa honum að taka rétta ákvörðun."

Stefán Logi er á mála hjá KR en var lánaður til Lilleström í sumar þar sem hann hefur staðið sig vel. Hann sagði reyndar í viðtali við norska fjölmiðla í ágúst síðastliðnum að hann teldi sig vera besta markvörð Íslands en að hann ætti ekki von á því að fá tækifæri hjá landsliðinu á meðan það væri undir stjórn Ólafs.

„Þetta viðtal situr ekki í mér. Mér finnst alltaf gott þegar menn hafa sjálfstraust. Hann er ekki valinn nú út af einhverju sem hann sagði í viðtali og kemur að sjálfsögðu til greina eins og aðrir." **- esá**

### LANDSLIÐSHÓPURINN

**Ísland - Suður-Afríka, 13. október.**

| | |
|---|---|
| **Markverðir:** | |
| Árni Gautur Arason | Odd Grenland |
| Gunnleifur Gunnleifsson | HK |
| **Varnarmenn:** | |
| Indriði Sigurðsson | Viking |
| Kristján Örn Sigurðsson | Brann |
| Grétar Rafn Steinsson | Bolton |
| Ragnar Sigurðsson | IFK Gautaborg |
| Sölvi Geir Ottesen | SönderjyskE |
| **Miðvallarleikmenn:** | |
| Brynjar Björn Gunnarsson | Reading |
| Stefán Gíslason | Bröndby |
| Emil Hallfreðsson | Barnsley |
| Pálmi Rafn Pálmason | Stabæk |
| Aron Einar Gunnarsson | Coventry |
| Ólafur Ingi Skúlason | Helsingborg |
| Rúrik Gíslason | OB |
| **Sóknarmenn:** | |
| Eiður Smári Guðjohnsen | Monaco |
| Veigar Páll Gunnarsson | Nancy |
| Garðar Jóhannsson | Fredrikstad |
| Atli Viðar Björnsson | FH |

Nýr samningur:

## Ólafur þjálfar til ársloka 2011

**FÓTBOLTI** Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari skrifaði í gær undir nýjan samning við KSÍ og verður hann samkvæmt honum áfram þjálfari A-landsliðs karla til ársloka árið 2011.

Fram kom á heimasíðu KSÍ í gær að gert sé ráð fyrir því að Pétur Pétursson aðstoðarþjálfari og Bjarni Sigurðsson markvarðaþjálfari verði áfram í sínum störfum.

Ólafur tók við starfi landsliðsþjálfara fyrir rúmum tveimur árum. Næsta stóra verkefni Ólafs verður að stýra liðinu í undankeppni EM 2012. **- esá**

# Björgólfur fyrstur í 30 mörk í 30 ár

**KR-ingurinn Björgólfur Takefusa tryggði sér sess í fámennum hópi á sunnudaginn. Hann varð þá aðeins fjórði leikmaðurinn frá upphafi og sá fyrsti í 31 ár til þess að skora 30 mörk á samliggjandi tímabilum.**

**FÓTBOLTI** Björgólfur tryggði sér gullskóinn í lokaumferð Pepsi-deildar karla um síðustu helgi en kom sér um leið í fámennan hóp skipaðan þremur af mestu markaskorurum íslenskrar knattspyrnu.

Fyrir sunnudaginn höfðu aðeins þrír leikmenn náð því að skora 30 mörk á samliggjandi tímabilum en það eru Þórólfur Beck, Ingi Björn Albertsson og svo Pétur Pétursson sem afrekaði það síðast sumrin 1977 og 1978. Þórólfur Beck gerði það aðeins í 18 leikjum með KR sumrin 1960-1961 og Ingi Björn skoraði fimmtán mörk eða meira þrjú tímabil í röð með Val, frá 1976-1978.

Pétur Pétursson var í miklu stuði með Skagamönnum sumrin 1977 og 1978, þá aðeins 18 og 19 ára og nýkominn inn í meistaraflokksliðið. Hann skoraði 16 mörk í 17 leikjum fyrra árið og setti nýtt markamet með því að skora 19 mörk í 17 leikjum seinna árið.

„Það er svolítið gaman af því að Björgólfur skuli hafa gert þetta því hann var ekki búinn að skora nema þrjú mörk eftir fyrstu tólf leikina. Það er frábært að skora í sjö leikjum í röð og svo var ótrúlegt að hann skyldi skora fimm mörk í síðasta leik. Mörkin hans í þeim leik voru reyndar sex því það var eitt mark dæmt af honum sem var alveg löglegt. Þetta var frábær árangur hjá honum," segir Pétur Pétursson sem var einmitt aðstoðarþjálfari KR í sumar og þekkir því vel til Björgólfs og marka hans í sumar.



**30 MÖRK Á TVEIMUR ÁRUM** Björgólfur Takefusa hefur skorað 16 og 14 mörk á síðustu tveimur sumrum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Mér finnst Bjöggi vera þessi náttúrulegi markaskorari. Hann er búinn að sýna það hjá mörgum liðum því hann er alltaf markahæstur alls staðar sem hann er. Hann skorar mörk úr langskotum af því að hann er mjög sparkviss og skotfastur. Svo er hann oft mjög naskur að hirða þessa bolta sem detta inn í teig og er þá á réttum stöðum. Bjöggi var með markanefið á réttum stað í sumar," sagði Pétur sem á markametið á einu tímabili með Guðmundi Torfasyni, Þórði Guðjónssyni og Tryggva Guðmundssyni. Þeir náðu allir að skora 19 mörk.

„Ég hef það samt á tilfinningunni að hann hefði getað farið yfir 19 mörkin í sumar," sagði Pétur og átti þá miðað við færi. „Það er líka hægt að skjóta því að honum að hann var að tala um að hann byrjaði ekki fyrr en í mars. Ef hann hefði byrjað í janúar hefði hann þá skorað 20 mörk?" sagði Pétur sem telur nú að hann hafi brotið hinn fræga 20 marka múr fyrir 31 ári síðan.

„Ég vil alltaf meina það að ég hafi skorað 20 mörk. Villi rakari dæmdi tuttugasta markið af mér. Ég á mynd af því. Dómarinn dæmdi mark en hann flaggaði sem línuvörður. Ég á myndir af þessu og boltinn var langt fyrir innan. Ég vil því meina að ég hafi náð þessu," sagði Pétur í léttum tón en hann gæti þó alveg búist við því að Björgólfur geri atlögu að 20 marka múrnum á næsta tímabili.

„Það er engin ástæða til að Bjöggi hætti að skora ef hann heldur áfram í KR," sagði Pétur.

Björgólfur var reyndar duglegur við að skrifa sig á spjöld sögunnar á sunnudaginn. Hann komst þá einnig í annan hóp með Þórólfi Beck en þeir eru einu KR-ingarnir sem eiga að baki þrjú tíu marka tímabil með Vesturbæjarliðinu. Björgólfur varð líka eini leikmaðurinn í sögu verðlaunaskóa Adidas-umboðsins til þess að eignast tvö pör að bæði gullskónum og silfurskónum.

**ooj@frettabladid.is**

### 30 MARKA KLÚBBURINN

| | |
|---|---|
| **Þórólfur Beck, KR** | |
| 1960 | 15 mörk í 10 leikjum |
| 1961 | 16 mörk í 8 leikjum |
| | **Samtals: 31 mark í 18 leikjum** |
| **Ingi Björn Albertsson, Val** | |
| 1976 | 16 mörk í 14 leikjum |
| 1977 | 15 mörk í 18 leikjum |
| 1978 | 15 mörk í 15 leikjum |
| **Samtals: 31 mark í 32 leikjum (76-77) og 30 mark í 33 leikjum (77-78)** | |
| **Pétur Pétursson, ÍA** | |
| 1977 | 16 mörk í 17 leikjum |
| 1978 | 19 mörk í 17 leikjum |
| | **Samtals: 35 mörk í 34 leikjum** |
| **Björgólfur Takefusa, KR** | |
| 2008 | 14 mörk í 20 leikjum |
| 2009 | 16 mörk í 19 leikjum |
| | **Samtals: 30 mörk í 39 leikjum** |

Björgólfur Takefusa:

## Pétur hefur reynst mér vel

**FÓTBOLTI Björgólfi Takefusa tókst í sumar að skrifa nafn sitt á spjöld sögunnar eins og kemur fram hér í greininni að ofan. Hann skoraði sextán mörk í Pepsi-deild karla í sumar en flest mörkin skoraði hann þó ekki fyrr en á síðari hluta tímabilsins.**

**„Ég byrjaði reyndar mjög vel og skoraði í fyrstu tveimur leikjunum. Þá leið mér mjög vel inni á vellinum. En svo kom millibilsástand þar sem ekki mikið var að gerast," sagði Björgólfur.**

**Hann tók sér frí frá boltanum þar til í mars síðastliðnum og hóf því undirbúning sinn mun síðar en flestir aðrir. Hefði hann skorað fleiri mörk hefði hann byrjað fyrr?**

**„Ég hef fengið að heyra þessi rök undanfarið en það er alltaf hægt að segja ef og hefði. Ég var ótrúlega ánægður með undirbúningstímabilið," sagði hann.**

**Björgólfur naut mikillar aðstoðar Péturs Péturssonar bæði í sumar og fyrir tímabilið. „Ég var í raun nánast bara hjá honum á undirbúningstímabilinu. Hann hefur hjálpað mér mikið og ef maður vill fá ráð varðandi markaskorun er hann sennilega einn sá fyrsti sem maður ætti að leita til," sagði Björgólfur. „Það hefur verið frábært að vera bæði með hann og Rúnar Kristinsson innan handar hjá KR."** **- esá**




Ana, 30
Hvað sem dagurinn ber í skauti sér, þá fórna ég ekki „mínum“ 30 mínútum.
Impossible is Nothing.
adidas
Me, Myself.
HOLTAGÖRÐUM ∘ GLÆSIBÆ ∘ KRINGLUNNI ∘ SMÁRALIND ∘ SÍMI 545 1500
ÚTILÍF

## Topp fimm hjá hverju liði

(Lágmark 10 leikir eða fleiri)

**FH**
1. Atli Guðnason 6,95 (20 leikir)
2. Tryggvi Guðmundsson 6,56 (16)
3. Tommy Nielsen 6,39 (18)
4. Matthías Vilhjálmsson 6,36 (22)
5. Daði Lárusson 6,32 (19)

**KR**
1. Jónas Guðni Sævarsson 6,38 (13)
2. Bjarni Guðjónsson 6,38 (21)
3. Björgólfur Takefusa 6,17 (18)
4. Grétar Sigurðarson 6,14 (22)
5. Guðmundur Benediktsson 6,07 (15)

**Fylkir**
1. Valur Fannar Gíslason 6,53 (17)
2. Andrés Már Jóhannesson 6,39 (18)
3. Ólafur Ingi Stígsson 6,31 (16)
4. Ingimundur Níels Óskarss. 6,25 (20)
5. Einar Pétursson 6,24 (17)

**Fram**
1. Jón Guðni Fjóluson 6,31 (13)
2. Paul McShane 5,88 (16)
3. Almarr Ormarsson 5,86 (21)
4. Samuel Tillen 5,83 (18)
5. Hjálmar Þórarinsson 5,76 (21)

**Breiðablik**
1. Guðmundur Pétursson 6,50 (10)
2. Alfreð Finnbogason 6,28 (18)
3. Arnar Grétarsson 6,20 (15)
4. Guðmundur Kristjánsson 5,94 (18)
5. Kári Ársælsson 5,85 (20)

**Keflavík**
1. Símun Samuelsen 6,39 (18)
2. Lasse Jörgensen 6,38 (21)
3. Alen Sutej 6,05 (21)
4. Hólmar Örn Rúnarsson 6,00 (13)
5. Haukur Ingi Guðnason 6,00 (17)

**Stjarnan**
1. Steinþór Freyr Þorsteinsson 6,85 (13)
2. Daníel Laxdal 6,24 (21)
3. Halldór Orri Björnsson 6,19 (21)
4. Guðni Rúnar Helgason 5,74 (19)
5. Tryggvi Sveinn Bjarnason 5,70 (20)

**Valur**
1. Kjartan Sturluson 5,54 (13)
2. Marel Baldvinsson 5,53 (17)
3. Helgi Sigurðsson 5,53 (19)
4. Atli Sveinn Þórarinsson 5,35 (20)
5. Pétur Georg Markan 5,33 (12)

**Grindavík**
1. Óli Stefán Flóventsson 6,18 (11)
2. Gilles Mbang Ondo 6,05 (21)
3. Orri Freyr Hjaltalín 5,95 (20)
4. Jósef Kristinn Jósefsson 5,81 (21)
5. Óskar Pétursson 5,76 (21)

**ÍBV**
1. Ajay Leitch-Smith 6,06 (18)
2. Andri Ólafsson 6,05 (20)
3. Christopher Clements 5,57 (14)
4. Tonny Mawejje 5,48 (21)
5. Augustine Nsumba 5,46 (13)

**Þróttur**
1. Sindri Snær Jensson 6,19 (16)
2. Magnús Már Lúðvíksson 5,92 (12)
3. Haukur Páll Sigurðsson 5,80 (15)
4. Dusan Ivkovic 5,70 (10)
5. Dennis Danry 5,68 (22)

**Fjölnir**
1. Tómas Leifsson 6,00 (18)
2. Þórður Ingason 5,62 (13)
3. Aron Jóhannsson 5,60 (10)
4. Gunnar Már Guðmundsson 5,57 (21)
5. Illugi Þór Gunnarsson 5,53 (19)

## Besta meðaleinkunn liða:

| | |
|---|---|
| 1. FH | 6,15 |
| 2. Fylkir | 5,87 |
| 3. KR | 5,80 |
| 4. Keflavík | 5,73 |
| 5. Breiðablik | 5,73 |
| 6. Fram | 5,63 |
| 7. Stjarnan | 5,58 |
| 8. Grindavík | 5,42 |
| 9. ÍBV | 5,312 |
| 10. Fjölnir | 5,31 |
| 11. Þróttur | 5,30 |
| 12. Valur | 5,02 |

## Einkunnaskalinn okkar

| | |
|---|---|
| 10 | Í heimsklassa |
| 9 | Í landsliðsklassa |
| 8 | Mjög góður |
| 7 | Góður |
| 6 | Stóð sig vel |
| 5 | Skilaði sínu |
| 4 | Slakur |
| 3 | Lélegur |
| 2 | Hörmulegur |
| 1 | Í rangri íþrótt |



**Andrés Már Jóhannesson**
Varnarmaður úr Fylki
6,39 í 18 leikjum
**Hæst:** 8 sjöur
**Maður leiksins:** 1 sinni



**Lasse Jörgensen**
Markvörður úr Keflavík
6,38 í 21 leik
**Hæst:** 3 áttur
**Maður leiksins:** 3 sinnum



**Hjörtur Logi Valgarðsson**
Varnarmaður úr FH
6,28 í 18 leikjum
**Hæst:** 10 sjöur
**Maður leiksins:** Aldrei



**Tommy Nielsen** (4)
varnarmaður úr FH
6,39 í 18 leikjum
**Hæst:** 2 áttur
**Maður leiksins:** Aldrei



**Tryggvi Guðmundsson** (2)
Miðjumaður úr FH
6,56 í 16 leikjum
**Hæst:** 2 áttur
**Maður leiksins:** 1 sinni



**Valur Fannar Gíslason** (3)
Miðjumaður úr Fylki
6,53 í 17 leikjum
**Hæst:** 2 áttur
**Maður leiksins:** 3 sinnum



**Matthías Vilhjálmsson**
Miðjumaður úr FH
6,36 í 22 leikjum
**Hæst:** 2 áttur
**Maður leiksins:** 3 sinnum



**Bjarni Guðjónsson**
Miðjumaður úr KR
6,38 í 21 leik
**Hæst:** 3 áttur
**Maður leiksins:** 1 sinni



**Símun Samuelsen** (5)
sóknarmaður úr Keflavík
6,39 í 18 leikjum
**Hæst:** 4 áttur
**Maður leiksins:** 2 sinnum



**Alfreð Finnbogason**
Sóknarmaður úr Breiðabliki
6,28 í 18 leikjum
**Hæst:** 2 áttur
**Maður leiksins:** 2 sinnum



**Atli Guðnason** (1)
Sóknarmaður úr FH
6,95 í 20 leikjum
**Hæst:** 6 áttur
**Maður leiksins:** 5 sinnum

## Næstir inn

**Næstu markmenn inn:**
Daði Lárusson, FH 6,32
Sindri Snær Jensson, Þrótti 6,19
Óskar Pétursson, Grindavík 5,76
Hannes Þór Halldórsson, Fram 5,64

**Næstu varnarmenn inn:**
Daníel Laxdal, Stjörnunni 6,24
Einar Pétursson Fylki 6,24
Grétar Sigurðarson, KR 6,14
Kristján Valdimarsson, Fylki 6,09
Pétur Viðarsson, FH 6,06

**Næstu miðjumenn inn:**
Ólafur Ingi Stígsson, Fylki 6,31
Arnar Grétarsson, Breiðabliki 6,20
Halldór Orri Björnsson, Stjörnunni 6,19
Davíð Þór Viðarsson, FH 6,16
Andri Ólafsson ÍBV 6,05

**Næstu sóknarmenn inn:**
Ingimundur Níels Óskarsson, Fylki 6,25
Björgólfur Takefusa, KR 6,17
Kjartan Ágúst Breiðdal, Fylki 6,14
Atli Viðar Björnsson, FH 6,10
Guðmundur Benediktsson, KR 6,07

**Góðir en náðu ekki lágmörkunum**
(10-13 leikir)
Steinþór Freyr Þorsteinsson, Stjarnan 6,85 (13 leikir)
Jónas Guðni Sævarsson, KR 6,38 (13)
Jón Guðni Fjóluson, Fram 6,31 (13)
Ásgeir Gunnar Ásgeirsson, FH 6,30 (10)
Fjalar Þorgeirsson, Fylkir 6,23 (13)
Björn Daníel Sverrisson, FH 6,20 (10)
Guðmundur Sævarsson, FH 6,18 (11)
Óli Stefán Flóventsson, Grindavík 6,18 (11)
Hólmar Örn Rúnarsson, Keflavík 6,00 (13)
Hörður Sveinsson, Keflavík 6,00 (11)

**Neðstu menn á listanum**
Ian Jeffs, Val 4,95
Bjarni Ólafur Eiríksson, Val 4,90
Olgeir Sigurgeirsson, Breiðabliki 4,89
Baldur Ingimar Aðalsteinsson, Val 4,86
Hallur Hallsson, Þrótttur 4,82
Arnór Eyvar Ólafsson, ÍBV 4,81
Óli Baldur Bjarnason, Grindavík 4,81
Sigurbjörn Hreiðarsson, Val 4,76
Viðar Örn Kjartansson, ÍBV 4,64
Þórarinn Brynjar Kristjánss., Grindavík 4,50

# Lið ársins hjá Fréttablaðinu 2009

**Atli Guðnason er besti leikmaður Pepsi-deildar karla samkvæmt einkunnagjöf Fréttablaðsins. Hann er líka einn af sex FH-ingum sem eru í hópi tólf efstu manna á listanum.**

**FÓTBOLTI** Íslandsmeistarar FH-inga eru að sjálfsögðu mjög áberandi á listanum yfir þá leikmenn sem stóðu sig best í Pepsi-deild karla í sumar. FH-ingar eiga tvo bestu leikmennina, þrjá af fjórum bestu, sex menn í hópi tólf efstu manna og alls voru það níu leikmenn sem náðu lágmörkunum (14 leikir eða fleiri) og fengu 6 eða hærra í meðaleinkunn.

FH-ingurinn Atli Guðnason varð langhæstur í einkunnagjöf Fréttablaðsins enda átti strákurinn frábært tímabil þar sem hann varð fjórði markahæsti maður deildarinnar (11 mörk) og í fjórða sæti í stoðsendingum (9 stoðsendingar). FH-ingar skoruðu alls 57 mörk í 22 leikjum í sumar en mistókst hins vegar að skora í tveimur af þremur leikjum þar sem Atli var ekki í byrjunarliðinu.

Félagi Atla í FH-liðinu, Tryggvi Guðmundsson, varð í öðru sæti í einkunnagjöfinni. Þetta var svolítið skrýtið sumar hjá Tryggva, sem var mikið á bekknum í upphafi móts. Hann vann sér þó sæti í liðinu á nýjan leik og var með 7 mörk og 6 stoðsendingar. Hann átti líka auk stoðsendinganna sex mikinn þátt í undirbúningi átta annarra marka FH í sumar.

Þriðji í einkunnagjöfinni var Valur Fannar Gíslason, sem leiddi spútniklið Fylkis í sumar. Fylkismenn fengu 21 stigi meira en í fyrra og enduðu í þriðja sæti deildarinnar. Valur Fannar var sem klettur á miðjunni og þó svo að það hafi kostað tíu gul spjöld og sex leiki í leikbanni dreif hann ungt og óreynt lið upp í hóp efstu liða.

Fjórði í einkunnagjöfinni og fremstur varnarmanna er FH-ingurinn Tommy Nielsen, sem varð nú meistari í fimmta sinn með FH. Tommy skilaði að venju leiðtogahlutverki í vörninni en hann hefur unnið fimm gull og tvö silfur á sjö tímabilum síðan hann kom til FH sumarið 2003.

Blaðamenn Fréttablaðsins mættu á alla 132 leikina í Pepsi-deildinni í sumar og gáfu öllum leikmönnum sem spiluðu meira en 20 mínútur einkunn á bilinu 1 til 10. Skalinn hefur verið aðeins skekktur þar sem fimm þýðir að leikmaður hafi verið í meðallagi. Hér á síðunni má sjá ýmsa tölfræði í tengslum við einkunnagjöf Fréttablaðsins í sumar.

ooj@frettabladid.is

# BT — BETRI VERÐ Í BT !

## BT HEFUR OPNAÐ VERSLUN Í ORMSSON SMÁRALIND

## Fifa 10

PC, PS2, PS3, PSP, XBOX 360, WII, NDS

Nýjasti og klárlega besti Fifa leikur allra tíma. Að þessu sinni er kynnt til sögunnar svokallaður 360° hreyfingar, en það auðveldar spilurum að hreyfa leikmenn með meiri nákvæmni. Í leiknum eru öll helstu lið heimsins og þar á meðal landslið Hollendinga, en það hefur ekki borið mikið á því hingað til í leiknum. Gagnrýnendur eru á því að þetta sé langbesti Fifa leikurinn hingað til.

100 af 100 – Eurogamer Italy
94 af 100 – Vandal Online
93 af 100 – IGN.co.uk

10.799 PS3

VAR AÐ LENDA





## NINTENDO WII

FJARSTÝRING FYLGIR



Það sem gerir þessa vél svo einstaka er hin frábæra "Wiimote" fjarstýring sem notuð er með henni. Hún er með hreyfiskynjara sem nemur nákvæmlega hvernig þú snýrð, hreyfir eða hreinlega sveiflar höndunum.

44.999 (49.999)

FRÁBÆRT VERÐ

BT LÁN 7,7% Til allt að 24 mánaða

## KARLAR SEM HATA KONUR

Blaðamaðurinn Mikael Blomkvist er dæmdur í þriggja mánaða fangelsi fyrir meiðyrði í garð viðskiptajöfursins Hans-Eriks Wennerström. Um sama leyti fær hann einkennilega upphringingu. Henrik Vanger, fyrrum forstjóri hinnar voldugu Vangersamsteypu, vill ráða Mikael til þess að skrifa sögu fjölskyldunnar. Fljótlega kemur í ljós að hið raunverulega verkefni er að komast að því hvað varð um unga frænku forstjórans, Harriet, sem hvarf sporlaust fjörutíu árum fyrr. Honum til aðstoðar er ung kona, Lisbeth Salander.



ÓTRÚLEGT VERÐ !

2.199 (2.499)

## COLIN MCRAE DIRT 2

WII, DS, PS3, XBOX 360 OG PSP

Magnaður bílaleikur þar sem leikmenn þeysast um heitustu "off-road" brautir heimsins. Allt frá byrjun fá leikmenn að smakka á öflugustu farartækjunum sem eru gríðarlega hörð. Leikurinn inniheldur fjölda keppna og æsispennandi multiplayer.

100 af 100 – GamePro
93 af 100 – Games Master UK
90 af 100 – IGN.com UK

10.799 PS3

VAR AÐ LENDA





## ACER ASPIRE TIMELINE 5810

ALLT AÐ 8 TÍMA RAFHLÖÐUENDING

Skjár: 15,6" WXGA (1366x768) high brigtness
Örgjörvi: Intel Pentium Processor SU2700
Skjástýring: Intel GMA 4500MHD
Vinnsluminni: 3 GB DDR2-667 SDRAM
Harður diskur: 320 GB SATA 5400rpm
Minniskortalesari 5 in 1
Innbyggð vefmyndavél

99.999 (119.999) (139.999)

BT LÁN 7,7% Til allt að 24 mánaða

ÓTRÚLEG VERÐLÆKKUN



## ZANUSSI FRYSTISKÁPUR

vn: HZ933_012_625

Hæð 85cm
Breidd 55cm
Dýpt 61cm
3 skúffur
Frystir 91L
Orkunotkun A
á ári kWh: 208

69.999

BT LÁN 7,7% Til allt að 24 mánaða



## ZANUSSI ÞVOTTAVÉL

vn: HZ933_012_625

Hæð 85cm
Breidd 60cm
Dýpt 63cm
6 KG
1000 snúninga
Þvotta
Orkunotkun A+

79.999

BT LÁN 7,7% Til allt að 24 mánaða



## ZANUSSI KÆLISKÁPUR

VN: HZ925_031_560

Hæð 175cm
Breidd 60cm
Dýpt 63cm
Kælir 223L
Frystir 92L
Orkunotkun A+
á ári kWh: 274

109.999

BT LÁN 7,7% Til allt að 24 mánaða





BT SKEIFAN - BT SMÁRALIND - BT AKUREYRI - www.BT.is - 550-4444



**> Rob Lowe**

„Ég á margar góðar minningar frá þeim tíma þegar ég var ungur og villtur en ég er líka guðslifandi feginn að því tímabili sé lokið.“

***Lowe fer með hlutverk Roberts McCallister í þáttinum Bræður og systur sem Sjónvarpið sýnir kl. 20.10 í kvöld.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR ER HALDIN SÁPUÓPERUHEILKENNI

# Vont, vont, vont, vont, gott



Þeir sem einhvern tíma hafa sogast inn í sápuóperur þekkja líklega þá tilfinningu að vita að sjónvarpsefnið sem þeir eru að horfa á er frámunalega lélegt, en geta bara ekki hætt að horfa. Þeir gera sér grein fyrir því að samtölin eru illa samin og illa leikin. Þeir horfa á leikmyndina og hugsa með sér að hún gæti jafnvel verið skárri í nemendaleikhúsi menntaskólans, fylgjast með þegar aðalleikkonan er klónuð af því að eiginmaðurinn þorir ekki að segja börnum þeirra að hún sé horfin og talin af. Hrista hausinn yfir vitleysunni og halda áfram að horfa.

Mér líður svolítið þannig þegar ég sogast í viku hverri inn í þáttinn The Best Years, sem sýndur er á Stöð 2 síðla á mánudagskvöldum. Hann fjallar í stórum dráttum um Samönthu Best sem er munaðarlaus og fær skólastyrk til að fara í háskóla í Boston. Einnig um samskipti hennar við herbergisfélagann og leiðindapíuna Kathryn og aðra vini og óvini á heimavistinni.

Það er hreint út sagt allt vont við þennan þátt. Handritið, persónurnar, leikurinn og plottið. Sérstaklega fer í taugarnar á mér persónan Dawn Vargaz sem á að vera framúrskarandi Hollywood-leikkona en gæti ekki leikið til að bjarga lífi sínu.

Og af hverju slekk ég ekki á sjónvarpinu, skipti um stöð eða fer hreinlega að sofa? Ekki gott að segja, en ég skelli skuldinni á sápuóperuheilkennið sem fær vel greint fólk til að leggja til hliðar alla skynsemi og límast við skjáinn. Kannski er þetta líka sjálfspíningarhvöt sem drífur mann áfram, og vonin um að einhvern tíma muni þetta skána, leikararnir verði allt í einu í toppklassa eftir öll þessi ár af æfingu og að handritshöfundar hitti loksins naglann á höfuðið. Kannski, kannski, en þó ekki.

## FIMMTUDAGUR



▶ **20.00** Addams Family Values STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.40** The Apprentice (10:14) STÖÐ 2



▶ **21.50** Law & Order: Criminal Intent SKJÁREINN



▶ **22.15** Ástríður STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.25** Fé og freistingar SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**14.00 Setning Alþingis** Bein útsending frá setningu Alþingis.
**15.45 Kiljan** (e)
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Prinsinn af Bengal** (3:3) (e)
**18.00 Stundin okkar** (e)
**18.30 Hvaða Samantha?** (Samantha Who?) (10:15) Bandarísk gamanþáttaröð um unga konu sem þjáist af minnisleysi og neyðist til að komast að því hver hún í raunninni er. (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Bræður og systur** (Brothers and Sisters III) (55:63) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og flókin samskipti.
**20.55 Áhættufíklar - Fallhlífarstökkvarinn** (Adrenalinjægerne: Højt at flyve) Danskur þáttur.
**21.25 Nýsköpun - Íslensk vísindi** (1:12) Þáttaröð um vísindi í umsjón Ara Trausta Guðmundssonar.
**22.15 Veðurfréttir**
▶**22.25 Fé og freistingar** (Dirty Sexy Money 2) (19:23) Bandarísk þáttaröð um lögmann auðugrar fjölskyldu í New York sem þarf að vera á vakt allan sólarhringinn við að sinna þörfum hennar.
**23.10 Flóttinn** (Die Flucht) (2:2) (e)
**00.40 Kastljós** (e)
**01.10 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Buena Vista Social Club**
**10.00 A Little Thing Called Murder**
**12.00 Home Alone**
**14.00 Buena Vista Social Club**
**16.00 A Little Thing Called Murder**
**18.00 Home Alone**
▶**20.00 Addams Family Values** Addams-fjölskyldan þarf að bjarga frænda sínum frá því að lenda í klóm klækjakvendis sem hefur það eitt í huga – giftast til fjár.
**22.00 Smokin' Aces**
**00.00 Dead Meat**
**02.00 Irresistible**
**04.00 Smokin' Aces**
**06.00 Into the Wild**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Svampur Sveinsson, Lalli, Elías, Gulla og grænjaxlarnir og Ævintýri Juniper Lee.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.20 Sjálfstætt fólk**
**11.00 Primeval** (5:6)
**11.45 Monarch Cove** (14:14)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Ally McBeal** (21:21)
**13.45 La Fea Más Bella** (36:300)
**14.30 La Fea Más Bella** (37:300)
**15.20 'Til Death** (2:15)
**15.45 Barnatími Stöðvar 2** Nonni nifteind, Bratz, Elías og Ævintýri Juniper Lee.
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 Friends**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Simpsons** (3:22)
**19.45 Two and a Half Men** (19:24)
**20.10 Eldsnöggt með Jóa Fel** (1:10) Tíunda þáttaröðin með sjónvarpskokknum og bakarameistaranum Jóa Fel.
▶**20.40 The Apprentice** (10:14) Í sjötta sinn leitar Donald Trump að nýjum lærlingi. Átján þátttakendur takast á í þrautum þar sem allt í senn reynir á viðskiptavit þeirra, markaðsþekking, leiðtogahæfileikar, samstarfsvilji og færni í almennum samskiptum.
**21.25 NCIS** (8:19) Spennuþáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem starfa í Washington og rannsaka glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt.
**22.15 Eleventh Hour** (11:18) Eðlisfræðingurinn Jacob Hood aðstoðar FBI við rannsókn sakamála sem krefjast vísindalegrar úrlausnar eða eru jafnvel talin vera af yfirnáttúrlegum toga.
**23.00 The Departed**
**01.55 The 4400** (7:13)
**02.40 Lake House**
**04.15 NCIS** (8:19)
**05.00 Eleventh Hour** (11:18)
**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk** Allir leikir kvöldsins í Meistaradeild Evrópu skoðaðir.
**07.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**
**08.20 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**
**09.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**
**15.15 TOUR Championship Presented** Sýnt frá hápunktunum á PGA mótaröðinni í golfi.
**16.10 Inside the PGA Tour 2009**
**16.35 Meistaradeild Evrópu** Endursýndur leikur.
**18.15 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**
**18.55 Anderlecht - Ajax** Bein útsending frá leik í Evrópudeildinni í knattspyrnu.
**20.55 F1: Við rásmarkið** Hitað upp fyrir komandi keppni.
**21.25 F1: Rocks**
**22.15 Bardaginn mikli** Mike Tyson - Lennox Lewis.
**23.10 World Series of Poker 2009**
**00.05 Anderlecht - Ajax** Útsending frá leik í Evrópudeildinni.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**15.40 Blackburn - Aston Villa** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**17.20 Liverpool - Hull** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**19.00 1001 Goals** Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.
**19.55 Premier League World 2009/10** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.
**20.30 PL Classic Matches** Liverpool - Chelsea, 1997. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**21.00 PL Classic Matches** Arsenal - Blackburn, 2001.
**21.30 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
**22.25 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
**22.55 Wigan - Chelsea** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.10 Nýtt útlit** (1:10) (e)
**08.00 Dynasty** (62:88) (e)
**08.50 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Nýtt útlit** (1:10) (e)
**12.50 Pepsi MAX tónlist**
**17.10 Lífsaugað** (2:10) (e)
**17.50 Dynasty** (63:88) Blake Carrington stýrir olíufyrirtæki og er umkringdur konum sem eru óhræddar við að sýna klærnar þegar þess þarf.
**18.40 Kitchen Nightmares** (6:12) (e)
**19.30 Game Tíví** (3:14) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelsson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.
**20.00 Everybody Hates Chris** (19:22) Bandarísk gamansería þar sem háðfuglinn Chris Rock gerir grín að uppvaxtarárum sínum.
**20.30 Family Guy** (18:18) Teiknimyndasería fyrir fullorðna með kolsvörtum húmor og drepfyndnum atriðum.
**21.00 Flashpoint** (10:12) Spennandi þáttaröð um sérsveit lögreglunnar sem er kölluð út þegar hættan er mest.
▶**21.50 Law & Order: Criminal Intent** (20:22) Bandarísk sakamálasería þar sem fylgst er með stórmálasveit lögreglunnar í New York fást við klóka krimma. Logan og Wheeler rannsaka hrottalegt morð á manni sem var óvinsæll og óvelkominn í hverfinu sínu.
**22.40 The Jay Leno Show** Spjallþáttakóngurinn Jay Leno tekur á móti góðum gestum og slær á létta strengi.
**23.30 She's Got The Look** (4:6) (e)
**00.20 Secret Diary Of A Call Girl** (6:8) (e)
**00.50 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Gestir eru Vilmundur Jósefsson formaður SA og Ragnar Önundarson.
**21.00 Í kallfæri** Jón Kristinn Snæhólm heldur áfram með sitt tveggja manna tal við Gunnar Dal.
**21.30 Maturinn og lífið** Fritz Jörgensson ræðir um matarmenningu við gest sinn.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.





30% AFSLÁTTUR AF UMBRA – NÝ SENDING

TEKK COMPANY

TEKK COMPANY Sími 564 4400 www.tekk.is | Holtagarðar Opið: Laugardag 10-17 Sunnudag 13-17 | Kringlan Opið: Laugardag 10-18 Sunnudag 13-17

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.10

### Eldsnöggt með Jóa Fel

Tíunda þáttaröðin með sjónvarpskokknum og bakarameistaranum Jóa Fel. Matreiðslan verður þjóðlegri en áður, góðar steikur, matarmiklir pottréttir, súpur og einfaldir fiskréttir. Hollur, hagkvæmur og heimilislegur matur af hjartans lyst. Jói ætlar einnig að kenna okkur að baka einföld brauð, fín og gróf, formkökur, klatta, flatkökur og skonsur svo eitthvað sé nefnt. Í þessum fyrsta þætti vetrarins fer Jói á hrefnuveiðar og hittir Úlfar á Þremur frökkum sem leiðbeinir Jóa Fel um matreiðslu á hrefnukjöti.



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Nýsköpun – íslensk vísindi**
**Sjónvarpið kl. 21.25**

Ný íslensk þáttaröð um vísindi í umsjón Ara Trausta Guðmundssonar. Í kvöld verður meðal annars sagt frá því hvernig nota má sjó og jökulvatn til framleiðslu á raforku og fjallað um rannsóknir sem segja Íslendinga vera hamingjusömustu þjóð veraldar.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.05** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Tónlist eftir Sveinbjörn Sveinbjörnsson
**13.30** Frá setningu Alþingis
**15.03** Útvarpssagan: Brestir í Brooklyn
**15.25** Raddir barna
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Smásaga: Tófuskinnið
**19.27** Sinfóníutónleikar
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Útvarpsleikhúsið: Guð blessi Ísland - útvarpsleikrit
**23.10** Tríó
**00.07** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 90,1 | Rás 2 |
| FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 96,7 | Létt Bylgjan | FM 102,2 | Útvarp Latibær |
| FM 91,9 | Kaninn | FM 97,7 | X-ið | FM 102,9 | Lindin |
| FM 93,5 | Rás 1 | FM 98,9 | Bylgjan | FM 105,5 | Útvarp Boðun |
| FM 95,7 | FM957 | FM 99,4 | Útvarp Saga | | |

## EXTRA

**16.30 Doctors** (6:26) ) Læknar og hjúkrunarfólk á Riverside-spítalanum eiga fullt í fangi með að sinna sjúklingum á milli þess sem þau greiða úr flækjum í einkalífinu.
**17.00 Doctors** (7:26)
**17.30 The O.C. 2** (14:24) Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós.
**18.15 Seinfeld** (2:24)
**18.45 Doctors** (6:26)
**19.15 Doctors** (7:26)
**19.45 The O.C. 2** (14:24)
**20.30 Seinfeld** (2:24)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 You Are What You Eat** (3:18) Doktor Gillian McKeith er sérfræðingur um mataræði og hjálpar fólki sem er komið í ógöngur.
▶ **22.15 Ástríður** (7:12) Tilhugalífið er byrjað. Ástríður og Sveinn Torfi máta sig við hvort annað. Á meðan eru blikur á lofti í sambandi Davíðs og Fanneyjar. Vill Davíð ekki fjárfesta í framtíðinni?
**22.40 Medium** (7:19) Allison Dubois sér í draumum sínum skelfilega atburði sem enn hafa ekki átt sér stað.
**23.35 True Blood** (2:12)
**00.30 Auddi og Sveppi**
**01.00 Logi í beinni**
**01.45 In Treatment** (20:43)
**02.10 Sjáðu**
**02.40 Fréttir Stöðvar 2**
**03.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.00** Rob Brydon's Annually Retentive **12.30** Lead Balloon **13.00** Only Fools and Horses **13.30** Absolutely Fabulous **14.00** The Weakest Link **14.45** Rob Brydon's Annually Retentive **15.15** Lead Balloon **15.45** Only Fools and Horses **16.15** Absolutely Fabulous **16.45** EastEnders **17.15** The Weakest Link **18.00** Lead Balloon **18.30** Coupling **19.00** Gavin And Stacey **19.30** Absolutely Fabulous **20.00** Judge John Deed **20.50** Lead Balloon **21.20** Coupling **21.50** Gavin And Stacey **22.20** Absolutely Fabulous **22.50** EastEnders **23.20** The Weakest Link

## DR 1

**12.00** Landsbyhospitalet **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **13.50** S P eller K **14.00** Boogie Update **14.30** Braceface **14.50** Hojspændingsmanden og Robotdrengene **15.00** Lloyd i Rummet **15.20** Den lyserode panter **15.30** Fandango **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Rabatten **18.00** Sporlos **18.30** Kender du typen **19.00** TV Avisen **19.25** Jersild Live **19.50** SportNyt **20.00** Kærlighedens gidsel **21.30** Madoff og milliarderne **22.25** Seinfeld **22.45** Seinfeld

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Naboer **12.30** Andre avenyen **13.00** NRK nyheter **13.10** Sjukehuset i Aidensfield **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Tid for tegn **15.40** Mánáid-tv - Lulesamisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Sorens onskestovler **16.05** Fritt fram **16.30** Pingu **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Schrödingers katt **17.55** Tilbake til 60-tallet **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.35** 2. verdenskrig - bak lukkede dorer **20.30** Den norske humor **21.00** Kveldsnytt **21.15** Urix **21.45** Klar til kamp! **23.15** Kulturnytt **23.25** Norsk på norsk jukeboks

## SVT 1

**12.15** Fråga doktorn **13.00** Den stora resan **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Hannah Montana **15.25** Varmt hjärta, frusen kebab **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Där ingen skulle tro att någon kunde bo **18.30** Mitt i naturen **19.00** Plus **19.30** Jag och min familj **20.00** Debatt **20.45** Kulturnyheterna **21.00** Uppdrag Granskning **22.00** Skavlan **23.00** Älskade, hatade förort **23.30** Kysst av spriten




## MORGUNMATURINN



*„Ég fæ mér gróft rúnstykki með smjöri, osti og papriku og drekk kókómjólk með. Svo fæ ég mér súkkulaðimöffin og mjólk.“*

Magnús Öder, tónlistarmaður og upptökustjóri.

# Týndi nærbuxunum sínum á barnum

„Hvernig útskýrir maður fyrir konunni sinni að maður hafi týnt nærbuxunum á barnum? Maður segir bara satt og rétt frá,“ segir Jóhannes Haukur Jóhannesson, leikari og Hellisbúi með meiru. Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir nokkru á Jóhannes sínar lukkunærbuxur sem hann leikur alltaf í.

En kvöld eitt ákvað hann að skella sér aðeins út á lífið með félögum sínum og hafði lukkubrækurnar með sér í plastpoka. Svo óheppilega vildi til að Jóhannes gleymdi pokanum með heillagripnum í og hann reiknar fastlega með því að enginn hafi verið svo góður í sér að geyma brækurnar eða passa þær þar til hann vitjaði þeirra aftur. Þær séu því týndar og tröllum gefnar.

Jóhannes kveðst líta á það sem lán í óláni að undirfötin séu horfin, því nú gefist honum kærkomið tækifæri til að standa eigin fótum á sviði, reyndar nærbuxnalaus. „Ég er ekki búinn að gera það upp við mig hvort ég verði í nærbuxum eða ekki, það kemur bara í ljós. Eða ekki,“ segir Jóhannes en Hellisbúinn fer á smá ferðalag um miðjan mánuðinn og verður meðal annars sýndur á Akureyri hinn 16. október.

Annars er í nægu að snúast hjá leikaranum og hann hefur varla haft tíma til að syrgja lukkubrækurnar. „Nei, við erum að fara að taka upp sjónvarpsþáttinn Hjá Marteini í næstu viku og svo er ég að bíða eftir því að Gunnar Björn, leikstjóri Skaupsins, hringi í mig,“ segir Jóhannes, meira í gríni en alvöru, jafnvel þótt hann hafi farið á kostum í síðasta skaupi sem Geir H. Haarde. „Ég er reyndar búinn að vera að stúdera annan náunga, Sigmund Davíð. Það hlýtur bara að vera tímaspursmál hvenær sveitungi minn úr Hafnarfirðinum, Gunni, tekur upp símann og heyrir í mér.“ **- fgg**



**TÝNDAR** Jóhannes Haukur varð fyrir því óláni að týna lukkunærbrókunum. Hann segir það lán í óláni því nú geti hann staðið á eigin fótum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**LÁRÉTT**
**2.** erindi, **6.** vörumerki, **8.** magi, **9.** kúgun, **11.** tveir eins, **12.** neðar, **14.** faðma, **16.** klafi, **17.** miskunn, **18.** við, **20.** guð, **21.** karl.

**LÓÐRÉTT**
**1.** lofttegund, **3.** eftir hádegi, **4.** valdaskeið, **5.** stykki, **7.** möttull, **10.** starf, **13.** leturtákn, **15.** megin, **16.** mælieining, **19.** utan.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** vers, **6.** ss, **8.** hít, **9.** okí, **11.** kk, **12.** niðri, **14.** knúsa, **16.** ok, **17.** náð, **18.** hjá, **20.** ra, **21.** mann.
**LÓÐRÉTT: 1.** óson, **3.** eh, **4.** ríkisár, **5.** stk, **7.** skikkja, **10.** iðn, **13.** rún, **15.** aðal, **16.** ohm, **19.** án.






REBEKKA GUÐLEIFSDÓTTIR: PRJÓNAR SÉRHANNAÐAR LOPAPEYSUR

# Ríkur Ameríkani keypti lopapeysu á 120 þúsund

„Ég held að peysan slái einhvers konar met í að vera dýrasta lopapeysa sem hefur verið seld úr landi,“ segir listamaðurinn Rebekka Guðleifsdóttir.

Ekki er langt síðan Rebekka byrjaði að selja sérhannaðar lopapeysur sem hún prjónar sjálf. Í dag er hún með biðlista af útlendingum sem vilja ólmir komast í snertingu við íslensku ullina, en æstasti kaupandinn var án efa ríkur Ameríkani sem greiddi 1.000 dollara fyrir peysu – um 120 þúsund íslenskar krónur. „Það er ekki gangverðið, þó að það væri næs. Hann vildi fá fínni lopa og smellur frekar en rennilás,“ segir hún og tekur fram að sá ríki hafi átt frumkvæðið að því að hækka verðið.

Rebekka er þekktust fyrir að vera með eina vinsælustu síðuna á ljósmyndavefnum Flickr. Þar hefur hún vakið alþjóðlega athygli, sem hún trúir að hjálpi til við söluna á peysunum. „Ég held að kúnnarnir séu yfirleitt fólk sem hefur fylgst með mér, mínum myndum og því sem ég geri sem listamaður,“ segir Rebekka. Þegar hún klárar peysu tekur hún mynd af sér í peysunni, vandar eftirvinnsluna og birtir á Flickr. „Þá fæ ég tonn af fyrirspurnum og það hafa alltaf verið passlega margir sem eru til í að borga uppsett verð. Þannig hef ég myndað biðlista sem hefur staðið í stað – það bætist alltaf við endann á honum um leið og ég klára peysu.“

Rebekka hefur meðal annars selt peysur til Mexíkó, Rússlands, Ástralíu, Púertó Ríkó og Bandaríkjanna. Verðið á peysunum er í hærra lagi, sem heldur pöntunum í skefjum. „Ég anna því ekki að prjóna milljón peysur. Ég hef ekki áhuga á því að gera bissness í kringum þetta og ráða prjónakonur til að prjóna fyrir mig. Þetta verður að vera mitt handverk,“ segir Rebekka. Hún leggur mikið upp úr því að hver peysa sé einstök og notar munstur sem hún teiknar sjálf. „Það réttlætir það að hafa peysurnar aðeins dýrari. Það er ekki þverfótað fyrir lopapeysum á Íslandi, en þetta eru oftast munstur sem er búið að endurtaka milljón sinnum.“ Ekki hafa þó allir verið sáttir við verðið og Rebekka segir hlæjandi frá afar æstri bandarískri konu sem taldi að enginn væri til í að greiða uppsett verð fyrir „f***ing“ peysu.

Rebekka er þó hvergi hætt að taka ljósmyndir. Hún segist vilja spara orkuna sem færi í að starfa við ljósmyndun og nálgast ljósmyndamiðilinn sem myndlist.

atlifannar@frettabladid.is



**1.000 DOLLARA PEYSAN** Rebekka notar vefsíðu Flickr til að auglýsa peysur sem hún prjónar og sendir um allan heim. MYND/REBEKKA

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Vetrarborgin, skáldsaga **Arnaldar Indriðasonar**, kom nýverið út í Danmörku. Þar kallast sagan Vinterbyen. Mette Strømfeldt, gagnrýnandi stórblaðsins Berlingske Tidende, tók bókina til umfjöllunar á þriðjudaginn og er vægast sagt hrifin. Mette gefur bókinni fimm stjörnur af sex mögulegum og segir kafla í bókinni eiga að vera á námskrá fyrir aðra sakamálahöfunda.



Rithöfundurinn **Hallgrímur Helgason** var áberandi í búsáhaldabyltingunni, eins og til að mynda þegar hann barði á bíl Geirs H. Haarde forsætisráðherra fyrir utan stjórnarráðið. Hallgrímur mun ætla að gera upp við þennan tíma á myndlistarsýningu sem hann opnar á þriðjudaginn næsta. Þá verður ár liðið frá frægu ávarpi Geirs og verður forvitnilegt að sjá hverníg Hallgrímur gerir upp við þennan tíma.



Félagarnir Auðunn Blöndal og **Kjartan Guðjónsson** hafa sést á fundum saman að undanförnu. Í bígerð er víst leikin sería með þeim tveim í aðalhlutverkum en hún er öll á frumstigi. Þáttaröðin ku þó fjalla um tvo sköllótta náunga sem ákveða að verða að mönnum aftur og hefja nám á heimavist. Auðunn mun leika ærslabelginn en Kjartan einstæðan föður sem auðvelt er að lokka út í hvað sem er. **- hdm, fgg**








# Kattholt vill gefa Ögmundi kött

„Það voru mikil viðbrögð hérna eftir að fréttin birtist, allar símalínur hafa verið rauðglóandi,“ segir Sigríður Heiðberg, formaður Kattavinafélagsins sem á og rekur Kattholt.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í vikunni ríkir hálfgert ófremdarástand í Kattholti en aldrei hafa komið þangað jafnmargir kettir og á undanförnum vikum og dögum. Margir þessara katta verða veikir af því áfalli sem fylgir dvölinni í Kattholti og sumum þarf hreinlega að lóga.

Þegar Fréttablaðið hafði samband við Sigríði í gær var hins vegar ögn léttara yfir henni því tekist hafði að koma átta köttum í öruggt skjól. Búið var að örmerkja þá og hreinsa. Sigríður segir að hún sé alveg ótrúlega ánægð með þessi viðbrögð og vonast til að fleiri muni jafnvel koma heimilislausu kisunum til bjargar. „En auðvitað getum við ekki bjargað öllum,“ segir Sigríður og bætir því við að Kattholt sé reiðubúið að gefa manni gærdagsins, Ögmundi Jónassyni, kött en hann sagði af sér ráðherradómi. „Ögmundur og kettirnir eru svipaðir, þeir fara sínar eigin leiðir.“ **- fgg**



**ÁTTA BJARGAÐ** Mikil viðbrögð urðu við frétt Fréttablaðsins um ófremdarástand í Kattholti. Átta fjölskyldur höfðu þegar tekið að sér kisur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# GULA HÚSIÐ

## FAXAFENI 8




Vandaðar dömuúlpur, ný sending
stærðir: xs-s-m-l-xl




Jakkaföt ný sending, stærðir 44-64 margir litir,
allar stærðir á lager




Velúrhettupeysa, velúrbuxur stærðir: s-m-l-xl
fjólublátt og svart, kr. 1.999,- stk.




Herragallabuxur
ótrúlegt verð




Náttbuxur 3 litir, stærðir: xs-s-m-l-xl
100% bómull




Herraúlpa, frábært verð




**SKÓMARKAÐUR**
**NÝ SENDING VERÐ FRÁ 499.-**

**Mikið úrval af ódýrum snyrtivörum:**

- Naturescent
- Rimmel
- Schwarzkopf
- Palmolive
- Dove
- L´Oréal
- Revlon
- Colgate
- Gillette
- Nivea

**OPIÐ 10-18 ALLA DAGA**

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

**LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATORS**
**- félag laganema við Háskóla Íslands**

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.



**BAKÞANKAR**
Dr. Gunna

## *Yfirdrátturinn*

Hér kem ég með allt niður um mig og játa það möglunarlaust: Ég er óreiðumaður!

**ÞETTA** hefur ekki alltaf verið svona. Einu sinni var bankakerfið þannig að manni tókst ekki eins auðveldlega að verða óreiðumaður. Ég átti alltaf pening og skuldaði aldrei neitt í gamla daga, allavega í minningunni. Maður fór til útlanda með ferðatékka og seðlabúnt. Kreditkort voru ekki til. Maður skammtaði sér aur í þrjár vikur, en datt svo auðvitað inn í alltof góða plötubúð og eyddi um efni fram. Mér er minnisstæð síðasta vikan í Interrail-ferðinni 1983. Þá gisti ég á farfuglaheimili sem hafði þann ókost að manni var hent út á milli kl. 9 og 17. Það var rigning alla vikuna og ég norpaði undir markísum. Sem betur fer var morgunmatur innifalinn á farfuglaheimilinu því ég hafði bara efni á einni partípulsu úr sjálfsala á dag. Svo kom maður vannærður heim en þurfti á móti ekki að borga niður vísareikninga mánuðum saman.

**ÉG** ætla ekki að kenna bönkunum um. Ekki frekar en dópistinn ætti að kenna dópsalanum um fíkn sína. Þegar bönkunum datt það snjallræði í hug að leyfa hvaða bjána sem er að fá yfirdrátt féll ég fyrir því. Það var alltaf verið að tala um „offramboð á peningum“ og það virkaði ekki beint letjandi á sukksvínið mig. Áður en ég vissi af var ég kominn með eina millu í yfirdrátt. Ég man ekkert í hvað ég eyddi þessum peningum.

**BANKINN** var vitanlega hress með að ég borgaði 25 prósent í vexti. Fyrir rest tók ég þó fimm ára lán til að borga upp yfirdráttinn. Til marks um óstjórnlega græðgi mína var ég fyrr en varði kominn aftur með milljón í yfirdrátt hjá Netbankanum, sem bauð rosa góða vexti, ekki nema 18 prósent! Ég hef heldur enga hugmynd um í hvað þessir peningar fóru.

**ÉG** ber þessar játningar mínar hér á torg því mér finnst fjárhagsleg sturlun mín vera táknmynd fyrir „orsakir hrunsins“. Nákvæmlega sama háttalag sýndu stóru sökudólgarnir af sér, bara á stjarnfræðilega stærri skala. Ég efast um að þeir viti heldur í hvað yfirdrátturinn þeirra fór. Ég borgaði yfirdráttinn upp í vikunni og fékk hvorki handklæði né penna. Ekki einu sinni kvittun. Nú bíður þjóðfélagið eftir því að stóru yfirdrættirnir verði borgaðir upp.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 1. október 2009, 274. dagur ársins**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 7.37 | 13.17 | 18.56 |
| Akureyri | 7.23 | 13.02 | 18.39 |

*Heimild: Almanak Háskólans*




fyrir allar dætur

ömmur - mömmur - systur - vinkonur - frænkur ...



Berum heilbrigði þeirra fyrir brjósti.
Bleika slaufan er söfnunarátak í baráttu Krabbameinsfélags Íslands gegn krabbameini.
Þú færð hana um allt land.

Söluaðilar

Styrktaraðilar

H:N markaðssamskipti / SÍA